**VICTOR URBANCIC**

*Á Jagúar eins og Laxness átti*

Bílar Tíska Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**HERRATÍSKAN Í VETUR**

*Hnepptar peysur og handtöskur*

Sérblað um haust- og vetrartísku

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






Heimsborgarinn, ferðablað Iceland Express, fylgir Fréttablaðinu í dag.

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. september 2006 — 235. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000

## LAUGARDAGUR

### Drakk sig úr lögfræði í leiklist



Hjartaknúsarinn Gerard Butler leikur aðalhlutverkið í Bjólfskviðu og er honum spáð glæstum frama á hvíta tjaldinu.

VIÐTAL 26

### Farinn frá NFS



Helgi Seljan hefur sagt skilið við NFS og er genginn til liðs við Kastljósið.

FÓLK 58

### Elskar Ísland



Patti Smith er hér vegna þess að hún elskar land og þjóð.

MENNING 44

### Ballið að byrja

Eiður Smári leiðir íslenska landsliðið í fótbolta sem leikur við Norður-Íra í Belfast í dag en leikurinn er í beinni á Sýn kl. 14.

ÍÞRÓTTIR 52

## VEÐRIÐ Í DAG




**BEST SUÐVESTAN TIL** Í dag verður norðaustanátt. Strekkingur norðvestan til, annars heldur hægari. Rigning eða skúrir á Norðaustur- og Austurlandi en bjartviðri á landinu suðvestanverðu. Hiti 8-17 stig, hlýjast suðvestan til.



**STRÁKARNIR Í STARTHOLUNUM** Íslenska landsliðið leikur sinn fyrsta leik í undankeppni EM í dag gegn Norður-Írum í Belfast. Eiður Smári er í hópnum og strákarnir ætla sér að ná hagstæðum úrslitum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hvalkjöt flutt út til Færeyja

**Félag hrefnuveiðimanna undirbýr útflutning á hvalkjöti til Færeyja. Hvalkjöt hefur ekki verið flutt út síðan árið 1990. Vísindaveiðum við strendur Íslands er lokið í bili þar sem búið er að veiða upp í kvótann.**

**ÚTFLUTNINGUR** „Það eru spennandi hlutir að gerast, við erum að fara að senda hvalkjöt út úr landi í fyrsta skipti síðan 1990,“ segir Gunnar Bergmann Jónsson, formaður Félags hrefnuveiðimanna. „Við ætlum að senda fimm hundruð kíló af kjöti til Færeyja á næstu dögum.“

Hvalveiðikvóti þessa árs var fylltur nú fyrir skömmu, en sextíu skepnur voru veiddar í ár og telur Gunnar að útflutningurinn muni renna frekari stoðum undir að hvalveiðar í atvinnuskyni hefjist á ný hér á landi.

Gunnar segir að markaður sé fyrir hvalkjöt í Færeyjum og verðið fyrir kílóið sé mjög viðunandi. „Hvalveiðarnar hafa ekki gengið sem skyldi hjá þeim undanfarið, svo að eftirspurnin er til staðar. Við flokkum kjötið eftir gæðum og rukkum eftir því, en meðalverð hefur verið í kringum sex hundruð krónur á kílóið,“ segir Gunnar Bergmann.



**PÖKKUN** Kjötvinnsla Káess vinnur og pakkar kjötinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kjötvinnsla KáEss hefur annast vinnslu og pökkun hvalkjöts hér á landi frá því árið 2004. Að sögn Sigurðar Pálmasonar, framkvæmdastjóra kjötvinnslunnar, hafa um sjötíu tonn af kjöti verið verkuð síðan. Hann segir söluna hérlendis hafa farið hægt af stað árið 2004 en hún hafi batnað til muna í fyrra. Í ár stefnir í metsölu og býst Sigurður við að allt hvalkjöt verði upprurið hér á landi um áramótin.

„Við erum búnir að vinna um 28 tonn af hvalkjöti í ár og ef fram fer sem horfir býst ég við að kjötið klárist hér á landi um áramótin.“

- æþe

Fangavörðurinn á Litla-Hrauni smyglaði átta sinnum fíkniefnum til fanga:

# Smyglaði fíkniefnum í kílóavís

**LÖGREGLAN** Ljóst er að fíkniefnum í kílóavís hefur verið smyglað inn í fangelsið á Litla-Hrauni á undanförnum mánuðum, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Staðfestar eru átta ferðir fangavarðar í sumarafleysingum í fangelsið með fíkniefni. Hann var handtekinn fyrir réttri viku en látinn laus að loknum yfirheyrslum á þriðjudaginn.

Lögreglan í Árnessýslu hefur nú yfirheyrt fimm einstaklinga, sem hafa allir viðurkennt að hafa afhent umræddum fangaverði á Litla-Hrauni fíkniefni til að flytja inn í fangelsið. Þeir hafa allir komið við sögu í fíkniefnamálum áður og þrír þeirra eru fyrrverandi refsifangar í fangelsinu, að því er fram kemur í frétt frá lögreglunni.



**LITLA-HRAUN** Gæsluvarðhald tveggja refsifanga rennur út á morgun.

Fangavörðurinn sem handtekinn var og úrskurðaður í gæsluvarðhald á laugardag var látinn laus síðla dags á þriðjudag. Við yfirheyrslur hefur hann játað að hafa í alls átta skipti, frá því hann hóf störf við sumarafleysingar síðastliðið vor, flutt fíkniefni inn í fangelsið. Hann hefur jafnframt játað að hafa gert það gegn peningagreiðslu. Hann var með um 150 grömm af ætluðu hassi og um 35 grömm af ætluðu amfetamíni þegar hann var handtekinn. Lögregla gefur ekki upplýsingar um magn fíkniefna í hverri hinna ferðanna að svo stöddu, en þar mun einkum hafa verið um hass og amfetamín að ræða. Í þágu rannsóknar málsins var lagt hald á tiltekna peningaupphæð á sérstökum bankareikningi fangavarðarins. Tveir refsifangar eru enn í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Gæsluvarðhald þeirra rennur út á morgun og enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort farið verði fram á framlengingu þess. Rannsókn málsins er að mestu lokið og verður það sent ákæruvaldinu til meðferðar innan tíðar.

- jss






## SPURNING DAGSINS



*Lúkas, ætlið þið að Zola Ítalana upp úr skónum?*

„Okkur langar að gera það, það er spurning hvað þeir segja við því.“

Lúkas Kostic er þjálfari U21-árs landsliðs Íslands í knattspyrnu. Ungmennalandslið Íslands og Ítalíu áttust við í gær á Laugardalsvelli. Gamla knattspyrnugoðið Gianfranco Zola er aðstoðarþjálfari ítalska liðsins.

Tveir menn handteknir fyrir fíkniefnasmygl í Leifsstöð í fyrradag:

# Voru með fíkniefni innvortis

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn af erlendum uppruna eru nú í gæsluvarðhaldi eftir tilraun til að smygla fíkniefnum hingað til lands í fyrradag.

Mennirnir voru handteknir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, ásamt tveimur ferðafélögum, við komuna til landsins eftir að tollgæslan á Keflavíkurflugvelli gerði lögreglu viðvart. Mennirnir eru arabar, búsettir hér á landi.

Fjórmenningarnir voru stöðvaðir við reglubundið eftirlit tollgæslu eftir að grunsemdir vöknuðu um að mennirnir væru með fíkniefni í farteskinu.

Eftir leit á mönnunum voru þeir sendir í gegnumlýsingu og reyndust þá tveir þeirra hafa fíkniefni innvortis. Þeir hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald þar til efnin skila sér.

Þetta er fjórða tilfellið á tíu dögum þar sem menn eru gripnir af Tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli með fíkniefni innvortis.



**LEIFSSTÖÐ** Síðustu tíu daga hefur Tollgæslan í Leifsstöð fjórum sinnum stöðvað menn sem hafa haft fíkniefni innvortis.

Suður-amerískur maður á fertugsaldri var handtekinn á dögunum, með rúmlega sjö hundruð grömm af hassi innvortis, og nú síðast var sautján ára piltur gripinn með um hundrað grömm af kókaíni í endaþarmi. - æþe

Íslandsmótið í skák:

# Hannes sigraði í áttunda sinn

**SKÁK** Hannes Hlífar Stefánsson varð Íslandsmeistari í skák í gærkvöldi eftir jafntefli í fjórðu og síðustu einvígisskákinni við Héðin Steingrímsson. Hannes tryggði sér með því umræddan titil í áttunda sinn og sló þar með 50 ára gamalt met Baldurs Möller, sem vann titilinn sjö sinnum á sínum tíma, eins og reyndar Eggert Gilfer síðar.

Æsispennandi skákinni lauk með jafntefli eftir 34 leiki og urðu lokaúrslitin tveir og hálfur vinningur Hannesar gegn einum og hálfum vinningi Héðins. Fjöldi manns lagði leið sína í hús Orkuveitunnar til að fylgjast með. - sh



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON** Stjórnarformaður Orkuveitunnar vill viðhalda svæðinu sem útivistarsvæði.

Frístundahús við Úlfljótsvatn:

# Sextíu hús en ekki sexhundruð

**ORKUVEITAN** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur samþykkt að breyta stefnu sinni varðandi frístundabyggð við Úlfljótsvatn. Fyrirhuguðum húsum verður fækkað úr sex hundruð í sextíu. Breytingin kostar Orkuveituna 125 milljónir króna; sjötíu milljónir í þegar útlagðan kostnað og fimmtíu milljónir fyrir að hætta við verkefnið. Tekjur koma á móti þegar lóðir verða seldar.

„Við ætlum að viðhalda svæðinu sem útivistarsvæði fyrir almenning,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, stjórnarformaður Orkuveitunnar. „Við viljum að sama starfsemi verði þarna áfram og eflist.“ - ghs

Ný skoðanakönnun Gallup:

# Fylgi Vinstri grænna eykst

**KÖNNUN Fylgi Vinstri grænna hefur aukist um tvö prósentustig samkvæmt nýrri skoðanakönnun Gallup og mælist nú 22 prósent. Fréttastofa útvarps greindi frá þessu í kvöldfréttum sínum í gær.**

**Fylgi Samfylkingarinnar stendur í stað í 25 prósentum, fylgi Sjálfstæðisflokks minnkar um tvö prósentustig og er nú 41 prósent og fylgi Framsóknarflokksins mælist níu prósent og hefur minnkað um eitt prósentustig. Fylgi Frjálslynda flokksins mælist nú þrjú prósent.** - sh

# Steingrímur J. vill samstarf til vinstri

**Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, segir eðlilegt að stjórnarandstöðuflokkarnir bjóði sig fram sem valkost við ríkisstjórnina. Hann útilokar ekki samstarf við núverandi stjórnarflokka en segir Framsóknarflokkinn hafa þörf á hvíld.**

**STJÓRNMÁL** „Við eigum að vera reiðubúin til viðræðna um að mynda öflugan skýran valkost á móti núverandi ríkisstjórn,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, á fundi flokksráðs VG á Grand Hóteli í gær.

Steingrímur fór yfir ástand og horfur í stjórnmálunum og sagði það hljóta að vera eðlilegan metnað stjórnarandstöðu á hverjum tíma að reyna að bjóða upp á sjálfa sig sem valkost. Hann sagði aðstæður góðar til að stjórnarandstaðan byggi svo um hnúta, þar sem hægri stjórn sæti að völdum.

Í ræðunni tæpti Steingrímur á þeim málefnum sem hann taldi að kjósa þyrfti um. Nefndi hann fyrst umhverfismálin og sagði: „Næstu kosningar eiga að vera uppgjör við landdrekkingarstefnu Framsóknarflokksins og ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum.“ Að auki nefndi hann utanríkismál, atvinnu- og byggðamál og sagði að línur ættu að vera skýrar, ekki ætti að bjóða upp á miðjumoð heldur græna velferðarstefnu.

Eftir ræðuna sagðist Steingrímur í samtali við Fréttablaðið ekki vera að þrýsta á hina stjórnarandstöðuflokkana um sérstakt kosningabandalag.

„Við erum í ágætis tengslum og ég veit að það er verið að ræða svipaða hluti hjá þeim. Þetta liggur kannski öðruvísi hjá Samfylkingunni og þess vegna Frjálslyndum, þau eru á miðjunni og horfa til fylgis á svolítið öðrum forsendum en við.“

Þótt Steingrímur leggi ríka áherslu á samstarf núverandi stjórnarandstöðuflokka útilokar hann ekki samstarf við Framsóknarflokk og Sjálfstæðisflokk. Hann sagðist þó telja Framsóknarflokkinn hafa þörf á hvíld.

„Ekki bara pólitíkurinnar og stóriðjustefnunnar vegna, mér hefur bara sýnst hann vera þannig á sig kominn að hann þurfi mikinn tíma til að koma sínum málum í lag.“

Aðspurður neitaði Steingrímur því að það væri lífsspursmál fyrir VG að komast í ríkisstjórn eftir kosningar. „Við erum ekki flokkur þeirrar gerðar að völdin séu sáluhjálparatriði.“

Í könnun sem Gallup kynnti í gær mælist fylgi VG 22 prósent, tveimur prósentum meira en í síðustu könnun á undan. Steingrímur sagðist telja málefnalegar innistæður fyrir fylginu. „Ég þykist skynja það sterkt úti í þjóðfélaginu. Fylgisgrunnur okkar er stöðugri en hann hefur nokkru sinni verið.“

bjorn@frettabladid.is





**SAMSTARF TIL VINSTRI** Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, vill að næsta ríkisstjórn hafi græna velferðarstefnu að leiðarljósi.



**Í RÚST** Íbúar í rústum húss sem sprengt var í hverfi sjía í A-Bagdad í fyrrakvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samræmd tilræði í fyrrakvöld:

# Á sjöunda tug fórust í Bagdad

**ÍRAK, AP Björgunarsveitir unnu að því í gær að grafa líkamsleifar fólks út úr rústum húsa sem sprengd voru í loft upp í Bagdad í fyrrakvöld. Í greinilega samhæfðri aðgerð voru margar sprengjur sprengdar og sprengiflaugum skotið á sama hálftímanum, með þeim afleiðingum að minnst 64 biðu bana og 286 særðust, að sögn lögreglu.**

**Flest fórnarlambanna voru sjíamúslimar. Árásirnar grófu enn undan fullyrðingum forsætisráðherrans, sjíans Nouri al-Maliki, um að innbyrðis átök sjía og súnnía væru á undanhaldi.** - aa

Fíkniefnafundur í Norrænu:

# Tveir Litháar í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Tollverðir fundu tíu kíló af amfetamíni við afgreiðslu ferjunnar Norrænu í fyrradag. Tveir Litháar földu efnið í bifreið sinni.

Mennirnir hafa verið úrskurðaðir í fjögurra vikna gæsluvarðhald. Sýslumaðurinn á Seyðisfirði naut aðstoðar tollvarða frá embætti Tollstjórans í Reykjavík og embætti sýslumannsins á Eskifirði, lögreglumanna frá Ríkislögreglustjóra og Lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli. - æþe


Fjölbreytt úrval af nýjum jólaútsaum



Jóladagatal fyrir pakka

3.990kr.

Hönnun Oddi VO_B7440

Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5 • 200 Kópavogur • Sími 585 0500 • www.skola.is

Opið virka daga kl. 9-18 og á laugardögum kl. 10-14


Leyfi þarf frá borginni til að fella tré sem er eldra en sextíu ára:

# Nágrannaátök um friðað tré

**ERJUR** Lögregla var kölluð að húsi í austurbænum í gær vegna ótta nágranna um að til stæði að fella friðað tré þar sem húseigandi hafði ráðið gröfumann til að grafa fyrir nýrri klóaklögn.

Að sögn nágranna var gröfumaður byrjaður að höggva í tréð þegar einn nágranninn, Hannah Beadman, settist við hlið trésins til að stöðva verkið. „Áður en gröfumaðurinn stöðvaði vinnu sína sveiflaði hann skóflunni rétt yfir mér, með þeim afleiðingum að kapall sem liggur við skófluna rakst í höfuðið á mér.“

Húseigandinn, Jónas Sigurðsson, sagði aldrei hafa staðið til af sinni hálfu að fella tréð. „Ég réð bara sérfræðing í verkið og hann sér um hvernig það er gert.“

Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar, segir að reglur séu hjá borginni um friðun trjáa og kveði þær á um að sækja þurfi um leyfi til að fella tré sem eru hærri en átta metrar eða eldri en sextíu ára. „Árlega berast rúmlega fimmtíu beiðnir um að fella tré, sem er leyft í langflestum tilfellum.“

Varðandi þetta tiltekna tré telur Þórólfur að það sé yfir sextíu ára gamalt og því húseiganda skylt, samkvæmt reglum, að sækja um leyfi hyggist hann fella það. „En það eru engin viðurlög ef brotið er gegn þessum reglum og kerfið því máttlaust að því leyti.“ - sdg



**FRIÐAÐ TRÉ** Garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar telur að tréð geti verið frá árinu 1930.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

www.toyota.is

# AUÐVITAÐ HEFUR ÞIG ALLTAF LANGAÐ Í JEPPA

## NÚNA ER TÆKIFÆRIÐ: JEPPADAGAR 1. – 16. SEPT.

Núna standa yfir Jeppadagar hjá Toyota – Betri Notuðum Bílum, þar sem fjölmargir jeppar eru í boði á afbragðsgóðum kjörum. Við bjóðum aðeins jeppa sem hafa staðist strangt gæðamat – Gæðajeppa og Úrvalsjeppa – bíla sem uppfylla kröfur okkar um öryggi og endingu.




**Nissan Terrano II Luxury** Sjsk, Dísel
Á götuna: 07.03 Ekinn: 45.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. PO349




**MMC Pajero GDI GLS** sjsk, bensín
Á götuna: 10.00 Ekinn: 142.000 km
Verð: 2.050.000 kr. Skr.nr. RJ737




**Land Cruiser 100** Sjsk, bensín
Á götuna: 11.02 Ekinn: 60.000 km
Verð: 5.150.000 kr. Skr.nr. MO509




**MMC Pajero Langur Int.Turbo** Sjsk, Dísel
Á götuna: 04.00 Ekinn: 130.000 km
Verð: 1.990.000 kr. Skr.nr. JL332




**MMC Pajero DI-D** Sjsk, Dísel
Á götuna: 02.05 Ekinn: 27.000 km
Verð: 4.900.000 kr. Skr.nr.UI196




**Hyundai Santa FE** Sjsk, bensín
Á götuna: 10.01 Ekinn: 93.000 km
Verð: 1.620.000 kr. Skr.nr. PB578




**Land Cruiser 90 LX** 5 gíra, Dísel
Á götuna: 10.98 Ekinn: 256.000 km
Verð: 1.490.000 kr. Skr.nr. PK787




**Ford F-250 P/U** Sjsk, Dísel
Á götuna: 08.03 Ekinn: 52.000 km
Verð: 3.150.000 kr. Skr.nr. NX789

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33917 09/2006

## Komdu og skoðaðu þessa og fjölmarga aðra jeppa á tilboðsverði.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

- Lengri lánstími – allt að 84 mánuðir
- Allt að 100% fjármögnun
- 50% afsláttur af stofngjaldi

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstöðum
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

## GENGIÐ 01.09.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,66 | 68,98 |
| Sterlingspund | 130,73 | 131,37 |
| Evra | 87,95 | 88,45 |
| Dönsk króna | 11,79 | 11,858 |
| Norsk króna | 10,862 | 10,926 |
| Sænsk króna | 9,439 | 9,495 |
| Japanskt jen | 0,5848 | 0,5882 |
| SDR | 101,98 | 102,58 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,4527

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íranar neita að hætta við kjarnorkuáætlun sína:

# ESB vill ekki refsiaðgerðir strax

**FINNLAND, AP** Enn er of snemmt að beita Írana refsiaðgerðum fyrir að neita að hætta auðgun úrans, að sögn ráðamanna Evrópusambandsins í gær. Utanríkisráðherra Finnlands, Erkki Tuomioja, sagði ESB vilja reyna frekari samningaviðræður áður en til róttækari aðgerða kæmi.

Á miðnætti á fimmtudag rann út frestur sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gaf stjórnvöldum í Íran til að hætta við kjarnorkuáform sín. Íranar höfðu hins vegar þá fyrirskipun að engu og tilkynnti Mahmoud Ahmadinejad forseti þjóð sinni í ræðu í gær að enginn gæti neytt Írana til að afsala sér „rétti“ sínum til kjarnorkuframleiðslu.

Íranar hafa staðfastlega haldið því fram að öll kjarnorkuvinnsla þeirra sé eingöngu í friðsamlegum tilgangi, en ýmis lönd, með Bandaríkin í fararbroddi, óttast að þeir framleiði leynilega kjarnorkuvopn. Javier Solana, utanríkismálafulltrúi ESB, ætlar í byrjun næstu viku að hitta Ali Larijani, aðalsamningamann Íransstjórnar í kjarnorkumálum, og verður ekki gripið til refsiaðgerða fyrir þann fund, að sögn talsmanna ESB.

Stjórnmálamenn þjóðanna sex sem hafa mest afskipti af málinu funda í Berlín á fimmtudag. - smk


**MAHMOUD AHMADINEJAD** Íransforseti veifar til þegna sinna eftir að hann tilkynnti þeim að enginn gæti neytt Írana til að hætta við kjarnorkuáætlun sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarflokkur Japans:

# Abe vill taka við af Koizumi

**JAPAN, AP** Shinzo Abe, hægri hönd japanska forsætisráðherrans Junichiro Koizumi, tilkynnti í gær að hann sækist eftir umboði stjórnarflokksins til að taka við er Koizumi lætur af embætti bæði flokksformanns og ríkisstjórnarleiðtoga í haust. Kosið verður 20. september.

Abe þykir langsigurstranglegastur af þeim sem í framboði verða. Í framboðsræðu sem hann flutti í Hiroshima hét hann því að hann myndi leggja sig allan fram við að verja hagsmuni Japans og viðhalda nánu samstarfi við Bandaríkin í öryggismálum. - aa


**GUÐMUNDUR EINARSSON ÍS** Heimsmet smábáta bætt og aflinn kominn yfir 1.500 tonn á árinu. MYND/HALLDÓR

Smábátafiskveiðar:

# Nýtt heimsmet sett á Ísafirði

**SJÁVARÚTVEGUR Egill Jónsson og áhöfn hans á Guðmundi Einarssyni ÍS hafa bætt eigið heimsmet í smábátafiskveiðum með því að veiða rúm 1.500 tonn á fiskveiðiárinu. Heildarafli bátsins á síðasta fiskveiðiári og gamla heimsmetið var 1.314 tonn.**

**Í samtali við smabatar.is segist Egill skipstjóri ekki vilja gera mikið úr þessu, en þegar saman fari frábær útgerð og mannskapur á sjó og í landi, einstakur bátur og góð fiskgengd sé varla hægt annað en að gera góða hluti.** - shá

Ákærður fyrir líkamsárás:

# Stakk mann fimm sinnum

**DÓMSMÁL** Karlmaður um tvítugt hefur verið ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás 5. mars síðastliðinn á Tryggvagötu.

Honum er gert að sök að hafa stungið mann á svipuðum aldri fimm sinnum með hnífi með þeim afleiðingum að fórnarlambið hlaut sár á brjóstbaki, síðu og mjóbaki, þó engin djúp eða lífshættuleg. Fórnarlambið krefst rúmrar milljónar í miskabætur.

Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. - sh


**LANDSPÍTALINN** Hallarekstur ársins fyrstu sex mánuðina er 477 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Búist við áframhaldandi hallarekstri Landspítalans

**Halli Landspítalans var um hálfur milljarður króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Heilbrigðisráðherra telur eðlilegt að bregðast við. Fjármálaráðherra tjáir sig ekki. Stjórnendur búast við áframhaldandi hallarekstri.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, telur eðlilegt að bregðast við rekstarhalla Landspítalans með einhverjum hætti þar sem vandinn sé aðallega vegna utanaðkomandi áhrifa. Heildarhalli Landspítalans á fyrstu sex mánuðum þessa árs nemur 477 milljónum króna, eða 3,1 prósenti af tekjum. Þá hafa verið gjaldfærð sérstök útgjöld vegna fjárfestingar við barna- og unglingageðdeild. Launakostnaður Landspítalans er 402 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir og skýrist það mest af manneklu og mikilli yfirvinnu af þeim sökum. Rekstrargjöld voru 222 milljónum króna umfram áætlun, sem skýrist af lækkun íslensku krónunnar og aukinni eftirspurn eftir þjónustu LSH.

> Þetta verður ekki lagað með hagræðingaraðgerðum.
>
> **JÓHANNES M. GUNNARSSON** LÆKNINGAFORSTJÓRI

Spurð um hallann á rekstri sjúkrahússins segir Siv jafnframt að hafa beri í huga að jafnvægi hafi verið í rekstri sjúkrahússins á undanförnum árum og telur að mjög vel hafi tekist til með rekstur og hagræðingu innan stofnunarinnar. „Við í ráðuneytinu munum fara vel yfir málefni LSH á næstu vikum og mánuðum en þetta er ekki eina stofnunin sem er viðkvæm fyrir utanaðkomandi breytingum og hefur lent í vanda. Ég tel eðlilegt að brugðist verði við þessari stöðu af því að þetta er ófyrirséður vandi sem veldur hér mestu um. Það þarf væntanlega að skoða hvort unnt sé að leiðrétta hluta þessa halla í fjáraukalögum en það þarf að ræða bæði við fjármálaráðuneyti og Alþingi.“


**JÓHANNES M. GUNNARSSON**


**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**

Jóhannes M. Gunnarsson, lækningaforstjóri og staðgengill Magnúsar Péturssonar forstjóra, segir að ólíkt því sem nú er hafi gengisþróun verið rekstri sjúkrahússins hagstæð á undangengnum árum og reksturinn verið rekinn á sléttu á síðasta ári. „Þá þætti sem valda hallanum nú geta stjórnendur LSH ekki haft áhrif á og þess vegna snýst þetta svona í höndunum á okkur. Þetta er vandi af þeirri stærðargráðu að ekki verður við honum brugðist nema með fullri samvinnu við heilbrigðisyfirvöld. Þetta verður ekki lagað með hagræðingaraðgerðum. Þegar um þetta stórar upphæðir er að ræða verður að koma meira fé inn í reksturinn því annars verður að draga úr kostnaði, sem myndi hafa veruleg áhrif á þjónustuna og starfsmenn.“ Stjórnendur LSH reikna með því að hallarekstur haldi áfram á síðari hluta ársins.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra vill ekki tjá sig um rekstrarhalla LSH. Hann segir það fagráðherrans að gera það.

svavar@frettabladid.is




## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FÍN HELGI Á SUNNANVERÐU LANDINU**

Enn blæs hann af norðri með tilheyrandi vætu fyrir norðan en nú ætti að rofa ágætlega til syðra, einkum sunnan og suðvestan til. Meira að segja eru horfur á mildu veðri þar og ekki síður milt en í gær og því gæti þessi helgi orðið hin besta sunnan til. Mér sýnist hins vegar að veðrið norðan heiða um helgina muni einkennast af vætu með köflum og jafnvel nokkrum blæstri.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Norðaustan 5-8 m/s og léttskýjað. Hiti 12-17 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*


5-13 m/s, hægastur sunnan til.

*» mánudagur*


Hæg breytileg átt.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C skúrir | London | 19°C skúrir | Alicante | 32°C hálfskýjað |
| Billund | 19°C skúrir | París | 24°C hálfskýjað | Mallorca | 28°C hálfskýjað |
| Osló | 21°C hálfskýjað | Frankfurt | 24°C hálfskýjað | Algarve | 33°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 19°C skúrir | Friedrichshafen | 22°C léttskýjað | Krít | 28°C heiðskírt |
| Gautaborg | 18°C skúrir | Berlín | 25°C skúrir | Las Palmas | 26°C alskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# TAX FREE

## LANGUR LAUGARDAGUR

## 15% afsláttur

af vörum í dag

Gildir ekki með öðrum tilboðum

VISA

VISA Ísland - traustur íslenskur þjónustuaðili

Markaðsnefnd miðborgarinnar

**KJÖRKASSINN**



*Ætlarðu að sjá eitthvað á komandi kvikmyndahátíðum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 22% |
| NEI | 78% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga Íranar að fá að auðga úran?*

Segðu þína skoðun á visir.is vísir

Skipulagsstofnun um mat á umhverfisáhrifum álversins á Reyðarfirði:

# Fellst á álverið með skilyrðum

**UMHVERFISMÁL** Skipulagsstofnun hefur fallist á fyrirhugað álver á Reyðarfirði og telur að þegar viss skilyrði hafi verið uppfyllt muni álverið ekki valda óafturkræfum áhrifum á loftgæði, ásýnd, hljóðvist og menningarminjar.

Talið er að sýnt hafi verið fram á að bæði þurrhreinsun eingöngu og þurrhreinsun með vothreinsun séu fullnægjandi til að halda loftmengun innan marka í Reyðarfirði.

Skipulagsstofnun setur þau skilyrði að ekki verði heimil föst búseta innan þynningarsvæðis álversins, sérstaklega verði hugað að því að draga úr sjónrænum áhrifum vegna framkvæmdanna og að Alcoa Fjarðarál standi fyrir reglubundnum mælingum á loftmengun á svæðinu.

Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi þingmaður og ráðherra, hefur sent frá sér athugasemdir við niðurstöðuna og segir ýmsum óvissuatriðum enn ósvarað.

Skýrslan segi ekkert um áhrif verksmiðjunnar á byggða- og atvinnuþróun, áhættu af hugsanlegu straumrofi sem myndi valda mikilli losun mengunarefna og hættu af mengunarslysum í sjó vegna flutninga til og frá álverinu.

- ghs / - sh



**ÁLVERSFRAMKVÆMDIR** Skipulagsstofnun telur að bæði þurrhreinsun og þurrhreinun með vothreinsun séu fullnægjandi hreinsunaraðferðir í Reyðarfirði.

Ákærður fyrir tollalagabrot:

# Lögreglumaður smyglaði tóbaki

**DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir tollalagabrot og brot gegn tóbaksvarnarlögum í opinberu starfi. Honum er gert að sök að hafa í desember síðastliðnum misnotað stöðu sína sem lögreglumaður á Keflavíkurflugvelli til að smygla til landsins 720 grömmum af munntóbaki í 30 dósum.**

**Hann er sakaður um að hafa nýtt sér aðgangsheimild sína til að fara inn í flugstöðina og taka á móti tóbakinu úr hendi karlmanns sem hann hafði beðið að flytja efnið til landsins. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á fimmtudag.**

- sh






**VIÐ UPPHAF RÆÐUHERFERÐAR** Bush Bandaríkjaforseti hóf á fimmtudaginn þriðju ræðuherferð sína til þess að sannfæra bandarísku þjóðina um nauðsyn stríðsins í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bandaríkjamenn missa trú á stríðinu

**Einungis þriðji hver Bandaríkjamaður er sáttur við frammistöðu Bush forseta í tengslum við stríðið í Írak. Tveir mánuðir eru í þingkosningar og Bush er kominn í herferð til að sannfæra þjóðina um nauðsyn þess að hafa herinn áfram í Írak.**

**BANDARÍKIN, AP** Sex af hverjum tíu Bandaríkjamönnum telja að hryðjuverkum í Bandaríkjunum muni fjölga vegna þess að bandaríski herinn réðst inn í Írak. Ríflega fjórir af hverjum tíu, eða 43 prósent, segjast skammast sín fyrir ímynd Bandaríkjanna erlendis.

Þetta má lesa út úr skoðanakönnun sem fréttastofan AP og skoðanakönnunarfyrirtækið Ipsos hafa birt. Samkvæmt sömu könnun telur helmingur Bandaríkjamanna stríðið gegn hryðjuverkum hafa reynst Bandaríkjunum of dýrkeypt, og enn fleiri segja það hafa hvarflað að sér að stríðið kunni að vera of dýrkeypt.

Í mannslífum talið hefur stríðið í Írak kostað Bandaríkin meira en 2.600 hermenn, og í Afganistan hafa 270 bandarískir hermenn fallið. Um það bil 20 þúsund bandarískir hermenn hafa særst í báðum þessum löndum.

Tæpir tveir mánuðir eru til þingkosninga í Bandaríkjunum, en Repúblikanar hafa haft meirihluta í báðum þingdeildum óslitið frá 1994. Eitt stærsta kosningamálið er stríðið í Írak, sem Bush segir vera lykilstríð í hinu mikla stríði sem hann og stjórn hans hafa háð gegn hryðjuverkamönnum víða um heim.

George W. Bush Bandaríkjaforseti hélt nú í vikunni fyrstu ræðu sína í mikilli ræðuherferð, sem hann vonast til þess að dugi til að sannfæra þjóðina um nauðsyn þess að bandarískir hermenn verði áfram í Írak þangað til ætlunarverki þeirra þar er lokið.

„Öryggi hins siðmenntaða heims er háð því að sigur vinnist í stríðinu gegn hryðjuverkum, og hann er háður því að sigur vinnist í Írak,“ sagði Bush. „Ef við hættum að berjast á götum Bagdad þurfum við að mæta hryðjuverkamönnum á götum í okkar eigin borgum.“

Hann á þó töluvert verk fyrir höndum ef honum á að takast að sannfæra þjóð sína um nauðsyn hernaðarins. Samkvæmt fyrrgreindri skoðanakönnun er einungis þriðjungur Bandaríkjamanna sáttur við það hvernig Bush hefur tekið á stríðinu í Írak.

Bush kaus að hefja ræðuherferð sína á fimmtudaginn á fundi með öldruðum hermönnum, sem tóku þátt í fyrri stríðum Bandaríkjanna víða um heim.

„Þið hafið séð óvini af þessu tagi áður,“ sagði hann. „Þeir hafa tekið við af fasistum, nasistum, kommúnistum og öðrum alræðissinnum tuttugustu aldarinnar.“

Hann sagði stríðið sem bandaríski herinn stendur í núna vera meira en bara hernaðarátök. „Þetta er sú hugmyndafræðilega barátta sem úrslitum ræður á 21. öldinni. Öðru megin standa þeir sem trúa á frelsi og hófstillingu og hinum megin þeir sem eru reknir áfram af harðstjórn og öfgastefnu.“

gudsteinn@frettabladid.is




Sjávarútvegsráðherra segir fjárhagsstöðu sjávarútvegsfyrirtækja góða:

# Slæm þróun í Kauphöllinni

**STJÓRNMÁL** „Sjávarútvegurinn þyrfti sannarlega að vera öflugri þátttakandi í Kauphöllinni,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.

Skráðum sjávarútvegsfyrirtækjum á hlutabréfamarkaði hefur fækkað með árunum og eftir næstu mánaðamót, þegar HB Grandi hefur verið afskráður af aðallista, verður Vinnslustöðin eitt sjávarútvegsfyrirtækja í Kauphöllinni.

Í gegnum árin hefur á annan tug sjávarútvegsfyrirtækja verið skráð í Kauphöllina.

Einar segir þetta slæma þróun og hefur áhyggjur af henni. Á hinn bóginn segir hann rekstur sjávarútvegsfyrirtækja almennt ganga vel. Hálfs árs uppgjör séu blekkjandi, þar sem skuldir fyrirtækjanna séu í miklum mæli í erlendri mynt, sem nú er dýrari en var. „Við sjáum að framlegð rekstrarins til að standa undir þessum skuldum er miklu betri en áður og gengisþróunin styrkir sjávarútveginn og eykur tekjumyndun hans. Ég greini það á hverjum einasta degi að það er allt annað hljóð í mönnum og þeir eru bjartsýnir á rekstrarhorfurnar, sem betur fer.“

- bþs



**EINAR K. GUÐFINNSSON** Sjávarútvegsráðherra segir útgerðarmenn bjartsýna á rekstrarhorfur.

PEUGEOT




# Ódýrasta ljónið á veginum

hvernig sem á það er litið!



## Á betra verði en systurbílar sínir Toyota Aygo og Citroën C1

Á Peugeot 107 færðu meira fyrir peningana þína. Peugeot 107 er á betra verði en systurbílar sínir eins og Toyota Aygo og Citroën C1.* Peugeot 107 er mjög eyðslugrannur sem fækkar ferðum þínum á bensínstöðvarnar auk þess sem aksturseiginleikarnir eiga ekki sinn líka. Í Peugeot 107 er öryggið í fyrirrúmi svo þú ekur áhyggjulaus um með börnin um borð. Þú færð Peugeot 107 hlaðinn búnaði eða bara eins þú vilt hafa hann. Láttu hann heilla þig - komdu og finndu ljónið þitt.

*Samkvæmt verðskrám á heimasíðum Toyota og Citroën.

PEUGEOT

www.peugeot.is

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bernhard**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

**Trade -Time**
**Ísland - Kína**

Hefur fyrirtækið þitt áhuga á framleiðslu eða innflutningi frá Kína. Kynntu þér málið.

info@trade-time.com
WWW.trade-time.com

Geymið miðann

Áfall fyrir eigendur laxeldisstöðvarinnar Sæsilfurs í Mjóafirði:

# Mikið tjón vegna marglytta

**FISKELDI** Mikið tjón varð í laxeldisstöð Sæsilfurs í Mjóafirði aðfaranótt fimmtudags, þegar marglyttur komust í allar kvíar stöðvarinnar. Fiskurinn í kvíunum, sem eru fjórtán talsins, er um átta hundruð milljón króna virði en ekki er vitað hve mikið af laxinum skaðaðist. „Það er mjög erfitt að meta tjónið, en það er mikið,“ segir Jón Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri fiskeldis Samherja og Sæsilfurs.

„Við erum að reyna að slátra þeim hluta sem skaðaðist, á meðan hann er ennþá í lagi,“ segir Jón Kjartan, en frá því á fimmtudag hafa tugir manna unnið að slátrun fisksins í Neskaupsstað dag og nótt. Búist er við að slátrunin taki nokkra daga. Marglyttur ollu fyrir nokkrum árum vandræðum í stöðinni en eftir það var varnarbúnaði komið fyrir sem blæs lofti í sjóinn og bægir marglyttunum frá. Nú virðist sem sterkir hafstraumar hafi borið varnarbúnaðinn ofurliði þannig að marglytturnar komust í kvíarnar. - rsg



**LAXELDI Í MJÓAFIRÐI** Laxarnir fengu skeinusár af völdum marglyttanna.

Samvinnulífeyrissjóðurinn

**Nýtt aðsetur**

Skrifstofa Samvinnulífeyrissjóðsins hefur verið flutt úr Húsi verslunarinnar að Stórhöfða 31 í Reykjavík.

Hún er opin virka daga kl. 8:00-16:00.

**Samvinnulífeyrissjóðurinn**
Stórhöfða 31, 110 Reykjavík
Sími 520 5500 - Fax 581 3642

# Flugskólinn keyptur

**Fjöltækniskóli Íslands kaupir allt hlutafé í Flugskóla Íslands og tekur við rekstri hans. Margt sameiginlegt hjá skólunum og mörg tækifæri, en lítil breyting á starfseminni fyrst um sinn, segir skólameistari Fjöltækniskólans.**

**NÁM** Gengið hefur verið frá kaupum Fjöltækniskóla Íslands á Flugskóla Íslands. Fjöltækniskólinn kaupir allt hlutafé í Flugskólanum og mun þá annast rekstur Flugskólans.



**JÓN B. STEFÁNSSON**

Fjöltækniskóli Íslands er einkahlutafélag og var stofnaður í ágúst 2003 með samningi við menntamálaráðuneytið. Verkefni skólans var að yfirtaka rekstur Stýrimannaskólans og Vélskóla Íslands og fyrir um ári síðan voru skólarnir endanlega sameinaðir undir nafni Fjöltækniskólans.

Flugskóli Íslands er hlutafélag og hefur verið rekinn síðan 1998, en á síðasta ári var honum alfarið komið í hendur einkaaðila. Flugnám hefur fallið undir samgönguráðuneytið, á meðan næstum allt annað nám hefur fallið undir menntamálaráðuneytið. Flugskólinn hefur því alltaf fengið ákveðna fjárupphæð árlega frá samgönguráðuneytinu.



**FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS** Fjöltækniskólinn varð til við sameiningu Stýrimannaskólans og Vélskólans. Sameiningin varð árið 2003.

„Kaupin eru meðal annars fjármögnuð með hjálp Landsbankans,“ segir Jón B. Stefánsson, skólameistari Fjöltækniskólans. „Þetta er líklega í fyrsta sinn sem skóli á Íslandi kaupir annan á þennan hátt. Við munum reka Flugskólann áfram sem sjálfstætt fyrirtæki og alveg óbreyttan, að undanskildu því að við munum flytja bóklega hluta námsins í Sjómannaskólahúsið á Háteigsvegi. Það verður breyting strax hvað það varðar.“

Jón segir ástæðu kaupanna vera þá samleið sem skólarnir tveir eiga í menntamálum. „Ef horft er á skipstjórnarnám og flugstjórnarnám þá er það að mörgu leyti líkt, til dæmis hvað varðar siglingafræði, veðurfræði og GPS-tækni. Skipstjórnarnámið er bundið alþjóðlegum reglugerðum og við útskrifum fólk með alþjóðaréttindi. Flugskólinn er að gera það sama. Prófin koma að utan og námsefnið er erlent svo að staðlar fyrir atvinnuflugmenn eru þeir sömu alls staðar,“ segir Jón.

„Þetta nám er svo alþjóðlegt að við sjáum tækifæri í því að fá nemendur frá öðrum löndum. Við höfum líka áhuga á því að bjóða upp á nám í flugvélvirkjun, en það hefur ekki verið boðið upp á það hingað til á Íslandi. Það eru mörg tækifæri og mikil sátt um þessa sameiningu meðal stjórnenda skólanna.“ steindor@frettabladid.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

LJÓSASALA
RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ KAUPA ÞAÐ SEM ÞIG HEFUR ALLTAF LANGAÐ Í
LUMEX
Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is

# hagstæðustu heildarinnkaupin

## skemmtilegri innkaup




ódýrt

frábært verð

**30%** afsláttur við kassa
Verð nú 297 kr/kg
Verð áður 424 kr/kg
Goða saltkjöt




þú sparar 400 kr/kg

**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 1199 kr/kg
Verð áður 1599 kr/kg
Goða lambasteik



þú sparar 422 kr/kg

**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.267 kr/kg
Verð áður 1.689 kr/kg
BK grísakótilettur djúpkryddaðar




íslenskur feti á frábæru verði




þú sparar 249 kr/kg

**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 749 kr/kg
Verð áður 998 kr/kg
Nettó brauðskinka




þú sparar 620 kr/kg

**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 2.062 kr/kg
Verð áður 2.749 kr/kg
Nettó hangiálegg



þú sparar 100 kr/pk

**30%** afsláttur við kassa
Verð nú 239 kr/pk
Verð áður 339 kr/pk
Kexsmiðju möndlukaka og jólakaka

Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta




þú sparar 120 kr/stk

**30%** afsláttur við kassa
Verð nú 279 kr/stk
Verð áður 399 kr/stk
Freschetta Pizza Roma

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 1. september til 3. september eða meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó

# Stjórnarskrárþróun norrænna lýðvelda

**Í sérhverju ríki er stjórnarskrá niðurstaða úr pólitísku ferli. Þetta á einnig við um endurskoðun bæði finnsku og íslensku stjórnarskrárinnar. Auðunn Arnórsson tók saman nokkrar ályktanir af því sem hliðstætt og ólíkt er með stjórnarskrárþróun norrænu lýðveldanna tveggja.**

Stjórnarskrárþróunin í Finnlandi annars vegar og Íslandi hins vegar á sér ýmsar hliðstæður. Fyrsta stjórnarskrá fullvalda Finnlands varð til á sama tíma og fyrsta stjórnarskrá hins fullvalda Íslands – sú finnska 1919 og sú íslenzka 1920. Aðstæður tilurðar þeirra voru hins vegar mjög ólíkar, sú finnska varð til í kjölfar blóðugs borgarastríðs, sú íslenzka var aftur á móti lítt breytt stjórnarskrá hins ófullvalda Íslands frá árinu 1874. Og sú stjórnarskrá var aftur lítt breytt stjórnarskrá Danmerkur frá miðri nítjándu öld.

Með öðrum orðum: íslenzka stjórnarskráin varð til í mun minna félagslegu og pólitísku umróti en sú finnska. Stjórnarskrá Konungsríkisins Íslands breyttist árið 1944 í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, en þegar nánar er að gáð er sú stjórnarskrá, sem enn er í gildi, lítt breytt frá nítjándu aldar uppruna sínum. Finnska stjórnarskráin frá 1919 hélzt óbreytt í 80 ár, en það má þakka þeim sveigjanleika sem finnsk stjórnlagahefð bauð upp á – unnt var með auknum meirihluta á þingi að setja lög sem voru ígildi stjórnlaga, og var sú heimild notuð mörg hundruð sinnum á þessu tímabili.



En þegar hömlur kaldastríðsáranna, „Finnlandiseringarinnar“, féllu með hruni Austurblokkarinnar, drifu Finnar í því að færa stjórnarskrá sína til nútímahorfs og löguðu hana að þeim stjórnskipunarlega raunveruleika sem hefð hafði skapast fyrir í landinu. Íslendingar voru samstiga Finnum við að semja nýjan mannréttindakafla í stjórnarskrána (árið 1994), en Íslendingar eiga það enn eftir að laga sína stjórnarskrá að þeim stjórnskipunarlega raunveruleika sem hér hefur skapazt hefð fyrir.

### Nýtt tákn „samstöðu-Finnlands“

„„Samstöðu-Finnland“ hefur öðlast sitt eigið pólitíska tákn, hina friðsamlega tilkomnu og svo gott sem samhljóða samþykktu nýju stjórnarskrá.“ Þetta skrifar finnski stjórnmálafræðiprófessorinn Jaakko Nousiainen í niðurstöðu greinar sinnar um stjórnarskrárendurskoðunina, sem birt er á vef finnska dómsmálaráðuneytisins.

Nousiainen segir enn fremur: „Hún [nýja stjórnarskráin] er þar með bæði frá sjónarhóli borgaranna og stjórnmála-elítunnar „hlutlaus“ stjórnarskrá, sem nýtur óskoraðs lögmætis og notkunarhæfni. Sagan kennir okkur að friðsamlegar stjórnarskrárbreytingar geta þá aðeins skilað árangri að þær fylgi straumi stjórnmálaframvindunnar. Í endurskoðunarferlinu var skýrt tekið fram að markmiðið væri í raun að laga stjórnarskrána að þeirri skipan sem þegar hefði fest sig í sessi í verki. Gildistaka nýju stjórnarskrárinnar markar þannig ekki upphaf nýs skeiðs í sögu finnska stjórnmálakerfisins, heldur einkennist hún af órofa framhaldi; hún er staðfesting á því sem að uppbygging ríkisins hvíli að flestu leyti á gamalreyndum grunni. Engu að síður kann að vera að hinar endurskrifuðu leikreglur stjórnmálakerfisins breyti meiru þegar upp verður staðið; það mun fyrst koma í ljós með tíð og tíma.“

Fullyrða má að sú endurskoðun sem nú hefur verið ráðizt í á íslenzku stjórnarskránni sé sama eðlis og sú finnska, eins og henni er lýst í þessum texta Nousiainens.



MARTIN SCHEININ



VELI-PEKKA VILJANEN

Að mati Nousiainen vakti sterkur vilji til að styrkja stöðu þingsins yfir öllu endurskoðunarstarfinu í Finnlandi. Þverpólitísk samstaða skapaðist um það á þingi að mikilvægt væri að búa svo um hnúta að forsetaræði sjöunda og áttunda áratugarins gæti ekki endurtekið sig. Þessi djúpstæða ósk þingheims um að takmarka völd forsetans náði út yfir alla togstreitu milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Þar hjálpaði einnig til að rótgróin hefð er fyrir breiðum samsteypustjórnum og menn í öllum flokkum vanir því að þurfa að leita málamiðlana. Þetta átti tvímælalaust þátt í að skapa forsendurnar fyrir þeirri þverpólitísku samstöðu sem náðist um stjórnarskrárfrumvörpin, bæði mannréttindakaflann árið 1994 og allsherjarendurskoðunina árið 1999. Skoðanaágreiningur um einstaka þætti stjórnarskrárendurskoðunarinnar lá ekki nema að litlu leyti eftir flokkslínum.

Við blasir að sambærilegar forsendur fyrir samstöðu um stjórnarskrárbreytingar eru ekki fyrir hendi hérlendis eins og sakir standa. Nægir þar að nefna hvernig deilan um málskotsrétt forseta lýðveldisins hefur leitað í flokkspólitískan farveg.

### Samstaða í kjölfar kalda stríðs

Martin Scheinin, prófessor við lagadeild hins fornfræga menntaseturs Åbo Akademi og forstöðumaður mannréttindastofnunar þess skóla, var spurður hvernig hann útskýrði þá breiðu samstöðu sem náðist um stjórnarskrárbreytingarnar í Finnlandi.

„Ég held að þar hafi komið saman tveir þættir: á þessum tíma, í byrjun tíunda áratugarins, var mjög í tízku að vera alþjóða- og Evrópusinnaður. Þetta voru svo að segja umskipti frá mjög sjálfhverfri sýn til víðrar alþjóðlegrar sýnar á stjórnlagaumhverfið,“ svarar Scheinin. Vegna hins sérstaka sambands við Sovétríkin gengu Finnar ekki í Evrópuráðið fyrr en árið 1990, og undirrituðu þar með Mannréttindasáttmála Evrópu fyrst þá. Á sama tíma voru viðræðurnar um Evrópska efnahagssvæðið komnar í gang, sem síðan enduðu með því að Finnar sóttu um fulla aðild að Evrópusambandinu. Að sögn Scheinins reyndist við þessar aðstæður auðvelt að segja að samþykkt nýja mannréttindakaflans væri sjálfsagður hluti af Evrópuvæðingunni, afleiðing aðlögunar Finnlands að vestrænu og evrópsku milliríkjasamstarfi eftir lok kalda stríðsins. Þessi tíðarandi hafi boðið upp á að við það yrði ekki setið heldur tækifærið nýtt til að uppfæra alla stjórnarskrána.

Veli-Pekka Viljanen, stjórnlagaprófessor við Turku-háskóla sem var ritari stjórnarskrárendurskoðunarnefndarinnar, skýrir samstöðuna með svipuðum hætti. „Aðlögunin að Evrópusambandinu, undirritun Mannréttindasáttmála Evrópu, og það breytta viðhorf til þessara mála sem þessu fylgdi hafði mikið að segja,“ segir Viljanen. „Hin ástæðan er að í finnskum stjórnmálum er ekki lengur svo mikið sem skilur hinar pólitísku fylkingar að og var áður.“ Að þessu stuðlaði einnig hefðin fyrir breiðum samsteypustjórnum, sem jafnframt hafa sýnt sig að vera stöðugar – allar stjórnir frá því á níunda áratugnum hafa setið út kjörtímabilið, ólíkt því sem var á Kekkonen-tímanum þegar ríkisstjórnir tolldu sjaldan lengur í embætti en eitt ár. Lærdómurinn af Kekkonen-tímanum sat í mönnum í öllum flokkum og stuðlaði að samstöðunni, bætir Viljanen við. Allir urðu sammála um að hindra að einn maður gæti tekið jafn mikið vald til sín og Kekkonen gerði.



ÍSLENZKA STJÓRNARSKRÁIN Á rætur sínar á 19. öld og hefur ekki verið uppfærð eins og sú finnska.



FINNSKASTJÓRNARSKRÁIN Var fyrst með endurskoðuninni sem gekk í gildi árið 2000 sameinuð í eitt samræmt skjal.



FINNSKA STJÓRNARRÁÐIÐ Ein helzta innihaldslega breytingin á finnsku stjórnarskránni styrkir stöðu forsætisráðherrans á kostnað forsetans.

### Pólitísk hrossakaup með í spilinu

Að þverpólitísk samstaða skyldi nást um mannréttindakaflann þakkar Scheinin reyndar einnig vissum pólitískum hrossakaupum; markaðshyggjumenn féllust á að kveðið yrði á um viss efnahagsleg og félagsleg réttindi í stjórnarskránni gegn því að fellt yrði burt ákvæðið um að þriðjungur þingheims gæti frestað gildistöku laga fram á næsta kjörtímabil. Þetta ákvæði hafði staðið efnahagsumbótaáformum fyrir þrifum, sem hægrimenn vildu koma í framkvæmd þegar þeir voru í stjórn í kring um 1990.

Að öll stjórnmálaöfl skyldu standa saman um að færa vald frá forsetanum til þings og ríkisstjórnar þakkar Scheinin í stórum dráttum því að meðal vinstrimanna væri rótgróin hefð, jafngömul lýðveldinu, að vilja takmarka vald forsetans. Hægrimenn aftur á móti vildu á sínum tíma að landið yrði konungsríki og málamiðlunin varð tiltölulega valdamikill forseti. Eins og finnsk stjórnmál hefðu þróast eftir lok kalda stríðsins hefðu hægrimenn séð sér meiri möguleika á að komast í forsætisráðherraembættið en á forsetastól, og því hafi allt pólitíska litrófið verið sammála um að takmarka völd forsetans.

„Stjórnarskráin er niðurstaða pólitísks ferlis, hún er ekki fullkomin frekar en önnur mannanna verk,“ segir Martin Scheinin.

audunn@frettabladid.is

## FINNLAND

■ *Stjórnkerfi Lýðveldisins Finnlands*

Finnland varð sjálfstætt lýðveldi hinn 6. desember 1917. Áður var það stórhertogadæmi sem heyrði undir Rússakeisara og þar áður hluti af sænska konungsríkinu. Samkvæmt finnsku stjórnarskránni, sem gekk í gildi eftir umfangsmikla uppfærslu 1. mars 2000, er þingræði grundvöllur finnska stjórnkerfisins. Forseti lýðveldisins er kjörinn í beinni kosningu til sex ára í senn (og getur mest setið tvö kjörtímabil í röð). Þingið, sem 200 fulltrúar eiga sæti á, er kjörið til fjögurra ára í senn í almennum kosningum. Hlutfallskosningakerfi stýrir skiptingu þingsæta.

**Í síðustu þingkosningum (árið 2003) skiptust þingsætin svona:**

| | |
|---|---|
| ■ Miðflokkurinn | 55 sæti |
| ■ Jafnaðarmannaflokkurinn | 53 sæti |
| ■ Sameiningarflokkurinn (íhaldsfl.) | 41 sæti |
| ■ Vinstribandalagið | 19 sæti |
| ■ Græningjar | 14 sæti |
| ■ Sænski þjóðarflokkurinn | 9 sæti |
| ■ Kristilega bandalagið | 6 sæti |
| ■ Sannir Finnar | 3 sæti |

Ríkisstjórnin er samsteypustjórn Miðflokksins, jafnaðarmanna og Sænska þjóðarflokksins. Forsætisráðherra er Matti Vanhanen.

Tarja Halonen úr Jafnaðarmannaflokknum var fyrst kjörin forseti árið 2000 og endurkjörin í febrúar 2006. Kjörtímabil hennar rennur út í febrúarlok 2012.

ÞAÐ ER KOJA Á HRAUNINU
EINS OG RASSGATIÐ
Á MÉR Í LAGINU.




# Nú er lag!

**Hægt er að greiða fyrir pakkaferðir sem keyptar eru á vefnum hjá Icelandair með VISA Lánum.**

+ Staðgreiðsluverð
+ Lægri vextir
+ Lægri kostnaður
+ Aukið hagræði
+ Dreifing til allt að 12 mánaða
+ Lán afgreitt á netinu
+ Vildarkorthafar fá veltutengda Vildarpunkta

VISA Vildarklúbbur

Nánari upplýsingar um VISA Lán á visa.is og í síma 525 2000.
Upplýsingar um pakkaferðir Icelandair á Icelandair.is.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.064 **+0,78%** **Fjöldi viðskipta:** 386 **Velta:** 2.501 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Straumur-Burðarás** | +2,44% |
| **Landsbankinn** | +2,02% |
| **FL Group** | +1,62% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Flaga** | -2,39% |
| **Alfesca** | **-2,36%** |
| **Atlantic Petroleum** | -1,87% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,70 -0,46% ... Alfesca 4,56 -2,36% ... Atlantic Petroleum 578,00 -1,87% ... Atorka 6,25 +0,00% ... Avion 33,50 +0,90% ... Bakkavör 54,30 +0,19% ... Dagsbrún 5,14 -0,19% ... FL Group 18,80 +1,62% ... Glitnir 19,90 +0,51% ... KB banki 828,00 +0,61% ... Landsbankinn 25,30 +2,02% ... Marel 77,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,70 +0,57% ... Straumur-Burðarás 16,80 +2,44% ... Össur 125,00 -0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**NEMI heim**
Tryggingamiðstöðin (TM) hefur eignast 90,001 prósent í norska tryggingafélaginu NEMI Forsikring. Með því að hafa eignast yfir níutíu prósent af útgefnu hlutafé norska tryggingafélagsins ávann TM sér rétt til að innkalla þau hlutabréf sem enn vantar upp á. Sér því fyrir endann á að TM eignist NEMI að fullu, eftir skammvinnt ferli. TM lýsti fyrirætlunum sínum um að gera kauptilboð í fyrirtækið eftir lokun markaða 31. mars síðastliðinn. NEMI býður upp á alhliða skaðatryggingar en hefur þó sterka stöðu á ýmsum sviðum sem vel kunna að falla að íslensku atvinnulífi, svo sem í skipatryggingum og á afmarkaðri hlutum tryggingamarkaðar, svo sem í tryggingum á vatnsaflsvirkjunum. Þá býður NEMI upp á tryggingar fyrir verslun og þjónustu, fiskeldistryggingar, farmtryggingar og flugvélatryggingar.



**Markmið og gildi**
„Vandamál eru tækifæri sem bíða eftir að vera sigruð." Svo hljóðar opinbert slagorð fjárfestingafélagsins Fons, sem blasir við gestum á heimasíðu félagsins. Slagorðið þykir heldur óþjált og jafnvel enskuskotið. Sumir hafa meira að segja bent á hugsanavillu, þar sem allsendis ómögulegt sé að sigra tækifæri. Aðrir telja slagorðið nýtískulegt og til marks um alþjóðavæðingu íslensks viðskiptalífs. Hvernig sem á málið er litið er ljóst að slagorð Fons er hluti af nýlega útbreiddri tísku meðal íslenskra fyrirtækja. Nú þykir ekkert fyrirtæki meðal fyrirtækja nema það hafi bæði markmið og gildi. Þannig kynnti stórfyrirtæki hér í bæ ný gildi nú fyrir helgi; sköpunargleði, samstarf, arðsemi og áreiðanleiki. Það er ekki farið fram á lítið.

### MARKAÐSPUNKTAR

Landsafl hf., fasteignafélag í eigu Landsbankans og Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka, skilaði 241,4 milljóna króna hagnaði á fyrri helmingi ársins samanborið við tæplega 1,4 milljarða króna hagnað á sama tímabili í fyrra.

Jeratún ehf., einkafyrirtæki í eigu Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar, sem sér um byggingu og rekstur skólahúsnæðis Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði, tapaði tæpum 14 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins.

Rétt rúmlega eins milljarðs króna tap varð á rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á fyrstu sex mánuðum ársins. Á sama tíma fyrir ári skilaði reksturinn 380 milljóna króna hagnaði.

# VÍS hagnaðist um 468 milljónir króna

Vátryggingafélag Íslands hagnaðist um 468 milljónir króna á fyrri árshelmingi og nam eigið fé félagsins 15,7 milljörðum króna. Allt árið í fyrra hagnaðist VÍS um 8,4 milljarða króna.

Á sama tíma hagnaðist Líftryggingafélag Íslands (Lífís) um tæpar 154 milljónir króna.

Exista eignaðist bæði félögin í maí en þá voru þau undir merkjum VÍS eignarhaldsfélags sem samanstóð einnig af fleiri félögum. Nam kaupverðið á eignarhaldsfélaginu 53 milljörðum króna og fengu seljendur hlutabréf í Exista sem gagngjald. **- eþa**



**ÁSGEIR BALDURS, FRAMKVÆMDASTJÓRI VÍS** Félagið hagnaðist um 468 milljónir króna á fyrri hluta árs.

## Óbreyttir stýrivextir

Evrópski seðlabankinn ákvað að loknum vaxtaákvörðunarfundi sínum í vikulokin að halda stýrivöxtum á evrusvæðinu óbreyttum þrátt fyrir að verðbólga hafi dregist saman um 0,1 prósentustig. Vextirnir standa nú í þremur prósentum.

Greiningaraðilar telja líkur á að bankinn hækki vextina í október. Almennt var búist við þessari niðurstöðu enda jókst hagvöxtur innan aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) um 0,9 prósent á öðrum ársfjórðungi sem er 0,1 prósenti meira en fjórðunginn á undan pg talsvert meira en í Bandaríkjunum og Japan. Hagvöxtur á ársgrundvelli nemur 2,8 prósentum innan ESB.

Evrópski seðlabankinn hefur hækkað stýrivexti fjórum sinnum á síðustu átta mánuðum, en verðbólga á evrusvæðinu hefur verið yfir tveggja prósenta verðbólgumarkmiði Seðlabankans frá því í febrúar í fyrra.

Atvinnuleysi í ESB nokkuð yfir samanburðarlöndunum en það mældist 8 prósent á tímabilinu samanborið við 4,8 prósenta atvinnuleysi í Bandaríkjunum en 4,1 prósents atvinnuleysi í Japan. **- jab**








**FRÁ KAUPUM EXISTA OG FLEIRI FJÁRFESTA Á SÍMANUM Í FYRRA** Standandi frá vinstri eru Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista, Geir Haarde forsætisráðherra, og bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir sem eru stærstu hluthafar Exista, með 47 prósenta hlut. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Verðmæti Exista á bilinu 211 til 233 milljarðar

**Hluthafar Exista verða yfir 30 þúsund talsins á næstunni. Eignir Exista þrettánfölduðust á tveimur og hálfu ári. Bakkabræður undanþegnir yfirtöku.**

Markaðsvirði Exista liggur á bilinu 211 til 233 milljarðar króna, en endanlegt virði félagsins kemur í ljós þann 7. september næstkomandi, þegar útboð til fagfjárfesta hefst. Þetta gerir Exista að fjórða eða fimmta verðmætasta félagi í Kauphöll Íslands.

Endanlegt útboðsverð mun ákvarðast af áskriftarverðlagningu (book-building) í fyrsta af þremur áföngum útboðsins en seljandi bréfanna er KB banki, næststærsti hluthafinn í Exista.

Jafnframt ætlar bankinn að selja bréf til starfsmanna og almennra fjárfesta og gæti heildarvirði sölunnar numið sex milljörðum króna. KB banki hefur áskilið sér rétt að tvöfalda það sem í boði er í fyrsta áfanga sölunnar, þannig að heildarvirði útboðsins gæti farið upp í 9,2 milljarða króna. Jafnframt ætlar KB banki að greiða út sjötíu prósent af eignarhlut sínum í Exista til hluthafa sinna, sem eru nærri 31 þúsund. Er ljóst að Exista verður eitt fjölmennasta hlutafélag landsins á næstu mánuðum.

Stefnt er að því að skrásetja hlutabréf Exista í Kauphöllina þann 15. september. Félagið hefur margfaldast í stærð á síðustu árum samfara hækkandi hlutabréfaverði, samruna við önnur félög og fyrirtækjakaupum. Í lok árs 2003 voru heildareignir Exista 23,2 milljarðar króna og eigið fé tæpir 11,5 milljarðar króna. Um mitt þetta ár höfðu eignir vaxið í 311 milljarða króna, eða þrettánfaldast, og stóð eigið fé í 143 milljörðum.

Hagnaður Exista nam fimmtíu milljörðum króna á síðasta ári en aftur á móti skilaði félagið tapi að fjárhæð um 3,3 milljarðar króna á fyrri helmingi þessa árs.

Exista skilgreinir sig sem fjármálaþjónustufyrirtæki er byggir stoðir sínar á fjárfestingum í rekstrarfélögum og fjármálatengdum fyrirtækjum. Félagið var stofnað árið 2001 af hópi sparisjóða en stærsti hluthafinn er Bakkabraedur Holding, eignarhaldsfélag Ágústs og Lýðs Guðmundssona. Hlutur þeirra bræðra er 47 prósent af heildarhlutafé, sem er yfir yfirtökumörkum, en þar sem sá eignarhlutur varð til fyrir skráningu eru þeir ekki skyldir til að leggja fram yfirtökutilboð.

Stærstu skráðu eignir Exista eru fjórðungshlutur í KB banka og tæplega 39 prósenta hlutur í Bakkavör, en samanlagt virði þessara eignarhluta er yfir 180 milljarðar króna. Exista er einnig kjölfestufjárfestir í Flögu. Þá kemur fram í skráningargögnum að félagið eigi bréf í Royal Bank of Scotland og fimm prósent stofnfjár í SPRON. Af óskráðum eignum ber helst að nefna 43 prósenta hlut í Símanum og þá á félagið Vátryggingafélagið og Lýsingu að fullu.

**eggert@frettabladid.is**

**VERÐMÆTUSTU FÉLÖG KAUPHALLAR ÍSLANDS** (Í MILLJÖRÐUM KR.)

| | | |
|---|---|---|
| 1. | KB banki | 550 |
| 2. | Glitnir | 284 |
| 3. | Landsbankinn | 276 |
| 4.-5. | Actavis | 221 |
| 4.-5. | Exista | 211-233 |
| 6. | Straumur | 172 |
| 7. | FL Group | 148 |
| 8. | Bakkavör Group | 116 |

# FlyMe kaupir Astreus í Bretlandi

**Flugvélafloti FlyMe þrefaldast með kaupum á breska leigufélaginu Astreus.**

Norræna lággjaldaflugfélagið FlyMe, sem Pálmi Haraldsson í Fons á stærstan hluta í, hefur keypt fimmtíu og eins prósents hlut í breska leiguflugfélaginu Astreus.

Kaupverð er tæpar átta hundruð milljónir íslenskra króna. Seljandi er Aberdeen Asset Managementsem verður minnihlutaeigandi í Astreus.

Astreus var stofnað árið 2002 og er með höfuðstöðvar á Gatwick flugvelli í Lundúnum. Félagið flytur um átta hundruð þúsund farþega á ári hverju og veltir um 11,4 milljörðum króna. Astreus rekur tíu Boeing breiðþotur sem það leigir út, auk þess að fljúga til áfangastaða í Vestur-Afríku og Austur-Evrópu. Tæplega fjögur hundruð manns starfa hjá félaginu.



**FLUGVÉL FLYME Í FLUGTAKI** FlyMe greiðir átta hundruð milljónir króna fyrir fimmtíu og eins prósents hlut í breska leiguflugfélaginu Astreus.

FlyMe á fyrir fimm Boeing breiðþotur. Finn Thaulow, forstjóri FlyMe, segir mikil samlegðaráhrif milli FlyMe og Astreus: „Með kaupunum náum við að nýta flugflota okkar mun betur en áður." FlyMe tapaði 1,1 milljarði króna á fyrri árshelmingi. Tap félagsins tvöfaldaðist milli ára. **- jsk**



# Barnastarf kirkjunnar - alla sunnudaga fyrir alla fjölskylduna! Allir velkomnir! Byrjum 3. september!

**Reykjavík og Kópavogur**

Árbæjarkirkja kl. 11:00
Áskirkja kl. 11:00
Breiðholtskirkja kl. 11:00
Bústaðakirkja kl. 11:00 *frá 10. sept.*
Digraneskirkja kl. 11:00
Dómkirkjan kl. 11:00
Fella- og Hólakirkja kl. 11:00
Grafarvogskirkja kl. 11:00 og í Borgarholtsskóla kl. 11:00

Grafarholtskirkja í Ingunnarskóla kl. 11:00
Grensáskirkja kl. 11:00 *frá 10. sept.*
Hallgrímskirkja kl. 11:00
Háteigskirkja kl. 11:00
Hjallakirkja *kl. 13:00 frá 10. sept.* en 3. sept. kl. 11:00
Kópavogskirkja kl. 12:30 í kirkjunni
Laugarneskirkja kl. 11:00

Langholtskirkja kl. 11:00
Neskirkja kl. 11:00
Óháði söfnuðurinn 2. og 4. sunnudag hvers mánaðar kl. 14:00 *frá 10. sept.*
Seljakirkja kl. 11:00
Seltjarnarneskirkja kl. 11:00

**Garðabær og Hafnarfjörður**

Bessastaðasókn kl. 11:00 í sal Álftanesskóla
Vídalínskirkja kl. 11:00
Hafnarfjarðarkirkja kl. 11:00 í kirkjunni og í Hvaleyrarskóla
Víðistaðakirkja kl. 11:00 *frá 10. sept.*
Fríkirkjan í Hafnarfirði kl. 11:00

**Mosfellsbær**

Í Lágafellskirkju kl. 13 *frá 10. sept.*

**Keflavík og Vestmannaeyjar**

Keflavíkurkirkja kl. 11:00
Landakirkja kl. 11:00

**einnig á virkum dögum fyrir eldri börn!**
**sjá nánar í kirkjustarfsdálki í Morgunblaðinu**

GUTENBERG


Búðu til stemningu með
vörum frá BYKO
Vnr. 50706892
Gashitari ryðfrír, 13 kw,
hæð 240 cm, hattur 80 cm.
verð 18.675 kr.
verð áður 24.900 kr.
Vnr. 0291490
Garðbekkur, tveggja
sæta, gagnvarinn.
verð 6.990 kr.
verð áður 10.687 kr.
Vnr. 0291494
Garðborð, gagnvarin fura.
verð 6.990 kr.
verð áður 13.705 kr.
Vnr. 79280418
Eldstæði 76 cm, kopar með neti.
verð 7.290 kr.
verð áður 10.300 kr.
Vnr. 0291488
Garðstóll gagnvarin, fura.
verð 5.290 kr. verð áður 8.403 kr.
Vnr. 64902039
Lukt
verð 2.790 kr.
verð áður 3.990 kr.
Vnr.0058324
Pallaefni
Fúavarið, alheflað,
27x95 mm, eingöngu
í 3 metra lengd.
125 kr./lm
282

# LENGDU SUMARIÐ

490.000

Vnr. 0291960

**Grillhús**

*Lillevilla grillhús. Hurð og gluggar með gleri, opnanlegir gluggar. Húsinu fylgir grill, borðbúnaður, hreindýraskinn og gestabók. Stærð 9,2m².*

490 kr/lm.

~~690~~

Vnr. 0039490

**Massaranduba**

*pallaefni, 25x145 mm.*

15.900

~~30.030~~

Vnr. 0291454

**Garðborð**

*Garðborð, hringlaga, 120 cm í þvermáli, hæð 73 cm, gagnvarin fura.*

20.900

~~26.900~~

Vnr.50701093/5

**Útiarinn**

*Útiarinn, TAMPICO eða VERACRUZ, hæð 105 cm.*

5.900

~~7.900~~

Verð frá

17.900

Vnr.50121713-70

**Kamínur**

*Kamínur í úrvali. Fást í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi*

Vnr. 50632106

**Gashitari**

*Gashitari á hjólum með borði, grænn, 12,5 kw, hæð 230 cm, hattur 84 cm.*

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sjálfstjórn sjávarútvegsins:

# Eignarrétturinn er mikilvægur

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Ragnar Árnason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, áætlar að útgjöld ríkisins muni minnka um þrjá milljarða króna á hverju ári fái sjávarútvegurinn að ráða sér sjálfur án afskipta hins opinbera. Það þýðir að handhafar aflaheimilda myndu standa straum af öllum kostnaði tengdum greininni eins og eftirliti og rannsóknum. Sjávarútvegurinn yrði þá líkari flestum öðrum atvinnugreinum.

Frá sjónarhóli skattgreiðenda væri þetta ekki ósanngjarnt fyrirkomulag. Það er sjávarútvegsfyrirtækjunum í hag að eftirlit með fiskimiðunum sé skilvirkt og hafrannsóknir árangursríkar. Það myndi miða að því að hámarka arð af fiskveiðiauðlindinni með sjálfbærri nýtingu. Afkoma sjávarútvegsins er undir því komin að rannsóknir séu fullnægjandi og rányrkja ekki stunduð. Með því að hafa þessa hagsmuni á sömu hendi telur Ragnar Árnason og fleiri fræðimenn að betri árangur náist. Útgjöld ríkisins minnki og tekjur sjávarútvegsins aukist.

Á ráðstefnu Rannsóknarstofnunar um samfélags- og efnahagsmál um sjávarútvegsmál í vikunni kom fram að þetta fyrirkomulag gæti gengið innan núverandi kvótakerfis. Hins vegar hlýtur tryggari eignarréttur yfir aflaheimildum að vera mikilvæg forsenda fyrir því að þetta gangi upp. Fræðimenn halda því fram að eignarrétturinn sé mikilvægur til að stuðla að hagkvæmri nýtingu náttúruauðlinda og koma í veg fyrir sóun. Sé eignarrétturinn ótryggur verði ekki ráðist í nauðsynlegar fjárfestingar, því menn eiga á hættu á að njóta ekki arð af fjárfestingum sínum, og dregið sé úr hvatanum til að leita nýrra tækifæra.

Þótt doktor Guðrún Gauksdóttir hafi haldið því fram í erindi sem hún flutti á aðalfundi LÍÚ í fyrra, að aflaheimildir væru eign í skilningi 72. greinar stjórnarskrárinnar, eru skiptar skoðanir um hvort það standist. Í kosningastefnu Samfylkingarinnar, sem samþykkt var 5. apríl 2003, segir meðal annars: „Samfylkingin vill að kvótinn verði innkallaður í smáum, árlegum áföngum, þannig að sjávarútvegurinn geti lagað sig að breytingum og að sem mest sátt verði um þær. Þetta er svokölluð fyrningarleið.“

Það er ólíkegt að útgerðarmenn ráðist í stórhuga framkvæmdir, sem stuðla að betri nýtingu fiskistofnanna, ef hætta er á að aflaheimildir þeirra verði gerðar upptækar. Ótryggur eignarréttur stuðlar því að óhagkvæmni í greininni, sem bitnar á öllum sem vinna við hana.

Í ályktun á landsfundi Samfylkingarinnar í maí 2005 var dregið í land með fyrningarleiðina. Formaður Samfylkingarinnar boðaði sátt um sjávarútveg á aðalfundi Landssambands útgerðarmanna í október sama ár. Mikilvægur liður í sáttinni væri að útgerðarmenn hættu að tala um eignarréttindi á kvótanum og viðurkenndu að um nýtingarrétt væri að ræða, sem nyti verndar sem óbein eignarréttindi.

Þetta var mikilvægt skref í átt að sátt hjá Samfylkingunni og skapar sjávarútvegsfyrirtækjum landsins tryggari rekstrargrundvöll. Þó að ekki verði gengið jafn langt og hugmyndir Ragnars Árnasonar boða er hætta á umbyltingu í greininni hverfandi, óháð niðurstöðu alþingiskosninganna næsta vor.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFANG: **ritstjorn@frettabladid.is**

BÍLL DAGSINS

VOLKSWAGEN PASSAT 2.0 FSI

Nýskr. 07.05 - Beinskiptur - Ekinn 10 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Missti af Birni í Kastljósinu

Sigurjóni Þórðarsyni þykir sem Kastljósmenn séu gengnir til liðs við stjórnina við að storka stjórnarandstöðunni eftir að ritstjóri þáttarins varð við ósk Valgerðar Sverrisdóttur um að sitja ein fyrir svörum um skýrslu Gríms Björnssonar. Svo leiðir hann hugann að því á vefsíðu sinni í gær hvort Björn Bjarnason hljóti ekki að vera næsti ráðherra til að koma fram í Kastljósinu þar sem hann sé þekktur fyrir stjórnsemi og að svara ekki spurningum. Björn var hinsvegar að svara spurningum í Kastljósþættinum í fyrradag og var því næsti Kastljósgestur á eftir Valgerði. Það hefur farið framhjá Sigurjóni, sem sennilegast horfir ekki á þætti sem storka stjórnarandstöðunni.



### Einmana þingmaður

Svo heldur Sigurjón áfram og segir: „Enginn fjölmiðill hefur haft áhuga á að koma skoðunum mínum á fiskveiðistjórn á framfæri...“ Og svo segir hann að Björn Bjarnason hafi ekki svarað spurningum hans á þingi þegar hann spurði ráðherrann um Baugsmálið. Eru allir hættir að tala við þingmanninn, eða hvað?

### Enginn slítur þau bönd...

Á fréttavefnum BB segir frá því að Pálmi Gestsson, leikarinn góðkunni, hafi fest kaup á æskuheimili sínu í Bolungarvík. Þar er haft eftir Pálma: „Ég hlaut gott uppeldi í Bolungarvík og það skiptir mig miklu máli að geta endurgoldið henni vistina með að hressa upp á uppeldisstöð mína með þessu framtaki.“



Ýmislegt hefur verið reynt til að hressa upp á þorp og bæi á landsbyggðinni en sennilegast gagnast ekkert betur í þeim tilgangi en nostalgía hinna brottfluttu.

**jse@frettabladid.is**

# Í hita leiksins

Það er ekki þrautalaust að ná árangri. Í hverju sem er, hvort sem það er í hjónabandinu, atvinnunni, fótboltanum, nú eða þá bara í lífinu almennt. Látið mig þekkja það, búinn að ganga í gegnum þetta allt. Og svo á gamals aldri, þegar maður heldur að þetta árangurstengda stríð sé loks á enda, hvað tekur þá við? Jú, golfið, sem er í rauninni miklu áleitnara og alvarlegra viðfangsefni en öll hin til samans. Í hjónabandinu getur maður beðist afsökunar á misgjörðum sínum, í vinnunni kemst maður stundum upp með það að gera ekki neitt. Í boltanum er klappað á kollinn á manni og sagt: þetta gengur betur næst.

Í golfinu er vandinn hins vegar sá að mistökin verða ekki aftur tekin. Skorkortið er bæði húsbóndi og dómari. Þú situr sem sagt uppi með þá staðreynd að ekkert, hvorki fyrirgefning, ást né umburðarlyndi, getur forðað þér frá þeirri staðreynd að það eru höggin sem telja. Jafnvel þótt þú setjir upp þitt blíðasta bros og allan þinn sjarma í gang.

Ég er löngu orðinn meðvitaður um þetta harðræði. Allt frá því að ég byrjaði að leika golf fyrir fjórum fimm árum hef ég setið uppi með þá miskunnarlausu og ég vil segja skelfilegu niðurstöðu, að það er sama hvað ég reyni, hvað ég legg mig fram, þá kemur skorkortið upp um mig.

En af því ég er nú keppnismaður af Guðs náð ákvað ég í sumar, ykkur að segja, að taka þetta föstum tökum, taka heila viku í golfið. Ef ekki tvær. Frá morgni til kvölds, frá degi til dags. Ekki það að ég gæti ekki verið að gera eitthvað annað.



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | á golfvellinum

Það á eftir að mála gluggana á húsinu, það er kominn tími til að laga til í kjallaranum heima, ég á ennþá ýmislegt óuppgert á skrifstofunni og guð má vita, að það tekur sinn tíma að hafa ofan af fyrir sér, þegar ekkert sérstakt er á döfinni. Það er ekki heiglum hent að vera atvinnulaus.

Vikan var sem sagt á þessa leið: Á mánudeginum vippaði ég í garðinum heima fyrir hádegi, skrapp síðan út á Nesvöll, þar sem ég hitti Walter vin minn,

*Í golfinu er vandinn hins vegar sá að mistökin verða ekki aftur tekin. Skorkortið er bæði húsbóndi og dómari.*

sem er á áttræðisaldri og saman tókum við hring, sem tókst með ágætum nema hvað að hann var samt á betra skori en ég. Á þriðjudeginum hittumst við félagarnir úr íþróttahreyfingunni, týndum sextán kúlum og bölvuðum vellinum og veðrinu. Einkum þó ég. Daginn eftir var ég aftur mættur á golfvöllinn á Nesinu, slóst í fylgd með Kristjáni Skerjafjarðarskáldi. Kristján er ekki íþróttamannslega vaxinn, en milli þess að svara í farsímann og taka niður pantanir um ljóðagerð hafði hann betur í skorinu. Hringdi í Stebba Kon og Bjögga bróður á fimmtudeginum, en hvorugur hafði tíma, þannig að ég fór einn og slóst í för með séra Erni, sem var líka einn og ég sagði vel slegið og hann sagði gott högg og þetta var sem sagt allt á kristilegum og jákvæðum nótum, þangað til við lögðum saman skorkortið. Hann vann.

Um kvöldið fór ég snemma í háttinn, vildi hvíla mig og sofnaði snemma út frá tæknilegum og hugrenningum mínum um upphafshöggin á fjórðu braut. Náði raunar þvílíku höggi, að kúlan hvarf mér sýnum, svo ég hrökk upp með andfælum, ýtti við Ágústu konu minni, sem svaf draumlausum og golflausum svefni, og ég spurði, þegar hún reis upp við dogg: Sástu hvar hún lenti? Sá ég hvað hver lenti? spurði hún fúl á móti. Nú golfkúlan, auðvitað, svaraði ég og hún leit á mig eins og ég væri fífl, eða eitthvað þaðan af verra og það var augljóst um leið og hún svaraði, að þessi kúla var týnd, Titleist 4, hvít á lit. Með betri kúlum sem ég hef átt. Þar fór gott högg fyrir lítið.

Á laugardeginum fórum við saman hjónin og spiluðum átján holur. Í indælu veðri og í góðu kompaníi og í rauninni var þetta hin ánægjulegasti eftirmiðdagur, þar til á þriðju braut, í hita leiksins, þegar ég fór að segja henni til, sem ég hefði aldrei átt að gera, því eftir það var lítið talað saman og hjónabandið hékk á bláþræði, þangað til hún setti púttið niður á átjándu af fimm metra færi. Þá brosti hún aftur. Ég þakkaði Guði fyrir en bölvaði honum um leið fyrir þessa óbærilegu déskotans áráttu mína að vera árangurstengdur.

# Einkavæðing fiskimiðanna?

**VIÐBRÖGÐ** | Jón Gunnarsson bregst við hugmyndum Ragnars Árnasonar



JÓN GUNNARSSON

Ragnar Árnason prófessor hefur undanfarið kynnt hugmyndir um algera sjálfstjórn útgerðarmanna á nýtingu og umgengni við sjávarauðlindina. Hann hefur einnig lagt ríka áherslu á að eignaréttindi útgerðarmanna á auðlindinni þurfi að vera sem skýrust og það eigi eingöngu að vera á valdi þeirra sem nýttu auðlindina að ákveða með hvaða hætti það verði gert og ríkið eigi ekkert að koma nærri því. Hannes Hólmsteinn Gissurarson tekur undir þessa skoðun í pistli í Fréttablaðinu í gær og skal engan undra þar sem Hannes Hólmsteinn hefur lengi verið baráttumaður fyrir einkavæðingu fiskimiðanna.

Útgerðarmenn hafa lengi kvartað yfir því að afar hóflegt og afkomutengt veiðigjald var tekið upp og helst hefur mátt skilja að þetta hóflega gjald geti lagt útgerð í landinu í rúst. Með hækkandi olíuverði hefur veiðigjaldið verið að lækka og afkomutengingin gerir það að verkum að afkoma í greininni ræður endanlegu gjaldi. Samtök útgerðarmanna hafa barist fyrir því að gjaldið verði lagt niður og því kemur nú á óvart ef það er skoðun sem útgerðarmenn taka undir að hægt sé að leggja á þá kostnað sem nemur 3-4 milljörðum á ári, algjörlega óháð afkomu. Kannski felst það í hugmyndum Ragnars að ef skilyrði í greininni verði óhagstæð þá dragi menn bara úr eftirliti og rannsóknum, sem eru meginkostnaðarliðir ríkisins í dag varðandi sjávarútveg. Á hverju ætti þá útgerðarmennirnir sjálfir að byggja ákvörðun um hámarksafla? Á slík ákvörðun þá eingöngu að vera geðþóttaákvörðun LÍÚ?

Sameign þjóðarinnar á fiskveiðiauðlindinni er hornsteinn í sjávarútvegsstefnu Samfylkingarinnar. Undir stjórn núverandi stjórnarflokka hefur verið gerð alvarleg tilraun til þess að færa útgerðarmönnum einkaeign á fiskimiðunum. Þær tillögur sem Ragnar Árnason hefur kynnt um sjálfstjórn útgerðarmanna á auðlindinni hníga í sömu átt og mikilvægt að slíkt gerist aldrei. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur verða að svara því skýrt hvort þeir aðhyllist einkavæðingu fiskimiðanna eða hvort tryggja skuli þjóðareign í stjórnarskrá.

*Höfundur er þingmaður Samfylkingar í Suðurkjördæmi.*

# Svar við opnu bréfi Steingríms J. Sigfússonar

**VIÐBRÖGÐ**
Útvarpsstjóri svarar formanni VG

*Hr. alþingismaður*
*Steingrímur J. Sigfússon*

Ég bað ritstjóra Kastljóss að svara athugasemdum þínum frá sínu sjónarhorni og sú samantekt fylgir hér á eftir:

**SVAR VEGNA „OPINS BRÉFS" STEINGRÍMS J. SIGFÚSSONAR**

Steingrímur J. Sigfússon hefur skrifað Páli Magnússyni, útvarpsstjóra, opið bréf vegna Kastljóssþáttar 30.08. Þar gagnrýnir hann ákvörðun Kastljóss um að ræða við Valgerði Sverrisdóttur eina.

Aðdragandinn er rétt rakinn af hálfu Steingríms. Kastljósið vildi fá hann til að skiptast á skoðunum við Valgerði Sverrisdóttur um greinargerð Gríms Björnssonar og meðferð hennar í iðnaðarráðuneytinu í tíð Valgerðar þar. Það er rétt að ráðherrann neitaði að mæta Steingrími í þættinum og eftir að hafa íhugað málið og ítrekað - en árangurslaust - borið fram þá ósk við aðstoðarmann ráðherra, að ráðherrann myndi ræða við Steingrím, ákvað Kastljós að taka viðtal við ráðherrann einan, enda teljum við að umsjónarmenn þáttarins hafi alla burði til að veita þeim sem hingað koma málaefnalegt og nauðsynlegt viðnám. Það var gert í þættinum.

Steingrími var tjáð í símtalinu um klukkan 18, að upphafleg áætlun hefði raskast. Engin rök hníga að því að bera þurfi ástæður þess sérstaklega upp við hann til samþykktar, synjunar eða annars.


PÁLL MAGNÚSSON

Kastljós hefur að undanförnu oftsinnis fjallað um málefni Kárahnjúkavirkjunar, ýmist með viðtölum eða rökræðum. Ekki er með nokkrum hætti hægt að halda því fram að sú umfjöllun hafi gengið gegn skyldum Ríkisútvarpsins um óhlutdræga umfjöllun. Að auki verður að halda því til haga að viðtal við ráðherra í sjónvarpsþætti er ekki sjálfkrafa merki um „hlutdræga umfjöllun".

Ráðherrar og fleiri óska oft eftir því að þurfa ekki að skiptast á skoðunum við aðra í mynd-veri.

Hvort orðið er við því ræðst af ritstjórnarlegu mati hverju sinni, rétt eins og í gær. Margsinnis hefur koma ráðherra verið afþökkuð, þegar þeir hafa gert að skilyrði að skiptast ekki á skoðunum við stjórnarandstöðu eða aðra.

Ríkisútvarpið er vettvangur ólíkra skoðana, það veit Steingrímur J. Sigfússon mætavel og reyndar manna best, enda eru fáir, ef nokkur, sem fenginn hefur verið jafn oft til að tjá sig um mál líðandi stundar og hann. Ríkisútvarpið og starfsmenn þess reyna ætíð að fjalla um mál af óhlutdrægni og tekst það oftast nær ágætlega, þó alltaf megi gott bæta. Viðtal við ráðherra táknar því ekki, þó Steingrímur haldi öðru fram, að Ríkisútvarpið bregðist skyldu sinni.

*Þórhallur Gunnarsson*
*ritstjóri Kastljóss*

Ég er í öllum meginatriðum sammála því sem fram kemur í svari Þórhalls og hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta. Þó vil ég undirstrika að umsjónarfólk Kastljóss stóð í gær frammi fyrir til þess að gera einfaldri ritstjórnarlegri spurningu: Hvort er á þessum tímapunkti áhugaverðara fyrir áhorfendur Sjónvarpsins að hlýða á viðtal við fyrrverandi iðnaðarráðherra um þetta tiltekna málefni eða formann Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs? Ljóst var að ekki kæmu bæði fram í einum og sama þættinum vegna afstöðu ráðherrans. Niðurstaðan varð sem sé fyrrgreindi viðmælandinn.

Að tala um að þetta sé „..niðurlægjandi.." fyrir Ríkisútvarpið, eða „ofboðslegt að verða vitni að því að Ríkisútvarpið skuli þjóna valdinu með þessum hætti" finnst mér sannast sagna vera broslega verðbólgin notkun á orðum.

*Virðingarfyllst,*
*Páll Magnússon*
*útvarpsstjóri*

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Göngur og réttir

**Sigurður Sigurðarson dýralæknir skrifar**

Fram undan eru göngur, réttir og fjárrag líkt og tíðkast hefur hér á landi öldum saman.

Á síðari árum hefur framkvæmd smalana sums staðar versnað sökum mannfæðar og skipulagsleysis, sökum mismunandi slátrunartíma lambanna og vegna jarða, sem lagðar hafa verið í eyði af búleysingjum úr þéttbýli o.fl. Brýnt er að göngur fari fram samtímis í löndum sem liggja saman og ekki eru aðgreind frá öðrum með girðingum, vötnum, fjallgörðum eða jöklum. Þetta gildir jafnt um afrétti og heimalönd á fjöllum, heiðum og láglendi.

Nauðsynlegt er að stjórnir upprekstrarfélaga og bændur almennt hafi í tæka tíð samráð um það hvað betur megi fara í þessum efnum og að sveitarstjórnir fylgi því eftir að öll lönd, þar sem fjárvon er, séu smöluð. Hafið samráð um framkvæmd þessara mála, sem tryggir sem skilvirkasta smölun og gleymið ekki að taka tillit til hóflegrar og góðrar meðferðar á fénaðinum, sem smalað er, hestunum sem notaðir eru og hundunum. Hundbeitið ekki féð, sveltið ekki fénaðinn eða þreytið um of. Sjáið um að nægar hvíldir séu fyrir fólk og skepnur, nóg vatn og fóður fyrir fénaðinn og njótið lífsins, náttúrunnar og samverunnar, hvernig sem veðrið er. Takið eftir því hver og einn sem smalar, og látið fjallkónga og rekstrarstjóra og réttastjóra og dýralækna vita af skepnum, sem dragast aftur úr, hafa vanþrifist eða sýna grunsamleg einkenni um riðuveiki, garnaveiki eða annað, sem máli gæti skipt, svo að unnt sé að taka þær kindur frá, flytja þær sér til byggða eða sækja þær þangað sem skilja verður þær eftir og draga þannig úr hugsanlegri smithættu, sem gæti leitt til þungbærra og langvinnra áfalla og til að létta þjáningar skepnanna.

Drekkið hóflega vín og aldrei um of svo að dómgreindin haldist í lagi, einnig þegar komið er ofan í réttir og á gleðifundi. Haldið aftur af ykkur og verslið ekki með líffé, þar sem smithætta er til staðar, skiptist ekki á hrútum og farið gætilega í að hýsa ókunnugt fé. Það hefur reynst mörgum dýrkeypt.

Fræðsluauglýsing nr. 2

# Bændur bera ekki ábyrgð á háu verðlagi á Íslandi

*Minni verðmunur er á íslenskum landbúnaðarafurðum en öðrum matvælum miðað við meðalverð þeirra í fimmtán löndum Evrópusambandsins. Ýmis þjónusta er mun dýrari á Íslandi en í þessum löndum.*




*Vísitalan 100 sýnir meðalverð í 15 löndum Evrópusambandsins. Þjónusta hótela og veitingahúsa, samgöngur, fatnaður og ýmsar matvörur eru hlutfallslega dýrari hérlendis en kjöt og mjólkurvörur.*

1640.2

Bændasamtök Íslands

*Í súluritinu hér að ofan er stuðst við þrjár ítarlegar verðkannanir EUROSTAT, hagstofu Evrópusambandsins.*

MARKAÐURINN

Sögurnar, tölurnar, fólkið.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Upplýsingar,
viðburðir,
afþreying og fréttir

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

MAÐUR VIKUNNAR

# Rólegur rokkari að austan

MAGNI ÁSGEIRSSON
SÖNGVARI



Það er vægt til orða tekið að kalla Magna Ásgeirsson mann vikunnar, því um margra vikna skeið hefur um fátt annað verið talað en frammistöðu hans í raunveruleikaþættinum Rock Star: Supernova. Spennan stigmagnast í hverri viku og er að breytast í alíslenskt æði. Enginn þykist of merkilegur til að styðja Magna og frést hefur af fólki úr æðstu þrepum þjóðfélagsins sem fer á fætur um miðja nótt gagngert til þess að veita honum sitt atkvæði. Þá var frammistaða hans í þessari viku þvílík, að eitt olíufyrirtækjanna hér á landi sá ástæðu til að lækka verð á bensíni tímabundið. Hvað gerist ef hann vinnur?

Hvar sem borið er niður bera menn Magna vel söguna og segja hann hvers manns hugljúfa. Sveitungar hans fyrir austan eru eins og gefur að skilja stoltir af sínum manni; segja hann vel að velgengninni kominn og allra ólíklegastan til að láta hana stíga sér til höfuðs. Jákvæðnin er hans helsti kostur, segja þeir sem hann þekkja og hann hefur alltaf gaman af því að koma fram. Síðasta ball sem hann spilaði á er alltaf það besta í hans huga. Unnusta hans heitir Eyrún Huld Halldórsdóttir og saman eiga þau soninn Marinó.

Magni er bóndasonur, fæddur og uppalinn á Borgarfirði eystri. Fjölskyldan er músíkölsk og bæði föður- og móðurbróðir hans voru til dæmis í hljómsveitum. Sjálfur byrjaði Magni að spila á gítar og koma fram tólf ára gamall. Hann bjó að því að vera í litlum skóla, þar sem nemendurnir þurftu að skemmta sér sjálfir og „neyddust“ hálfpartinn til að vera skapandi. Magni var afar virkur í félagslífinu og átti auðvelt með að aðlagast nýjum aðstæðum. Hann stundaði nám í Framhaldsskólanum á Eiðum og tók meðal annars tvisvar þátt í Söngvakeppni framhaldsskólanna. Þar komu félagarnir í hljómsveitinni Á móti sól fyrst auga á hann og buðu honum að ganga til liðs við sig. Magni ákvað að taka slaginn og hætti í skóla þegar hann átti stutt eftir í að ljúka stúdentsprófi. Fjölskyldan studdi hann hins vegar heils hugar í því að reyna fyrir sér í tónlistinni.

Áður en hann gekk til liðs við Á móti sól var hann ekki viss um hvað hann langaði að verða og var opinn fyrir öllu. Tónlistin hefur hins vegar ávallt verið hans helsta áhugamál og eftir að hann gekk til liðs við Á móti sól var ekki aftur snúið. Eins og algengt er í tónlistarbransanum hér á landi hefur hann þó þurft að vinna önnur störf til að drýgja tekjurnar og undanfarin ár hefur hann unnið hjá plexiglerumboðinu Akron. Það kostar mikla vinnu að samræma fjölskyldulífið, tónlistina og vinnuna. Hann er þó svo heppinn að vinnuveitendur hans hjá Akron eru sveigjanlegir og hafa sýnt spilamennskunni mikinn skilning í gegnum tíðina. Á móti kemur að Magni er sagður harðduglegur til vinnu og bætir vinnutap jafnan upp.

Á móti sól er fyrst og fremst popphljómsveit en í keppninni Rock Star: Supernova hefur Magni sýnt, svo ekki verður um villst, að hann er harður rokkari. Frá upphafi hefur hann verið einn traustasti þátttakandinn í keppninni og vex ásmegin eftir því sem á hana líður. Sumir ganga jafnvel svo langt að segja að Magni sé of góður fyrir Supernova; það besta í stöðunni væri ef hann kæmist sem lengst í keppninni án þess að þurfa að ganga í hljómsveitina. Eitt má þó teljast líklegt, hver sem úrslit Rock Star: Supernova verða er uppgangur Magna Ásgeirssonar rétt að hefjast.



# Jóhannes í Bónus

**Umræðan** | Baugsrannsókn

Ættjarðarvininum Eggerti Ólafssyni varð öfundin yrkisefni, en snéri henni upp á sig sjálfan. „Öfund knýr og eltir mig - til ókunnugra þjóða - Fæ ég ekki að faðma þig - fósturlandið góða.“ Vonandi er rétt með farið.

Græðgi og öfund trjóna efst af erfðagöllum mannsins og fá allir sinn skerf.

Jóhannes Jónsson í Bónus hefur fengið að kenna á báðum ógnvöldunum. Síðastliðin tólf ár hefur ríkisstjórn Íslendinga, lengst af undir forsæti Davíðs Oddssonar, valdið þjóðinni svo miklum skaða, að ég trúi nær öllu slæmu á hana. Þar á meðal, að hefja ofsóknir þær, sem Jóhannes fullyrti á NFS að hún hefði staðið fyrir gegn sér og fjölskyldu sinni. Furðu margt hnígur að því,

*Í mínum huga, eru þeir arðrænigar, öndvert við Jóhannes sem hefur unnið sig upp með atvinnusköpun á eigin forsendum og látið alþýðu njóta.*

að stjórnvöld hafi látið öfundsjúka gróðafíkla leiða sig út í brjálæðislegar ofsóknir gegn brautryðjanda lágvöruverslana og fjölskyldu hans. Kostnaður þjóðarinnar af offorsinu skiptir hundruðum milljóna. Auðvitað á að kanna mál, ef grunur um misferli kemur upp.

En saksóknari þessa máls virðist hafa ætt áfram með lokuð augun, löngu eftir að öðrum sýndist allt í lagi. Hvort sem upphaf frumhlaupsins og áframhaldið var runnið undan rifjum þáverandi forsætisráðherra, eða annara, jaðrar það við glæp. Það er ámælisvert að leggja slíkt á þjóðina og enn verra gagnvart Jóhannesi og fjölskyldu hans. Tímasetning aðfarar saksóknaraembættisins að fyrirtækjum feðgana Jóhannesar og Jóns Ásgeirs líkist hnitmiðaðri eyðileggingarstarfsemi.



ALBERT JENSEN
Trésmíðameistari

Jóhannes telur að þeir hafi orðið af eitthundrað og þrjátíu til fjörutíu milljörðum, fyrir utan margt annað. Menn hafa sagt við mig, að þeir séu nógu ríkir fyrir, en ég álít þetta ekki snúast um það. Það snýst um rétt og rangt og að menn geti rekið fyrirtæki. Fáir ásaka bankana, sem féfletta almenning sem aldrei fyrr, á sama tíma og Jóhannes lætur gott af sér leiða. Það er ekki glæpur að standa sig og hagnast, sé það gert með heiðarlegum hætti. Aftur á móti mætti hluti af ofurgróða fara í hjálparstörf, þar sem sárlega vantar vatn og skóla. Sú staðreynd, að forsvarsmenn banka, hafi tuttugu og tvær og hálfa milljón á mánuði, hlýtur að vekja viðbjóð hugsandi fólks. Sjö til átta skuldlausar íbúðir á ári í vinnulaun og þessir gráðugu mikilmennskubrjálæðingar tala um það sem eðlilegan hlut. Í mínum huga eru þeir arðræningjar, öndvert við Jóhannes sem hefur unnið sig upp með atvinnusköpun á eigin forsendum og látið alþýðu njóta. Mér finnst eðlilegt að hann sé efnaður og vil að gefnu tilefni spyrja Jóhannes: Hefði þjóðin notið góðs af, ef samningar um verslunarkeðjurnar hefðu náðst?

# Hefur þú komið þangað?

**Umræðan** | Víglínur í pólitík

Brúarjökull, Búrfellsflói, Desjarárdalur, Efra-Jökulsárgil, Ekkjufellshólmar, Eyjabakkafoss, Faxi, Folavatn, Gjögurfossar, Gljúfrakvísl, Grjótá, Hafrahvammagljúfur, Háls, Héraðsflói, Hjalladalur, Hníflafoss, Hölkná, Hólmaflúðir, Hrakstrandarfoss, Hreinatungur, Jökla, Jökuldalur, Jökulsá á Brú, Jökulsá á Dal, Jökulsá í Fljótsdal, Kárahnjúkar, Kirkjufoss, Klapparlækur, Kleifarskógur, Kringilsárrani, Lagarfljót, Lindur, Rauðaflúð, Sauðá, Sauðakofi, Sauðárdalur, Skakkifoss, Slæðufoss, Snikilsá, Sporður, Tröllagilslækur, Tungufoss, Töðuhraukar, Töfrafoss.

Öllu þessu var ákveðið að fórna í örlagaríkri atkvæðagreiðslu á Alþingi Íslendinga 8. apríl árið 2002. 44 þingmenn samþykktu fórnina. 44 þingmenn sem samþykktu að sökkva dýrmætu landi, meina afkomendum okkar að njóta og skoða. Ábyrgð þessara þingmanna er mikil. Nöfn þeirra á að draga fram í dagsljósið. Ákvörðunin fól í sér óafturkræfar breytingar á áður ósnortinni náttúru. Slík ákvörðun ætti að vera ígrunduð og byggð á rannsóknum þar sem allir þættir eru metnir. Skipulagsstofnun mat það svo að ekki væri tímabært að taka ákvörðunina, rannsóknir skorti. Jarðvísindamenn lögðu fram varnaðarorð, strax 2001. Öllum átti að vera ljóst hversu afdrifaríka ákvörðun var um að ræða.

Við sem höfum varað við virkjuninni fyrst og fremst vegna náttúruverndarsjónarmiða höfum iðulega verið sökuð um að beita tilfinningarökum. Við erum spurð hvort við höfum komið þangað, verið þar. Land sem þú hefur ekki séð, því má eyða! Ég vil snúa spurningunni við og spyrja: Valgerður, hefur þú setið í bláberjabrekku við Tröllagilslæk? Valgerður, hefur þú setið við Töfrafoss og horft á hvernig ljósbrotið teiknar myndir og látið hressandi úðann baða þig? Hefur þú, Valgerður, gengið með Rauðuflúð og fundið landið nötra undan krafti Jöklu? Eða hefur þú, Valgerður, setið í grónum Hraukunum á Kringilsárrana, borðað nesti og horft á hreindýrstarfana í sínu

*Ný víglína er að myndast í pólitík. Víglína milli okkar sem forgangsröðum í þágu umhverfis og náttúru, og hinna sem hafa sagt okkur vera á móti framtíðinni.*

náttúrulega friðlandi? Halldór og Davíð eru báðir hlaupnir í skjól frá ábyrgðinni., Valgerður og Siv sitja áfram í ráðherraembættum. Ykkar er ábyrgðin og þingmannanna 40 til viðbótar. Hvernig ætla þessir 44 lýðræðislega kjörnu fulltrúar að axla sína ábyrgð? Skýrsla Gríms Björnssonar er bara eitt dæmi um upplýsingar sem lítið hefur verið gert með í þessu ferli öllu. Varnaðarorð hafa verið sniðgengin, hvort sem þau hafa varðað öryggi mann-



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR Borgarfulltrúi Vinstri Grænna

virkja, arðsemi eða áhrifin á samfélagið. Framkvæmdin var knúin áfram með látum og þau sem vildu staldra við lágu undir ámæli um að vera á móti framtíðinni.

Vinnubrögð stóriðjusinna hafa verið til skammar. Blekkingum hefur verið beitt af ríkisrekinni áróðursvél Landsvirkjunar, ítrekað kemur í ljós að vísindamönnum hefur ýmist verið meinað að tala eða þeim gert erfitt fyrir á annan hátt, þeir jafnvel sakaðir um að láta pólitískar skoðanir sínar þvælast fyrir vísindaheiðri sínum.

Á þeim tíma sem ákvörðunin var tekin var upplýsingum stungið undir stól, alþingi meinaður aðgangur að varnaðarorðum vísindamanna. Á þeim tíma vildu Halldór og Davíð eina ferðina enn teyma þingið að „já-inu“ án umræðu. Ekki í fyrsta skipti og ekki það síðasta. Þá hentaði ekki að fá öll sjónarmið fram. Þá hentaði að binda fyrir augu þingsins.

Ný víglína er að myndast í pólitík. Víglína milli okkar sem forgangsröðum í þágu umhverfis og náttúru, og hinna sem hafa sagt okkur vera á móti framtíðinni. Framtíðin stendur með náttúrunni og lýðræðinu en fortíðin, yfirgangurinn og athafnastjórnmálin tilheyra liðinni tíð. Halldór og Davíð eru farnir. Næst er það Valgerður og svo ríkisstjórnin öll í vor.

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Sjón er sögu ríkari!

## Opið hús í Straumsvík sunnudaginn 3. september

**Í tilefni af 40 ára afmæli Alcan í Straumsvík verða dyrnar að álverinu opnaðar almenningi sunnudaginn 3. september. Boðið verður upp á skoðunarferðir um álverið undir leiðsögn starfsmanna, skemmtun fyrir börn og fullorðna, menningu og fræðslu af ýmsum toga.**

Svæðið verður opið frá kl. 11.00 til 17.00

**Notaðu tækifærið og sjáðu hvernig álver lítur út!**



Kassabílarallí



Spennandi og líflegur dagskrá

▶ **Opið frá 11.00 – 17.00 dagskrá í boði allan daginn:**

- Leiðsögn um svæðið með rútum
- Véla og tækjasýning
- Myndlistarsýningin „Hin blíðu hraun í Straumsvík“
- Ökuleiknissýning
- Hoppukastalar
- Kassabílarallí og hlaup
- Lúðrasveit Hafnarfjarðar spilar

▶ **Kl. 12.00, 13.00, 14.00, 15.00 og 16.00**

- Möguleikhúsið sýnir leikverkið „Áslákur í álveri“

▶ **Kl. 13.00 og 15.00**

- Kynningar á umhverfismálum og mögulegri stækkun

▶ **Kl. 12.30 og 14.30**

- Gunni og Felix
- Óperukór Hafnarfjarðar
- Friðrik Ómar og Guðrún Gunnars

▶ **Kaffihús og veitingar allan daginn**



Leiksýningar, lúðrasveit og tónlistaratriði

Til að lágmarka umferð einkabíla verður boðið upp á rútuferðir til Straumsvíkur frá bílaplani Fjarðarkaupa við Bæjarhraun í Hafnarfirði á hálftíma fresti.

ALCAN




## Við frumsýnum nýjan KIA Sorento

**– aflmeiri, betur búinn og enn glæsilegri.** Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn næstmest seldi jeppi landsins. Líklega langbestu jeppakaupin í dag.

Komdu og sjáðu glæsilegri Sorento á enn betra verði. Sjón er sögu ríkari.

**Opið laugardag og sunnudag frá kl. 12–17.**

**www.kia.is**

### Sýningar hjá eftirtöldum umboðsaðilum í dag:

Reykjanesbær • Selfoss • Akureyri
Reyðarfjörður • Höfn • Vestmannaeyjar
Borgarnes • Ísafjörður

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU.




## Helgartilboð hjá KIA

### KIA Rio



**1,6 • 5 dyra • sjálfskiptur • helgarverð 1.598.000**

**KIA Rio,** glæsilegur fólksbíll úr smiðju KIA.
Rio er búinn aksturstölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlalæsivörn, álfelgum og öflugri en sparneytinni 1,6 lítra, 112 hestafla CVVT bensínvél.

### KIA Picanto



**1,1 • 5 dyra • sjálfskiptur • helgarverð 1.285.000**

**KIA Picanto,** lipur, fallegur og nútímalegur smábíll sem eyðir 6,5 lítrum í blönduðum akstri. **Aukapakki 13" stálfelgur og vetrardekk negld eða ónegld.**

**KIA** er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

KIA MOTORS
*The Power to Suprise™*

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

# Streptókokkteilsósa

*Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá meðalafköstum meðalrithöfunda; vikið að Arnaldi Schwartzenegger, sænautakjöti og uppvaski. Einnig er minnst á tréstamp fullan af köldum sjó, blindgötu í Kaíró, dauðagildru fyrir bréfbera, stafsetningu - og nýja farsótt.*

Kæra Dagbók

*Þráinn Bertelsson skrifar*



**FÖSTUDAGUR, 25. ÁGÚST**

## Takmörkuð auðlind

Brennu-Njáls saga er rétt um eitthundrað þúsund orð á lengd. Það er ekki óvenjuleg lengd á skáldverki. Sumar skáldsögur eru reyndar miklu lengri og aðrar mun styttri. Til að verk geti flokkast sem skáldsaga er oft miðað við fjörutíu þúsund orð, styttri verk eru þá smásögur eða nóvellur.

Það eru talin býsna góð afköst hjá rithöfundi að koma frá sér einu verki á ári. Ef verkið er hundrað þúsund orð eru afköstin 273 prenthæf orð á dag, sjö daga vikunnar. Til að berja saman sæmilega prenthæfan texta er lágmark að reikna með tveimur umferðum, uppkasti og hreinskrift. Það þýðir að afköstin eru a.m.k. 546 orð á dag. Hvern einasta dag.




Á hverju ári skrifa ég í Fréttablaðið texta sem er samtals eitthundrað og tíuþúsund orð á lengd. Lengri en Njáls saga sem er 100.125 orð, en töluvert styttri en Biblían; hún er 783.137 orð. Á þremur síðustu árum, að viðbættu yfirstandandi ári, er ég búinn að setja saman lesmál sem slagar upp í biblíulengd.

Þetta rifja ég upp til að réttlæta fyrir sjálfum mér að það er ólíklegt að mér takist að reka smiðshöggið á bókina sem ég er að skrifa, „Augnablik sannleikans“, í tæka tíð fyrir þessa jólavertíð. Og það finnst mér verra því að þegar maður er kominn á minn aldur er manni vel ljóst að jól eru takmörkuð auðlind.

Andri er með hálsbólgu og tekur pensillín. Jóhanna læknir sagði að þetta væru streptókokkar og Andri er þess fullviss að ákveðin sósa sé sjúkdómsvaldurinn: Streptókokkteilsósa. Kannski ný farsótt sé í uppsiglingu?

**LAUGARDAGUR, 26. ÁGÚST**

## Í afplánun



Fór í ræktina eftir að hafa verið í sumarfríi. Það er ótrúlegt hvað maður getur orðið hrumur á fáeinum vikum. Sem straff fyrir letina lyfti ég lóðum þar til ég hafði varla þrek til að lyfta tómum lófanum til að þurrka svita af enninu og svo hljóp ég á færibandi í yfirbótarskyni þangað til ég var kominn með hreina samvisku. Það var langt hlaup. Kosturinn við að hlaupa á færibandi er sá að enginn keyrir yfir mann á meðan.

Eftir gufuböðun og slökun enda ég á því að dýfa mér ofan í risastóran tréstamp fullan af köldum sjó.

Og þegar ég hjóla heimleiðis líður mér eins og Arnaldi Schwartzenegger meðan hann var upp á sitt besta - áður en hann fór í pólitíkina.

**SUNNUDAGUR, 27. ÁGÚST**

## Uppvask

Það hlýtur eitthvað alvarlegt að hafa komið fyrir mig; þegar ég var að vaska upp fattaði ég allt í einu að mér leiðist uppvask ekki lengur. Verð að muna að minnast á þetta við geðlækninn minn og vita hvað hann (hún) segir.

Andri byrjar í Ísaksskóla á morgun og kvöldið fór í að telja upp þær áleggstegundir sem hann vill ekki sjá í nesti.

**MÁNUDAGUR, 28. ÚST**

## Sænautasteik og fúi

Keypti sænautakjöt á 1140 kr. kílóið. Það finnst mér dáldið hátt verð því að sænautin „ganga“ jú sjálfala.

Börnin höfðu aldrei heyrt minnst á sænautakjöt áður og reyndar ekki hrefnukjöt heldur. En þetta var mikið borðað í minni æsku.



Ég skóf af ketinu búðarmaríneringuna og bjó til minn eigin kryddlög. Þetta var herramannsmatur.

Finnur vinur minn kom og gerði við útidyratröppurnar sem verið hafa dauðagildra fyrir bréfbera, stefnuvotta, rukkara og farandsölumenn. Vinir og ættingjar hafa haft „inside“ upplýsingar og gengið inn bakdyramegin.

Annars er það alveg merkilegt



að 15 ára gamlar spýtur skuli grotna sundur. Eina skýringin á þessu er að ég hafi hugsanlega bleytt of duglega í þeim með rándýru fúavarnarefni sem ég hef makað á þær á hverju hausti.



**ÞRIÐJUDAGUR, 29. ÁGÚST**

## Föndur

Ég eyddi mestöllum deginum í að leika mér. Ég byrjaði að fikta við að mála fyrir ári í Prag og veit ekkert skemmtilegra en að dunda með liti. Úr því að ég hef ákveðið að sitja hjá þessi jólin og fresta bókinni get ég leyft mér svona munað.

Mest gaman finnst mér þegar við Andri málum saman. Hann teiknar guðdómlegar fígúrur sem ég reyni að stæla og aðalþemað í myndum hans eru átök góðs og ills, eða „vondir menn og góðir“, eins og hann orðar það með mikilli skothríð og blóðsúthellingum.

**MIÐVIKUDAGUR, 30. ÁGÚST**

## Blindgata í Kaíró

## Nasjíb Mafús er dáinn.

Mafús fékk Nóbelinn 1988 fyrstur þeirra fjölmörgu höfunda sem skrifa á arabísku - og sá eini til þessa.

Ég veit um þrjár bækur eftir hann sem hafa verið þýddar á íslensku, en þær gætu verið fleiri. Þær heita „Blindgata í Kaíró“, „Míramar“ og „Þjófar og hundur“. Sigurður A. Magnússon þýddi Blindgötuna og Míramar og Úlfur Hjörvar þá síðastnefndu og eiga heiður skilinn fyrir að opna okkur sýn inn í arabíska bókmenntir.

Þegar við Sólveig vorum í Kaíró hérna um árið bauð ég henni á veitingahúsið í gamla miðbænum þar sem Mafús var vanur að sitja umkringdur sinni bókmenntahirð. Sennilega hefur hann verið illa fyrir kallaður þetta kvöld því að hann lét ekki sjá sig. Það þótti mér verra.

Reyndar er ég ekki sérlega uppnæmur fyrir því frægðarfólki sem ég hef hitt um dagana. Eina súperstjarnan sem mér þótti þó verulega gaman að hitta og spjalla



við var Astrid Lindgren sem ég var svo stálheppinn að vera kynntur fyrir í kokkteilboði í Stokkhólmi hjá þeim hjónum Silvíu og Karli G. Ekki man ég nú hvað hún sagði, en ég man hvað hún hafði tært augnaráð og svo vottaði annað slagið fyrir skelmsku glotti.

Sólveig og krakkarnir tíndu rifs og sólber og í kvöld sauð ég sultur og setti í krukkur.

**FIMMTUDAGUR, 31. ÁGÚST.**

## Gwyllyn verður Glenn

Ég tölti tindilfættur niður í eldhús í morgun að gá hvort sultan hefði hlaupið almennilega. Mælikvarðinn er hvort hægt er að hvolfa krukkunum án þess að innihaldið detti í gólfið. Sultan haggaðist ekki. Og bragðið! Maður lifandi!

Það er nú meira hvað deyr af fólkinu. Mafús í gær og Glenn Ford í dag. Glenn karlinn náði trúlega aldrei að verða risastjarna, en hann lék í mörgum sterkum myndum sem ég sá í gamla daga. Notalegur náungi sem hafði þann skrýtna sið þegar hann var kominn úr kúrekafötunum að safna salt- og piparstaukum af mikilli ástríðu.

Nú er komin út ný stafsetningarorðabók. Íslensk stafsetning er dáldið snúin. En samt held ég að hún sé eins og englasöngur í samanburði við sum önnur mál, til að mynda velsku. Glenn Ford sálugi sem var af velskum ættum var reyndar skírður Gwyllyn en hann tók upp nafnið Glenn um leið og hann varð lögráða og varð heimsfræg kvikmyndastjarna um leið og hann var búinn að einfalda stafsetninguna.

Frænkurnar Inga og Birta komu í pitsupartí. Smátt og smátt er ég að skapa mér nafn sem pitsubakari. Það er hægt að hugsa sér verri eftirmæli en:

„Hann bakaði prýðilegar pitsur.“



# Ótrúlegt verð

# á fólksbíla og jeppakerrum

## Kerrurnar eru til sýnis í Hagkaupum Skeifunni

Visa eða Euro raðgreiðslur í allt að 36 mánuði



**CT0080** Galvaniseruð

**Innanmál:** 230Lx122Bx40D
**Burður:** 500 kg
**Dekkjastærð:** 145R12
Vnr. 710460

Verð með vsk
**79.999kr**



**CT0091** Galvaniseruð

**Innanmál:** 121Lx94Bx30D
**Burður:** 150 kg
**Dekkjastærð:** 18x9,5
Vnr. 710464

Verð með vsk
**39.999kr**

KERRA AFTAN Í FJÓRHJÓL



**CT0070** Galvaniseruð

**Innanmál:** 140Lx92Bx32D
**Burður:** 500 kg
**Dekkjastærð:** 145R12
Vnr. 710461

Verð með vsk
**49.999kr**



**CT0300** Galvaniseruð

**Innanmál:** 260Lx83B
**Burður:** 300 kg
**Dekkjastærð:** 145R12
Vnr. 710465

Verð með vsk
**59.999kr**

KERRA FYRIR 1 MÓTORHJÓL



**CT0082** Galvaniseruð

**Innanmál:** 245Lx136Bx33D
**Burður:** 500 kg
**Dekkjastærð:** 165/70R13
Vnr. 710462

Verð með vsk
**119.999kr**



**CT0302** Galvaniseruð

**Innanmál:** 287Lx166B
**Burður:** 500 kg
**Dekkjastærð:** 155R12
Vnr. 710466

Verð með vsk
**99.999kr**

KERRA FYRIR 3 MÓTORHJÓL

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

LEIKKONAN SALMA HAYEK FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1968.



*„Ökuleiknin sem ég öðlaðist í Mexíkó hefur hjálpað mér að komast í gegnum Hollywood.“*

*Salma býr vel að reynslu æskuáranna í Mexíkó.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 2. SEPTEMBER 1666

## *Eldur leggur London í rúst*



Aðfaranótt 2. september 1666 kom upp eldur í London sem gleypti um það bil 13.200 hús, þar af 87 kirkjur, áður en yfir lauk. Bálið geisaði í fimm daga og þrátt fyrir allar hörmungarnar er talið að eldurinn hafi aðeins kostað sex manns lífið en hundrað þúsund manns sátu eftir heimilislausir. Timburhús frá miðöldum voru algeng í borginni á þessum árum. Mörg þeirra voru tjöruborin, til þess að verjast rigningu, en það gerði þau vitaskuld eldfimari. Þar fyrir utan voru götur borgarinnar þröngar og húsin stóðu þétt saman þannig að eldurinn barst svo hratt milli húsa að ekki varð við neitt ráðið. Reynt var að rífa hús til þess að stöðva eldhafið en fólk hafði ekki undan þannig að hvert húsið á fætur öðru varð eldinum að bráð. Eldurinn kviknaði fyrst í ofni hjá bakaranum Thomas Farrinor en talið er að hann hafi gleymt að slökkva eldinn í bakarofni sínum með þeim afleiðingum að glóð barst í eldiviðarstafla. Árið 1986 sáu bakarar í London ástæðu til þess að biðjast afsökunar á þessari örlagaríku gleymsku kollega síns.

## MERKISATBURÐIR

**1625** Gos hefst í Kötlu í Mýrdalsjökli.

**1666** Átta týna lífi og þrettán þúsund hús í Lundúnum eyðileggjast í stórbruna.

**1792** Æstur múgur sækir klerka og aðalsmenn í fangelsi Parísar og tekur þá af lífi.

**1870** Napóleon III gefst upp fyrir Prússum.

**1898** Vélbyssa er notuð í orrustu í fyrsta sinn.

**1942** Þýskir hermenn ráðast inn í Stalíngrad.

**1944** Anna Frank er send í útrýmingarbúðirnar Auschwitz.

**1945** Japanir gefast upp fyrir bandamönnum.

**1982** Heimili Keith Richards brennur til kaldra kola.



†

*Elsku maður minn og faðir okkar,*

**Kristján Örn Valdimarsson**

bifreiðastjóri, Hábergi 14, Reykjavík, áður Miðsitju, Skagafirði,

varð bráðkvaddur mánudaginn 28. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 8. september kl. 15.00.

**Kristín Rannveig Óskarsdóttir**
**Andri Kristjánsson**
**Brynjar Kristjánsson**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórdís Gísladóttir**

Klapparstíg 5, Akureyri,

lést í Fjórðungssjúkrahúsinu Akureyri 30. ágúst. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju miðvikudaginn 6. september kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta kvenfélagið Baldursbrá eða F.S.A. njóta þess.

**Andrés Bergsson**
**Arnar Andrésson** **Hrefna Kristín Hannesdóttir**
**Gísli Andrésson** **Ingibjörg Jónsdóttir**
**Jón Andrésson** **Margrét Pálsdóttir**
**Guðrún Andrésdóttir** **Jakob Tryggvason**
**ömmu- og langömmubörn.**



†

*Ástkæra móðir okkar, amma og langamma,*

**Ingibjörg Júlíana Guðlaugsdóttir**

frá Svarfaðardal,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði sunnudaginn 27. ágúst, verður jarðsungin frá Akraneskirkju þriðjudaginn 5. september kl. 14.00.

**Kristín S. Einarsdóttir**
**Hulda B. Lúðvíksdóttir** **Brynjar Roine**
**Ólafur Bjarnason**
**Guðlaugur J. Bjarnason**
**Bjarni B. Bjarnason**
**Andrea K. Bjarnadóttir** **Gutti Guttesen**
**Ragnhildur Bjarnadóttir** **Jóhannes Hreggviðsson**
**Helga M. Bjarnadóttir**
**Jóna I. Bjarnadóttir** **Sæmundur Pálsson**
**Atli Steinar Bjarnason**
**Anna G. Bjarnadóttir** **Ásgeir Skúlason**
**Bessi Bjarnason** **Maíbrit Jakobsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

BORGARHOLTSSKÓLI: FAGNAR 10 ÁRA AFMÆLI

# Nemendurnir gera skólann að dýrmætum samfélagsspegli

Borgarholtsskóli, einn yngsti framhaldsskólinn á höfuðborgarsvæðinu, var settur í fyrsta sinn þann 2. september 1996 og fagnar því tíu ára afmæli sínu í dag. Skólinn hefur stækkað töluvert á þessum árum og fjöldi nemenda meira en þrefaldast. Stefna Borgarholtsskóla hefur alltaf verið að leggja áherslu á fjölbreytni.

„Okkar metnaður er að geta sinnt öllum þeim breiða hópi sem kemur upp úr grunnskólunum,“ segir Ólafur Sigurðsson, skólameistari Borgarholtsskóla. „Framhaldsskóli er í dag svo miklu meira en bara menntaskóli. Námsframboðið hjá okkur er þannig að það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Við bjóðum upp á starfsnám, bóknám og listnám.“ Borgarholtsskóli er t.d. einn fárra skóla sem bjóða upp á nám í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, og hann er eini skólinn sem kennir margmiðlunarhönnun. Skólinn er jafnframt einn um að bjóða upp á nám í bíliðngreinum. „Við viljum vera til staðar fyrir mjög fjölbreyttan hóp og teljum að það séu mikil verðmæti að hafa spegilmynd af samfélaginu í nemendahópnum,“ segir Ólafur.



**ÓLAFUR SIGURÐSSON SKÓLAMEISTARI BORGARHOLTSSKÓLA** Vill að nemendahópurinn sé spegilmynd af samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í tilefni af afmælinu verður velunnurum skólans boðið til hátíðahalda í dag. „Ný kynningarmynd um skólann verður sýnd og í næstu viku verðum við með blað sem verður dreift um hverfið og víðar,“ segir Ólafur. „En meginþema afmælisins er annað og stærra,“ bætir hann við. Borgarholtsskóli hefur tekið höndum saman við ABC barnahjálp og Grafarvogskirkju við að setja af stað fjársöfnun fyrir skóla fyrir fátæk börn í Pakistan.

„Einn kennaranna við skólann er frá Pakistan. Hann vinnur nú að því að koma upp sómasamlegu skólastarfi í fátækum héruðum þar í landi,“ segir Ólafur. „Við viljum styðja við bakið á honum og setjum okkur það markmið að safna þremur milljónum. Það dugar fyrir 200 manna skóla með öllum búnaði.“ Styrktartónleikar í Grafarvogskirkju verða hápunktur söfnunarinnar sem Ólafur segir standa í beinu sambandi við stefnu skólans: „Við störfum með það að leiðarljósi að framhaldsskóli sé fyrir alla, og ætlum okkur áfram í þá átt.“

JÓN JÓSEP SNÆBJÖRNSSON: FYRSTA STARFIÐ

# Kúasmali varð að manni

„Allra fyrsta starfið sem ég fékk borgað fyrir var þegar ég sópaði fyrir pabba minn í prentsmiðjunni Skjaldborg á Akureyri. Ég var líklega fjögurra ára og fékk fimm kall fyrir þetta en það var nú bara í eitt skipti,“ segir Jónsi og hlær að minningunni. „Síðan hjálpaði ég systur minni stundum við að bera út en það var ekki starf sem ég var í sjálfur,“ bætir hann við og segir fyrsta alvöru starfið sitt hafa verið sem kúasmali. „Ég var í sveit nánast öll mín unglingsár hjá Ingu og Þórhalli á Kambsstöðum í Ljósavatnsskarði í Suður-Þingeyjasýslu og það má segja að þar hafi ég lært að verða að manni,“ segir Jónsi þakklátur. „Þar rak ég kýrnar og gekk bara alveg prýðisvel. Þær voru merkilega ljúfar við að láta reka sig, þessar blessuðu kýr. Einu sinni fékk ég að fara á hinum nítján vetra gamla hesti Garpi að reka kýrnar og var ægilega ánægður með mig alveg þangað til Garpur ákvað snöggléga að stoppa til að bíta gras. Ég held ég hafi aldrei farið í eins glæsilegt heljarstökk og það fram af hesti. Eftir það hef ég verið mikill aðdáandi hrossakjöts,“ segir söngvarinn ástsæli og hlær.



**KÚASMALINN** Jónsi eyddi unglingsárum sínum sem vinnumaður á Kambsstöðum þar sem hann rak kýrnar og lærði að verða að manni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## AFMÆLI



**Ólafur Helgi Kjartansson** sýslumaður er 53 ára.

**Sr. Jón Helgi Þórarinsson** er 49 ára.

## JARÐARFARIR

**11.00 Sigurður Sigurðsson,** Hátúni 12, verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju.

**13.00 Leifur Hreinn Þórarinsson,** bóndi Keldudal, Skagafirði, verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju.

**14.00 Dagbjört Torfadóttir,** Hjallastræti 12, Bolungarvík, verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju.

**14.00 Jón Ólafur Hermannsson,** frá Flatey, Hjarðarhóli 10, Húsavík, verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju.

**14.00 Margrét Karlsdóttir,** Skipholti, Hrunamannahreppi, verður jarðsungin frá Hrunakirkju.

**14.00 Jóna Guðlaug Óskarsdóttir,** Illugagötu 14, Vestmannaeyjum, verður jarðsungin frá Landakirkju.





**Coco borðstofuborð og 6 Lea stólar**
Litur á stólum: Brúnn
Stærð borðs: 180x90
Áður 124.000
**Nú 49.600**





**Adagio leðursæti**
Litur: Ljós

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 4ra sæta | Áður | 159.000 | **Nú** | **63.600** |
| 3ja sæta | Áður | 133.000 | **Nú** | **53.200** |
| 2.5 sæta | **UPPSELT** | | | |
| Stóll | **UPPSELT** | | | |



**Relax hægindastóll**
Litur: Dökkbrúnn
Áður 79.000
**Nú 39.500**



AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR
50 %

**Luca leðurhægindastóll**
Litur: Svartur | Antikbrúnn
Áður 28.500
**Nú 14.250**



AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR
50 %

**Tutti húsgagnalínan:**

**ÖLL LÍNAN Á 50% AFSLÆTTI**
**Tutti borðstofuborð og 4 leðurstólar**
Stærð borðs: 160X90
Áður 95.000
**Nú 47.500**





**Coco borðstofuborð og 4 Garda stólar**
Litur á stólum: Ljós | Grænn
Stærð borðs: 180x90
Áður 88.200
**Nú 26.460**





**Pisa leðursæti**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 4ra sæta | Áður | 148.000 | **Nú** | **59.200** |
| 3ja sæta | Áður | 124.000 | **Nú** | **49.600** |
| Stóll | Áður | 85.000 | **Nú** | **34.000** |

# VERÐHRUN!!!
# SÍÐASTA ÚTSÖLUHELGI

FABRIKAN

**TEKK COMPANY**

OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-18

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS



**GERARD BUTLER** Líður eins og heima hjá sér í íslenskri náttúru og ætlar að þvælast um hálendið á meðan hann dvelur á landinu.

# Drakk sig úr lögfræðinni í leiklistina

Skoski leikarinn Gerard Butler fer með hlutverk vígamannsins Bjólfs í Bjólfskviðu sem var frumsýnd á Íslandi á fimmtudaginn. Þórarinn Þórarinsson ræddi við leikarann um erfiða kvikmyndagerð í ofsaveðri á Íslandi og ferilinn, sem er í miklum blóma.

Ferill Gerards Butler er kominn á flug en hann hefur á skömmum tíma „unnið sig upp úr fjórðu deild í meistaraflokk", eins og hann orðar það sjálfur. Hann hefur undanfarið, auk Bjólfskviðu, komið við sögu í myndum á borð við Tomorrow Never Dies, Reign of Fire, Tomb Raider 2 og The Phantom of the Opera en næsta mynd, 300, verður hans stærsta mynd til þessa.

300 er gerð eftir samnefndri myndasögu Franks Miller um eina frægustu orrustu mannkynssögunnar, þegar Grikkir mættu risavöxnum her Persa í Laugaskörðum. Butler leikur sjálfan Leonídas Spartverjakonung þannig að myndin hvílir meira og minna á herðum hans.

Eftirvæntingin eftir myndinni er mikil enda er Frank Miller funheitur eftir velgegni Sin City þannig að 300 mun væntanlega slá í gegn. „300 er auðvitað risastór mynd og ég er mjög spenntur fyrir henni. Fólk á sjálfsagt eftir að segja að með henni sé ég kominn almennilega á kortið en sjálfum finnst mér ég hafa verið þar lengi," segir Butler.



**LEONÍDAS** Það sem sést hefur úr 300 þykir lofa mjög góðu og myndin mun væntanlega verða lyftistöng fyrir Butler, sem hefur verið á góðri siglingu undanfarin ár.

## Úr lögfræði í leiklistina

„Ég byrjaði seint að leika, var 26 ára þegar ég flosnaði upp úr lögfræðinámi og hellti mér út í leiklistina. Ferillinn fór hratt af stað en ég hef samt tekið þetta í nokkrum litlum skrefum sem mér finnst sjálfum risastór og þegar ég lít til baka finnst mér ótrúlegt að misheppnaður lögfræðingur án leiklistarmenntunar sé kominn á þann stað sem ég er á. Ég hef þurft að berjast fyrir nánast hverju einasta hlutverki, aðallega í áheyrnarprófum og prufutökum, sem mér finnst eðlilegt og gott þar sem þannig er maður valinn í hlutverkin á réttum forsendum. Þetta hefur verið skemmtilegt ströggl og góð lífsreynsla sem hefur styrkt mig sem manneskju og leikara og framtíðin er björt."

Butler segist hafa verið tólf ára þegar hann fékk áhuga á leiklistinni en hann hafi ekki gert sér vonir um að leikaradraumurinn gæti orðið að veruleika og þess vegna lagt lögfræðina fyrir sig. „Þegar ég þurfti að gera upp við mig hvað ég vildi gera í lífinu var ekkert að gerast í bransanum í Skotlandi og Sean Connery var eini skoski leikarinn sem eitthvað bar á. Ég fór því í lögfræðina og entist þar þangað til ég áttaði mig á því að ég hefði engan áhuga á því sem ég var að gera. Það spilaði líka inn í að ég drakk mjög mikið á þessum árum og mér var bent á það í skólanum að ég væri á rangri hillu og var ráðlagt að hætta og snúa mér að því sem mig langaði til að gera og endurskoða líf mitt í leiðinni."

## Óbyggðirnar kalla

„Það var hörkupuð að leika í Bjólfskviðu og ég efaðist á köflum um að ég myndi hafa þetta af. Við vorum föst einhvers staðar úti í óbyggðum í þrjá og hálfan mánuð. Veðrið var meira og minna brjálað allan tímann og það skullu í það minnsta fjórir fellibyljir á okkur á meðan á tökum stóð. Ofan á þetta bættust svo stöðugar áhyggjur af því að okkur myndi aldrei takast að klára myndina og ég átti nánast daglega von á því að mér yrði sagt að pakka saman og fara heim vegna þess að allir peningar væru búnir."

Butler heillaðist engu að síður af landi og þjóð og hann gerir ráð fyrir að verða tíður gestur á Íslandi. „Ísland er vitaskuld ekki dæmigerður tökustaður en landið var ein helsta ástæðan fyrir því að ég sló til og lék Bjólf. Ég var mjög hrifinn af handritinu þegar ég las það en var samt efins. Ég hitti svo Sturlu Gunnarsson leikstjóra, sem sýndi mér myndir af hugsanlegum tökustöðum og þá ákvað ég strax að vera með. Ég fann það á mér um leið að yrði að koma hingað."

Butler segir frumsýningu Bjólfskviðu hafa gefið sér kærkomið tækifæri til þess að koma aftur. „Þetta er frábært land og ég er mjög ánægður með að vera kominn aftur og ætla að fara upp á hálendi og í jöklaferð. Landslagið hérna er alveg einstakt en landið minnir mig samt um margt á Skotland, þannig að mér finnst ég eiga heima hér og ég er mjög ánægður með að hafa verið neyddur til að dvelja úti á landi á meðan tökur stóðu yfir. Þetta er yfirleitt þannig að þegar maður kemur til nýrra landa ætlar maður sér að ferðast út um allt og skoða sig um en endar alltaf á því að hanga bara innan borgarmarkana. Hér var ég úti í óbyggðum í þrjá og hálfan mánuð og það var ótrúleg upplifun."

## Fortíðin heillar

Bjólfskviða gerist fyrir um það bil 1.600 árum og 300 á sér stað löngu fyrir Krists burð en Butler segist þó ekki hafa ætlað sér að festast í fortíðinni þó hún heilli hann. „Þegar ég var krakki var ég upptekinn bæði af framtíðarheimum og fortíðinni og lét mig dreyma um að leika í fantasíum. Ég er mjög hrifinn af fornum hugmyndum um dyggðir og traust en eftir Bjólfskviðu fannst mér þetta orðið gott. Þá dúkkaði 300 upp og ég gat ekki stillt mig um að leika í henni. Handritið er frábært og ég varð heltekinn af sögunni. Bjólfskviða og 300 eiga það sameiginlegt að þær fjalla báðar um löngu liðna atburði og þær reyndu báðar mjög á mig andlega og líkamlega, annars er varla hægt að hugsa sér ólíkari myndir. Það er því einfaldlega tilviljun að ég skuli leika í tveimur fornaldarmyndum með jafn stuttu millibili en fram undan eru samtímamyndir þannig að fortíðin er að baki í bili."

### HELSTU MYNDIR GERARD BUTLER

Beowulf & Grendel 2005
The Phantom of the Opera 2004
Timeline 2003
Lara Croft Tomb Raider: The Cradle of Life 2003
Reign of Fire 2002
Dracula 2000 2000


**Frönskunámskeið**

**Námskeið hefjast 18. september**
Inntitun í síma 552 3870 1-16. september.

- Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- Taltímar - einkatímar
- Námskeið fyrir börn
- Kennum í fyrirtækjum

Alliance Française
Netfang: alliance@simnet.is
Veffang: http://af.is



Tryggvagata 8, sími: 552-3870. Fax: 562-3820.

## HVERNIG ER AÐ ...

### ... VERA ÍÞRÓTTAFRÉTTAMAÐUR?



**Samúel Örn Erlingsson íþróttafréttamaður**
Það er stórskemmtilegt. Vanabindandi. 25 ár bráðum. Tímafrekt. Getur verið spennandi í öllum skilningi þess orðs. En þegar hætt er að vera gaman á maður að steinhætta því. Vinnutími og íþróttafréttamennska tengjast þannig að þú vinnur ekki á þægilegasta tíma. Helsti galli á íþróttafréttamennsku er erfiður vinnutími. Sama hvernig maður lítur á þetta er maður alltaf að missa af einhverju spennandi.



**Guðjón Guðmundsson íþróttafréttamaður**
Að vera íþróttafréttamaður er á köflum gargandi snilld. En því miður, á köflum og í sköflum, glatað. En alltaf jafn skemmtilegt. Alltaf yfirtíð er plúsinn en oftar en ekki borgað seint og illa.



**Guðmundur Hilmarsson íþróttafréttamaður**
Það eru ákveðin forréttindi. Tala nú ekki um fyrir mann eins og mig sem hefur lifað og hrærst í þessum bransa síðan ég man eftir mér. Þetta er beint framhald af því sem ég hef verið að gera síðan ég var fimm ára gutti. Fyrst þátttakandi, svo með börnin að elta þau í þessu og svo að fjalla um þetta í hinum víða skilningi. Ég er sæll og glaður. Að gera það sem mér finnst gaman og skemmti mér í vinnunni. Ókostur? Jú, það er í öllu. Vinnutíminn er ekki beint fjölskylduvænn. Bæði kvöld- og helgarvinna. En með aukinni tækni getur maður hagrætt starfinu betur en maður gat áður.



**Adolf Ingi Erlingsson íþróttafréttamaður**
Að vera íþróttafréttamaður er gríðarlega skemmtilegt fyrst og fremst. Varla fer nokkur út í þetta nema hafa áhuga á íþróttum. Það flokkast undir forréttindi að vinna við áhugamálið sitt. Maður þarf ekki að borga sig inn á völlinn. Starfinu fylgja einnig oft ferðalög, sem getur verið kostur og ókostur. Oftast eru þessar ferðir skemmtilegar. Og upplifa að fara á stórmót. Gallarnir eru náttúrlega þessi skelfilegi vinnutími sem starfið krefst. Ekki mjög vinsælt hjá fjölskyldunni.

## SKRÝTNAR FRÉTTIR

### Löglegt að skjóta Skota

Íbúar York hafa verið beðnir um að skrifa undir sáttmála þess efnis að þeir muni aldrei skjóta á Skota með boga og ör. Samkvæmt gömlum lögum, sem aldrei hafa verið felld úr gildi, geta íbúar York skotið á Skota innan borgarveggjanna án þess að vera sóttir til saka. Ekki hefur enn reynt á þessi gömlu lög en skosku hjónin Ewan og Gill Main ætla að biðja íbúa borgarinnar að skrifa undir plaggið og ganga síðan um 240 mílna veg, frá York til Edinborgar. Hugmyndin með sáttmálanum og göngunni er að safna fé fyrir samtökin Survive, sem hjálpa börnum sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi. Hjónakornin ætla að leggja af stað 8. september og er áætluð koma til Edinborgar tveimur vikum seinna.

### 700 þúsund í þjórfé

Bandarískum þjóni brá heldur betur í brún þegar hann fékk 10.000 dollara, sem samsvarar tæpum 700 þúsund íslenskum krónum, í þjórfé eftir að hafa afgreitt viðskiptavin sinn um máltíð sem kostaði heila 26 dollara.

Þjóninn, Cindy Kienow sem vinnur á Applebee's Bar and Grill í Kansas, fékk því 38.000% meira í þjórfé en það sem máltíðin kostaði.

Viðskiptavinurinn sem var svo rausnarlegur er fasta kúnni á veitingastaðnum sem Kienow vinnur á. „Venjulega kvittar hann á nótuna og skilur hana eftir á hvolfi. Í þetta skipti snéri hann miðanum hins vegar upp því hann vildi að ég vissi að hann væri ekki að grínast.“

Að sögn Kienow skilur viðskiptavinurinn alltaf eftir dágott þjórfé og fyrir tveimur vikum hafi hann til dæmis skilið eftir 100 dollara. Kienow segist hafa brugðið þegar hún sá hversu mikið hún átti að fá í þjórfé. „Ég gat ekki hreyft mig og ég vissi ekki hvað ég átti að segja. Hann sagði hins vegar að ég ætti að kaupa mér eitthvað fallegt fyrir peninginn.“

### Aldargömlum manni skipað í frí

Elsta starfandi manni Bretlands hefur verið skipað að taka sér dagsfrí frá vinnu til að fagna hundrað ára afmæli sínu. Afmælisbarnið og vélvirkinn Buster Martin vonast til að geta unnið þar til hann verður 125 ára, að sögn blaðsins Daily Mirror.

Buster hafði skipulagt að fagna afmæli sínu með ölkrús á barnum en samstarfsmenn tóku völdin í sínar hendur og hafa skipulagt ferð fyrir hann um Stamford Bridge, heimavöll enska knattspyrnuliðsins Chelsea. Þar fær Buster afhenta treyju númer hundrað með áletruninni Buster, enda kappinn heitur stuðningsmaður liðsins.

Buster reyndi að setjast í helgan stein fyrir þremur en eftir þrjá mánuði var hann orðinn svo leiður að hann fékk sér hlutastarf sem vélvirki hjá pípulagningafyrirtæki í London.

„Leiðindi geta gert út af við fólk. Ég byrjaði að vinna til að halda mér við. Ef ég væri ekki í vinnu yrði ég sorglegasti maður heims,“ sagði Buster hinn hressasti.





35%
afsláttur
1189 kr.
1698
Goða gourmet
rauðvíns ofnsteik
30%
afsláttur
399 kr. pk
614
Goða grilllborgarar
4 stk
15%
afsláttur
Gouda 17% ostsneiðar
Myllu samloku-brauð hvítt 1/1
149 kr/stk
Happy Day ávaxtasafi 2L
269 kr/2Ltr
Pepsi MAX kippa 6 X 2L
899 kr/kippan
Cheerios tvöfaldur
548 kr/pk
Flora frábært á brauðið
139 kr/pk
Vatnsmelóna rauð
79 kr/kg
Íslenskt hvítkál
129 kr/kg
Egils Kristall 2L
149 kr/2Ltr
30%
afsláttur
Goða skinka
249 kr/pk
Virk
Sam-
keppni
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
SKEIFAN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
BÍLDSHÖFÐI: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
HRINGBRAUT: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
BREIÐHOLT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
NORÐURBRÚN: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
HVALEYRARBRAUT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
MOSFELLSBÆR: Allir dagar 12-23
SELFOSS: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
VESTMANNAEYJAR: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
ÞORLÁKSHÖFN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30% afsláttur
997 kr. kg
1449
Goða Gourmet ungnautahakk
Nýslátrað
frábært verð
1098 kr. kg
1693
Goða lúxus lambalæri vel snyrt
Með allt á hreinu!
Charmin salernispappír 24 stk í pakka
1298 kr/pk
Persil 5kg Þvottaefni
Len mýkir fylgir frítt með Persil þvottaefni. Len ferskju 2L og Len Cool fresh 2L
Vanish framúrskarandi blettahreinsir
Cillit Bang auðveldar þrifin
20% afsláttur
Af hreinsivörum
Closan Flush WC hreinsir starter &refill
399 kr/pk
Fægiskófla
Moppusett m/riflás og moppa
Gólfskrúbbur með skafti
Örtrefjaklútur
Borðklútur köflóttur
Grisjuklútur ópakkaður
Moppusett m/riflás og örtrefjamoppa
Gólfkústur með skafti
Uppþvottabursti
Alltaf tilboð alla daga

# Börn í klóm mannræningja

Á hverju einasta ári er þúsundum manna rænt víða um veröld. Stór hluti þeirra er börn. Sumum þeirra er rænt af kynferðisbrotamönnum, öðrum af glæframönnum sem vilja fá væna fúlgu í lausnargjald.

Fyrir rúmlega viku tókst Natöschu Kampusch, átján ára stúlku í Austurríki, að sleppa úr klóm Wolfgangs Priklopil sem hafði rænt henni og haldið fanginni í földu herbergi í bílskúr sínum í heil átta ár. Örlög hennar hafa vakið mikla athygli um heim allan og fengið ítarlega umfjöllun í fjölmiðlum.

Árin átta hafa sett djúp mörk á hana. Hún hefur ekki viljað hafa samband við foreldra sína en segist sakna Priklopils, hann hafi verið það stór hluti af lífi hennar. Hún hefur skýrt frá því að hann hafi frá upphafi sagt henni lygar um að hann hafi viljað fá lausnargjald frá foreldrum hennar. Hann hafi haft samband við þau hvað eftir annað, en þau ekki sýnt neinn áhuga á að verða við kröfum hans. Hún hafi greinilega ekki skipt þau svo miklu máli.



**ELIZABETH SMART** Hún var níu mánuði í haldi mannræningja veturinn 2002 til 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Priklopil framdi sjálfsmorð með því að henda sér fyrir járnbrautarlest sama daginn og Natascha strauk frá honum.

**Harmleikur í Belgíu**

Einungis fáum árum áður en Priklopil rændi Natöschu höfðu mannrán belgíska barnaníðingsins Marc Dutroux verið mikið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Dutroux hafði rænt sex stúlkum, haldið þeim í prísund í kjallara sínum og nauðgað þeim öllum, stundum í félagi við aðra. Fjórar þeirra fundust látnar en tveimur stúlknanna var bjargað, þeim Sabine Dardenne, sem þá var tólf ára, og Laetitiu Delhez, sem var fjórtán ára.

Sabine Dardenne skrifaði síðar bók um reynslu sína, sem varð metsölubók í Belgíu og víðar.

Mörg önnur dæmi eru um rán á ungum stúlkum, sem haldið hefur verið föngnum mánuðum og jafnvel árum saman. Sumar þeirra sluppu lifandi úr klóm ræningja sinna, en hafa átt misjafnlega erfitt með að laga sig að lífinu eftir á.

Í Japan var til dæmis tíu ára stúlku, Sano Fusako, rænt árið 1990 og henni haldið í ömurlegri vist í heil níu ár áður en hún slapp. Í Bandaríkjunum rændi Thomas Hose í Pennsylvaníu ungri stúlku, Tanyu Kach, og hélt henni fanginni á heimili sínu í fjögur ár.

Í Salt Lake City var fjórtán ára stúlka, Elizabeth Smart, numin brott úr svefnherberginu heima hjá henni þann 5. júní árið 2002, en hún fannst á lífi níu mánuðum síðar í fylgd með heimilislausu pari ekki langt frá heimili hennar. Hún hefur náð sér nokkuð vel og fór í tónlistarnám, en segir að lífið verði aldrei aftur eins.



**NATASCHA KAMPUSCH** Henni tókst að strjúka frá mannræningja sínum eftir átta ár í prísundinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Sum frægari en önnur**

Sum barnsránin verða þó frægari en önnur, og þá gjarnan vegna þess að foreldrar barnanna eru frægari en aðrir. Eitt frægasta barnsrán sögunnar er til dæmis rán og morð á kornungum syni bandaríska flugkappans Charles Lindbergh árið 1932, sem þá var á hátindi frægðar sinnar, en um síðir var maður dæmdur til dauða fyrir verknaðinn.



**PATTY HEARST** Á leiðinni í réttarsalinn fyrir að hafa aðstoðað ræningja sína við bankarán. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Syni söngvarans Frank Sinatra var einnig rænt árið 1963, en honum var skilað aftur tveimur dögum síðar eftir að faðir hans hafði greitt 240 þúsund dali í lausnargjald.

Einna frægustu dæmin um rán á börnum frægra auðkýfinga eru þó væntanlega ránin á þeim John Paul Getty og Patty Hearst, sem bæði voru þó komin á fullorðinsár þegar þeim var rænt.

John Paul Getty var rænt árið 1973. Afi hans og alnafni, sem þá var ríkasti maður heims, þverneitaði að greiða uppsett lausnargjald fyrr en mannræningjarnir höfðu skorið annað eyrað af honum og sent til dagblaðs með þeim skilaboðum að hitt eyrað yrði sent ef peningarnir yrðu ekki komnir innan tveggja vikna „Með öðrum orðum, hann mun koma aftur í litlum pörtum.“

Afinn átti þó erfitt með að láta undan, en fékk samið um að lækka lausnargjaldið úr 17 milljónum dala niður í tvær milljónir. Getty fannst skömmu síðar heill á húfi á Ítalíu, en ræningjar hans hafa aldrei fundist.

Patty Hearst, dóttur bandaríska auðjöfursins William Randolph Hearst, var rænt árið 1974 af samtökum sem nefndu sig Symbionese Liberation Army, býsna torskildu nafni. Hún hjálpaði mannræningjum sínum að ræna banka eftir að þeir höfðu haldið henni í gíslingu í tvo mánuði, en var handtekin haustið 1975 og reyndi þá að verja sig fyrir rétti með því að segjast hafa verið illa haldin af Stokkhólmsheilkenninu svokallaða, auk þess sem hún hafi verið þvinguð til að aðstoða við bankaránið. gudsteinn@frettabladid.is



**SONUR LINDBERGHS FLUGKAPPA** Charles Lindbergh yngri var rænt árið 1932, aðeins tveggja ára að aldri, og fannst hann látinn tveim mánuðum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY





## HERRAJAKKAR AÐ HAUSTI

Senn líður á haustið og kuldinn heldur innreið sína. Nægt úrval er af fallegum og hlýjum flíkum.

TÍSKA 5



## ÁFERÐARFALLEGUR ORKUBOLTI

Brimborg frumsýnir í dag nýjan Ford Explorer Sport trac pallbíl. Bíllinn er bæði aflmikill og lipur í akstri.

BÍLAR 2



# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ



## ALLT HITT

**[BÍLAR TÍSKA FERÐIR]**

**Höskuldsskáli** í Hrafntinnuskeri verður stækkaður. Aukningin nemur tveimur álmum, en stækkun á eldhúsi og gistiaðstöðu er hluti af henni. Sjá www.fi.is

**Belgíski** tískuhönnuðurinn



Olivier Theyskens er sagður vera í samningaviðræðum um að taka að sér listræna stjórn hjá tískuhúsi Ninu Ricci. Theyskens missti vinnu sína hjá hönnunarhúsinu Rochas þegar því var lokað af eigendunum.

**Fornbílasýning** verður haldin í Reykjanesbæ í dag í tilefni Ljósanætur. Félagar Fornbílaklúbbsins munu sameinast á plani ÁTVR í Keflavík frá 14.00-14.30 en bílarnir aka af stað kl. 15.00 www.fornbill.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 2. september, 245. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.12 | 13.27 | 20.41 |
| Akureyri | 5.51 | 13.12 | 20.31 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Viktor segir Jagúarinn vera eftirsóttan brúðkaupsbíl enda glæsilegur bíll.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Laxness Jagúar

***Viktor Urbancic er mikill áhugamaður um bíla enda starfar hann sjálfur sem bílasali.***

Þegar vel viðrar og við sérstök tækifæri tekur Viktor fram Jagúar Mark2 árgerð 1968, en sá er ekki ósvipaður þeim sem Halldór Laxness átti.

„Ég flutti hann inn fyrir nokkrum árum síðan frá Þýskalandi, ég hefði getað gert það frá Bretlandi en þá hefði stýrið verið öfugu megin," segir Viktor um bílinn sem er um það bil 200 hestöfl. „Mig hafði alltaf langað í fornbíl sem þótti líka merkilegur í gamla daga, bíl sem var ekki bara eins og hver annar bíll þá. Mér finnst stundum eins og orðið antík sé frekar ofnotað, að mínu mati eru gamlir bílar ekki alltaf það sama og antík. Þessi bíll þótti flottur þá og þykir það enn," segir Viktor léttur í bragði.

Viktor segist lítið hafa þurft að gera fyrir bílinn síðan hann festi kaup á honum. „Það hefur verið mjög ódýrt að reka þennan bíl, hann hefur þurft lítið viðhald auk þess sem tryggingar á svona fornbílum eru ekki háar."

Númer bílsins er MK2 en það er stytting á Mark2 sem er týpa bílsins. „Ég átti líka einkanúmerið Jagúar en það passaði illa á bílinn og gömlu svörtu númeraplöturnar pössuðu sömuleiðis ekki vel þannig að MK2 varð niðurstaðan."

Aðspurður um hvort hann hafi viljandi keypt sér bíl eins og Laxness átti og hvort honum líki samanburðurinn svarar hann: „Nei það var ekkert svoleiðis, en ef ég er að tala um bílinn við fólk þá er nóg fyrir mig að segja að hann sé svipaður og Jagúarinn hans Halldórs, þá vita allir hvað ég er að tala um," segir Viktor og hlær.

*valgeir@frettabladid.is*

# Spennan magnast

***Paris Expo sýningin snýst ekki bara um bíla, heldur allt þeim skylt.***

Bílasýningin í París, sem fer fram dagana 28. september til 15. október, verður líklega einn stærsti viðburðurinn í bílaheiminum í ár.

Árið 2004 komu 1,4 milljónir gesta og 11.000 blaðamenn frá 98 löndum á sambærilega sýningu í París þar sem 500 tegundir frá 30 löndum voru kynntar og yfir 60 prósent frumsýndra bíla það árið voru kynntir í fyrsta sinn.

Það er því mikil spenna í loftinu fyrir sýninguna



Porsche mun meðal annars kynna nýja bíla og vélar á sýningunni.

þetta árið og meðal annars hefur heyrst að Porsche ætli að kynna 911 Targa 4S og 911GT3 RS bíla sína þar. Að auki munu Cayman og Boxter S bílarnir verða sýndir með nýjum vélum.






Haldið ró og jafnaðargeði í umferðinni í stað þess að steyta skapi ykkar á öðrum bílstjórum. Það borgar sig.





BIFREIÐASTILLINGIN

**Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bíla vegna hitavandamála?**

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.

**Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400**

**Smurþjónusta**
**fyrir allar gerðir bíla**

**Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla**
**Komdu með bílinn til okkar!**

**Frábær verð og góð þjónusta!**
**Alltaf heitt á könnunni!**

SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur"
STÓRAHJALLA
S. 554 3430




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá


REYNSLUAKSTUR



Ford Explorer Sport Trac er kraftmikill og lipur í keyrslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Áferðarfallegur orkubolti

*Brimborg frumsýnir í dag nýjan pallbíl, Ford Explorer Sport Trac.*

Það fyrsta sem maður tekur eftir við hinn nýja Ford Explorer Sport Trac er áferðarfalleg hönnun hans. Pallurinn er smekklega sniðinn að húsinu og allar línur bílsins eru í nokkuð góðu samræmi, þrátt fyrir að Íslendingurinn í manni vilji heldur sjá nokkuð stærri dekk og hærra undir bílinn, en því er jú hægt að bjarga.

Innviðir bílsins eru allir hinir smekklegustu. Bílstjórasætið er þægilegt enda hægt að stilla það með rafdrifnum rofa. Rými fyrir farþega er einnig með ágætum enda nægt pláss fyrir þrjá fullorðna í aftursæti og kemur fótaplássið reyndar nokkuð á óvart miðað við pallbíl.

Það sem stendur upp úr við kosti bílsins er þó vafalaust sá kraftur sem hann hefur yfir að ráða. Fjögurra lítra, 210 hestafla vélin veitir hinum rúmlega tveggja tonna bíl nægan kraft enda togið til fyrirmyndar. Maður getur vel séð hann fyrir sér með stóra hestakerru eða hjólhýsi í eftirdragi án þess að missa of mikið afl. Böggull fylgir þó skammrifi enda ekkert ókeypis í þessum heimi. Sport Trac er sjálfskiptur með fjögurra eða 4,6 lítra bensínvél. Uppgefin bensíneyðsla er um 14 á hundraðið en eins og gefur að skilja er sparakstur manni ekki ofarlega í huga á amerískum pallbíl og því tókst sjaldan að koma honum undir 19 á hundraðið sem er á þessum tímum hás bensínverð töluverður mínus.

**FORD EXPLORER SPORT TRAC**

**Vél:** 4 lítra bensín
210 hestöfl / 345 Nm
**Uppgefin eyðsla:** 13,8 l/100 km
0-100 km/klst: 8,7 sek
**Þyngd:** Um 2150 kg.

**PLÚS**
Kraftur
Farangursrými
Falleg hönnun
Lipur og þægilegur í keyrslu

**MÍNUS**
Bensíneyðsla
Erfið aðkoma að aksturstölvu

Hins vegar má segja að fyrir þann kraft sem maður fær í staðinn sé ekki ósanngjarnt að borga svolítið.

Bíllinn er skemmtilegur í keyrslu, bæði innan bæjar og utan. Leðurklætt stýrið leikur í höndum manns og beygjuradíusinn kemur skemmtilega á óvart. Sjálfskiptingin er þétt og grípur vel og fjöðrun bílsins, þrátt fyrir að vera nokkuð stíf, fer vel með farþegana á malarvegum. Þá liggur bíllinn ágætlega í beygjum enda búinn stöðugleikastýrikerfi með veltivörn. Í stuttu máli má segja að maður fær góða öryggistilfinningu af að keyra bílnum.

Skoðum nú innviði bílsins. Stjórntæki í hurð eru fallega hönnuð. Geisladiska- og mp3 spilari eru staðalbúnaður í Sport Trac. Mælaborðið er áferðarfallegt en óþarflega mikið af harðplasti sem leiðinlegt er að þrífa. Hraða- og snúningsmælar eru flottir og auðlæsilegir og þar er einnig að finna aksturstölvu sem er frábær uppfinning, hins vegar hefur rofanum fyrir tölvuna verið komið fyrir við mælinn þannig að nauðsynlegt er að teygja sig í gegnum stýrið til að komast að henni sem er frekar óþægilegt, ef ekki beinlínis hættulegt á mikilli ferð. Skriðstillingu (cruise control) er hins vegar haganlega fyrir komið í stýrinu.



Geisladiska- og mp3 spilari eru staðalbúnaður í Sport Trac. Þá er hönnun mælaborðsins falleg.

Geymslurými er mikið í Sport Trac. Pallurinn hefur verið stækkaður um rúman fjórðung frá fyrri útgáfu bílsins. Þá er hægt að leggja niður farþegasætin til að fá aukið geymslurými inni í bílnum.

Á heildina séð er Sport Trac skemmtilegur bíll. Lipur og þægilegur í keyrslu og hefur nægan kraft.

*solveig@frettabladid.is*



Hægt er að fá farangursgrind sem fest er á hjörum á pallinn. Þannig eykst farangursrýmið töluvert. Þegar grindin liggur inni í pallinum er hægt að nota hana til að skorða hluti til að þeir velti ekki um tóman pallinn.



Hraða- og snúningsmælar eru flottir og auðlæsir. Eini gallinn er að óþægilegt er að komast að rofanum fyrir aksturstölvuna.



Nægt fótapláss er fyrir farþega í aftursæti og geta þrír fullorðnir hæglega komið sér þar fyrir. Þá er hægt að fella sætin niður til að fá aukið geymslurými.



Hraðastilli (cruise control) er haganlega fyrir komið í stýrinu.



Fjórhjóladrifið, hátt og lágt, er tölvustýrt.



Stjórntæki í hurð eru fallega hönnuð. Eini gallinn er staðsetning handfangsins en öryggisástæður liggja þar að baki.

# Sigur heildarinnar

*Daníel Sigurðsson hefur tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í rallakstri 2006.*



Daníel og Ásta á fleygiferð á síðasta móti. LJÓSMYND: GUÐMUNDUR KARL SIGURDÓRSSON

Þótt enn sé ein keppni eftir í Íslandsmeistaramótinu í ralli er Daníel þegar búinn að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn. „Þetta er sigur heildarinnar og ekkert annað. Við erum með frábært lið og allir sem hafa staðið að þessu hafa staðið sig mjög vel. Við erum ekki ríkasta eða flottasta liðið en við erum alltaf brosandi. Það er góður og óþvingaður andi hjá okkur,“ segir Daníel um árangurinn.

Keppnisliðið telur á annan tug manna, þar á meðal Ástu systur Daníels, sem er aðstoðarökumaður. „Ég dró hana með mér í þetta. Í upphafi hafði enginn trú á að þetta gengi upp og fólk gerði grín að því að hún er ekki komin á bílprófsaldur. Svo þegar hún tæki prófið þekkti hún ekkert annað en rallakstur og ökukennararnir myndu svitna við tilhugsunina um að kenna henni, hún myndi bara rétta þeim leiðarnótur og segja þeim að halda sér,“ segir Daníel hlæjandi.

Systkinin plumuðu sig þó vel í sumar eins og titillinn ber vitni um, þrátt fyrir að þetta sé fyrsta tímabil Daníels á nýjum bíl. „Ég fékk hann úr tolli þremur dögum fyrir fyrstu keppni. Þetta er fyrsti fjórhjóladrifsbíllinn og nú keppum við á fullorðinsbíl sem gaf okkur möguleika á að vera í flokki með stóru körlunum,“ segir Daníel.

Bíllinn er 2001 árgerð af Mitsubishi Lancer Evo 6 sem hefur verið breytt í rallýbíl. „Hann er með tveggja lítra túrbóvél sem skilar um 270 hestöflum og var keppt á áður í pólsku meistarakeppninni. Þetta hafa verið vinsælir bílar og hampað heimsmeistaratitli í ralli ansi oft.“


Daníel hefur keppt í rallinu með hléum í nokkur ár og landar nú fyrsta Íslandsmeistaratitlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þó að titillinn sé í höfn er ein keppni eftir og Daníel segist hafa stungið upp á því við liðið sitt að hún yrði tekin rólega. „Ég stakk upp á að spara bílinn og spara peninga og leyfa einhverjum öðrum að njóta þess að vera á toppnum í þessari einu keppni. Ég var bara púaður niður svo það verður allt gefið í botn. Við ætlum að dauðrota þetta.“

Undirbúningur fyrir þetta keppnistímabil hófst í janúar og Daníel segist ætla að vera á fullu í vetur til að geta varið titilinn. „Ég ætla jafnvel að keppa tvær keppnir erlendis í vetur til að ná mér í reynslu og halda mér við. Svo verðum við í þol- og styrktarþjálfun í vetur. Undirstaðan að góðum árangri er að vera í toppformi sjálfur.“ *einareli@frettabladid.is*





Þessi einkaþota er verðugur arftaki Concorde.

# Hljóðfrá og hljóðlát

*Framtíðin í einkaþotum liggur í hraðskreiðum hvíslurum.*

Ný kynslóð hljóðfrárra einkaþotna gæti verið kveikjan að byltingu í háhraðaflugi.

Hjá Lockheed Martin er verið að hanna litla 12 sæta þotu sem á að ná 1.930 km hraða, eða 1,8 földum hljóðhraða. Stóru fréttirnar eru kannski þær að í stað hvellsins sem heyrðist alltaf þegar Concorde rauf hljóðmúrinn mun nýja þotan bara gefa frá sér lágvært hvísl, að minnsta kosti í samanburði. Hún á að vera tilbúin í fjöldaframleiðslu innan sjö ára.

Lykillinn að hvellleysinu er stélið sem minnir á „V“ á hvolfi. Hönnuðirnir vonast til að það dugi til þess að hávaðinn við það að rjúfa hljóðmúrinn verði innan við eitt prósent af hvellinum sem Concorde gaf frá sér. Sá hvellur var nógu hár til að þotan var bönnuð í Bandaríkjunum þegar hún var kynnt til leiks árið 1970. *- elí*


Þó að flugferðin taki stuttan tíma verður að vera hægt að taka því rólega um borð.





## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

# Lífslíkuaukandi leiðindi

Góðir vegir eru leiðinlegir vegir. Nú er ég ekki að segja að slysagildrur séu af hinu góða, en að keyra góðan veg er svona álíka skemmtilegt til lengdar og fiskabúr. Tómt fiskabúr.

Ég held samt að ég verði að útskýra þetta betur. Sko, ég hef gaman af því að keyra. Það er eitthvað við samband vélar, manns og vegar sem ég sæki mikla gleði í, sérstaklega ef bíllinn er góður og vegurinn reynir aðeins á hann og mig. Þannig er mjög gaman að keyra malbikaða og slétta vegi ef þeir eru bugðóttir og maður þarf að beita bílnum í hverja beygjuna á fætur annarri. Það er líka gaman að keyra malarvegi þar sem bílnum hættir til að skrika og maður þarf að stýra á móti, forðast holur, spila á gírkassann og passa sig á rollunum.

Af þessu leiðir að góðir vegir, sléttir og beinir, eru ekki sem slíkir mjög spennandi. Öruggir, skilvirkir og praktískir? Já. Spennandi? Nei.

Og mér finnst mjög gott til þess að hugsa að Reykjavíkurborg virðist vera á sama máli. Það er að minnsta kosti orðið mjög erfitt að skipta um akrein á Miklubrautinni án þess að vera í fjórhjóladrifinu, slík eru hjólförin í malbikinu. Uppfræstar götur eru látnar ósnertar svo vikum skiptir til að reyna á hæfileika borgarbúa til að skipta um dekk og dempara. Svona á þetta að vera! Auðvitað á að vera meira spennandi að demba sér út í umferðina en að sitja heima og glápa á veruleikasjónvarp. Og hættulegra.

En fyrir adrenalínfíkla eins og mig er samt fátt meira spennandi en að keyra hringveginn. Nýlega lauk vegrýnisúttekt á völdum vegköflum í nágrenni Reykjavíkur og fengu þeir bara ágætis einkunn. Enda nær einungis nýlagðir kaflar í úrtakinu. Um leið og þeim sleppir taka við rússíbanabrautir í bland við stökkbretti og holur. Íslenskir vegir hafa nefnilega tilhneygingu til að krumpast með árunum, þegar frosið undirlagði þiðnar og rennur í burtu.

Já, ef göturnar í höfuðborginni eru dægrastytting, þá er á við gott tívolí að keyra þar sem Vegagerðin ræður ríkjum.

Er ekki kominn tími til að gera hlutina almennilega? Draga markvisst úr nagladekkjanotkun höfuðborgarbúa, sjá til þess að umferðaræðarnar séu ekki lífshættulegar í rigningu og einbeita sér að því að halda þjóðvegunum okkar við, frekar en að bora sundur fjöll, leggja nýja vegi í frosti, plana þess á milli vita gagnslausar hálendishraðbrautir og halda úti verst nýtta strætókerfi norðan Alpafjallanna?

Götur, og í það minnsta hringvegurinn líka, eiga nefnilega bara að vera fiskabúr, ekki hákarlatjarnir.



Nýr Sorento hefur meðal annars fengið nýja innréttingu og ESP stöðugleikakerfi.

# Nýr Sorento frumsýndur um helgina

***Öflugri dísilvél og meiri staðalbúnaður.***

KIA-umboðið efnir til bílasýningar um helgina. Frumsýndur verður nýr KIA Sorento en þessi öflugi bíll hefur undanfarin ár notið mikilla vinsælda hér á landi og var næstsöluhæsti jeppinn hér á landi á síðasta ári.

Helstu breytingar á nýjum Sorento eru þær að nú fæst hann með enn öflugri dísilvél sem skilar 170 hestöflum, auk þess sem staðalbúnaður Sorento er orðinn meiri og innrétting ný. ESP-stöðugleikastýring er loks mikilvæg viðbót við öryggisbúnað bílsins.

Í tilefni frumsýningarinnar verða sýningartilboð á öðrum KIA tegundum, auk þess sem KIA eigendum verður boðið upp á þrif á bílum sínum á laugardaginn. Sýningin er í sýningarsal KIA að Laugavegi 172 og verður opin laugardag frá kl. 12-17 og sunnudag frá kl. 12-16.

Nýi Sorento-jeppinn verður einnig frumsýndur hjá söluumboðum á Selfossi, Reyðarfirði, Ísafirði, hjá Höldi á Akureyri og í Vestmannaeyjum á laugardag frá klukkan 12 til 17.



Mazda RX-8 hefur fengið góða dóma sem akstursbíll en Wankel-vélin er ennþá til ófriðs þrátt fyrir miklar úrbætur.

# RX-8 innkallaður

SPORTBÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI FYRIR TVEIMUR ÁRUM.

Mazda hyggst innkalla alla bíla af árgerðum 2004, 2005 og 2006 af gerðinni RX-8. Fyrirtækið sjálft hefur ekki gefið frá sér yfirlýsingu um málið en samkvæmt fréttum erlendra netmiðla tengist vandamálið hinni óvenjulegu vél bílsins.

Vélin er ólík öðrum bílvélum að því leyti að í stað stimpla er hvelfdur þríhyrningur inni í næstum sívölu rými. Þríhyrningurinn snýst þegar eldsneytið brennur í holum milli hans og innri veggja sívalingsins.

Wankel-vélin er fyrirferðarlítil og létt miðað við afl. Hins vegar er brunahol hennar óheppilega lagað, yfirborð þess er mikið miðað við rúmmál (besta lögun brunahols er kúla, minnst yfirborð á rúmmálseiningu). Það þýðir að vélin krefst mikillar kælingar og eyðir miklu eldsneyti.

Hafa í gegnum tíðina komið upp bilanir í vélinni en Mazda taldi sig hafa leyst þau vandamál sem við var að glíma. RX-8 þykir skemmtilegur akstursbíll og var valinn sportbíll ársins af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) fyrir tveimur árum.

Gert er ráð fyrir yfirlýsingu frá Mazda innan skamms en samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir þarf að skipta um vélar í mörgum tilvikum. Allar vélar sem ekki þola þrýstipróf verður skipt um.

Segja má að málið hafi farið á hreyfingu eftir endurteknar umkvartanir neytenda vegna bílanna. Eftir því sem næst verður komist lekur olía frá vél en á sínum tíma reyndist mjög erfitt að hanna endingargóðar þéttingar við völt vélarinnar (þéttingar sem svara til stimpilhringja í hefðbundinni stimpilvél), og vildu þær gefa sig eftir stutta notkun. (www.billinn.is)




B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is
Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524



**Ný hártíska** fylgir nýrri árstíð. Millisítt hár er inni, strípur úti og toppar notaðir til að brjóta upp.

# Herrajakkar að hausti

***Senn líður á haustið og kuldinn heldur innreið sína. Því þarf að huga að því að koma sér upp fallegum og hlýjum flíkum.***

Haust- og vetrarjakkarnir á herrana eru komnir í flestar verslanir. Það er erfitt að segja að tískan sé svona eða hinsegin, það er svo mikill munur á stíl og ekki er sanngjarnt að bera saman úlpu úr 66°N og frakka úr Sævari Karli. Hver verður að finna sinn stíl og það sem honum hentar. Hérna er brot af því besta sem hentar á malbikinu. Annars vegar fyrir þá sem vilja vera villtari og rokkaðri og hins vegar fyrir þá sem fínni eru í tauinu.



Þessi reffilegi jakki er úr Next þar sem hann kostar 7.490 krónur.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fyrir þá sem vilja klassískt yfirbragð er þessi jakki úr Sautján góður kostur. Hann kostar 29.990 krónur.

Köflótt verður aðalmunstrið í haust og fyrir þá sem vilja vera í broddi tískufylkingarinnar er þessi jakki úr Kulture málið. Hann kostar 59.990 krónur.

G-stars á Laugavegi er ný búð þar sem hægt er að fá marga góða jakka. Sjón er sögu ríkari.




# Sígild hönnun

***Hundrað ára kjóll er til sýnis í Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi.***

Í Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi er til sýnis köflóttur kjóll sem kominn er til ára sinna. Við birtum mynd af honum á ferðasíðu fyrir skemmstu en fórum þá ekki alveg rétt með sögu hans og úr því viljum við bæta.

Kjóllinn er heimaunninn frá grunni. Hann var í eigu Huldu Á. Stefánsdóttur fyrrum skólastýru Kvennaskólans á Blönduósi og var saumaður á hana sem unga stúlku af Margréti Jónsdóttur frá Spónsgerði í Hörgárdal.

Móðir Huldu, Steinunn Frímannsdóttir, spann í hann þráðinn en hún var mikil tóvinnukona og þekkt fyrir að spinna sérlega fínan þráð. Efnið var líka ofið undir hennar umsjá.

Kjóllinn er hátt í hundrað ára en ber þó aldurinn vel og gæti í raun verið að koma af hvaða tískusýningu sem er.



Kjóllinn hennar Huldu. Dæmi um flotta hönnun frá fyrri tíð.

# Skómarkaður í Perlunni

***Vönduð gæðamerki á góðu verði.***

Dagana 7. til 17. september verður haldinn skómarkaður í Perlunni þar sem eingöngu skór og fylgihlutir verða á boðstólum á tæplega 900 fermetrum. Vörurnar á markaðnum eru nýjar eða nýlegar. Úrvalið verður mikið og hægt verður að fá skó á alla fjölskylduna. Leðurstígvél, spariskór, sportskór, inniskór, gönguskór, golfskór, leðurtöskur, tautöskur, bakpokar, sokkar og margt fleira verður á boðstólunum. Skórnir verða frá þekktum framleiðendum eins og Rebook, Blend, Skechers og mörgum fleirum. Verði verður stillt í hóf, og engir skór fara yfir 6.000 krónur.

Stóri skómarkaðurinn í Perlunni er rekinn af rekstraraðilum og eigendum Skór.is, Kringlunni og Smáralind.



Mikið úrval verður af skóm og verði er stillt í hóf.



**Nú hafa reglur um handfarangur** verið verulega hertar. Leitið upplýsinga um hvernig málum er háttað hjá flugfélaginu sem þið ferðist með og til þess lands sem þið eruð að fara, áður en lagt er af stað.





# Jólaferð til Würzburg
í Þýskalandi

30. nóvember - 3. desember 2006
7. - 10. desember 2006
14. - 17. desember 2006

Þýskaland er land jólamarkaðanna og bjóðum við nú jólaferð til Würzburg sem er einstaklega heillandi borg og skartar sínu fegursta í desember. Hrein upplifun er að fara á jólamarkaðina sem geyma ótal jólagjafahugmyndir; bragða á jóladrykknum „Glühwein“ og jólastemmingin eykst á hverju horni. Úrval veitingastaða er gott, hótelið þægilegt og staðsett miðsvæðis. Spennandi skoðunarferð til Rothenburg ob der Tauber.

**Verð kr. 64.900 á mann í tvíbýli**

Innfalið: Flug, skattar, gisting í tveggja manna herbergi á 3* hóteli með morgunverði í 3 nætur, ferðir milli flugvallar og hótels, skoðunarferð til Rothenburg ob der Tauber og íslensk fararstjórn.

KYNNTU ÞÉR SÉRFERÐIR FERÐAÞJÓNUSTU BÆNDA

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

Líka fyrir þig; lífið, fréttirnar og fjörið á ensku

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Íslendingar og útlendingar fá allar upplýsingar á ensku um allt það sem heimsborgin Reykjavík státar af á hverjum tíma.; menningarviðburðir, tónleikar, skemmtistaðir, veitingastaðir, söfn, gallerí, tíska, verslanir og næturlíf.

## Fyrst í fjallið



pipar / SÍA

## Þú ert í forgangi hjá Avis

**Bílaleigubíll í Þýskalandi**

Vika á flokk I Opel Vectra station eða sambærilegum bíl 333 Evrur.
Innifalið í verði: ótakmarkaður akstur, kaskó og þjófatrygging, flugvallargjald og skattar.

AVIS® We try harder.®



Zagreb í Króatíu er sannkölluð stórborg með ríku menningarlífi, iðandi mannlífi, góðum veitingastöðum og verslunargötum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Fjölbreytt ferðamannaperla

***Króatía verður sífellt vinsælli ferðamannastaður hjá Íslendingum. Króatía laðar ferðamenn að vegna náttúrufegurðar og mikillar fjölbreytni, en landið hefur upp á að bjóða allt frá merkum söfnum til sólríkra stranda og jaðaríþrótta.***

Balkanskaginn hefur síðustu ár orðið vinsæll ferðamannastaður meðal Vestur-Evrópubúa á ný eftir að ófriðnum þar lauk. Balkanskaginn hefur upp á margt að bjóða fyrir ferðamenn, ríkulega menningararfleið, góðan mat og fallegt umhverfi.

Króatía er eitt þeirra landa sem Íslendingar hafa sótt heim í meiri mæli síðustu ár hvort sem er fyrir hefðbundnar borgarferðir eða þá sólarlandaferðir þar sem strendurnar við Adríahafið freista sóldýrkenda.



Kringum gamla hverfið í Dubrovnik liggur virkisveggur sem reistur var á 15. öld.

Ferðamannastaðirnir eru víða en ber þó helst að nefna borgirnar Zagreb og Dubrovnik fyrir einstaka fegurð og ferðamannaupplifun. Borgin Dubrovnik er í Suður-Króatíu í nálægð við Svartfjallaland og stendur við Adríahafið. Borgin er þekkt fyrir gríðarlega náttúrufegurð, er gömul virkisborg og er á heimsminjaskrá UNESCO vegna ríks menningararfs. Borgin er sérlega heillandi með mikið af þröngum götum, kaffihúsum og söfnum. Við borgina eru einnig fallegar strendur og ýmis dægrastytting í boði eins og siglingar, klettaklifur, dýfingar, köfun, skotveiði og stangveiði. Einnig er ekki langt í Svartfjallaland og þá náttúrufegurð sem það býr yfir.

Höfuðborg Króatíu, Zagreb, er staðsett norðarlega í landinu. Borgin skiptist í þrjá hluta, Gornji Grad, sem er um þúsund ára gamall bæjarhluti, Donji Grad, nítjándu aldar hverfi sem hefur að geyma fallega garða og góð veitingahús, en mikið gætir af ítölskum áhrifum í matargerðinni, og Novi Zagreb eða Nýja-Zagreb, nútímahverfi með háum byggingum. Því er óhætt að segja að Zagreb hafi upp á margar ólíkar sýnir að bjóða fyrir ferðamenn. Í Zagreb er einnig hægt að versla hrein býsn enda úrvalið mikið og verðlagið lágt.

Króatía er sannarlega áfangastaður sem vert er að athuga þegar ákveðið er hvert skal haldið í næsta frí.

Nokkrar haustferðir verða farnar með íslenskum ferðaskrifstofum næstu mánuði og einnig verða ferðir næsta vor.

johannas@frettabladid.is

**NÁNARI UPPLÝSINGAR MÁ FINNA Á EFTIRFARANDI SÍÐUM:**
http://www.visit-croatia.co.uk/zagreb/
http://www.dubrovnik-online.com
http://www.croatia.hr
www.plusferdir.is
www.exit.is
www.netferdir.net
www.baendaferdir.is
www.heimsferdir.is



Dubrovnik í Króatíu við Adríahaf. Þetta hverfi var byggt á sjöundu öld og einkennist af rauðum þökum.



## Veiðisumarið
með Stefáni Jóni Hafstein

*Fleiri veiðifréttir og heilræði við veiðar á www.flugur.is.*

# Stórlaxar í færi

Maður er alltaf ögn upp með sér þegar heilræði hér í pistlum sanna sig. Glöggir lesendur muna e.t.v. að umræðuefni síðasta pistils var haustveiðin og húmið, og hvaða flugur væru góðar. Ég nefndi Undertaker. Valdimar Agnar Valdimarsson valdi einmitt þá flugu, hvort sem það hafði eitthvað með pistilinn að gera, og setti í þann stóra, og ef til vill þann stærsta á Íslandi í sumar, þegar hann tók 105 sm langan fisk í Þverá í vikunni. Sá gæti hafa verið 25-28 pund. Í spjalli við Valdimar sagðist hann aldrei hafa verið neitt fyrir það að sleppa laxi, en ekki hefði komið til greina að drepa þennan. Þetta var hrygna, langt komin á leið og bólgin af hrognum, og fékk að synda frjáls til að fjölga fiskum í ánni.



Stefán Sigurðsson sleppir stórum haustlaxi.

### Nú hefst stórlaxafárið

Þetta er einmitt tíminn þegar stórlaxarnir fara að gefa sig. Stóru hængarnir eru búnir að hafa hægt um sig í allt sumar, hafa horft fyrirlitningaraugum á flugur og maðka og ekki hvarflað að þeim að bíta á. En nú er kominn roði á kviðinn, svilin þroskast, þeir hafa vopnast stórum krókum sem skaga fram úr neðra skolti, og þeir finna að fengitíminn nálgast. Það er þá sem þeir fara að verja ána sína og hreiðrið sem þeir ætla fyrir hrogn ásthrygnu sinnar. Og bíta á. Þetta gleður veiðimenn. En. Veiðimálastofnun hefur nú í nokkur ár óskað eftir því að veiðimenn sleppi íslenska stórlaxinum, vegna þess að stofninn er metinn í mikilli hættu. Hver svona stórlax eins og veiddist í Þverá er gríðarlega mikilvægur fyrir viðhald stofnsins, ekki bara vegna þess að hann gefur svo mörg hrogn af sér, heldur vegna þess að hann viðheldur í erfðum stofnsins þeirri náttúru að dvelja tvö ár í sjó og snúa til baka sem stórlax. Að tölu eru smálaxarnir miklu fleiri og minni eftirsjá í þeim. Það var því hátíðleg og góð stund þegar hrygnan hans Valdimars synti aftur til móts við ána sína. Og gjörð hans til fyrirmyndar öðrum veiðimönnum.

### Óætir hvort sem er

Góður lax er góður matur, ferskur, reyktur eða grafinn, og gaman að framreiða slíka bráð. Leginn lax er ekki góður matur. Ef hann er kominn í hrygningarbúning með áberandi rauða slikju á kviðnum, tala nú ekki um orðin dökkleitur, er hann ekki tækur í mat. Og nei, hann er ekki heldur tækur í reyk. Maður heyrir oft veiðimenn segja þegar þeir slengja kollegnum fiski á vogina: „Ja, hann fer í reyk". Fiskur fitnar ekki í reykhúsi. Leginn lax er miklu síðri matur en annar fiskur og á best heima í ánni áfram, enda kominn í mikilvægari hugleiðingar er þær að láta borða sig. Sleppum stórlaxinum í haust!

*Með veiði- og sleppikveðju þegar við á, Stefán Jón.*

# Sögulegt stórvirki

***Louvre-safnið í París er stærsta listaverkasafn í heimi. Safnið var opnað almenningi árið 1793 í kjölfar frönsku byltingarinnar en var upphaflega byggt sem rammgerð höll fyrir Philip Augustus árið 1190. Árið 1989 reis glerpíramídinn umdeildi við þetta víðfræga safn.***

Louvre-safnið er hvað frægast fyrir að varðveita nokkur af frægustu verkum listasögunnar. Í safninu eru meðal annars til sýnis mörg frægustu listaverk Leonardos da Vinci og fleiri meistara endurreisnarinnar. Margir þekkja Louvre-safnið einna helst vegna þess að það var að stórum hluta sögusvið Da Vinci lykilsins og til marks um áhrif bókarinnar hafa vinsældir safnsins aukist gríðarlega; árið 2005 heimsóttu um 7,3 milljónir manna safnið en ekkert safn í heiminum fær viðlíka fjölda gesta til sín. Safnið er gríðarlega stórt, alls er það 60.000 fermetrar og eru 35.000 listmunir varðveittir á safninu. Flestir gestir safnsins sjá þó aðeins lítið brot af verkum þess og ná aðeins að sjá allra frægustu listaverkin. Louvre-safnið er opið alla daga frá 9-18 og er aðgangseyrir 8 evrur fyrir dagpassa, sem gildir þó ekki á sérstakar sýningar. *- vör*



Venus de Milo styttan er meðal ómetanlegra listmuna sem Louvre-safnið varðveitir.



Louvre-safnið að næturlagi. Fyrir miðju er píramídinn frægi.

# Eiður dregur að

Nú þegar knattspyrnuvertíðin í Evrópu er hafin á ný eru ferðaskrifstofurnar farnar að auglýsa borgarferðir á knattspyrnuleiki. Enska úrvalsdeildin hefur nær einokað þessir ferðir undanfarin ár en ljóst er að nú verður breyting á. Eftir að Eiður Smára gekk í raðir Evrópumeistara Barcelona hafa ferðaskrifstofurnar tekið við sér og boðið boltaferðir til þessarar rómuðu borgar. ÍT ferðir bjóða nú boltaferð til borgarinnar á leik Barcelona og Recrativo 27.-30. október. Þessi ferð mun vafalaust ekki vera sú eina sem farin verður í vetur til þess að fylgjast með Eiði Smára og félögum. *- vör*





Kíkt út um kofadýrar.

# Töfragarðurinn að loka

***Síðustu forvöð eru að heimsækja Töfragarðinn á Stokkseyri í sumar.***

Síðasta opnunarhelgi Töfragarðsins á Stokkseyri þetta sumarið er runnin upp. Annað kvöld, sunnudag, verður honum skellt í lás í bili og lokað þar til í maí á næsta ári. Þar hefur verið líf og fjör í sumar og margir hafa litið inn og kíkt á dýrin sem þar búa. Það eru meðal annars hreindýr, refir, kanínur, kindur, geitur, kálfar, kisur, hvolpar, naggrísir og páfagaukar. Leiktækin í garðinum njóta líka mikilla vinsælda, sérstaklega hopppúðinn og Svalakastalinn sem og veitingatjaldið.







**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**
Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!
*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

LANDIÐ SEM HVERFUR
Þeim sem ekki hafa mikinn tíma gefst nú
síðasta tækifærið til að ganga um griðland
hreindýra og heiðagæsa.
**Helgarferðir: 9. sept / 16. sept**
**23. sept: Kringilsárrani og Vesturöræfi**

JÖKLURNAR TVÆR
Tveir göngudagar
ein nótt í Snæfellsskála
SKRÁÐU ÞIG NÚNA

Komdu með í hálendisferð.
Sjáðu land dýranna í síðasta sinn.
hálend
info@halendisferdir.is • www.halendisferdir.is • sími 864 0412



Impreza WRX 4/2002.Ekinn 74þús. Mikið breyttur.Verð 1900þús.S 6967477 Andri



Litli gullmolinn, algjör sparibaukur er til sölu. Bens classic A 140, ek. 62 þús. árg. 2002. Uppl. í s. 8478477



Beinsk Opel Corsa 1.2l, árg. '00, ek. 92þ,. Verð 290þ. Uppl. í 8955533.




Suzuki Jimny 1,3. 5 gíra, sparneytinn, fæst með yfirtöku á láni 940 þús. S. 690 0004.



Peugeot 307 2,0 SW Glerþaki 12'2004 ek 21 þ.km ssjk álfelgur dráttarkúla hraðast aukasæti stórsniður fjöldskyldubíll Verð 2,090þ bílalán 1,690 sk skifti ód og dýr 690 6465



Honda Tucson til sölu. árg.'05. Ek. 17 þús. 4*4. Verð 2.400 þús. Uppl. í s. 898 9493.



**Nissan Micra GX**

**árg. 2000. Ekinn aðeins 72.000 km. Litaðar rúður, sjálfskiptur, nýjar bremsur. Vel með farinn bíll, ásett verð hjá umboði 620.000 kr. TILBOÐ: 520.000 kr. Uppl. í síma 690 0919**



Toyota Avensis sol station árg.'98. 2,0. Ssk. Ek. 134 þús. Fjarstart, þjófavörn, cd og fl. Sk.'07. Fallegur og vel við haldin bíll. Verð 630 þús. Möguleiki á yfirtöku á láni. S. 862 8661, Örn.



### Glæsilegur bíll!

M. Benz árg. '93. Nýsprautaður, mikið endurnýjaður. Engin skipti. ásett verð 800 þús. S. 698 8111, Skúli.



Toyota Avensis árg. 2002, ek. 80 þús. Verð 1.250 þús. Yfirtaka á láni, 21 þús. á mán. Uppl. í s. 869 5031.

Dökkur Golf '98, ek. 80 þ. Verðh. 425 þ. Hvít Corolla '93, ek. 220 þ. Lítið ryð. Tilboð óskast. Vínrauður VW Vento. Tilboð óskast. S. 865 2551, Óskar.

Suzuki Baleno árg. '97, 5 g., ek. 112 þús. Fæst á 199 þús. Dodge Stratus árg. '00, sjálfsk. Skemmd á toppi. Fæst á 699 þús. S. 899 3847.

Til sölu Honda Crv '04 verð 2.590 þ, M.Bens e270 dísel '03, verð 4.590 þ, M.Bens e50 amg '97, verð 2.390. þ. Mazda 323 '95, þarfnast smá lagfæringa, nýskoðaður verð 90 þ. S. 691 4441.

### Til sölu.

Til sölu. Eigum mikið úrval af mótorhjólum og mótorhjólavörum. icebike. is Iðavellir 10. Reykjanesbæ. simi 421 5452, 867 1282.

GULLMOLI! Mercedes Benz ML 320 árg 2001. u.þ.b.200þús út + yfirtaka á láni. S. 823 9210.

Gamall Combi Camp, þarfnast viðhalds, selst ódýrt. S. 893 5730.

Opel Corsa árg. '98. Ek. 108 þús. Nýtt púst, bremsur og tímareim. Álfelgur. Verð 260 þús. S. 848 3811 & 848 2864.

Toyota Hilux '05 New 33". Vandað pallhús. Dráttarbeisli. Fallegt eintak. Ek. 21 þús. Verð 3.190 þús. Uppl. í s. 660 3858.

Daewoo leganza árg.05/00 þarfnast lagfæringar, biluð ssk. Fæst á mjög góðu verði. Uppl. í s. 697 7417.

Til sölu M. Benz 160a, árg. '99. Þarf nýja sjálfskiptingu, er með leður áklæði og barnasæti aftur í. Fæst ódýrt ef samið er strax. S. 865 9890.

### Cadillac - Buick

Cadillac Seville Elegance árg. '88, Buick Skyhawk, ssk., ek. 50 þ. m. árg. '84. S. 863 8837.

Til sölu Kia Grand Sportage árg. '98, ek. 80 þús., sk. '07, góður bíll á góðum heilsársdekkjum. Uppl. í s. 692 1631.

Til sölu Nissan Sunny árg.'95 sk. '06 4x4 station. Audi 80 árg. '88 skoðaður '07. Ford Probe árg. '93 sportbíll. Einnig Combi Camp tjaldvagn á 150 þús. Uppl. í s. 892 0040.

## 0-250 þús.



Opel Vectra'98 til sölu í mjög góðu lagi sk.07 tilboð 250.000 uppl.í s. 864 3974.



Skólabíll. Renault Clio 1,4L '97. skoðaður '06. ek. 90 þ. Mjög vel með farinn. Ný tímareim, púst, klossar, bremsur ofl. Ásett verð 240 þ. en staðgreiðsla 180 þ. - Sparneytinn. uppl. s. 899 6232.



Til sölu rauð Corsa '98, ekki mikið keyrður. Óskaðaður, þarf að gera við bremsuklossa og stefnuljós en fínn bíll. 50 þús. á borðið. snaevarr@unric.org



Kr. 39 þús. Peugeot 205, 1995. Í notkun daglega, þarfnast smá lagfæringar. S. 616 8599.



### Tilboð 250 þús.

Daihatsu Terios 4x4 árg. '98, ek. 132 þús. Sk. '07. Gott eintak. Raunverð 520 þús. S. 691 9374.



Til sölu Escort '98 1.6 16v, ek 100 þús, í góðu standi, ný tímareim. Listav 290 þús, góður stgr.afsl. 893 0557



Ódýr Nissan Sunny 92 ekinn 174þkm skoðaður 06. Alveg öryðgaður. Sími 860-5775



Til sölu Nissan Primera árg. '96, nýsk. '07 í góðu lagi. Verð 250 þús. S. 699 0011.



Toyota Corolla árg. 95 til sölu. ek. 203þ, 5g bsk. Sk. 07 Verð ca 150.þ /tilb. Sími: 8922950.



Skólabíll VW Golf '92. Nýskoðaður, Alpine geislaspilari, vetrardekk fylgja. 1,6l vél. Verð 100 þús. Upplýsingar í síma 663 2046

WV Golf st árg. '95, ekinn 189 þ. km. Upptekin vél og nýjar bremsur. Skoðaður '07 í góðu lagi. Verð 180 þ. Uppl. í síma 695 8766.

Toyota Corolla LX árg. '93, ek. 110 þús. km. Tækifæriskaup, verð 125 þ. Uppl. í s. 847 7424.

Til sölu Volvo 740 árg. '87, ek. 260 þús., 2 eigendur, vélarskipti við 210 þús., nagladekk á felgum og hurðaspjöld að framan fylgja, sk. '07. Uppl. í s. 862 5514.

Óska eftir bíl á verðbilinu 0-50Þ. Helst að vera sk 07. Má þarfnast lagfæringar. Sími 8400435

Til sölu Toyota Corolla árg. '89, ek. 93 þús., ssk. Verð 120 þús. Uppl. í s. 845 3139.

Mercedes Benz 190E 2,3 sportline árgerð '89. Aðeins 130.000 krónur. Nánar: beinskiptur, geislaspilari, hiti í sætum, leðursæti og topplúga. Upplýsingar í síma 822 3305, Ingvar.

Góður Huyndai Accent árg. '97, ek. 114 þús. Sk. '07, ssk. Verð 120 þús. stgr. S. 897 2229.

Toyota Corolla 1300 árg. '95 til sölu, grár. Mjög vel með farinn. Verð 210 þús. Uppl. í s. 843 0511.

Toyota Carina 2 árg.'90 í góðu standi. Verðhugmynd 100 þús. Uppl. í s. 869 6179.

Subaru Legacy árg. '91, ek. 240 þús. Sk. '07. Verðhugmynd 150 þús. Uppl. í s. 694 9559.

60.000. Subaru Legacy station árg. '91, ssk. Uppl. í s. 898 4990.

## 250-499 þús.



Pontiac GranAm '95, sk. '07 í góðu ástandi, ek. 116 þ. Verðh. 460 þús., góður stgr.afsl. Uppl. í s. 553 8791 & 862 2533.



Hyundai Elantra GLSI station. Árg. 1997, ekinn 113 þ. km. Nýsk. Krókur. Verð 290 þ. Uppl. í s. 895 5577.



Peugeot 406 '97 nýsk. Ekinn 182 þ.km Nagladekk á felgum fylgja. Gott eintak. Verð 390 þús.



Til sölu Hyundai Elantra station 04/97, ek. 139 þús., nýsk., 1 eigandi. Verð 330 þús. S. 552 1792 & 891 7062.



### Lincoln Continental 1990

til sölu, er í mjög góðu standi og góðu viðhaldi, allar nótur til. Verð 400 þús. Uppl. í s. 844 8675.



Toyota Corolla árg. 1995, ek. 130.000 km. Vel með farinn, verð kr. 270.000. Uppl. í s. 820 6743.



Sparibaukur til sölu! VW Golf 1400 Grand árgerð 96. Keyrður 113þús. km Glæsilegur bíll með góða fortíð. Verð 300þús. Uppl. 848-1467 Kristinn



Toyota Avensis „98 ekin 185 þús. Skoðuð athugasemdalaust. Vel með farin. Vetrardekk á felgum fylgja. Dráttarkrókur. Ásett verð 450 þús. Uppl í s. 893-3291



Jeep Wrangler '91 4.0 HO ekinn 110 þ. m. 33" breyttur. Þarfnast lagfæringar fyrir skoðun. Verðhugmynd 290 þús. S. 865 3734.



Hyundai Accent árg. '00, ek. 49 þ., í góðu standi. Verð 395 þús. Uppl. í s. 867 7979 toppbíll.



VW Caravell, 5 manna langur, árg. '97, ek. 185 þús. Dísel. Verð 490 þús. S. 690 0360.



Fiat Punto Sporting 1,2. M 98. keyrð 90þús. Mikið breyttur! v350 þús s:8699974 skoða skifti!



### Frábær Skólabíll

Til sölu Golf 1600, árg.'97, ek. 181 þús,beinskiptur, þriggja dyra, góðu ástandu, filmur í rúðum. Verð 280.000, stgr. Uppl. í síma 894 2206.



Mazda Demio árg. '00, 5 dyra, beinsk., ek. 70 þ. Lítilega útlitsgallaður. Verð ca 300 þ. S. 663 0702.



Toyota Coroalla '96 bsk. ek. 135 þ.km. Skoðaður'07án athugasemda, smurbók, reyklaus bíll. Verð 290 þ.kr. Áhugasamir hafið sambandi í S:6952482

Opel Corsa árg. '99, ek. 91, sogv dekk, CD, álf, nýskoð. Ásett verð 390, tilb. 290 stgr. Rvk S. 698 6796.

Til sölu VW Golf árg. '99 fæst á 350 þús. Þarfnast smá viðg. Uppl. í s:6699398

### Hyundai Elantra

Til sölu 98 árgerð, ekinn 165þ.km., Hyundai Elantra, ssk, station. Bíll í toppstandi. Uppl í síma 690 3672

### Tilboð

Renault Megane Coupe árg. '00, ek. 89 þús., ný tímareim, samlæsingar, svartur, litað gler, ABS, CD magasín o.fl. Uppl. í s. 844 6074.

## 500-999 þús.



Toyota Yaris árg. '99, ek. 87 þ. km. Skoðaður '07. Sumar/vetrardekk. Ásett verð 580 þ. kr. Tilboð 520 þ. kr. Uppl. í síma 567 2507 & 898 2507.



VW Polo '00 árgerð, 5 dyra, ek. 82 þ. Vetrardekk fylgja með. Verð 600 þ. áhvílandi 400 þ. Upplýsingar í síma 896 7854.



Toyota C. 1600 árg 98,nýsk,sjálfsk,ek 140 þús,ný sumard,ný vetrard á felgum. 550 þús. Sími 8611433



### Toyota Corolla Station WT, 2001.

Fjarstýrðar saml. rafdr.rúður, vetrar- + sumard. og dráttarkúla. Einstakt eintak, reykl. frúarbíll, reglulegt viðhald. 32.000 km. Verð kr. 950.000. Sími 822 9309.



Toyota Avensis 1.6 árg 00 ek 146 þ dráttark álfelg verð 770 þ s 8934532-8681046

Til sölu VW Passat Comfortline árg. '98. Tilboð óskast eða skipti á ódýrari. Sími 866 7720.

### Dodge Carvan 1996

Topp eintak, vél 3,8, 6 - 7 manna, rafmagn og allur lúxus. Hefur verið hugsað vel um. Allir reikningar um viðhald fylgja undanfarin 4 ár. Verð aðeins 590 þús. Hafsteinn, s. 892 1284.

Bíll fyrir fatlaða, hús eða sendibíll. Útbúin með lyftu raf.stól og handb. Ford Econoline árg.'94 ek. aðeins 42 þús. km. 6 cyl. 4,9l. Verð 820 þús. S. 898 0291.

FRÁBÆR Í SKÓLANN! Skoda Fabia '01, ek.73 þús. nýstands. og sk. án ath. Verð 690 þús TILBOÐ 620 þús.

Til sölu MMC Lancer 1300, ssk., 06/'01, ek. 72 þús. Verðh. 560 þús., yfirtaka á láni möguleiki. Uppl. í 661 2505.

Til sölu Golf 99. ekinn 112þús Mikið breyttur. verð aðeins 750þús stgr. fleiri myndir pipari.bloggar.is uppl. 8676996



## GRUNGE-ÆÐIÐ

*Hönnuðir leita á ný til tíunda áratugarins í gamla góða grungið. Rokkað og afslappað útlit.*

SJÁ BLS 2



## NOTALEG NÁTTFÖT

*Tískan nær nú alla leið undir sæng þar sem falleg náttföt verða sívinsælli.*

SJÁ BLS 4

[ SÉRBLAÐ UM TÍSKU – LAUGARDAGUR 2. SEPTEMBER 2006 ]

# hausttíska



## EFNISYFIRLIT



UPPHAFNING HVERSDAGSLEIKANS
*Afturhvarf til grunge-tímans*
BLS 2

NOTALEG NÁTTFÖT
*Náttbuxur verða vinsælli*
BLS 4

SÆTLEIKINN HVERFUR
*Förðun fyrir veturinn* BLS 4

HLÝTT OG MÓÐINS
*Prjónaflíkur* BLS 6

KÖFLÓTT OG HNÉSOKKAR
*Nauðsynlegt fyrir veturinn*
BLS 6



HERRATÍSKAN
*Litaðar gallabuxur og hnepptar peysur* BLS 8

NÍUNDI ÁRATUGURINN RÍKJANDI
*Tískuspekúlantar spá í spilin* BLS 10

SKÓLAFÖT
*Flott á skólabekknum* BLS 12

STÍLHREINAR SKYRTUR
*Kraginn skiptir máli* BLS 14



HÁRTÍSKAN
*Stutt og heillitað* BLS 15



Þessi kjóll er vel í anda tíunda áratugarins og eykur fínflauelið á þau áhrif. Fæst í Trilogiu.

Þessi bolur úr Sautján væri góður undir flottri skyrtu eða vesti.

Tuskuleg en um leið ótrúlega töff peysa úr AllSaints.

Fínt vesti. Fæst í Sautján.

Hrikalega fallegt pils frá Donnu Karan sem smellpassar inn í „grunge" stílinn. Fæst í Evu.

Flottur og öðruvísi samfestingur úr Spúútnik.



Kurt Cobain hafði mikil áhrif á tísku unga fólksins á sínum tíma þótt það hafi ekki verið hans helsta markmið.

Flott hauskúpuhálsfesti úr Sautján.

Fylgihlutir verða að vera örlítið druslulegir en um leið óneitanlega töff.



Hér er bútasaumur notaður á óvenjulega töff máta. Taskan fæst í Trilogiu.

Uppreimaðir glæsilegir skór úr Kron.

FRÉTTABLADID/EINAR ÓLA

Örlítið druslulegt en samt sjarmerandi glingur. Sautján.



Vítt og flaksandi. Glæsileg samsetning úr haustlínu Marc by Marc Jacobs.

# Upphafning hversdagsleikans

**Stíll tíunda áratugarins, með sínar vísanir í druslulegan stíl Kurts Cobain, Billy Corgan og annarra rokkgoða sem þá þóttu flottust, hefur laumað sér inn í tískuna á ný.**

Nú er mikið um áhrif frá tíunda áratugnum en Marc Jacobs hefur þó vakið mestu athyglina fyrir sínar fatalínur sem þykja minna óneitanlega mikið á allra fyrstu tískusýninguna hans. Þá hannaði hann fyrir Perry Ellis og margir minnast þeirrar línu sem „grunge" línunnar. Menn þar á bæ voru þó ekki svo hrifnir af druslustílnum og rokkáhrifunum og var greyið Marc fljótlega rekinn.

Stíllinn, sem nú er aftur orðinn heitur, snýst aðallega um upphafningu hversdagsleikans. Víðir bolir, þægilegar leggings, klossaðir skór, ullarsokkar, víðar og köflóttar skyrtur og nóg af ódýru glingri. Auðvelt ætti að vera að tileinka sér þennan stíl með því að grafa í geymslunni, finna stóra skyrtu af pabba og smella sér í ullarsokka yfir leggings buxurnar. Blessunarlega koma þó ekki öll trend tíunda áratugarins aftur og eru sennilega flestir fegnir að vera lausir við lituð Lennon gleraugu, þröng og síð pils úr sundbolaefni og krumputeygjur úr lífi sínu. Ekki ná í þetta dót úr geymslunni.

Auðvelt og mun skemmtilegra er líka að klæðast í þessum stíl á örlítið dýrari en um leið afar ómótstæðilegan hátt. Þá er um að gera að fara í fínustu tískubúðir bæjarins og velja sér vandaða peysu frá Vivienne Westwood, köflóttan kjól frá Bernard Wilhelm eða fallega prjónapeysu frá Preen.



Þykkar spangir fara fljótlega að prýða kolla ungra kvenna á ný. Fást í Skarthúsinu.



Blágráar gallabuxur úr Sautján.



Hnébuxur, fást í Sautján.

Leggings eru nauðsynlegar í fataskápinn í haust. Þessar fást í Sautján.



Parka jakka er nauðsynlegt að eiga í haust. Þessi fæst í Kronkron.

Unaðslega töff peysa frá Vivienne Westwood. Fæst í Kronkron.



Batík hettupeysa úr KronKron.

Grátt er tvímælalaust heitasti liturinn í haust. Kjóllinn fæst í Centrum.

Ferskjulitaður, stór og flottur bolur úr AllSaints.

Síður bolur úr Sautján. Gaman er að blanda örlitlu glimmeri í þennan hversdagslega stíl.



Haustlína Marc Jacobs vakti mikla og verðskuldaða athygli.



Rokkaralegt vesti frá Diesel, fæst í Sautján.

Köflótt mynstur kemur sterkt inn í hausttískunni. Jakkinn er frá Bernard Wilhelm og fæst í Kronkron.

Brúnir og örlítið gamaldags skór úr Spúútnik.




SMÁRALIND SÍMI 545 1550 GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF

Glæsilegir stuttir ullarjakkar frá
FUCHS & SCHMITT
Úrval af haustyfirhöfnum



Sjáið sýnishorn á laxdal.is
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • s: 551 4422

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Notaleg náttföt

**Krúttleg bómullarnáttföt eru vinsæl hjá ungum stelpum og konum.**

Í fjölmörgum verslunum fást mjög flott náttföt og vinsældir þeirra aukast stöðugt. Náttbuxurnar eru sérstaklega vinsælar vegna þess hversu þægilegt er að vera í þeim heima við og yngri stelpurnar eru jafnvel farnar að ganga í þeim utandyra. Við náttbuxurnar er yfirleitt hægt að fá fallega hlýraboli eða stutta náttkjóla svo lítil hætta er á að einhverjum verði of heitt á nóttunni. *-emo*



Debenhams. Buxur 2.790 krónur. Bolur 1.490 krónur.



Debenhams. Kjóll. 3.990 krónur. Buxur 3.490 krónur.



Topshop. 3.690 krónur.



Debenhams. 2.990 krónur.



Topshop. 1.990 krónur.



Topshop. 2.990 krónur.



Topshop. 2.690 krónur.



Topshop. 3.990 krónur.

# Sætleikinn hverfur í haust

**Förðunin í vetur verður kraftmikil og ögrandi, með miklum andstæðum. Þá verða blóð og dumbrauðir varalitir áberandi.**

Tískan er ekki það eina sem breytist með árstíðunum því með nýrri tísku kemur nýtt útlit og þar af leiðandi breytist förðunin í takt við tíðarandann. Við spurðum Sóleyju Ástudóttur, förðunarfræðing og eiganda förðunarskólans Emm school of Make Up, um hvað væri mest í tísku fyrir haustið og veturinn í förðunargeiranum.

„Veturinn verður kraftmikill og ögrandi. Öfgarnar verða miklar eins og dökkar varir og ljós augu eða dökk augu og ljósar varir,“ segir Sóley og bætir því við að „nineties“-útlitið sé líka að koma í förðuninni sem og í tískunni. Það þýðir að blóð- og dumbrauðir varalitir og dökkur litur verður mikið áberandi og brýst út í allskyns formum. Sóleyju finnst mikil breyting vera á milli sumars og vetrar þetta árið. „Í sumar erum við búnar að vilja vera með bronslitaða húð, bláu augnskugga, gloss og mikið af sólarpúðri. Núna snýst allt við og ljós húð verður aðalmálið. Við getum loksins farið að minnka brúnkukremið,“ segir Sóley en aðalhlutirnir að hennar mati eru mött og föl húð ásamt svörtum eyeliner og miklum maskara. Augabrúnirnar verða meiri áberandi og nú er málið að vera með þykka brúska yfir augunum í stað þunnra mótaðra augabrúna.

Litirnir í augnskuggum eru oftast þeir sömu og í fötum en fjólublár og vínrauður verður áberandi ásamt auðvitað svörtum sem passa vel við hið rokkaða og druslulega útlit sem er að koma aftur. „Það má eiginlega segja að sætleikinn sé að hverfa og fullorðinsútlitið sé að koma meira inn.“



Sóley Ástudóttir segir að sætleikinn hverfi í vetur í förðuninni og fullorðinsútlitið verði inni með rauðum vörum og svörtum augnskugga. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Svart svart og aftur svart. Liturinn sem verður í forgrunni í förðuninni í vetur í bland við rauðan og fjólubláan.



Maskarar fá veigameira hlutverk á komandi vetri þar sem mikil og kolsvört augnhár verða málið.

Nýju vetrarlistarnir komnir!
Pöntunarsími: 555 2866




Ótrúlegt úrval. Ótrúleg verð!
Yfir 3000 nýjir vöruflokkar.
1748 blaðsíður.
www.argos.co.uk
BM
Opið 10-18 alla virka daga. Laugard. 11-14.
Austurhraun 3 - Garðabær - Sími 555 2866
bm@bmagnusson.is - www.bmagnusson.is

belladonna
Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is
**Opið** mán-fös. 11-18 laug. 11-15

NÝJAR VÖRUR FRÁ NP



## Girtu þig stúlka!

BELTI ERU MÁLIÐ Í DAG. HVORT SEM ÞAU HANGA Á MJÖÐMUM, ERU UM MITTI, VIÐ PILS EÐA BUXUR, ÞYKIR ÞAÐ MÓÐINS AÐ HAFA EITTHVAÐ UM SIG MIÐJA.

Mikið frjálsræði ríkir í því hvernig belti eru notuð. Það er liðin tíð að þau séu praktíkin ein saman, strengur sem heldur buxunum uppi. Þau eru orðin fylgihlutir og jafnvel skartgripir sem lífga og fríska upp á útlitið.

Belti fást nánast í hverri einustu fatabúð og úrvalið er yfirleitt gott. Hérna eru nokkrar hugmyndir að flottum beltum sem voru að detta inn í verslanir og ættu að leggja línurnar fyrir haustið.



Þetta brúna belti er úr Accessorize og kostar 2.999 krónur.



Svart er alltaf klassískt en þetta teygjubelti er úr Accessorize og kostar 2.099 krónur.



Þetta belti/mittislindi er skreytt pallíettum sem verða einmitt mikið notaðar í haust. Beltið kostar 2.499 krónur í Accessorize.



Í Sautján fæst þetta belti á 2.990 krónur.



Flash á Laugaveginum selur þetta flotta belti á 1.990 krónur.



Þetta belti er úr Flash og kostar 1.490 krónur

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Flottir og öðruvísi sokkar

Hættið að klæðast einungis hefðbundnum sokkum. Munstur og litir gleðja og kæta.

Hættið að klæðast einungis hefðbundnum hvítum og svörtum sokkum. Munstur og litir gleðja og kæta bæði tærnar og aðra.

Enginn efast um þá staðreynd að karlmenn eru farnir að hugsa meira en áður um tísku og hverju þeir klæðast. Þrátt fyrir það hefur þessi þróun ekki ennþá náð alla leið niður á tærnar. Hvítu og svörtu sokkarnir eru ennþá ríkjandi sem er algjör synd þar sem öðruvísi sokkar vekja eftirtekt og eru mun frumlegri en skítugu tennissokkarnir.

Munstraðir sokkar eru langt frá því að vera yfirþyrmandi heldur lífga þeir upp á frekar dauft svæði á líkamanum. Röndóttir, skræpóttir, stjörnóttir eða hvernig sem er, öðruvísi sokkar eru einfaldlega flottari en hinir hefðbundnu. Nú er kominn tími til þess að fleygja öllum einlitu sokkunum og skella sér á nokkra flottari og frumlegri sokka.



Elvis

Kultur



Spúútnik

Sock Shop




allt tíska
Alla fimmtudaga

# Fimm nauðsynlegir hlutir fyrir veturinn

## Köflótt mynstur, stór veski, hnésokkar, síðar peysur og ökklastígvél eru meðal þess sem vart er hægt að vera án í vetur.

Eftirtaldir hlutir eru nauðsynleg viðbót í fataskápinn svo hægt sé að tolla almennilega í tískunni í vetur.



Síðar peysur. Ekkert er þægilegra en stórar peysur og ekki skemmir fyrir að þær eru heitasta tískubólan um þessar mundir. Centrum.



Stór taska. Mjög hentug tíska fyrir kvenmenn þar sem hægt er að koma öllu því helsta fyrir í rúmgóðri tuðru. Chloe.



Hnésokkar. Flottir og kvenlegir bæði við stígvél og háhælaða skó.





Ökklastígvél. Það er enginn maður með mönnum nema að fjárfesta í einum slíkum. Steinar Waage.

Köflótt. Eftir langa fjarveru er þetta fallega mynstur það heitasta á tískupöllunum fyrir veturinn. Eitthvað sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.




Full búð af flottum haustvörum

*Nýjar vörur í hverri viku*

adams

Hagasmára 1
201 Kópavogi
s: 517-5330




Ömmuleg prjónapeysa úr Vero Moda.



Prjónapeysa úr vetrarlínu Louis Verdad.



Svört og flott kósí peysa úr Centrum.

# Heitar prjónaflíkur

## Margar búðir bæjarins bjóða upp á fallegar prjónavörur.

September er genginn í garð og kuldinn er strax farinn að kitla okkur. Það besta sem tískudrósir bæjarins geta þá átt í skápnum er nóg af prjónaflíkum í mörgum litum. Fátt er eigulegra en hlý flík sem er um leið í takt við tískustrauma.

Margar verslanir bjóða upp á fallega prjónavöru en nýlega bættist prjónavöruverslunin GaGa í hópinn. Þar má til dæmis finna peysur, kjóla, sjöl og fleira í skemmtilegum stíl og er það hönnuðurinn GaGa Skorrdal sem á heiðurinn af öllum kræsingunum.

Fyrir þá handlögnu er svo að sjálfsögðu málið að kaupa sér fallegt garn og útbúa það sem hugurinn girnist. *- bg*



Öðruvísi og athyglisverð slá úr GaGa.



Græn og væn prjónahúfa úr GaGa á Laugavegi.



Prjónavesti eru flott utan yfir fallegan síðerma bol. Vero Moda.



Flottur prjónakjóll úr haustlínu hönnuðarins Jean Paul Gaultier.



Afar krúttlegur prjónakjóll úr GaGa.



Þessa flík má hafa um hálsinn eða nota sem pils. Fæst í GaGa.







**Íbúfen®** *– Bólgueyðandi og verkjastillandi*

**Notkunarsvið:** Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólgueyðandi, verkjastillandi og jafnframt hitalækkandi lyf. Lyfið er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannpínu og höfuðverk. Einnig má nota það sem verkjalyf eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða er með skerta lifrarstarfsemi má ekki nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi lyfja (annarra en barkstera) ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. ofnæmi (útbrot) og meltingaróþægindum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.
14.09.05

actavis
hagur í heilsu

# Hausttískan fyrir karlmenn

Sólin er hætt að skína allan sólarhringinn, nú rignir flesta daga og vindurinn lætur líta út fyrir að enn kaldara sé í veðri en í raun er. Haustið er komið sem þýðir að kvartbuxurnar og litríku bolirnir víkja fyrir peysum, jökkum og hlýrri fötum.

Haust og vetur hafa sjaldan verið tími mikillar litagleði hjá tískuvöruframleiðendum. Því einkennist haustið, eins og oft áður, af gráu og svörtu í bland við dökka liti. Skemmtilegast er þó að poppa sjálfan sig aðeins upp með því að bæta við einum sumarlegum lit, þó ekki væri nema einungis til þess að minna okkur á hin glaðlega sumartíma.

Annars eru ekki miklar breytingar í tískuáherslum frá síðasta ári enda hefur herratískan sjaldan verið þekkt fyrir örar breytingar. Nýjungar frá síðustu misserum eru frekar að festa sig í sessi en auðvitað má lika finna ögrandi og öðruvísi hluti sem gætu orðið áberandi meðal karlmanna á næstunni. *- sha*



Cloak. Smáir og þröngir kragar hafa verið áberandi. Lagt er upp úr að kragarnir séu vel sniðnir en passi samt við bæði venjuleg bindi og mjó.



Ozwald Boateng. Brúnir spariskór voru afar algeng sjón meðal fatahönnuða á tískusýningum fyrir haustið og veturinn. Skórnir passa við öll föt og vekja aðeins meiri eftirtekt en þeir svörtu. Þá verður hins vegar að passa betur upp á sokkaval sem eiga að vera ljósari en skórnir en dekkri en buxurnar eða öfugt.



Prada. Handtöskur verða alltaf meira og meira áberandi meðal karlmanna og er Prada langt frá því að vera eina tískuhúsið til þess að sýna fyrirsætur sínar með handtöskur á tískupallinum. Töskurnar eru þó langt frá því að vera kvenlegar heldur eru þær grófar og afar svalar.



Hnepptar peysur halda áfram að vera vinsælar og eru mjög áberandi. Þær eru oft skemmtilegar enda hægt að fá þær í fjölbreyttum útgáfum og ýmsum litum. Þær má líka poppa aðeins upp með því að klæðast einhverju skemmtilegu undir þeim en þá verður að passa upp á samsetninguna. Hönnuður Henrik Vibskov.



Trovata. Litaðar gallabuxur eru kærkomin tilbreyting frá hinum hefðbundnu bláu gallabuxum. Buxurnar skera sig úr en eru ekki of undarlegar. Rauðar, hvítar, gráar, grænar, svartar eða hvaða litur sem er. Töff og fágað.



Sonia Rykiel. Skólabúningar hafa verið mikill innblástur fyrir tískuframleiðendur, sem nýta hygmyndafræði skólabúninga og einkennismerki skóla óspart. Skemmtilegir litir og einföld form.



Hugo Boss. Tvíhnepptir jakkar og frekar aðsniðnir eru gríðarlega ríkjandi fyrir haustið. Boðungurinn á jökkunum er líka farinn að skipta meira máli og því þarf að hafa margt í huga þegar á að kaupa sér jakkafatajakka.



Ralph Lauren Niðurþröngar buxur halda áfram innreið sinni og eru núna orðnar mun áberandi en beinar, útvíðar og boot cut.


AIKIDO



Ný námskeið að hefjast
í sal Aikikai Reykjavík í Faxafeni 8.

Verð 17.000 kr. fyrir fullorðna og
13.500 kr. fyrir unglinga (13-15 ára)
(para- og systkinaafsláttur).

Ókeypis aikido galli
fylgir fyrir 13 ára og eldri.

Verið velkomin í frían prufutíma
frá og með mánudeginum 4. september.
Nú er bara að mæta!!

Barnanámskeið (6-12 ára) hefst
mánudaginn 4. september kl. 17:00
Verð: 10.000 kr.

Hringið til að fá nánari upplýsingar:
840-4923 & 897-4675
eða skoðið heimasíðuna:



Eðli aikido er þannig að allir geta æft saman óháð kyni, aldri, styrkleika og þyngdarflokkum. Í aikido er öll áheyrsla lögð á að verjast árásum með því að beina krafti andstæðings frá sér í stað þess að reyna að mæta krafti með meiri krafti.

www.aikido.is

Full búð af flottum haustvörum

Nýjar vörur í hverri viku







adams
Hagasmára 1
201 Kópavogi
s: 517-5330


LACOSTE
Inspiration
THE NEW FRAGRANCE FOR WOMEN

## Uppáhaldsilmurinn

NANNA KRISTÍN HELDUR UPP Á TVÆR TEGUNDIR



Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona.

Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona er önnum kafin um þessar mundir þar sem hún er ásamt Vesturporti að undirbúa frumsýningu tveggja kvikmynda. Þó gaf hún sér tíma til að svara spurningum hnýsins blaðamanns um hvaða ilmefni hún notaði.
„Ég held uppá tvær tegundir af ilmi. Annan þeirra hef ég til daglegra nota því þá vil ég helst vera með léttan ilm sem minnir á frískandi sápu. Því nota ég Green Tea frá Elizabet Arden. Ber fyrst á mig body lotion og hnykki svo á með smá ilmvatnsspreyi.
Að kvöldlagi þegar ég hef meira við þá nota ég ilm sem heitir Mademoiselle og er frá Chanel. Þar sem mér finnst ilmvatnið full þungt þá hef ég meiri mætur á húðmjólk sem fæst í spreyflösku.“



GLÆNÝTT
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ 30% AFSLÆTTI Á AÐEINS 489 KR. EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI



VEGGFÓÐUR.
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

PAS PAS
MEÐ BETRI BUXUM Í BÆNUM



Str. 36-56

Rita
Eddufelli 2, sími 557 1730
Bæjarlind 6, sími 554 7030

# Tískuspekúlantar spá í spilin

Prjónapeysur, peysukjólar, ökklaskór með hæl og köflótt munstur verða meðal þess sem kemur sterkt inn í vetrartískunni.



Rannveig Anna ólafsdóttir er viss um að prjónakjólar komi sterkir inn í haust ásamt þykkum leggings. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Síðar prjónapeysur og leggings ómissandi

RANNVEIG ANNA ÓLAFSDÓTTIR, INNKAUPASTJÓRI HJÁ NTC OG VERSLUNARSTJÓRI Í KÚLTÚR

*Hvaða nýjungar eru að koma inn í haust og vetrartískunni?*
Það sem er að koma sterkast inn í haust eru síðar prjónapeysur, eins konar peysukjólar, og svo eru grófar peysur að koma mikið inn í vetur. Einnig eru leggings ómissandi ásamt hnébuxum sem bæði eru flottar við há stígvél og flottar sokkabuxur og einnig háhælaða skó. Stór belti og stórar töskur verða einnig ríkjandi og svo verða stutt pils ennþá mjög vinsæl eins og síðasta vetur.
*Hvað dettur út?*
Ég mundi segja að síð pils séu að detta út en annars er svo erfitt að segja hvað er inn og hvað er út. Tískan er svo fjölbreytt þessa dagana og eiginlega er allt í tísku. Támjótt eða kúlutá á skóm og stígvélum eru til dæmis hvort tveggja mjög mikið inni.
*Hvaða litir verða vinsælastir með haustinu?*
Vinsælustu litirnir eru grár, grár og aftur grár. Svo verður svartur auðvitað mjög sterkur þennan veturinn eins og síðasta vetur og brúni liturinn fylgir með.

## Skartið minna áberandi

BIRTA BJÖRNSDÓTTIR, FATAHÖNNUÐUR HJÁ JÚNIFORM



Birta Björnsdóttir er í hælastuði fyrir veturinn og vill helst hafa stígvélin ökklahá. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

*Hvaða nýjungar eru að koma inn í haust- og vetrartískunni?*
Mikil vídd verður í vetur. Mikið verður um stórar og áberandi yfirhafnir í ull og tweed sem og stórar þykkar peysur. Einnig mikið um stórar slár og er þá nauðsynlegt að eiga háa leðurhanska sem ná upp að olnbogum eða grifflur svo ekki gjóli inn. Kjólarnir verða lausir eins og blöðru eða A-snið, sem er þröngt yfir brjóst með mikilli vídd að neðan og siddin nær að hné eða verður í styttri kantinum. Við þetta er nauðsynlegt að vera í þröngu að neðan eins og þykkum sokkabuxum eða niðurmjóum gallabuxum. Einnig munum við sjá mikið af karlmannsáhrifum í kventískunni í vetur og pönkið heldur áfram í bland við stíl frá sjötta og níunda áratugnum. Gallabuxurnar hækka í mittinu sem er mjög gott fyrir okkur kvenfólkið en halda áfram að vera niðurmjóar. Stígvélin verða ökklahá og sjálf er ég komin aftur í mikið hælastuð. Skart verður miklu minna áberandi, það verður einfaldara eins og stór nisti og perlufestarnar. Allt glingrið minnkar töluvert. Svo munum við örugglega sjá dálítið af austurlenskum áhrifum á næstunni. Ég er mjög heit fyrir því sem koma skal og er sjálf að vinna núna mikið með japönsk mynstur.
*Hvað dettur út?*
Það er alltaf erfitt að segja hvað dettur út enda tískan ótakmarkað fyrirbæri. Allt glimmer og pallíettur eru samt að fara minnkandi mér til mikillar ánægju. Tískan er að verða hversdagslegri og allt þetta ofurfína dettur út.
*Hvaða litir verða vinsælastir með haustinu?*
Svartur er aðallitur haustsins sem kemur sterkur inn ásamt steingráu og ljósgráu. Fjólublátt og brúnt eru líka að detta inn og rauður verður mjög vinsæll í fylgihlutum og skóm. Mynstrin verða einfaldari og köflótt verður mjög heitt. Minna verður um mikil mynstur.

## Stórir kragar og þykkir botnar áberandi

ÁSGERÐUR OTTESEN, STÍLISTI OG VERSLUNARSTJÓRI Í GYLLTA KETTINUM



Ásgerður Ottesen segir stuttar kápur í víðu sniði verði vinsælastar í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

*Hvaða nýjungar eru að koma inn í haust og vetrartískunni?*
Tískan í vetur verður ekki svo ýkja frábrugðin fyrri vetri. Þó eru nokkrir hlutir sem koma sterkir inn. Fallegar kápur, helst stuttar, verða áberandi með stórum krögum, slaufum og fallegum smáatriðum. Keipar verða sýnilegri í fallegum mynstrum en tweed mynstur verður mjög vinsælt í vetur. Kjólar verða áfram stuttir og flott að vera í hnésíðum sokkum við til ýta undir kvenleikann. Ökklaskór verða vinsælli, en hællinn verður breiðari og hærri. Sokkabuxur taka við af spandex buxunum og þá í mörgum skemmtilegum mynstrum og litum. Í stuttu máli þá spái ég að grunge-áhrif níunda áratugarins verði ráðandi í bland við fagurleika tísku sjötta áratugarins.
*Hvað dettur út?*
Þar sem ég vinn í second hand-geiranum eru breytingarnar minni en gengur og gerist. Pallíettur verða ekki jafn vinsælar og fyrri vetur í toppum og kjólum þó þær fljóti kannski örlítið með. Peysur og kjólar í anda áttunda áratugarins detta út og spandex bólan springur. Silvíu Nótt æðið er búið. Takk fyrir.
*Hvaða litir verða vinsælastir með haustinu?*
Litir, litir og aftur litir. Ég er á þeirri skoðun að allir litir séu inn, fólk á ekki allt að fara að klæða sig í sama litnum því hann er í tísku. Það samt gerist alltaf að einhverjir litir verða vinsælli en aðrir og þá spái ég rauðum, svörtum, hvítum og karrýgulum. Einnig held ég að allt dýramunstur muni fara fljótt úr búðarstöndunum á komandi vetri.

AMERICAN STYLE

Style

# SALAT

BÍLDSHÖFÐI TRYGGVAGATA SKIPHOLT HAFNARFJÖRÐUR KÓPAVOGUR



## Gott úrval bola

Í versluninni Dogma er mjög gott úrval bola, íslenskir og erlendir bolir, grínbolir og hljómsveitarbolir. Grínbolir skipa þar stóran sess en á milli 40 og 50 tegundir af þeim eru í boði og reyndar jafnmikið af hljómsveitarbolum. Að auki er gott úrval af bolum sem aðeins eru til í örfáum eintökum, hettupeysum og einu og öðru smálegu.

Á sumrin er Dogma undirlögð af útlendingum en níu mánuði ársins eru Íslendingar meira áberandi, enda eru fjölmargir íslenskir bolir í versluninni.




Vote for Pedro bolirnir vinsælu fást í Dogma.

# Flott föt á skólakrakkana

Skólinn er byrjaður og þurfa skólabörnin sem eru að setjast á skólabekk í fyrsta skipti föt fyrir veturinn. Úrvalið er mikið af fallegum barnafötum.

Fjölmargar barnafataverslanir eru í miðborginni og er úrvalið mikið, verslanirnar Marimekko, Du Pareil au meme og Adams Kids sem allar eru á Laugaveginum eru meðal þeirra. Í verslununum er hægt að fá mikið að vönduðum barnafötum á góðu verði fyrir öll tilefni. Hér er brot af úrvalinu af fötum fyrir stráka og stelpur á skólaaldri.

*- vör*



Þykk og góð dúnúlpa fyrir veturinn úr Adams Kids. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Töff strákabolur úr Adams Kids.

Falleg og litrík peysa á stelpur úr Du Pareil au meme.

Gallabuxur á stelpur úr Adams Kids.

Þykk vetrarúlpa úr Du Pareil au meme.

Léttar bómullar buxur úr Du Pareil au meme.

Du Pareil au meme strákajakki og skyrta.

Röndótt strákapeysa og húfa í stíl úr Marimekko.

Hamingjukjóll úr Marimekko. Kjóllinn hefur verið með sama sniði í marga áratugi og er til á tveggja ára stelpur jafnt sem fullorðnar konur í öllum stærðum.

Falleg græn flauelsdragt úr Du Pareil au meme.




allt matur
Alla föstudaga




## Uppáhaldsilmurinn

LEIKKONAN ESTHER TALIA CASEY NOTAR ILMVÖTN STELLU MCCARTNEY.

„Ég fíla flestöll ilmvötn frá tískuhönnuðinum Stellu McCartney," svarar Esther þegar hún er spurð út í uppáhaldsilmvatnið sitt. „Hún hefur markaðssett þrjá mjög góða ilmi, nú síðast ferskan sumarilm en þar áður ilmvatn með krydd keim. Umbúðirnar skemma ekki fyrir þar sem mikið er upp úr þeim lagt. Glösin minna nokkuð á vínpela og koma í fallega fjólubláum litum. Svo er Stella sjálf flott týpa," bætir Esther við.



Esther er hrifin af heildarhugmyndinni á bak við ilmvötn Stellu. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# NÝJAR VÖRUR



**JSG25516**
Stærðir: 36-41
Litir: svart
Verð:
**15.995 kr.-**

**JSG25492**
Stærðir: 36-41
Litir: svart
Verð:
**14.995 kr.-**

**SPS186210**
Stærðir: 36-41
Litir: svart
Verð:
**11.995 kr.-**

**JSG25365**
Stærðir: 36-41
Litir: svart
brúnt
Verð:
**16.995 kr.-**

**APR712334**
Stærðir: 36-41
Litir: svart
Verð:
**17.995 kr.-**

**SPR945316**
Stærðir: 36-41
Litir: svart
Verð:
**18.995 kr.-**

**SPR895303**
Stærðir: 36-41
Litir: svart
brúnt
Verð:
**18.995 kr.-**

**SPR896307**
Stærðir: 36-41
Litir: svart
Verð:
**18.995 kr.-**

**SPR894303**
Stærðir: 36-41
Litir: svart
Verð:
**19.995 kr.-**

PÓSTSENDUM

*BIRT MEÐ FYRIRVARA UM VERÐBREYTINGAR, MYNDBRENGL OG STAFSETNINGARVILLUR

STEINAR WAAGE

SKÓVERSLUN

**SMÁRALIND - KRINGLAN**

HÖNNUN - GREIND EHF

# Stílhreinar skyrtur

Skyrtur eru svo sannarlega ekki að fara úr tísku en ýmis stílsnið koma þó og fara.

Allir karlmenn eiga að vita að skyrta er ekki bara skyrta. Skyrtur eru jafn fjölbreyttar og þær eru margar og eins og með annað tískutengt eru ákveðnir þættir meira í tísku en aðrir. Skyrtur eru þar engin undantekning.

Fyrir veturinn er ýmislegt í gangi þegar kemur að skyrtusniðum. Flottar aðsniðnar skyrtur eru heitar í haust en sniðið þarf þó ekkert endilega að vera þröngt. Kragar eru byrjaðir að skipta meira máli en áður og fyrir veturinn virðast þeir ætla að vera í smærri kantinum og jafnvel örlítið þröngir. Stórir diskó-kragar eru því ekki málið í vetur. Að hafa kragann öðruvísi en skyrtuna er líka að koma sterkt inn. Til dæmis að hafa kragann hvítan en skyrtuna röndótta.

Kúrekasniðið sem var mjög fyrirferðarmikið á síðasta vetri heldur áfram að vera nokkuð áberandi. Annars er alltaf best að finna bara sjálfur út hvað hentar best og finna skyrtur við sitt hæfi.










550 5000
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið



# Hártískan með haustinu

Einfaldleikinn fær uppreisn æru í haustlínunni. Klassískar og kvenlegar línur ríkjandi.

Hárgreiðslumaðurinn Gosi á Rauðhettu og úlfinum segir hár muni styttast hjá báðum kynjum í vetur. „Stelpurnar fara jafnvel alveg í drengjakollinn og verða meira með heilliti en strípur. Strákarnir verða herralegri. Gamaldags klippingar koma inn í stað fyrir þessa óklipptu línu sem er nú í gangi hjá strákunum.“

Haust og vetrarlínan hjá Toni & Guy verður klassísk og kvenleg. „Mikið verður um liði, meiri þykkt og síðari styttur. Millisíddin er að ná miklum vinsældum. Topparnir eru ennþá inni og notaðir til að brjóta upp einfaldar klippingar,“ segir Sigrún Davíðsdóttir, annar eigandi Toni & Guy. „Litirnir verða í mýkri kantinum. Tónar við litinn geta kryddað heildarútlitið og búið til meiri dýpt og hreyfingu,“ segir Sigrún og leggur áherslu á mikilvægi þess að persónugera hverja og eina klippingu svo að allir fái sinn eiginn stíl.

*– ebg*



Hárlínan hjá Toni & Guy fyrir veturinn er klassísk þar sem mikið er um liði í hári. MYND TONY $ GUY



Topparnir verða áfram inni og notaðir til að brjóta upp einfaldleikann sem nú ræður ríkjum. MYND TONY & GUY.
















Skoðið úvalið á www.oo.is



0-13 kg

**Autobaby II** ungbarnabílstóll er fyrir börn frá 0-13 kg. Er fánlegur með eða án stands/ Base. Festa má stólinn á allar Graco kerrur.



0-25 kg

**Cosmic XTP** er barnabílstóll fyrir börn frá 0-25 kg. Má snúa baki í akstursstefnu bifreiðar frá 0-18 kg. Er með hámarks hliðarvörn.



15-36 kg

**Rallysport** er barnabílstóll fyrir börn frá 15-36 kg. Seta er sérstaklega mikið bólstruð.



**GRACO, BASSON og TRILLE** kerrur, yfir 20 gerðir af regnlífa-, svefn- og lúxus kerrum. Festa má GRACO Autobaby II bílstól á allar GRACO kerrur.



**GRACO Aerosport Plus** er létt svefnkerra á álstelli. Er með stillanlegu handfangi, skermi og stuðningsslá. 4 stillingar á sætisbaki með svefnstöðu. 5 punkta beisli. Stór innkaupagrind. Auðveld að leggja saman. Þyngd aðeins 8,5 kg.



**GRACO, BASSON og TRILLE** kerruvagnar. Nýr Roma III kerruvagn frá BASSON.

ólavía og oliver

Glæsibæ - sími 553 3366 - www.oo.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn



















Bílaleiga, hjólhýsaleiga, bátaleiga, bílaþrif, skemmtisiglingar o.fl. Aftann ehf. Steinhella 5 221 Hafnarfirði www.aftann.org - s.864 4589/554 4589

Laxaseiði, laxaseiði. Til sölu falleg sumaralin laxaseiði. Uppl. í síma: 693 3582

Stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

## Byssur

Gæsaveiði til sölu dagar í gæsaveiði á Suðurlandi. Stórir akrar á dreifðu svæði. Stutt í þjónustu. Upplýsingar í síma 869 2241 & 487 8828.

## Hestamennska

Ístölt útsala

Útsala á hestavörum 30-70% afsl. Beisli, hnakkar, skálmar, úlpur, peysur, hanskar. Ístölt, Bæjarlind 2. S. 555 1100.

## Ýmislegt

Söngur Léttir í lund. Velkomin í hinn skemmtilega hóp sem æfir saman á þriðjudögum kl.20:20-22:30 í Hamraskóla. Aðrir en þingeyingar eru líka velkomnir. Frábært prógramm m.a. syrpur úr Mary Poppins og Sardasfurstaynjunni, gospel og fl. Uppl. í s. 564 0665 & 691 0665 (Kári kórstj.), 893 8324(Helga Björk), 899 3629 (Vignir).

HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi með aðgang að öllu til leigu á svæði 104 einungis fyrir kvk. Uppl. í s. 898 7791.

Reyklaus lúxus stúdíó í 101 búið húsgögnum og öllum húsbúnaði, óskað er eftir einstaklingi eingöngu. Leiga 85 þús. Leigist 01. sept. -01. júní. Uppl. í s. 864 5719.

Laust herbergi á besta stað í 101, öll þjónusta í göngufæri. Einnig er aðgangur að allri íbúðinni sem er um 100 fm. Öll áfengisneysla stranglega bönnuð í húsnæðinu. Leigist eingöngu kvk, helst nema. 40 þús. á mán. með rafmagn og hita. Fyrstu þrír mán. greiðast fyrirfram. Leigist fram í maílok 2007. Upplýsingar um umsækjendur sendist á blackbird@post.com

Björt og falleg 50 fm íbúð til leigu. Leiga 75 þús. á mán. með öllu. Aðeins reglusamir koma til greina. Uppl. í s. 892 9320.

Lítil risstúdíóíbúð á Laugaveginum til leigu til lengri eða skemmri tíma, laus strax, með flestum húsgögnum. Verð 69 þús. á mán. m. rafm. og hita. S. 697 8720.

**101 Reykjavík**
Til leigu við Mjóstræti í Grjótaþorpinu 81 fm, sjarmerandi 2ja herb. kjallaraíbúð í fjórbýlishúsi. Íbúðinni fylgir sérmerkt bílastæði. Myndir á leiguradgjof.is nánari uppl. í s. 858 7476.

**Til Leigu**
Til leigu skrifst.húsnæði á höfðanum á annari hæð ca 120 fm, (4herbergi), kaffiaðstaða, og fl, nánari uppl í síma 893-2165- 8961663

3ja herb. íbúð til leigu á besta stað á sv. 101, laus strax. Leiga 100 þús. á mán. Uppl. í s. 699 3759.

2ja herbergja íbúð til leigu í Lindarhverfinu, 64 fm. Leiguverð 98 þús. á mán. Uppl. í s. 861 7376.

## Húsnæði óskast

Reglusöm ung kona óskar eftir íbúð til langtímaleigu á höfuðborgarsv. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 691 6381.

Iðnaðarmann vantar húsnæði, 10-60 fm. Uppl. í s. 867 6563.

27 ára reglusamur karlamaður sem drekkur ekki, óskar eftir ódýru húsnæði sem fyrst. Uppl. í s. 660 4619, Helgi.

Ung móðir með 7 ára dreng og annað á leiðinni bráðvantar húsnæði á svæði 111. Reyklaus og reglusöm. Skilvísum greiðslum heitið. Sími 6624603 Guðríður

Rólegt og reglusamt par óskar eftir íbúð á svæði 101-108. S. 868 2989 & 696 9317.

57 ára bandaríkjamaður oskar eftir einstaklingsíbuð eða herbergi í gistihúsi, helst með aðgang aö þvottahúsi, í miðbænum. Reglusamur maður, ég mun vera á Íslandi frá byrjun ókt fram til jóla til þess að taka þátt í námskeið. Hafðu samband brad_morton@hotmail.com

Skilvíst, reyklaust par óskar eftir 2herb íbúð til leigu í eitt ár miðsvæðis í Reykjavík. s: 862-9116

Einstaklings eða 2ja herb. íbúð óskast itl leigu. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 895 7330.

Óska eftir einstaklingsíbúð á leigu. Helst á sv. 111, 210 eð a 221. Heimilisaðstoð kemur til greina. S. 868 6829.

Íbúð óskast með sérinngangi helst á 1. hæð, 01. okt. eða fyrir 01. des. Einnig vantar mig land eða garð undir plöntur. S. 865 9890.

Reglusöm ung kona með barn óskar eftir íbúð til leigu á sv. 109. Skilvísum greiðslum heitið, er með góð meðmæli. Uppl. í s. 691 2173.

## Sumarbústaðir



Til leigu heilsársbústaður 30 fermetra með svefnlofti. Ca. 3 km. fyrir utan Akureyri. Frábært útsýni yfir Eyjafjörðinn og bæinn. Ýmisskonar leiga kemur til greina, bústaðurinn leigist með innbúi. Uppl. í síma 894 0438.



Til sölu harðviðarhús 24 fm+12 fm pallur. Fallegt og vandað hús, staðsett í Hveragerði (ofan við Bónus) tilbúið til flutnings. Verð 2,2 millj. Einnig til sölu Tatajuba harðviðarklæðning, 20mm þykk, 16mm nót, þekur 120mm. Lengdir 4-5,5m. Verð aðeins 3.500 kr/fm. Fallegur viður. Sjá www.kvistas.is S. 482 2362 og 893 9503, Jóhannes.




Til sölu 65 fm fokhelt sumarhús með 17 fm svefnlofti. Upplýsingar í síma 691 3935.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu gott 240 fm hús jarðhæð 120 fm efrih 120 fm 1 salur á jarðhæð+mótaka, uppi skrifstofa, kaffistofa ,geimsla,hreinlætisaðstaða, húsið er við Vagnhöfða 110 Rvk sím 5872330 og 6995390.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tökum til geymslu, tjaldvagna, fellihýsi, búslóðir o.fl.

Uppl. í s. 864-3176 & 895-3176

## Bílskúr

Bílskúr óskast. verður að vera snyrtilegur og upphitaður. Æskileg leiga 15.000 á mán. Sími 698 7807.

ATVINNA

## Atvinna í boði

Hressingarskálinn

**Hressingarskálinn Austurstræti**
Langar þig til að vinna á skemmtilegum vinnustað þar sem gott viðmót skiptir máli. Vantar starfsfólk við þjónustu í sal bæði í fullt starf og hlutastarf. Einnig vantar fólk í glasatínslu og uppvask.
Upplýsingar á staðnum eða sendið upplýsingar á valdi@hresso.is

PÍTAN

**Pítan**
Frábær vinnustaður, skemmtilegt fólk og rótgróinn rekstur. Langar þig að vinna á Pítunni? Okkur vantar fólk í fullt starf í sal og eldhúsi. Viðkomandi getur hafið störf sem fyrst. Umsóknareyðiblöð á staðnum og www.pitan.is. Upplýsingar veitir rekstrarstjóri Michael (864 9861) alla virka daga milli 14-18
Umsóknareyðiblöð á Pítunni og á pitan.is.

**Trésmiðir og verkamenn vanir byggingavinnu**
Óska eftir trésmiðum og verkamönnum í byggingarvinnu á Höfuðborgar- svæðinu.
Upplýsingar í síma 892 9661.

aktu taktu

**Aktu Taktu Afgreiðsla og Vaktstjórn**
Villtu vinna með duglegu og skemmtilegu fólki? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.
Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir framkvæmdarstjóri Óttar (898 2130) milli 9-17.

AMERICAN STYLE

**American Style í Skipholti og Tryggvagötu**
Afgreiðsla og grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. American Style er á fimm stöðum á höfuðborgasvæðinu. 18 ára og eldri og góð íslenskukunnátta nauðsynleg
Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00

**Veitingahúsið Lækjarbrekka**
Veitingahúsið Lækjarbrekka auglýsir eftir þjónanemum til starfa í veitingasal.
Einnig getum við bætt við okkur aðstoðarfólki í kvöld og helgarvinnu.
Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 551-4430 eða í gegnum tölvupós; info@laekjarbrekka.is.
Upplýsingar eru einnig veittar á staðnum milli 14-17 alla daga

**Íslandspóstur hf.**
óskar eftir að ráða bréfbera til hressandi starfa við útburð og flokkun á pósti á höfuðborgarsvæðinu. Störfin losna í ágúst og september. Um er að ræða hluta- eða heilsdagsstörf. Aðeins unnið á virkum dögum. Bætt kjör með nýlegum samningum. Kannski leynist leynist starf nálægt heimili þínu. Aldurstakmark er 16 ára og eldri.
Nánari upplýsingar í síma 580 1000.

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.
Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

**Óskum eftir að ráða**
vanan gröfumann sem getur unnið sjálfstætt.
Upplýsingar í síma 893 2000.

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 07:00 - 13:00 eða frá 13:00-18:30 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30 - 16:30.
Nánari upplýsingar veitir Áslaug í síma 553 5280.

**Helgarvinna**
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 7.30 - 16.30 laugardag og sunnudag.
Nánari upplýsingar veitir Áslaug í síma 553 5280.

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Smáralind. Vantar hresst og duglegt starfsfólk í fullt starf á virkum dögum og um helgar.
Uppl. fást hjá Söru 868 6304 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Smáralind.

**Atvinna Atvinna!!!**
Duglegt starfsfólk vantar á kassa
Fullt starf í boði.
Upplýsingar gefur Ívar Skeifunni 13 eða í síma 820-8003
Rúmfatalagerinn.

**Office 1 Superstore**
óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf í verslunum okkar í Skeifunni og Smáralind. Góð laun í boði, eðlilegur vinnutími, góður starfsandi og gott vinnuumhverfi.
Umsóknir sendist á bjarni@office1.is

**Lagerstarf og vörumeðhöndlun**
Hýsing-Vöruhótel óskar eftir starfskrafti í meðhöndlun á sérvöru. Um er að ræða talningu, flokkun, merkingu og meðhöndlun á fatnaði, skóm, geisladiskum. Vinnutími er frá 08.00 -16.30.
Nánari upplýsingar veitir Júlíus á staðnum, að Skútuvogi 9.

**Kaffihús Laugavegi 24**
Óskar eftir að ráða kaffibarþjóna, þjóna í sal og starfsfól í eldhús. Krafist er stundvísi og dugnaðar.
Upplýsingar gefur Birgir í s. 898 3085 milli kl. 12 & 18.

ÍTALÍA

**Ítalía - veitingahús - restaurant**
Veitingahúsið Ítalía leitar eftir aðstoðarmanni í eldhús, kvöld og helgar vinna. Einnig vantar þjóna í sal, fullt starf, framtíðarvinna, ekki yngri en 18 ára. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 14 og 17 næstu daga.

Restaurant Italia needs help in the kitchen, evenings and weekends. Good job for students with long term stay. Information at the restaurant 14 - 17 hours next days.
Veitingahúsið Ítalía, Laugavegi 11.

**Kaffibrennslan Pósthússtræti 9.**
óskar eftir yfirkokk, sem getur hafið störf sem fyrst.
Einnig vantar starfsfólk í sal.
Góð laun fyrir rétta aðila.
áhugasamir geta skilað inn umsóknum á kaffibrennsluna eða á sara@brennslan.is

**Verkstjóri óskast**
Til starfa hjá traustu hellulagningafyrirtæki i R.vík. Ekki yngri en 25 ára. Góð laun í boði fyrir rétta aðila.
Uppl. í síma 898 4202.



RÚNAR RÓBERTSSON
13-16 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?

*Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.*

BYLGJAN 20 ÁRA

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

allt hús
Alla mánudaga


**Kvöld og helgarvinna**
**Bettís Kópavogi óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa á kvöldin og um helgar. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára og eldri.**
**Uppl. veitir Hrönn í s. 899 8212.**

TINNA

**Saumakonur**
Tinna ehf óskar eftir vönum saumakonum. Auðbrekka 21, Kópav. Vinnutími 7.30-16.00 og 7.30-13.00 á föst. Uppl. í s. 554 5050.

Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411-5000.

**Devitos pizza**
**Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. Vaktavinna.**
**Uppl. í s. 892 5888**

Nesbyggð

Smiðir eða menn vanir mótauppslætti óskast. Upplýsingar á vinnustað í Engjadal 2 Reykjanesbæ hjá Herði s. 840 6101.

**Súfistinn, kaffihús í Hafnarfirði auglýsir laust til umsóknar:**
**Um er að ræða 100% starf við afgreiðslu og þjónustu. Vinnutími: dagvinna. Lágmarksaldur umsækjenda er 18 ára og er reynsla af þjónustustörfum æskileg en ekki nauðsyn. Umsóknir er hægt að nálgast á sufistinn.is eða á Súfistanum Standgötu 9 Hfj.**
**Frekari upplýsingar um starfið gefur Anna Ósk í s. 699 3740 / 565 3740**

**Harka Ehf.**
**Óskum eftir að ráða járniðnaðarmenn til starfa.**
**Uppl. í s. 567 7553. Harka Ehf. Hamarshöfða 7.**

**Afgreiðsla og þjónusta**
**Óskum eftir að ráða liðtæka aðila í almenna afgreiðslu í Select á Vesturlandsvegi, á Bústaðavegi og í Hagasmára. Nánari upplýsingar fást í síma 444 3000 eða með því að senda póst á starf@skeljungur.is.**
**Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á www.skeljungur.is**

## KENNSLA

# DANSDEILD ÍR

DANSÁRIÐ 2006-2007

KENNSLA HEFST 5 SEPTEMBER

## DANSINN GLEÐUR

KOMIÐ OG NJÓTIÐ HANS MEÐ OKKUR.







KENNUM BARNADANSA, GÖMLUDANSA, SUÐUR-AMERÍSKA OG STANDARD DANSA.

BYRJENDUR OG FRAMHALD
BÖRN, UNGLINGAR OG FULLORÐNIR.
TÖKUM YNGST 3 ÁRA.

FAGLÆRÐIR KENNARAR OG MEÐLIMIR DÍ
RAKEL GUÐMUNDSDÓTTIR
NÍELS EINARSSON
ESTHER INGA NÍELSDÓTTIR

ÍR HEIMILIÐ, SKÓGARSEL 12 SÍMAR 587 7080 OG 662 6900

www.ir-dans.com

**Smart - Starfsfólk**
**Starfsfólk óskast á sólbaðstofuna Smart, Grensásveg Dagvinna. Reyklaus vinnustaður.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum.**
**Sólbaðstofan Smart.**

**Smurstöð**
**Óskum eftir að ráða starfsmann á smurstöðina á Laugavegi.**
**Nánari upplýsingar fást í síma 444 3000 eða með því að senda póst á starf@skeljungur.is**
**Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á www.skeljungur.is**

Starfsfólk óskast á Bónusvideo eddufelli, í kvöld og helgarvinnu. tilvalið með skóla. Uppl. í s. 866 0140.

Lausar stöður fyrir Matreiðslumeistara. Vantar 3 matreiðslumeistara með minnst 5 til 7 ára reynslu. Sérhæfingar er krafist í suður indverskri matargerð. Störfin eru á mjög vinsælu veitingahúsi sem þjónustar um 200 manns daglega. Reynsla í Tandúri og mikil þekking á indverskri matargerð, Austur og Vestur strandar matargerð og indverskri sjávarrétta matreiðslu er mikill kostur, ásamt hefðbundinni íslenskri matargerð, sérstaklega í sjávarréttum. Hafið samband við Sigurbjörn Þ. Sigurðsson í síma 8633470.

### Bakaríið Kornið
Starfsfólk óskast í Bakaríið Kornið - Hjallabrekku 2. Vinnutími frá 13-18. Hentar fólki á öllum aldri. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 864 1585, Dagbjartur eða á kornid.is

Hviða ehf auglýsir. Beitningafólk óskast, mjög góð aðstaða í Garði, naglalína öll ný. Aðeins vant fólk kemur til greina. Uppl. gefur Jón Steinar í s. 895 7222.

Óskum eftir að ráða, bílamálara, réttingarmann eða áhugasaman aðstoðarmann. Uppl. gefur Jón í s. 568 5360 & 892 5712.

Fyrirtæki í byggingariðnaði óskar eftir að ráða verkstjóra, æskilegt er að viðkomandi sé iðnmenntaður en þó ekki skilyrði. Nánari uppl. gefur Sverrir í s. 659 3062.

Starfskraftur óskast. Hlutastarf í ísbúð í miðbænum getur hentað vel með skóla. Upplýsingar í síma 893 7090.

### Starfsmaður á lukkuhjól
Atlantsolía leitar að starfskrafti til að sjá um lukkuhjól fyrirtækisins í Kringlunni eða Smáralind. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi þar sem verið er að taka á móti umsóknum fyrir Dælulykla. Vinnutími frá 12 til 18.30. Möguleiki á sveigjanlegum vinntíma. Allar nánari upplýsingar veitir Hugi Hreiðarsson, hugi@atlantsolia.is eða 825 3132.

Vantar 2 starfsmenn helst vana málningu eða múrviðgerðum. Uppl. í s. 867 6563.

Hársnyrtistofa í miðbænum leitar eftir hársnyrtum. Langar þig að hefja störf að nýju eftir hlé? Tökum vel á móti öllum. áhugasamir hafið samband við Sigurpál í s. 551 3010 & 896 8544.

### Kvöldvinna - góð laun
Óskum eftir góðu fólki í úthringi og söluverkefni, unnið 2-4 kvöld í viku frá 17.30-21.30. Góð árángurstengd laun í boði. Uppl. veitir Björn í s. 580 8080 eða bjorn@midlun.is

Vantar duglega menn í vinnu á bónstöð. Uppl. í s. 553 9988.

### Aðstoð óskast á tannlæknastofu
í miðborginni, vinnutími 11-17. Uppl. gefur Hörður í s. 892 2479.

### Grillhúsið Tryggvagötu
Óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús í kvöld og helgarvinnu, og einnig í fullt starf. Unnið er á vöktum. Uppl. á staðnum og í s. 697 8888 Örn.

### Grillhúsið Tryggvagötu
Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vinnutíma frá kl 07-13 eða 13-18.30 daglega. Góð laun í boði fyrir duglega aðila. Einnig er möguleiki á helgarvinnu. Áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma; 699-5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Car wax station in Reykjavík needs workers to clean new and used cars. It is preferable that applicants spesk english and they need to have a drivers license. Time of work is 9:00 - 17:30 Monday - Friday. For further information call: 568 0230 or 898 7930.

### Helgarvinna
Óskum að ráða starfsfólk til hlutastarfa, aðallega um helgar.Umsóknir sendist á smaar@frett.is fyrir 6.sept. Rafvörumakaðurinn við Fellsmúla

### Árbæjarbakarí
Starfskraftur óskast í afgreiðslu virka daga. Vinnutími 13-18.30. Uppl. í s. 869 0414.

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna dragnótarbát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 892 5522.

### Hárgreiðslustofan Creative
óskar eftir að ráða meistara eða svein til starfa sem fyrst. Einnig kemur til greina stólaleiga. Uppl. í s. 861 0486.

Sólarræstingar ehf. Starfsfólk vantar í ræstingar víða í Hafnarfirði. Uppl. í s. 5814000 og Daiva s. 8204062.

## Viðskiptatækifæri

### Barrekstur til sölu
Á spáni. Verð sem kemur á óvart. Upplýsingar í s. 00 346 3990 2488 & 00 349 2876 7532 & 699 6320.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Opið hús!**
**Opið hús verður sunnudagskvöldið 3. sept. Þema kvöldsins er hugleiðsla, heilun og kynning á starfsemi kærleikssetursins.**

**Mætum kát og hress og skemmtum okkur saman.**

**Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.**

**Húsið opnar kl. 19. og stundin hefst kl. 19.30. Aðgangseyrir kr. 800.**
**Kærleikssetrið**

**Álfabakka 12, 2. hæð.**

**S. 567 5088.**

Helgason/family. Næsta vísbending: Hann er rauður, hvítur og skínandi og horfir í augun á Hamrinum úr vestri...

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál

TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Spennandi
þjónustur í símanum þínum!
Bókasafnið
905-2333
515-8888
515-8800
Stefnumót
905-2323
Topp 10 kvöldsögur
905-2266
G-línan
905-5656
905-2580

Spjallrásin 1+1

Konur: 595-5555
Karlar: 908-5555
langlífasta spjallrás á Íslandi
Símastefnumótið...905-2200
Rómó-stefnumót...905-5555

### Símaspjall 908 2444.
Símaspjall 908 2444. Ég er spennandi, ég er Klara. Ásamt fleiri stelpum sem langar að vera vinkona þín í kvöld. Opið allan sólahringinn.

### 908 2444 eða 908 2000
Hæ ég er Eva. Ég vil vera vinkona þín í kvöld og nótt. Komdu og leiktu við mig í ljúfu símaspjalli.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Tilboð í gangi. Hafðu samband í síma 869 6914.

### Símaspjall 908 6666.
Halló ljúflingur! Símaspjall við ljúflingskonur. Við erum hérna nokkrar sem verðum alla helgina og njótum þess að fara í hressan símaleik og ljúfar stundir í rólegu spjalli. Við viljum vera vinkonur þínar.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Maður um 50 í góðu lagi óskar eftir ad kynnast konu á aldrinum 30-45 má vera af erlendu bergi brotin sem hefur áhuga á dýrum og útivist ekki verra ef að mynd fylgir svör sendist fréttablaðinu merkt 1905 eða malverk@visir.is

## Söngfólk óskast!!!
Kór Óháða safnaðarins óskar eftir hressu söngfólki í allar raddir, bassar eru þó sérstaklega velkomnir.
Æft er á miðvikudögum kl. 19:30

Nánari upplýsingar gefur Arngerður organisti, sími: 690-6586

## Sérkennsla
Leikskólinn Korpukot auglýsir eftir áhugasömum aðila í hlutastarf til að annast sérkennslu.

Leikskólinn leggur áherslu á nám og þroska í gegnum leik og starf.

**Æskilegir eiginleikar.**

- Háskólamenntun á sviði leikskólakennslu, þroskaþjálfunar, uppeldis- og/eða sálfræði.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni, áreiðanleiki og nákvæmni í starfi.

**Áhugasamir hafi samband í síma 577-1900 / 586-1400**

## Vinna með námi hjá Hive
**Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt.**

Við erum að hringja milli kl.18:00 og 22:00 og starfsmenn vinna að meðaltali 2-4 daga í viku. Þetta er tilvalin vinna með námi og frábærir tekjumöguleikar í boði.

Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á soluver@hive.is.

Hive



## Söngfólk óskast!
**Kirkjukór Grafarholtssóknar óskar eftir fólki í allar raddir.**
**Kórstjóri er Hrönn Helgadóttir og veitir hún nánari upplýsingar í síma 5579996 & 6952703 eða á netfanginu hronnhelga@simnet.is**

**BM ráðgjöf**
www.bm.is

**Kvöldvinna**
**Akureyri, Reykjavík og Reykjanesbær.**
Vantar starfsfólk 16 ára og eldra til starfa milli kl. 17-22 við fjölbreytt verkefni á sviði inn og úthringiþjónustu.
Góð laun í boði.
Sendið okkur umsókn á bm@bm.is, petur@bm.is eða upplýsingar í síma 590-8000/822-5057

allt atvinna
Alla sunnudaga

Íslendingar þurfa líka að fylgjast með!
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG
Íslendingar og útlendingar fá allar upplýsingar á ensku um allt það sem heimsborgin Reykjavík státar af á hverjum tíma.; menningarviðburðir, tónleikar, skemmtistaðir, veitingastaðir, söfn, gallerí, tíska, verslanir og næturlíf.

HÖFÐABAKKI

# Fjárfestingar og atvinnu - tækifæri

**Höfðabakki kynnir:** Einn besti Grill-söluturninn með íssölu, video, lottó og spilakössum, nálægt stórum skóla í fjölmennu hverfi, er loksins til sölu. Mikil og vaxandi velta sérstaklega í grillmat og ís. Ný endurbætt og stækkuð grill og ísaðstaða.

Þetta er einstakt tækifæri fyrir aðila í svipuðum rekstri, eina til tvær fjölskyldur / einstaklinga til að skapa sér góðar tekjur þar sem fjárfestingin borgar sig upp á fáum árum.

Frekari upplýsingar gefur Tryggvi í síma 696-8028 eða á Höfðabakka 9 s: 414-4600

Tilboð óskast.



Þorbjörn Pálsson
Löggiltur fasteignasali



IKEA®

## Ertu efni í IKEA starfsmann?

Við leitum að starfsfólki í fullt starf eða hlutastarf. Viðkomandi þarf að vera stundvís, þjónustulipur og samviskusamur.

**Þjónustudeild:** Starfið felst meðal annars í afgreiðslu á kassa, almennri þjónustu og öðrum tilfallandi störfum í þjónustudeild.

**Veitingastaður:** Starfið felst meðal annars í undirbúning fyrir veitingastað, afgreiðslu við viðskiptavini og öðrum tilfallandi störfum á veitingastað.

Sveigjanlegur vinnutími og góð laun í boði fyrir rétta aðila. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af viðkomandi starfi og geti hafið störf sem fyrst.

IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki. Umsóknum má skila á þjónustuborð IKEA eða www.IKEA.is



GG LAGNIR ehf
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA

**Óskum eftir verkamönnum til starfa**

www.gglagnir.is. Uppl. í síma 660 8870 Gísli



# TIL SÖLU GLÆSILEG HEILSÁRSHÚS



Glæsileg 90 fm einingarhús. Húsin skiptast í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og geymslu. Allt efni til að fullgera húsin að innan og utan ásamt um 70 fm af pallaefni. Húsin eru teiknuð af Kollgátu á Akureyri. Allar teikningar fylgja.Vönduð framleiðsla. Til afhendingar strax.

**Allra nánari upplýsingar í síma 840-2100**

Latis



Draumahús 530 1800



**Blikaás 24 - 221 Hfj**

**Opið hús á morgun kl. 16:00 - 17:00**




Frum

**42.900.000**
Gott 5 herbergja 184,7 fm raðhús þar af 35,6 fm innbyggður og innangegndur bílskúr.
Fallegt og barnvænt umhverfi.
**Eva tekur á móti gestum**

## Föst lág söluþóknun

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is



HÚSEIGN
Fasteignamiðlun



Guðmundur St. Ragnarsson
Löggiltur fasteignasali

## KÁRSNESBRAUT - 200 KÓP

**114 m2 • 3 herb. • Fjölbýli • Verð: 21,9 millj.**



**SNYRTILEG 87,2 FM ÍBÚÐ ÁSAMT 27.7 FM BÍLSKÚR Snyrtilegt eldhús, rúmgóð stofa og borðstofa. Tvö svefnherbergi og góður bílskúr. Suðursvalir. GLÆSILEGT ÚTSÝNI -GÓÐ ÍBÚÐ Í GRÓNU HVERFI. LAUS FLJÓTLEGA. ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 695-1095 EÐA 585-0104**



Gyða Gerðarsdóttir
sölumaður

Guðmundur St. Ragnarsson • Löggiltur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími 585 0100 • Fax 585 0109



Draumahús 530 1800



**Tjarnarás 10 - Svínadal**

**Opið hús laugard. og sunnud. kl. 13 - 18**




Frum

**Tilboð óskast**
Gott 3ja til 4ra herbergja 63,1 fm. heilsárshús sem hefur verið mikið endurnýjað ásamt 21 fm bátaskýli, stendur á 1 HA leigulóð við Eyrarvatn í Svínadal, mikill gróður á landi.
**Hulda og Hrafn taka á móti gestum s: 661-6999**
**Draumahúsaskilti „Til sölu“ verður við veginn**

## Föst lág söluþóknun

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is



Erlendur Davíðsson
Lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari
EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN
Síðumúli 27
108 Reykjavík
Sími 534 4040
Fax 534 4044

www.eignastyring.is

**Lindasmára 45 - Kópavogi (bjalla 203)**

## Opið hús í dag milli kl 15:00 og 16:00



Mjög snyrtileg 4ra herbergja íbúð í litlu fjölbýli. Stór stofa. Eldhús með fallegri innréttingu og björtum borðkrók. Svefnherbergi mjög rúmgóð. Baðherbergi með sturtu og baðkari. Þvottaaðstaða innan íbúðar. Flísar og parket á gólfum. Góð eign á þessum vinsæla stað.

**Verð 24.900.000.**

**Atli sölufulltrúi s: 899-1178 tekur á móti áhugasömum.**



allt matur
Alla föstudaga



FRAMÚRSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR
FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR




enginn í heimi selur fleiri fasteignir...

www.remax.is

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.

# Við kynnum fasteignir á Spáni

**Kynnum nýjar eignir frá TM sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í byggingu og sölu fasteigna við Miðjarðarhafsströnd Spánar.**

**Uppgötvaðu hversu auðveldlega draumur þinn um fasteign við Miðjarðarhafið getur orðið að veruleika.**

**Verðum á eftirtöldum stöðum:**

| | | |
|---|---|---|
| Fimmtud. | 31/08 | Vestmannaeyjar, Hótel Þórshamar frá kl. 18:00 til 22:00. |
| Föstud. | 01/09 | Ísafjörður, Hótel Ísafjörður frá kl. 18:00 til 22:00. |
| Laugard. | 02/09 | Reykjavík,Viðskiptahúsið Skúlagötu 17 frá kl. 11:00 til 17:00. |
| Sunnud. | 03/09 | Reykjavík,Viðskiptahúsið Skúlagötu 17 frá kl. 11:00 til 17:00. |
| Mánud. | 04/09 | Reykjavík,Viðskiptahúsið Skúlagötu 17 frá kl. 09:00 til 17:00. |
| Þriðjud. | 05/09 | Akureyri, Hótel KEA frá kl. 18:00 til 22:00. |

**Sölustjóri TM verður á staðnum.**




**Viðskiptahúsið**

Skúlagata 17 101 Reykjvavík sími : 566 88 00 e-mail : vidskiptahusid@vidskiptahusid.is www.vidskiptahusid.is

# Draumahús 530 1800



Vandað og fallegt 102 fm. 4 herb. heilsárshús á steyptum grunni með hitalögnum í gólfi. 6700 fm kjarri vaxin eignarlóð á frábærum útssýnisstað til móts við Kerið. Aðeins 67 km. frá Höfuðborginni! 140 fm. verönd í kringum húsið. Skilast tilbúið að utan en fokhelt að innan eða á öðrum byggingastigum eftir þörfum kaupanda.

**Akstursleið:** Fyrsta beygja til vinstri eftir að komið er framhjá Kerinu í Grímsnesi merkt Miðengi - Ekið þaðan eftir merkjum Draumahúsa.

**Óskað er eftir tilboðum yfir 19.900.000**
**Upplýsingar gefur Ólafur í síma 824-6703**

## — SÖLUSÝNING —

## Í DAG LAUGARDAG KL. 10:00 - 17:00

## GLÆSILEGT SUMARHÚS VIÐ DVERGAHRAUN 18

## Miðengi - Grímsnesi



Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

Frum

# UPPÁHALDSSTAÐURINN

## *Kraftur í rólegheitunum*



„Mér líður best á Ísafirði. Það er svo gott andrúmsloft þar og mikið af fallegum fjöllum. Krafturinn frá fjöllunum blandast rólegheitunum þar og það er ótrúlega góð blanda," segir Birgitta Birgisdóttir leikkona en hún er ættuð frá Súðavík og pabbi hennar ólst upp á Ísafirði. „Síðastliðin tvö sumur hef ég verið að vinna á Ísafirði með unglingum í leikhópnum Norrinn. Þetta er götulistahópur innan unglingavinnunar þar. Núna er ég komin aftur til Reykjavíkur og er að æfa upp verk í Borgarleikhúsinu sem heitir Amadeus og verður frumsýnt í október. Þannig að það er nóg að gera en ég er líka endurnærð eftir dvölina á Ísafirði."

Birgitta Birgisdóttir leikkona nýtur rólegheitanna á Ísafirði.


## Fyrsti Malinois hvolpurinn á Íslandi!!



**Gotið var fámennt en góðmennt en aðeins kom þessi litla dama, Úlfrún.**

**Hún er undan innfluttum, ættbókafærðum verðlaunahundum. Malinois eru belgískir fjárhundar, frábærir vinnuhundar og yndislegir félagar.**

**Verðið er 250 þúsund.**

**Aðeins vant hundafólk kemur til greina**

**Silja, 662-4357. Heimasíða auglýst síðar.**

## Ljósheimaskólinn

Vegur til andlegs þroska og þekkingar

Skólinn er fyrir alla þá sem vilja kynnast fleiru en hinu efnislega og öðlast víðari sýn á heiminn. Námið er byggt upp á fyrirlestrum, fræðslu, hugleiðslu og öðrum æfingum. Það spannar 3 ár, alls 30 vikur árlega frá september til maí.

**Námið hefst í annari viku september.**

**Nánari kynning á Ljósheimadag, Brautarholti 8, 3. sept. frá 13-18, á www.ljosheimar.is eða í síma 551-0148**



## LJÓSHEIMADAGUR-OPIÐ HÚS

**SUNNUDAG 3. SEPTEMBER KL. 13-18**

Ljósheimar er rótgróin miðstöð þar sem hægt er að sækja heildrænar meðferðir til 15 ólíkra meðferðaraðila auk þess sem boðið er upp á námskeið, skóla, fyrirlestra og margt fleira.

Á Ljósheimadegi kynnum við starfsemi stöðvarinnar og að auki opnum við stórglæsilega verslun með mikið af fallegum vörum. Hægt er að fara í prufutíma gegn vægu gjaldi auk þess sem tehúsið verður sneisafullt.

**Dagskrá í sal:**

**14:00** fyrirlestur um mátt bænarinnar
**15:00** og **17:00** kynning á Ljósheimaskóla
**16:00** fyrirlestur með myndum um námsferð til Egyptaland
**17:30** hugleiðsla með tíbetskum söngskálum

Ljósheimar, Brautarholti 8, 2. hæð t.v.
www.ljosheimar.is
sími 551-0148

**Verið öll hjartanlega velkomin!**


# SJÓNARHORN




Þessi viðkunnanlegi götulistamaður lék á nikkuna sína viðskiptavinum Kjöthallarinnar til ómældrar ánægju.
Fréttablaðið/Hörður




## Kvennakór Hafnarfjarðar óskar eftir kórkonum!

Fyrir konur í Hafnarfirði og nágrenni sem vilja taka þátt í skemmtilegu og gefandi kórstarfi þar sem spennandi verkefni eru framundan. Æft er í nýjum salarkynnum Flensborgarskóla.

Stjórnandi kórsins er Hrafnhildur Blomsterberg.
Undirleikari er Antonía Hevesi.

**Skráning fer fram dagana**
5. sept. kl: 20-21 og 6. sept kl. 19-20
Gengið inní nýbyggingu Flensborgarskóla

**Allar nánari upplýsingar veita:**
Helga Sveinsdóttir í síma 565 4821 - 897 4821
og Steiney Halldórsdóttir 565 0431 - 699 6361
eftir kl: 16.30

KVENNAKÓR HAFNARFJARÐAR Stofnaður 1995


## VISSIR ÞÚ...

... að ungverska greifynjan Elizabeth Bathori er talin vera versta morðkvendi sögunnar? Á ofanverðri fimmtándu öld er talið að hún hafi myrt meira en sex hundruð meyjar til að drekka úr þeim blóð og baða sig upp úr því til að viðhalda æskublóma sínum. Þegar upp komst um hana árið 1610 var hún lokuð inni í kastala sínum allt til dauðadags 1614.

... að SPH v-5400 farsíminn frá Samsung hefur mesta minni farsíma? Síminn sem kynntur var í september 2004, hefur 1,5 GB minni. Þetta er fyrsti síminn með sinn eigin harða disk.

... að í miðju dulstirnisins SDSS J1148+5251 er fjarlægasta svarthol sem vitað er um? Rauðvik þessa dulstirnis er 6,41 sem þýðir að það er í þrettán milljarða ljósára fjarlægð frá jörðu. Athuganir sem leiddu þetta í ljós voru gerðar með UKIRT-sjónaukanum á Hawaii og niðurstöðurnar voru kynntar 20. mars 2003.

... að stærsti loftsteinn í heimi fannst í Hoba West í Namibíu árið 1920 en hann mældist 2,7 m á lengd, 2,4 m á breidd og vó 59 tonn.

... að bandaríski mjóhundurinn Cinderella May A Holly Gray hefur stokkið hunda hæst? Cinderella, sem er í eigu Kathleen Conroy og Kate Long og þjálfuð af Lourdes Edlin og Sally Roth, stökk 167,6 cm. Risastökkið stökk hundurinn á hundasýning í Gray Summit Missouri í Bandaríkjunum 3. október 2003.

VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Af hverju er Plútó ekki lengur reikistjarna?




**PLÚTÓ** Stærð Plútós í samanburði við nokkra aðra himinhnetti í svokölluðu Kuiper-belti. Sumir þeirra hafa þegar verið flokkaðir sem dvergreikistjörnur en aðrir verða það ef til vill síðar. Hnötturinn sem hér er kallaður Kvavar nefnist Quaoar á ensku. Á myndinni kemur glöggt fram að Plútó er ekki stærstur af þessum hnöttum.

Þegar bandaríski stjörnufræðingurinn Clyde Tombaugh uppgötvaði Plútó árið 1930 töldu flestir að þar hefði fundist níunda reikistjarna sólkerfisins. Stjörnufræðingar komust þó fljótt að því að Plútó er talsvert frábrugðinn hinum átta. Hann er til dæmis miklu minni en nokkur önnur reikistjarna (minni en tunglið okkar!) og á braut sem er mun sporöskjulagaðri en annarra, það er að segja að brautin hefur meiri miðskekkju (e. eccentricity) eins og það heitir á máli stærðfræðinnar. Reyndar var Plútó lengi talinn stærri en hann er í raun og veru, eða þar til Karon, fylgihnöttur hans, fannst árið 1978.

### Engin vísindaleg skilgreining á reikistjörnu

Vegna þess að Plútó er svo ólíkur fyrri reikistjörnum sólkerfisins töldu margir stjörnufræðingar að ekki ætti að telja hann til þeirra. Ekki var þó til nein sérstök vísindaleg skilgreining á „reikistjörnu“ svo að erfitt var að meta eða rökræða hvort Plútó ætti heima í hópi þeirra. Orðið „planet“, sem þýðir reikistjarna, var upphaflega notað til að lýsa þeim fyrirbærum á himninum sem virtust reika meðal fastastjarnanna.

### Deilur um flokkun 2003 UB313

Á síðustu árum hafa fundist handan Neptúnusar fjölmargir hnettir sem eru bæði á svipaðri braut og Plútó og álíka stórir. Frægastur er líklega hnötturinn 2003 UB313 sem fannst árið 2003 og er stundum kallaður Xena. Meðal stjörnufræðinga voru skiptar skoðanir á því hvernig flokka ætti þennan nýfundna hnött, og skiptust menn í tvo hópa. Sumir vildu kalla 2003 UB313 tíundu reikistjörnu sólkerfisins af þeirri einföldu ástæðu að hann er stærri en Plútó, en aðrir vildu svipta Plútó reikistjörnutitlinum og fækka þeim niður í átta. Þessar deilur voru illleysanlegar þar sem engin skilgreining á reikistjörnu lá fyrir.

### Tillaga um fjölgun reikistjarna

Til tíðinda dró á 26. þingi Alþjóðasambands stjarnfræðinga sem haldið var í Prag í Tékklandi í ágúst 2006. Til undirbúnings hafði verið skipuð sérstök nefnd um málið á vegum sambandsins og lagði hún fram tillögu um skilgreiningu á reikistjörnum. Samkvæmt henni hefðu þrír hnettir bæst strax í hóp þeirra níu reikistjarna sem þegar voru þekktar. Þetta voru Seres, sem hingað til hefur verið talinn til smástirna (e. asteroids), Karon sem er í grennd við Plútó og útstirnið 2003 UB313. Hefði sú tillaga hlotið náð fyrir augum stjörnufræðinga hefði reikistjörnum sólkerfisins fjölgað úr níu í tólf og fjöldinn ef til vill náð hundraði ef ekki þúsundum innan nokkurra ára.

### Ný skilgreining

Tillagan var felld og ný skilgreining samin í staðinn. Sú skilgreining batt enda á 76 ára vist Plútós í þeim hópi sem menn kalla reikistjörnur. Samkvæmt henni verður himinhnöttur að uppfylla þrjú skilyrði til að geta talist reikistjarna: Hann verður að vera á braut um sólina, hafa nægilegan þyngdarkraft til að vera því sem næst hnattlaga og hafa fjarlægt allt efni í næsta nágrenni við braut sína.

### Átta reikistjörnur

Plútó er ekki ráðandi fyrirbæri á braut sinni um sólina og deilir henni með öðrum fyrirbærum, til dæmis Karon og Neptúnusi. Plútó uppfyllir því ekki þriðja skilyrðið og telst ekki lengur reikistjarna. Þar af leiðandi eru nú taldar átta reikistjörnur í sólkerfi okkar: Merkúríus, Venus, jörðin, Mars, Júpíter, Satúrnus, Úranus og Neptúnus. Skilgreiningin er þannig úr garði gerð að ólíklegt er að reikistjörnurnar verði nokkurn tímann fleiri en átta.

### Plútó tilheyrir nýjum flokki dvergreikistjarna

Á þingi Alþjóðasambands stjarnfræðinga var einnig samþykkt að skilgreina nýjan flokk svokallaðra dvergreikistjarna (e. dwarf planets). Til þess að teljast dvergreikistjarna þarf fyrirbæri aðeins að uppfylla tvö af þessum þremur skilyrðum: Það verður að vera á braut um sólina og því sem næst hnöttótt. Auk þess má dvergreikistjarnan hvorki vera reikistjarna né tungl.

Plútó uppfyllir öll þessi skilyrði og er því dvergreikistjarna. Þessum hópi tilheyra líka tveir aðrir hnettir, 2003 UB313 og Seres. Nú þegar eru þekktir tugir hnatta sem gætu talist dvergreikistjörnur og því má búast við að sá hópur stækki mjög hratt á næstu árum.

### Plútó sjálfur hefur ekkert breyst!

Þegar öllu er á botninn hvolft skiptir þó litlu máli hvernig fólk skilgreinir hina og þessa hnetti í sólkerfinu. Það er einstaklega heillandi og spennandi staður hvort sem reikistjörnurnar eru átta, níu eða tólf talsins. Það sem öllu máli skiptir er að læra um hnettina sjálfa, hvort sem þeir kallast tungl, reikistjörnur eða eitthvað annað, því nóg er af töfrandi stöðum í sólkerfinu. Plútó sjálfur hefur til dæmis ekkert breyst við það að íbúar jarðarinnar velti því fyrir sér hvernig þeir vilji flokka hann sér til hægðarauka.

*Sævar Helgi Bragason, eðlisfræðinemi*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvaða dýr valda mestum mannskaða með beinum árásum ef frá eru talin skordýr? Hvað getið þið sagt mér um stjörnuávöxt? Hvernig dó Napóleon? Hvað er landafræði? Hvað er vitað um Paul Josef Göbbels áróðursmálaráðherra ríkisstjórnar nasista? Hvers vegna er kríuvarp svo algengt við mannabústaði eða íbúðabyggð? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

NÝTT & FERSKT
HÉR & NÚ




*Selma Ragnarsdóttir hannaði þjóðbúning 21. aldarinnar á Ásdísi Svövu*




*Ein stór og fræg fjölskylda í 20 ára afmæli Bylgjunnar*




*KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA*





**BYSSAN MUNDUÐ** Búið að finna hjörðina og þá er að ná miði. Leiðsögumaðurinn Siggi á Vaðbrekku kom þeim Pálma og Georg upp á Jökuldalsheiði og í tæri við feita tarfa.

# Spaugari og forstjóri fella feita tarfa

Stórleikarinn **Pálmi Gestsson** og **Georg Lárusson,** forstjóri Landhelgisgæslunnar, voru á ferð fyrir austan á Jökuldalsheiði um síðustu helgi við hreindýraveiðar. Hinn magnaði **Siggi á Vaðbrekku** var leiðsögumaður þeirra enda felldi Georg sitt fyrsta dýr, 93 kílóa tarf, og Pálmi lagði risatarf – 102 kíló.

Svo stóðum við Goggi generáll í líkflutningum heim að austan. Með þetta pakkað í teppi. Kjötið. Skrokkana tvo,“ segir Pálmi Gestsson leikari og veiðimaður – og skellihlær.

Pálmi er ekki að lýsa því sem gæti verði æsispennandi sakamál heldur þegar hann og Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, komu suður um síðustu helgi af Jökuldalsheiðinni með tvo væna hreindýrstarfa í bílnum.

Georg var að skjóta sitt fyrsta dýr og segir engum blöðum um það að fletta að hreindýraveiðar séu toppurinn á veiðimennskunni. Hefur Georg þó lagt stund á nánast alla hugsanlega veiði, bæði fugl og fisk, frá því hann man eftir sér.

„Það getur verið sport að þreyta lax til dæmis en ekki hægt að bera þetta saman. Þetta er alvöru veiðimennska,“ segir Georg.

**Tárast yfir góðri hreindýrasteik**

Pálmi var að fella sitt annað dýr, að þessu sinni 102 kílóa tarf.

„Ég sé það núna þegar ég ber saman krúnurnar að hitt dýrið, sem þótti vænt, hefur verið hálfgerður bjálfi, eins og sagt er, í samanburði.“

Pálmi hugsar sér gott til glóðarinnar. „Eftir að gert hafði verið að dýrunum í aðstöðu sem Siggi er með að Vaðbrekku tók snillingurinn Davíð bróðir kjötiðnaðarmaður á móti okkur og gerði snilldarlega að hverri steikinni á fætur annarri. Þetta er besti matur hugsanlegur. Maður bara tárast þegar þetta bráðnar uppi í manni.“

**Leiðsögumaður ekki af þessum heimi**

Siggi, sem Pálmi kallar svo, er Sigurður Aðalsteinsson, hreindýraleiðsögumaður og ritstjóri – jafnan kallaður Siggi á Vaðbrekku þar eystra. Siggi fór með þá leikarann og forstjórann upp á Jökuldalsheiði þar sem frést hafði af tarfahópi. Pálmi sparar hvergi lýsingarorðin þegar hann talar um leiðsögumanninn.

„Varla af þessum heimi. Þvílíkur snillingur og þekkir þetta allt eins og handarbakið á sér. Hann er eins og hreindýrin. Nusar bara út í loftið. Og veit þá allt. Þegar menn voru búnir að ganga sig upp að hnjám með blóðbragðið í munni – þá byrjaði hann að hlaupa. Þindarlaus eins og tófa.“

Þetta er í annað sinn sem Pálmi fer til hreindýraveiða og segir hann ferðina ekki síður hafa verið ævintýraför að þessu sinni. Hann fékk ekki úthlutað dýri síðasta ár og var orðinn langeygur eftir að komast til að fella dýr. Friðlaus.

**Pálmi fellir risatarf**

Siggi á Vaðbrekku fór með félagana að sunnan upp á heiðina hjá bænum Hákonarstöðum. Og fljótlega fundu þeir tarfahóp, 21 dýr að tölu. „Og þar voru í þrír áberandi höfðingjar,“ segir Pálmi.

„Það getur verið vesen að finna dýrin en þegar það er búið þá byrjar skákin.“

Koma verður að dýrunum áveðurs svo þau finni ekki af veiðimönnunum lyktina en hreindýr treysta ekki síst á lyktarskynið. Og eru ljónstygg.

„Við komumst í færi. Eða þannig. Veltum því fyrir okkur hvort það væri of langt. En það varð úr að ég tæki fyrsta skotið. Og fljótlega felldi ég minn tarf af 270 metra færi í einu skoti. 102 kíló og held ég að telja megi á fingrum annarrar handar þá tarfa sem felldir hafa verið í sumar og eru yfir hundrað kíló. Stór og öflugur tarfur. Jájá, risatarfur.“



**VONGLAÐIR VEIÐIMENN** Georg og Pálmi ásamt hinum magnaða leiðsögumanni – Sigga á Vaðbrekku.

*„Þegar menn voru búnir að ganga sig upp að hnjám með blóðbragðið í munni – þá byrjaði Siggi að hlaupa. Þindarlaus eins og tófa.“*

**Milli örvæntingar og spennu**

„Já, það er lukka yfir honum Pálma,“ segir Georg. Því nú var komið að forstjóranum að fella sitt dýr. Og eftir skot Pálma („hreint og gott skot“) kom styggð vitanlega að dýrunum. Sem kostaði langan eltingaleik við dýrin sem tók margar klukkustundir og Georg lýsir sem spennuþrunginni þolraun.

„Þetta var rosalega gaman. En tók á. Ég verð að viðurkenna það. Ég hljóp á eftir heljarmenninu Sigurði yfir urð og grjót – mýrar og móa, en við misstum dýrin lengst inn á heiði. Oft var ég kominn að því að gefast upp. Og var farinn að binda við þetta þær einu vonir að lifa af. Þá sagði ég við sjálfan mig: Georg, þú lætur það ekki spyrjast um þig að þú hafir gefist upp á hreindýraveiðum.“

Áfram var því barist í mikilli spennu – sveiflast milli spennu og örvæntingar. Þegar sást í hornin yfir hæð var tekið að skyggja. Síðasti séns. Og þá kom adrenalínkikk eins og Georg segir.

„Þegar við loks komumst í færi, bak við stein eftir að hafa skriðið að hópnum í hálftíma, var að duga eða drepast. Ef þetta klikkaði átti ég engra kosta völ aðra en flytja úr landi. Enginn tími til að setja upp statíf. Ég skellti því byssunni niður, hélt niðri í mér andanum, miðaði og lét vaða. Hitti dýrið í hjartastað,“ segir forstjóri Landhelgisgæslunnar.

**Báðir fengu væna tarfa**

Georg skaut dýrið, sem hann hafði verið að eltast við klukkutímum saman, af um 200 metra færi. 93 kílóa tarf sem telst gott. Hann segist sannarlega ætla að sækja um leyfi að ári. Þetta sé mögnuð veiði án hliðstæðu. Óviðjafnanleg.

Sigurður á Vaðbrekku segir þá félaga hafa staðið sig með ágætum. Vanir veiðimenn.

„Þeir fengu báðir mjög væna tarfa. Algengasta stærðin í flokki stórra tarfa er 90 kíló,“ segir Siggi og telur Pálma og Georg geta vel við unað.

Hreindýraveiðitímabilið stendur frá 1. ágúst til 15. september. Það er því rúmlega hálfnað en veiða má 909 dýr að þessu sinni. Sigurður gerir ekki ráð fyrir öðru en að sá kvóti veiðist eins og venjulega þrátt fyrir fréttir um að ekki hafi verði felldur nema tæpur helmingur kvótans.

jakob@frettabladid.is



**VEIÐIFÉLAGAR** Forstjórinn og leikarinn ánægðir en þarna hefur Pálmi skotið sinn tarf.


Þú ert á
Bónus hamborgarhryggur
KÍLÓVERÐ:
898 KR.
Merkt verð 998KR.
Bónus hamborgarhryggur
ALI BEIKON
1203 kg KR.
Merkt verð 1719KR.
30% afsláttur við kassann
10 EGG
399 KR.
VISTVÆN
10 EGG í bakka
Vistvæn brún egg
Frosin hindber, hálft kíló
FROSIN HINDBER
198 KR.
500g
Forbökuð og fersk brauð *Ilmur í eldhúsið!
2 bagúettur
39 KR.
300g
Taktu lífinu létt!
6 SMÁBRAUÐ
39 KR.
300g
2 bagúettur 300g * 6 smábrauð 300g
Heilt kíló af frosnum jarðarberjum
FROSIN JARÐARBER
198 KR.
KÍLÓVERÐ
1 KÍLÓ
26 sneiðar
1 lítra brúsi
129 KR.
Heilt kíló af frosnum skógarberjum
1 kíló SKÓGARBER
298 KR.
KÍLÓBRAUÐ
98 KR.
BÓNUS KORN
Ferskur Bónus appelsínusafi
SKÓLA OSTUR
OSTA OG SMJÖRSALAN SF.
20% LÆGRA VERÐ
Kílóverð nú:
773 KR.
Verð áður 967kr.
SKÚFFUKAKA
198 KR.
400g
Bónus skúffukaka, 400g


réttri opnu!
KJÚKLINGABRINGUR
-frosnar danskar í 900g pokum-
Fanta
98
KR.
2 lítrar
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR 900g
1398
KR.
900g poki
FROSNAR UNGNAUTALUNDIR
2499
KR.
KÍLÓVERÐ
Komið aftur!
EKKERT BRUÐL
NÝSJÁLENSKAR FROSNAR UNGNAUTALUNDIR
Allt að 40% lægra verð en á íslenskum nautalundum
VATNSMELÓNUR
GULAR MELÓNUR
69
KR.
KÍLÓVERÐ
Kílóverð:
259
KR.
Steinalaus amerísk vínber
www.bonus.is
BÓNUS



# Sveitarstjórinn sem nærist á glamri og gríni

Ekki er það svo að tómið gleypi þingmenn þegar þeir fara af þingi og hverfa frá kastljósi fjölmiðlanna. Þó að **Ísólfur Gylfi Pálmason** sakni að mörgu leyti hasarsins á Alþingi væsir ekki um hann á Flúðum í Hrunamannahreppi. *Jón Sigurður Eyjólfsson* spjallaði við þennan gamansama sveitarstjóra um þingmennskuna, tónlistina og lífið á Flúðum.



**TROMMARINN RASAR ÚT** Ísólfur segir það nauðsynlegt að fá útrás á trommunum eftir sveitarstjórnarerilinn. Þarna sleppir hann fram af sér beislinu eftir erilsaman dag. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Ísólfur Gylfi fór inn á þing fyrir Framsóknarflokkinn árið 1995 og sat tvö kjörtímabil, þar til hann datt út eftir kosningarnar 2003. Það ár tók hann við sveitarstjóraembættinu í Hrunamannahreppi en í síðustu sveitarstjórnarkosningum bauð hann sig fram í fjórða sæti á lista Framsóknarflokksins í Rangárþingi eystra, þar sem hann var sveitarstjóri áður en hann fór á þing. Litlu munaði að Ísólfur Gylfi næði inn en Framsóknarflokkurinn fékk nær helming atkvæða. Hann segist ekki útiloka að bjóða sig fram til þings í kosningunum á næsta ári þó hann kunni vel við sig á Flúðum. Síðastliðinn vetur hefur verið nokkuð annasamur hjá varaþingmanninum Ísólfi Gylfa, sem kom inn í stað Hjálmars Árnasonar sem átti við veikindi að stríða í vetur.

## Líf og fjör á þinginu

„Ég kunni afskaplega vel við mig í þingmennskunni,“ segir Ísólfur Gylfi á lítilli en snoturri skrifstofu sveitarstjórans á Flúðum. „Það var venjulega líf í tuskunum og nóg um að vera. Það sem mér þótti þó verra við þingmennskuna var að vera eins konar almenningseign og verða að kunna skil á öllu milli himins og jarðar, því annars verður fólkið hissa ef maður kann ekki alla hluti utanbókar. Það eru margir sem átta sig ekki á því að þingmenn hafa sín sérsvið.“

Stundum hefur það verið sagt að Alþingi hafi ekki lengur á jafn litríkum persónum að skipa og áður. Einnig hafa sumir komist þannig að orði að síðasti sjarmörinn sé kominn af þingi. „Það getur verið að eitthvað sé til í þessu,“ segir Ísólfur Gylfi. „En við verðum líka að hafa það hugfast að þingið er þverskurðurinn af þjóðfélaginu og þjóðfélagið er nú bara orðið þannig í dag að það má enginn vera öðruvísi. Ef barn er örlítið innskeift eða skrollar þá eru strax komnir sérfræðingar til að laga það,“ segir hann og hlær við. „Svo það er kannski búið að fletja mannflóruna svolítið út og þingheim þá í leiðinni. En það eru þó mjög góðar týpur núna á þinginu rétt eins og áður. Ég bíð þó með það að segja frá þessum týpum, ég geri það kannski þegar ég gef út æviminningar mínar á seinni hluta þessarar aldar,“ segir Ísólfur Gylfi og hlær við.

*„Því er náttúrlega ekki að neita að aðrir eru að sækja inn á miðjuna og þrengja að okkur, vilja syngja í sömu tóntegund og við. En svo þurfum við líka að samhæfa söng okkar framsóknarmanna; það þýðir ekkert að vera með einhverjar hjáróma raddir úti í sal.“*

## Sló KK ref fyrir rass í tónlistinni

Þingmennskubakterían er ekki sú eina sem hrellt hefur sveitarstjórann í Hrunamannahreppi. Tónlistarbakterían gerir það að verkum að hann eggjar fólk til að spila og syngja með sér hvar sem hann kemur. Meira að segja þingheimur fór ekki varhluta af þessari bakteríu Ísólfs Gylfa. Hann spilaði á bassa í þingmannabandinu með þeim Sturlu Böðvarssyni, Magnúsi Stefánssyni, Árna Johnsen og Gísla S. Einarssyni, bæjarstjóra á Akranesi.

„Ég spila á gítar, bassa og trommur,“ segir hann og tekst allur á loft þegar þetta áhugamál hans er rætt. „Ég er einmitt með trommusettið á stofugólfinu og það er afskaplega gott að fá útrás á því. Ég spilaði nú síðast í hádeginu, þess vegna er ég svona endurnærður,“ segir hann og hlær. „En ég hef ekki aðeins spilað með þingmönnum því ég spilaði með Sigga Björns sem nú er landsþekktur trúbador. Svo hef ég stundum montað mig af því að ég komst í skólahljómsveitina á Núpi í Dýrafirði þegar ég var þar og þá skaut ég sjálfum KK ref fyrir rass en hann komst ekki í bandið. Síðan hefur reyndar leið hans legið upp á við í bransanum en mín niður á við.“

Tvær landsþekktar hljómsveitir hafa tekið upp hljómdiska sína á Flúðum enda hefur Árni Hjaltason veitingamaður í Útlaganum, sem er sveitakráin á Flúðum, gert vel við fjölmarga tónlistarmenn sem leita í kyrrðina á Flúðum. Sveitarstjórinn stóðst ekki mátið að láta til sín taka á meðan á þeim upptökum stóð. „Það voru hljómsveitirnar Hjálmar, ekki Árnason heldur bara Hjálmar og svo Baggalútur. Ég gaukaði nú að þeim í Hjálmum textanum að laginu Ég þarf að fá mér kærustu og viti menn; það rataði á diskinn.“

Ísólfur Gylfi syngur einnig í Karlakór Hreppamanna og þegar hann er spurður um ófarir Framsóknarflokksins að undanförnu bregður hann fyrir sig myndlíkingu úr tónlistarheimnum. „Því er náttúrlega ekki að neita að aðrir eru að sækja inn á miðjuna og þrengja að okkur, vilja syngja í sömu tóntegund og við. En svo þurfum við líka að samhæfa söng okkar framsóknarmanna; það þýðir ekkert að vera með einhverjar hjáróma raddir úti í sal.“

## Það er mikið hringt ...

En hvernig tók fólkið í Hrunamannahreppi fyrrum þingmanninum þegar hann kom fyrir þremur árum til að taka um stjórnartaumana? „Ég er óskaplega þakklátur fyrir það hvað fólk tók mér vel. Það veit það ef til vill að þó að sveitarstjórinn sé pólitískt merktur er það hlutverk hans að þjóna fólkinu og ég geri ekkert upp á milli manna, hvar sem þeir standa í pólitík.

Ég get ekki sagt að ég hafi fengið einhver þung skot á mig en sem betur fer er þó gert grín að mér á þorrablótum og við slíkt tækifæri, skárra væri það nú. Það væri nú leiðinlegt að vera sveitarstjóri í samfélagi þar sem enginn gerir grín að manni. Það minnir mig á það að þegar ég var kennari á Bifröst í gamla daga og allir voru hættir að gera grín að mér síðasta veturinn, þá fannst mér rétt að fara að hætta þessu og hætti eftir sex ára kennslu.“ Spurður hvað menn tíni til þegar grínast er á kostnað sveitarstjórans segir hann að vaxtarlagið kom oft við sögu. „Enda er ég lítill og samanrekinn. En aðrir hafa meira hugmyndaflug eins og félagar mínir í sundhópnum Vinir Dóra sem hittast reglulega í Vesturbæjarlauginni. Þó ég sé vel syntur á bringu, bak og fleira og með kennarapróf frá Íþróttakennaraskóla Íslands eru þeir alveg vissir á því að ég hafi lært til íþróttakennara í bréfaskóla SÍS og ASÍ.“

Sjálfur er Ísólfur Gylfi óspar á grínið, til dæmis svaraði hann eftirminnilega þegar hann var inntur eftir því hvort hann hygði á framboð í forystuhlutverk í Framsóknarflokknum: „Það er mikið hringt ... en þó aðallega út af öðru.“

## Gaman í Gullhreppnum

Ísólfur Gylfi kann vel við sig í Hrunamannahreppi. „Þetta er oft kallaður Gullhreppurinn enda eru 80 prósent af öllu grænmeti landsins ræktuð hér. Hér er grunnskóli með 200 nemendur, sem er nokkuð merkilegt fyrir svona fámennt sveitarfélag sem telur um 800 manns. En við erum einnig í samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp varðandi elstu bekki grunnskólans. Svo er mikill uppgangur hérna og kraftur í fólkinu enda hefur það nóg að gera í frítíma sínum. Hér er mikið um hestamennsku og golf er hálfgerð skyldugrein hérna enda eru tveir golfvellir í sveitarfélaginu og geri aðrir betur.“

Það er völlur á sveitarstjóranum þegar hann gengur um bæinn og heilsar þeim sem á vegi hans verða og ganga þá jafnan gamanyrði á víxl. Hlutverki sveitarstjórans virðist fara honum svo vel að blaðamaður kemst ekki hjá því að hugsa sem svo að Ísólfi Gylfa hljóti að þykja afskaplega gaman á þingi ef hann er til í að láta þetta hlutskipti af hendi fyrir karpið á Austurvelli. ■

# Leikur undir hjá verstu söngkonu í heimi

**Stefán Hallur Stefánsson** er nýútskrifaður leikari sem þegar hefur fengið fastráðningu við Þjóðleikhúsið. Hallur, eins og hann er gjarnan nefndur, vakti mikla athygli fyrir verkið Penetreitor, sem leikhópurinn hans Vér morðingjar setti upp. *Kristján Hjálmarsson* ræddi við Hall um leikhúslífið, fyrstu hlutverkin í Þjóðleikhúsinu, ástarsamband á röngum forsendum og framtíðina.



**LEIKARINN** Fyrsta hlutverkið í Þjóðleikhúsinu verður að leika undir hjá verstu söngkonu í heimi.

„Ég tek þrjú verkefni í Þjóðleikhúsinu og fæ þannig sjálfkrafa fastráðningu í eitt ár. Fyrsta hlutverkið er í leikriti um Florence Foster Jenkins, sem hefur verið kölluð versta söngkona í heimi," segir Hallur, sem mun fara með hlutverk undirleikara söngkonunnar í verkinu. Florence þessi komst ansi langt miðað við þá litlu sönghæfileika sem hún bjó yfir og var hápunkturinn á ferlinum þegar hún söng fyrir um fimm þúsund manns í Carnegie Hall. Það kemur í hlut Ólafíu Hrannar að túlka söngkonuna. „Verkið fjallar um ævi þessarar söngkonu, sem hefur þennan vafasama titil, og er byggt á sannsögulegum heimildum. Við fáum að njóta söngs Florence en ég eyddi einmitt sumrinu í að hlusta á hana og er að verða bilaður," segir Hallur hlæjandi.

Leikarinn nýútskrifaði kunni lítið sem ekkert á píanó áður en hann hóf að undirbúa sig fyrir undirleikinn, en hefur hlotið góða ráðgjöf hjá Jóhanni G. Jóhannssyni, tónlistarstjóra Þjóðleikhússins, og hjá Matthildi Önnu Gísladóttur, tónlistarnema við Listaháskóla Íslands. „Þetta eru nú allt litlar aríur og ég býst ekki við að spila sjálfur á píanóið. Ég hef aðallega verið að kynnast hljóðfærinu og læra hvernig ég á að bera mig að við það."

### Undirleikur og guðdómleikur

Hin verkefnin tvö sem liggja fyrir hjá Halli eru verkin Leg eftir Hugleik Dagsson, sem fjallar um ólétta táningsstelpu, og Bakkynjur, sem er grískur harmleikur og jólasýning Þjóðleikhússins. Þar bregður Hallur sér í hlutverk guðsins Díónýsosar. Leikstjóri Bakkynja er Giorgos Zamboulakis, sem sá um radd- og grímuleikstjórn og sviðshreyfingar í Mýrarljósi, en hann fær hjálp frá Thanos Vovolis og Ernu Ómarsdóttur dansara við að koma verkinu upp.

„Leikferillinn fer því nokkuð vel af stað hjá mér. Það sama á í raun um alla bekkjarfélaga mína sem flestir eru komnir með vinnu hjá stóru leikhúsunum og þeir sem eru ekki komnir með vinnu þar eru að setja upp sína eigin hluti. Þó að nýútskrifaðir leikarar fari ekki strax inn í leikhúsin eru alls konar spennandi hlutir að gerast," segir Hallur, en hans bíða fjölbreytt verkefni í vetur, allt frá undirleik til guðdómleiks. „Það verður gaman að kynnast hlið stóru leikhúsanna og ég hlakka til að takast á við hlutverkin enda eru þau mjög spennandi."

### Fleiri dyr að opnast

Leikaranum unga finnast nýir og spennandi hlutir vera að gerast í íslensku leikhúslífi. „Mér finnst Þjóðleikhúsið til dæmis vera að gera góða hluti, með nýjum leikhússtjóra og með nýjum áherslum. Svo er það líka Leikfélag Akureyrar. Þar er landsbyggðin að koma sterk inn og það eru skemmtilegir hlutir að gerast þar."

„Ég er mjög þakklátur fyrir að fá að koma inn í leikhúsið á þessum tíma og fá þessar rullur og ábyrgðina sem þeim fylgir. Það virðist vera mikill uppgangur í leikhúslífinu og þar sem við bekkjarfélagarnir erum flest allir að vinna hörðum höndum, virðist vera eftirspurn eftir leikurum og þar af leiðandi framboð af áhorfendum." Spurður hvort þessari eftirspurn eftir leikurum sé meðal annars sjálfstæðu leikhópunum að þakka segir Hallur: „Það má vel vera. En það hafa alla vega verið að opnast nýjar hliðar í leikhúsinu. Leikhópurinn okkar, Vér morðingjar, var til dæmis stofnaður þar síðasta sumar í kringum Nýsköpunarsjóð. Þá fengum við styrk til að rannsaka hvort leikarar gætu unnið með geðsjúkum og öfugt og það gekk svo vel að við héldum sýningunum áfram. Við fengum líka góða dóma frá krítíkerum sem og fagfólki og fólki með geðsjúkdóma," segir Hallur og heldur áfram. „Það eru líka fleiri dyr að opnast, til dæmis með Nýsköpunarsjóði og Hinu húsinu. Hitt húsið hjálpaði mér að stofna fyrsta áhugaleikhópinn minn. Slík starfsemi hjálpar alltaf til og það mætti kannski leggja meiri rækt við grasrótina. Mér sýnist þetta líka að vera að byrja fyrr, því nú eru krakkar ekki nema rétt nýskriðnir út úr framhaldsskóla þegar þau byrja með leikhópa. Þá eru líka komnar nýjar brautir, eins og Fræði og framkvæmd í Listaháskólanum, sem ýtir undir það að fólk fari á aðrar brautir en þær „hefðbundnu"."

### Á svipuðum stað eftir fimm ár

Hallur segist ekki vera það reyndur í íslensku leikhúslífi að hann geti lagt mat á það hvað betur megi fara þar. „Eins og gamall kennari sagði við mig. „Maður verður ekki leikari fyrr en eftir fimm ár á stóru sviði." Það er kannski eitthvað til í þessu því þar fær maður vinnuna beint í æð. Fólk er í vernduðu umhverfi í skólanum en sjálfstæðu sýningarnar koma manni kannski betur í samband við það sem maður vill vera. En ef ég á að svara spurningunni kýs ég að gera það eftir fimm ár."

En hvar verður Hallur þá eftir fimm ár? „Vonandi verð ég að vinna við það sem mér finnst skemmtilegast, sem er að vinna með góðu fólki, í krefjandi verkefnum og að því sem ég hef gaman af. Ég vona því að ég verði á svipuðum stað eftir fimm ár og ég er nú, hvort sem það verður í atvinnuleikhúsinu eða á öðrum vettvangi."

### Afgangar

Að minnsta kosti tvær sýningar eru eftir af Penetreitor, tvo næstu sunnudaga, en í gær frumsýndi Hallur verkið Afganga, eftir Agnar Jón Egilsson sem jafnframt leikstýrir verkinu. Í verkinu leikur Hallur á móti Elmu Lísu Gunnarsdóttur. „Það er búið að búa til svartan leikhúskassa á efri hæðinni í Austurbæ fyrir þetta verk. Ég og Elma Lísa höfum áður unnið saman í verkinu Ritskoðarinn eftir Anthony Nilson, þann sama og skrifaði Penetreitor. Í þessu verki förum við í gegnum sambandsferli tveggja einstaklinga sem hófu ástarsamband á röngum forsendum. Áhorfendur fylgjast síðan með því hvert það leiðir," segir Hallur. „Það fjallar um mannlegar tilfinningar og samskipti kynjanna. Þetta er tveggja manna mjög intensíft leikarastykki."

### Hallur og Björn

Leikararnir Stefán Hallur Stefánsson og Björn Thors eru miklir mátar. Þeir kynntust í leikfélagi Menntaskólans við Hamrahlíð, þar sem þeir sátu báðir í stjórn og tóku þátt í að setja upp nokkrar sýningar. Saman unnu þeir söngvakeppni framhaldsskólanna þegar þeir sungu lag með hljómsveitinni Bee-Gees, berir að ofan og klæddir slönguskinnsbuxum.

„Þar bundumst við eilífðar vináttuböndum," segir Hallur. „Við höfum verið að bardúsa eitt og annað og erum að leggja drög að nánara samstarfi. Björn hefur bara verið svo upptekinn undanfarið og ég hef verið í skólanum en nú ætlum við að rotta okkur saman og fara að gera eitthvað skemmtilegt."





**DAVID OG VICTORIA BECKHAM?** Nei, ekki alveg. Þessi mynd var tekin í London í síðustu viku þegar verið var að kynna glænýjan ilm sem ber heitið „Intimately“. Í stað þess að mæta sjálf á staðinn ákváðu Beckham-hjónin að senda tvífara sína til að kynna ilminn, hundruðum aðdáenda sem mættu á svæðið til mikilla vonbrigða. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Er Beckham búinn að vera?

Mótlætið sem David Beckham hefur mátt þola það sem af er ári getur ekki aðeins haft ófyrirsjáanleg áhrif á síðustu ár hans sem knattspyrnumaður heldur ekki síður á það vörumerki sem nafn hans er orðið að. Vignir Guðjónsson kynnti sér „Brand Beckham“, eins og það er kallað ytra, og velti fyrir sér þeim möguleikum sem Beckham hefur í stöðunni.

Síðustu vikur og mánuðir hafa ekki verið þeir bestu fyrir David Beckham, þekktasta knattspyrnumann veraldar og tískumógúl með meiru. Í upphafi árs var það gefið út að Ronaldinho hefði hirt af honum toppsætið á lista yfir tekjuhæstu fótboltamenn heims; lista þar sem Beckham hafði borið höfuð og herðar yfir aðra allt frá því að hann gekk í raðir Real Madrid sumarið 2003. Undir forystu Beckhams olli enska landsliðið miklum vonbrigðum á HM í Þýskalandi og eftir að hafa kastað frá sér fyrirliðabandinu að móti loknu, því eina sem hélt Beckham í enska hópnum öll þessi ár að margra mati, komst nýi þjálfarinn Steve McClaren að þeirri niðurstöðu að Beckham væri einfaldlega ekki nógu góður til að spila fyrir England.

Á undirbúningstímabilinu fyrir nýhafna fótboltavertíð á Spáni var Beckham jafnan varamaður í æfingaleikjum Real Madrid. Í hans stöðu á hægri vængnum hefur verið Cicinho frá Brasilíu, sem er hægri bakvörður að upplagi. Og nú síðast ákvað Gillette, sem gerði auglýsingasamning við Beckham fyrir nokkrum árum að andvirði 40 milljónir punda, að hætta við fyrirhugaðar sjónvarpsauglýsingar fyrir nýju Fusion-rakvélarlínuna þar sem Beckham átti að vera í aðalhlutverki.

„Ákvörðunin hafði ekkert með Beckham að gera. Við vildum frekar leggja áhersluna á vöruna sjálfa.“ Þannig hljómaði aumkunarverð tilraun frá talsmanni Gillette til að afsaka fjarveru Beckhams í sjónvarpsauglýsingunum. „Við vildum þess í stað einbeita okkur að því að nota andlit Beckhams á annan hátt, eins og t.d. á stærstu veggspjöldunum,“ hélt talsmaðurinn áfram. Einmitt.



**FJÖLSKYLDAN SELUR** Sérfræðingar segja að það myndi gera Beckham afar gott að eignast eitt barn í viðbót og þá yrði best ef hann myndi eignast stelpu í það skiptið. Hér sést Beckham ásamt Brooklyn og Romeo, tveimur af þremur sonum sínum, en á myndina vantar þann yngsta, Cruz. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

### Fjölskyldan selur

Mikið hefur verið rætt og skrifað um möguleg eftirköst hnignandi ferils Beckhams sem knattspyrnumanns. Hvaða áhrif hefur allt mótlætið á vörumerkið „David Beckham“, sem fjölmörg fyrirtæki hafa fjárfest í fyrir tugi milljarða króna á síðustu árum? Ljóst er að sitt sýnist hverjum en flestir sérfræðingar hallast þó að því að Beckham-veldið haldi velli og jafnvel gott betur.

Breska blaðið Guardian birti í síðustu viku tvær greinar með nokkurra daga millibili sem báðar fjölluðu um David Beckham og ógæfu hans upp á síðkastið. Nálgun greinarhöfunda á viðfangsefnið var þó með ólíku sniði; önnur fjallaði um Beckham frá „fótboltalegu“ sjónarmiði og var skrifuð af íþróttafréttamanni á meðan hin var skrifuð af viðskiptablaðamanni og fjallaði að mestu um „The Beckham Brand“ eða vörumerkið sem Beckham er.

Í síðarnefndu greininni er því blygðunarlaust haldið fram að veldi Beckhams sé langt frá því að falla. Minnt er á að Beckham er tiltölulega nýlega búinn að koma á laggirnar fótboltaakademíu í hinum ört vaxandi markaði í Asíu sem á vafalaust eftir að gera honum kleift að eiga fyrir salti í grautinn eftir að ferlinum sem leikmaður er lokið.

Svo má auðvitað ekki gleyma spúsu hans Viktoríu, fína kryddinu í tilveru Beckhams sem gert hefur svo mikið fyrir ímynd hans. Því hefur meira að segja verið haldið fram að Viktoría sé í raun helsti hugmyndasmiðurinn á bak við „Brand Beckham“ eins og hugtakið nefnist á heimsvísu. „Það má alls ekki vanmeta mátt og áhrif Viktoríu,“ segir Andy Milligan, markaðsráðgjafi í Bretlandi og höfundur bókarinnar „Brand It Like Beckham“ sem kom út árið 2004.

Milligan segir jafnframt að ímynd Beckhams hafi færst frá því að snúast um fótboltann yfir í útlit hans, klæðnað og framkomu. „Beckham er ekki einn í þessu. Tugir manna starfa hjá því fyrirtæki sem nafn hans er og þar hafa menn að sjálfsögðu áttað sig á því að hann verður ekki knattspyrnumaður til eilífðar. Trúið mér, það eru til aðrar úrlausnir við að halda uppi nafni Beckhams en frammistaða hans á fótboltavellinum,“ útskýrir Milligan.

Ein tilgátan sem viðruð hefur verið í því sambandi snýr að fjölskyldu Beckhams og hvað það myndi gera fyrir ímynd hans ef hann eignaðist fjórða barnið. Og eins siðlaust og það hljómar þá segja sérfræðingar að það myndi a.m.k. ekki skemma fyrir ef það yrði stúlka.

### Mun njóta sín hjá Capello

Flestir fjölmiðlar og sérfræðingar virðast þó á einu máli um að viðbrögð Beckhams við mótlætinu inni á vellinum muni ráða mestu um velgengni vörumerkis hans á næstu árum. Og margir spá því að leikstíll og áherslur Real í ár, undir stjórn Fabio Capello, séu sniðin að þörfum Beckham.

„Beckham hefur alltaf verið dálítið villtur inni á vellinum. Kannski hefur enginn sagt honum hvar og hvert hann á að hreyfa sig,“ sagði Capello við spænska dagblaðið Marca fyrir skemmstu og varði Beckham fyrir gagnrýni blaðsins,



**NÆR HANN 100. LANDSLEIKNUM?** Markaðsfræðingar segja að ef Beckham nái að vinna sér sæti í enska landsliðinu á ný og spila sex landsleiki til viðbótar sé hann á grænni grein. Beckham og 100 landsleikir, þar sé komið slagorð sem selur. TEIKNING/GRAPHIC NEWS







**BRAND IT LIKE BECKHAM** 208 blaðsíður um „fyrirtækið“ David Beckham og hvernig útlit hans, stíll og framkoma hefur hjálpað honum að búa til eitt þekktasta vörumerki heims.

sem kallaði enska landsliðsfyrirliðann fyrrverandi „höfuðlausan kjúkling sem hleypur eins og stjórnlaus vitleysingur út um allan völl“. Enn fremur var fullyrt í grein Marca að Beckham hefði aðeins verið keyptur til félagsins til að selja treyjur.

„Ég hef tekið leikstíl hans í endurskoðun og hann er á réttri leið,“ bætti Capello við. Hann verðlaunaði Beckham síðan fyrir framfarirnar með því að hafa hann í byrjunarliðinu í fyrsta leik tímabilsins um síðustu helgi. „Er Beckham búinn að vera?“ spyr spænska dagblaðið El País. „Ekki möguleiki. Tímabilið í ár er fullkomið fyrir hann. Capello fer ekki fram á neitt frá honum annað en að fá boltann á hægri vængnum og gefa fyrir markið. Þangað er loksins kominn leikmaður sem getur skallað, Ruud van Nistelrooy,“ segir í nýlegri forystugrein blaðsins.

Milligan er á sömu skoðun og svo margir aðrir sérfræðingar. „Ef Beckham nær að snúa dæminu við, spila vel fyrir Real Madrid í vetur og vinna sér sæti í landsliðinu á ný, þá eru honum allir vegir færir. Hann á að baki 94 landsleiki og það er rétt hægt að ímynda sér hvað gerist ef hann nær að spila sex í viðbót. „100. landsleikur Beckhams“, þar ertu kominn með slagorð sem selur!“






# Dekraðu við bragðlaukana



Sparaðu 700 kr. kg.

LAMBAGEIRI
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU
2.498 kr. kg



Úr Fiskborði Nóatúns

Sparaðu 700 kr. kg.

SALTFISKUR
AÐ HÆTTI BÖRSUNGA
798 kr. kg

# Lambakjöt
## af nýslátruðu



Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBAHRYGGUR
1.398 kr. kg

LAMBALÆRI
1.198 kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBAGRILLLEGGIR
798 kr. kg


# VILTU HITTA DAVID BECKHAM

Kauptu kippu af 2L Pepsi eða Pepsi Max og þú gætir unnið ferð til Madrid á Spáni þar sem David Beckham og þjálfarar leiðbeina þér í fótbolta. Æfingin skapar meistarann !

**1. VINNINGUR:**
» Ferð til Madrid að hitta Beckham
» Tvær nætur á hóteli
» Allar máltíðir
» Allur ferðakostnaður
» Kennslustund og myndataka
» Bakpoki
» Fararstjórn og fylgd

PEPSI PEPSI MAX

**AUKAVINNINGAR:**
» 3000 Pepsi fótboltar







BADIA
EXTRA VIRGIN OLÍA
499 kr. 500ml.




SPAGHETTI,
FUSILLI EÐA FARFALLE
99 kr. stk.

TSZZZ



Hvúmm
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Úr Kjötborði Nóatúns
Sparaðu 900 kr. kg.
LAMBA RIB-EYE
ÚR KJÖTBORÐI
2.398 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Sparaðu 400 kr. kg.
GRÍSALUND
M. SÆLKERAFYLLINGU
2.398 kr. kg
Lífræn hollusta
Eden organic
niðursuðuvörur
25% afsláttur
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 1000 kr. kg.
LAMBALUNDIR
2.798 kr. kg
30% afsláttur
KRONFAGEL BRINGUR
1.598 kr. kg
LÚXUS HAMBORGARAR
598 kr. pk.
Íslenskt grænmeti og ávextir
5 á dag
...mmm NÓATÚN -hljómar vel!

MANNAKORN
ekki dauðir enn



**Útgáfutónleikar** verða á Stóra sviði Borgarleikhússins þann **5. september kl.20:00 og 22:00** og í Laugarborg, Eyjafjarðarsveit **6. og 7. september kl. 20:30**.

Í tilefni af 30 ára samstarfi Mannakorna kemur út tónleikadiskurinn **Ekki Dauðir Enn** þar sem öll bestu lög Mannakorna eru á einum frábærum geisladisk í mögnuðum útsetningum.

Upptökur voru gerðar í Salnum Kópavogi þar sem þeir Pálmi og Magnús fengu til liðs við sig valinkunna tónlistarmenn ásamt fjögurra manna strengjasveit.

Sérstakur gestur á tónleikunum verður hin unga og efnilega söngkona Hrund Ósk Árnadóttir sem m.a. sigraði í söngvakeppni framhaldsskólanna árið 2005 og söng þjóðhátíðarlagið sem Magnús Eiríksson samdi nú í ár.

sögur ÚTGÁFA




**Í samvinnu við...**

BORGARLEIKHÚSIÐ

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# STUÐ MILLI STRÍÐA Diaz Smiaz

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** ER SÁTT VIÐ SITT



Í vikunni varð ég þeirrar ánægju aðnjótandi að fá að passa ársgamlan son vinkonu minnar. Við spiluðum fótbolta, hlógum okkur máttlaus yfir blöðru og lásum síðan nokkur bókmenntastórvirki eins og Dýrin í sveitinni og Ég er ekki þreyttur. Loks þegar kauði var sofnaður settist barnfóstran örmagna í sófann og andvarpaði yfir amstri lífsins.

Sem alvöru barnapía fékk ég mér kók og nammi og horfði á þáttinn The Fabulous Life of Cameron Diaz. Ég var ekki lengi að sjá að líf ungfrú Diaz var nokk frábrugðið mínu. Rætt var við hina og þessa sem allir fullyrtu að líf ungfrú Diaz væri hreint frábært og betra en allra annarra. Meðal annars var hamrað á því að stúlkan hefði fengið tíu milljónir dala fyrir átján klukkustunda vinnu við talsetningu á Shrekmyndinni. Í íslenskum krónum er það er svona um það bil 38.887.888 krónum meira en ég er með á tímann. Demantar, svítur, framandi ferðalög, fullur fataskápur, meðalsætur kærasti, VIP hér og þar og alls staðar, stelpan hefur allt. Þar að auki er hún sæt og grönn. Furðulegt að enginn sé búinn að drepa hana.

Svo virðist sem helsta dramað í lífi ungfrú Diaz sé að hún fær bólur. Hún er víst með slæma húð og birtur var bútur úr viðtali við hana þar sem hún bendir á rauðar bólur og bletti á kinninni á sér og sagði ¿I am only human¿. Mér leið nú aðeins betur þegar þessi skuggahlið á lífi Diaz var dregin fram enda kannast ég vel við þau vandamál sem fylgja slæmri húð. Ungfrú Diaz leyfir sér hins vegar að kaupa 10 millilítra krem fyrir 40 þúsund krónur meðan ég læt 500 króna krem frá Nivea duga.

Já, svona geta mennirnir verið ólíkir. Ég er samt sátt við mitt hlutskipti í lífinu og ég vona að Diaz sé sátt við sitt. Kannski eigum við það sameiginlegt.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝTT TÖLUBLAÐ

# REYKJAVIKMAG

BY REYKJAVIK.COM




YOUR FREE COPY ISSUE NO. 7 AUGUST 31ST 2006

+ COMPLETE LISTINGS FOR THE CAPITAL

**! Kl. 17.00**

*Söngkonan Guðbjörg Sandholt og Anna Helga Björnsdóttir píanóleikari halda tónleika í Reykholtskirkju. Á efnisskránni eru tveir ljóðaflokkar fyrir mezzósópran og píanó og auk þess píanóverk eftir Mozart og Schumann.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Vetrardagskrá Salarins

Opið hús verður í Salnum í Kópavogi í dag en kl. 13.30 hefst þar kynning á starfsemi vetrarins. Þar kynnir Jónas Ingimundarson TÍBRÁR-tónleika starfsársins en einnig verður greint frá Tónleikaröð kennara Tónlistarskóla Kópavogs (TKTK) og Gunnar Ingi Birgisson bæjarstjóri segir frá Kanadískri menningarhátíð sem haldin verður í Kópavogi vikuna 14.-22. október.

Fyrstu tónleikar TÍBRÁR verða hinn 7. september en þá leikur margverðlaunaður búlgarskur virtúós, Vesselin Stanev, á píanó fyrir tónleikagesti.

Að kynningunni lokinni fer fram árleg styrkveiting úr Styrktarsjóði Önnu Karólínu Nordal en sjóði þeim er ætlað að styrkja unga söngvara og fiðluleikara. Þetta er í fimmta sinn sem styrkurinn er afhentur í Salnum, en áður hafa Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Eyjólfur Eyjólfsson og Jónas Guðmundsson meðal annars hlotnast hann.

Í lok dagskár flytur styrkþegi þessa árs nokkur lög og að því búnu verður boðið upp á veitingar í forrými Salarins. Þar gefst viðstöddum tækifæri til að kynna sér nánar ýmsa glæsilega listviðburði sem fram undan eru í Salnum og festa sér miða á eftirsótta tónleika.



**JÓNAS INGIMUNDARSON** Kynnir TÍBRÁR-tónleika vetrarins. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

### > Ekki missa af...

tónleikum **Patti Smith** í Háskólabíó á þriðjudagskvöldið. Órafmögnuð **rokkgoðsögn** í frábærum félagsskap Lenny Kaye.

sýningunni **Pakkhúsi postulanna** í Hafnarhúsinu. Tímamótasýning ungra íslenskra myndlistarmanna með tilheyrandi **uppákomum** og ólátum langt fram í október.

heimsókn góðra gesta frá **Hjaltlandseyjum**. Fjórir rithöfundar lesa úr verkum sínum í **Norræna húsinu** á morgun kl. 16, einnig verður flutt tónlist og þýðingar á hjaltlenskum skáldskap.



## HLJÓÐFÆRI HUGANS

**Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál**

Þegar ég nú hef að skrifa þætti um íslenskt mál, þá skal strax tekið fram að ekki dettur mér í hug að ég sé óskeikull á málfar, frekar en aðrir. Og ekki ætla ég mér að ástunda svokallaðan „málfarsfasisma“ með boðum og bönnum, enda veit ég ekki til þess að nokkur sé lengur með slíka tilburði. Líf tungunnar er ekki bundið málfræðingum, heldur almennum málnotendum, og það erum við öll. Í mínum huga er málrækt einfaldlega fólgin í því að leitast við að vanda málfar sitt.

Mér þykir gaman að skoða ýmis orð og orðið málfar er þess konar orð. Orðið far getur merkt farartæki, oftast bátur, skip. Málfar má þannig skoða sem farartæki hugsunarinnar, og jafnframt leið hennar um tungumálið til birtingar öðrum. Þegar við tölum eða skrifum, erum við að birta hugsun okkar, og því betra málfar, þeim mun skýrar kemst hugsun okkar til skila. Slíkt er í senn ósjálfráð málvöndun og málrækt. Það er öllum til góðs að orða hugsun sína skýrt og greinilega. Okkur ber að vanda okkur við það eins og allt annað. Tungumálið er hljóðfæri hugans. Viljum við ekki öll að leikur okkar hljómi fallega?

**Kjarnyrt málfar**

Takið eftir kjarnyrtu málfari Þorsteins frá Hamri í viðtali:

> „Skoðum svör eins og þau hljóða hjá allt of mörgum stjórnmálamönnum: oft gefin á eins konar flótta, afundin, oftar en ekki afbötun, sjálfsréttlæting, útúrsnúningur; stærilát, ósvífin og fullyrðingasöm, svör sem staðhæfa, stýra og refsa. Meira að segja hin einlægu svör, gefin samkvæmt góðri vitund, þau úreldast og geta orðið að hreinustu öfugmælum, en þegar upp er staðið eru það samt þau sem við verðum að setja traust okkar á hverju sinni. Ég segi þarna sem svo, að við ornum okkur stundum við svokölluð örugg svör, einhverja vissu – en ljóðið tekur á öllu varfærnari tökum. Ef ljóðið fer að staðhæfa er það statt á hálum ís. En ég tala auðvitað fyrir hönd sjálfs mín í þessu efni.“
>
> *Lesbók Mbl.19.11.2005*

Hér talar maður sem kann að hnitmiða hugsun sína og orða hana á skýran, nákvæman og blæbrigðaríkan hátt.

**Rosalega, ofsalega**

Þegar ég hlusta á viðtöl í útvarpi og sjónvarpi, þá finnst mér stundum eins og menn viti ekki af öðrum lýsandi orðum en rosalegur /rosalega og ofsalegur /ofsalega, og þó fremur í síðara afbrigðinu sem er atviksorð. Þetta ber fyrst og fremst vott um fátæklegan orðaforða. En svo er þess einnig að gæta, að svo sterk orð gengisfella önnur sem í mörgum tilvikum eiga miklu betur við. En vilji menn taka svo sterkt til orða, þá er úr mörgu að velja: afskaplega, ákaflega, einstaklega, feikilega, fjarskalega, frábærlega, frámunalega, furðulega, geipilega, geysilega, gífurlega, gríðarlega, heiftarlega, hroðalega, hræðilega, ofboðslega, ógnarlega, ógurlega, óhemjulega, óskaplega, óstjórnlega, óttalega, óumræðilega, sérlega, sérstaklega, skelfilega, stórlega, svakalega, og reyndar talsvert mörg fleiri. Því er gott að notfæra sér blæbrigði málsins og forðast svona „rosalega“ einhæfni. Ég veit vel að svona einhæfni er smitandi, en með árvekni í hugsun má vel komast hjá því smiti.

**Braghenda**

Mig langar að benda á íslenska bragarháttinn braghendu sem mér finnst einstaklega skemmtilega hnitmiðaður. Hann heimtar talsverða beinskeytni og kemur í veg fyrir mælgi og röfl. DÆMI:

Við skulum hafa vit á því að vilja þegja  
eins og margir orðum fleygja  
án þess að hafa neitt að segja.

*Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is*





**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart**
**Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20**
2. sýn. sun. 1.okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 14. okt. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15
Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 – endurmenntun@hi.is
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

Kringlu Kráin
Dans á Rósum frá Vestmanneyjum í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum




**PATTI SMITH** Tónlistarkonan Patti Smith heldur tónleika í Háskólabíói á þriðjudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Orð betri en brotinn gítar

**Pönkgoðsögnin Patti Smith heldur tónleika í Háskólabíói á þriðjudaginn. Freyr Bjarnason ræddi m.a. við hana um Jimi Hendrix og þáttinn Rock Star: Supernova.**

Patti Smith fæddist í Chicago 30. desember árið 1946 og verður því sextug á þessu ári. Hún er einna þekktust fyrir sína fyrstu plötu, Horses, sem kom út fyrir 31 ári. Þar blandaði hún saman ljóðlist og pönktónlist á eftirminnilegan hátt og allar götur síðan hefur Patti Smith verið talin mikill áhrifavaldur í rokksögunni. Á afrekaskrá hennar eru tíu hljóðversplötur til viðbótar og hefur hún á ferli sínum sungið þekkt lög á borð við Gloria, Because the Night og Dancing Barefoot, sem U2 tók upp á sína arma.

**Ný plata í vinnslu**

Patti hefur verið upptekin í hljóðveri að undanförnu við upptökur á tökulagaplötu með lögum eftir áhrifavalda hennar á borð við Bob Dylan, Jimi Hendrix og Jefferson Airplane. Henni til halds og trausts verða meðal annars vinir hennar Flea úr Red Hot Chili Peppers og Paul Simonon úr hinni goðsagnakenndu sveit The Clash. „Ég er bara hérna af því að ég elska Ísland því ég er ekki á tónleikaferð. Við vildum bara fá tækifæri til að heimsækja landið aftur,“ segir Patti rámri röddu. Minnist hún sérstaklega hestaferðar sem hún fór í síðast þegar hún kom hingað.

Í þetta sinn mun hún dvelja í fjóra daga í íbúð í Reykjavík ásamt nítján ára dóttur sinni sem einnig spilar á tónleikunum.

**Nánara andrúmsloft**

Að sögn Patti verða tónleikarnir í Háskólabíói öðruvísi en á Nasa á síðasta ári. „Þeir verða einfaldari en ég held að ákafinn og orkan verði ekkert minni. Það er gaman að spila órafmagnað. Textarnir verða mikilvægari og andrúmsloftið verður nánara.

Þannig á maður líka oft meiri samskipti við áheyrendur. Það verður líka gaman að hafa dóttur mína með mér. Hún er að stíga sín fyrstu skref í tónleikahaldi og þetta er góð leið fyrir mig til að láta hana taka við keflinu af mér,“ segir hún.

**Hendrix var rokk og ról**

Eins og áður sagði flytur Patti lög eftir áhrifavalda sína á næstu plötu sinni. Aðeins einn stendur þó upp úr. „Jimi Hendrix var aðalrokkstjarnan. Ef fólk segir að Elvis hafi verið konungur rokksins segi ég allt í lagi, en þá var Jimi rokkið og rólið. Hann var nýjungagjarn, skapandi gítarleikari og hugsjónamaður. Hann hafði sterka návist og blandaði saman ljóðlist, byltingarhugsun og tónlist. Hann hafði mikil áhrif á mig.“

**Rock Star er ekki rokk**

Aðspurð segist Patti ekkert hafa fylgst með Rock Star: Supernova sem tröllríður nú öllu hér á landi. „Ég myndi líklega ekki hafa gaman af honum. Ég hef ekki gaman af raunveruleikaþáttum sem búa á gervilegan hátt til rokksveitir. Vissulega er þetta skemmtun fyrir fólk en þetta er ekki lífrænt og eðlilegt. Fyrir mér er rokk og ról frábær rödd fyrir menninguna þar sem ljóðlist, pólitísk hugmyndafræði, tilfinnningasemi og kynorka er aðalaflið.

Þegar menn ætla að breyta rokkinu í markaðsvöru eru menn á villigötum og eru ekki að nýta sér þennan frábæra miðil sem rokkið er,“ segir hún án þess að taka djúpt í árinni.

**Ákafur friðarsinni**

Patti hefur löngum þótt róttæk í pólitískum skoðunum sínum og hefur oft talað opinskátt gegn stjórnvöldum. Hún segist þó ekki vera stjórnleysingi í anda pönksins heldur fyrst og fremst ákafur friðarsinni.

„Núna hef ég meiri áhuga á að koma hugmyndum á framfæri í stað þess að brjóta gítara.

Ég vil gagnrýna eyðileggingu umhverfisins, nánast hvert einasta stefnumál Bush-stjórnarinnar, sprengingarnar í Líbanon, ástandið í Darfur-héraði og alnæmi. Það er svo mikið sem ég þarf að tjá mig um að núna eru orð mikilvægari en brotinn gítar.“

# Töfraheimur Sinfóníunnar

NÝTT STARFSÁR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS ER AÐ HEFJAST OG ÞÉR BÝÐST AÐ KOMA MEÐ Í FERÐALAG UM TÖFRAHEIM SINFÓNÍUNNAR. **EF ÞÚ VELUR ÁSKRIFT AÐ TÓNLEIKARÖÐ ÞÁ TRYGGIR ÞÚ ÞÉR BETRA VERÐ OG ÖRUGGT SÆTI.** EN ÞÚ GETUR EINNIG KEYPT STAKA MIÐA STRAX OG TRYGGT TÓNLEIKANA ÞÍNA Í VETUR. **HVAÐ MÁ BJÓÐA ÞÉR?** MOZART, PENDERECKI, CHAPLIN EÐA PINK FLOYD? **HRINGDU Í SÍMA 545 2500** OG LEYFÐU OKKUR AÐ AÐSTOÐA ÞIG VIÐ VALIÐ.

VIÐ ERUM VIÐ SÍMANN Í DAG FRÁ 11-16.

## GUL ÁSKRIFTARRÖÐ

Sjostakovítsj-syrpan nær hámarki sínu, Beethoven, Jón Leifs, Ravel og stórkostlegir einleikarar svo fátt eitt sé nefnt.

VERÐ Á ÁSKRIFTARRÖÐ FYRIR 7 TÓNLEIKA ER FRÁ **15.470 KR.**

## RAUÐ ÁSKRIFTARRÖÐ

Heimsþekktir einleikarar og dáð hljómsveitarverk. Spennandi samsetning á sérstakri Beethoven-Brahms röð, Ashkenazy, Wagner, hinn magnaði píanisti John Lill og svo mætti lengi áfram telja.

VERÐ Á ÁSKRIFTARRÖÐ FYRIR 7 TÓNLEIKA ER FRÁ **15.470 KR.**

## GRÆN ÁSKRIFTARRÖÐ

Græna röðin er ferðalag um töfraheim klassískrar tónlistar, með viðkomu í Vín, hjá Mozart í Salzburg, *Carmen*, mögnuðum upphafstónleikum og lokapunktinn á síðan Pink Floyd!

VERÐ Á ÁSKRIFTARRÖÐ FYRIR 5 TÓNLEIKA ER FRÁ **12.325 KR.**

ALLT LITRÓFIÐ
**REGNBOGINN**
Ungt fólk
**30%-50%**
afsláttur eftir aldri

### REGNBOGINN

Veldu 4-12 tónleika af allri efnisskránni* sem höfða til þín og þú tryggir þér góðan afslátt og öruggt sæti.

VERÐDÆMI FYRIR 4 TÓNLEIKA:

| | |
|---|---|
| Almennt kort | **9.600 KR.** |
| 17–25 ára | **6.400 KR.** |
| 16 ára og yngri | **4.800 KR.** |

*Gildir eingöngu á tónleika í Háskólabíói

## TÓNSPROTINN

– TÓNLEIKARÖÐ FJÖLSKYLDUNNAR

Chaplin bíótónleikar, söngleikir og ævintýri og hinir sívinsælu jólatónleikar.

VERÐ FYRIR FERNA TÓNLEIKA:

| | |
|---|---|
| Börn | **4.080 KR.** |
| 16 ára og eldri | **5.440 KR.** |

16 ÁRA OG YNGRI
tónsprotinn
aðeins
**1.020 kr.**
pr. tónleika

FULLORÐNIR
tónsprotinn
aðeins
**1.360 kr.**
pr. tónleika

### KRISTALLINN

Nýjung starfsársins er kammertónleikaröð á laugardögum í Listasafni Íslands. Listamenn úr hljómsveitinni fara víða og flytja einstök verk í fallegu umhverfi.

MIÐAVERÐ: **1.500 KR.**
6 TÓNLEIKAR: **7.650 KR.**

## FJÖLMARGIR AÐRIR SPENNANDI TÓNLEIKAR

*Sheherazade*, *Edda* Jóns Leifs, óperutónleikar, jólatónleikar, Tsjajkovskíj, Mendelssohn og svo margt, margt fleira!

VERÐ Á STAKA TÓNLEIKA FRÁ **2.700 KR.**

Nánari upplýsingar um starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2006-7 eru á www.sinfonia.is. Enn ítarlegri upplýsingar eru í veglegri bók um starfsárið sem allir geta fengið að kostnaðarlausu.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

SÍMI **545 2500** ::: WWW.**SINFONIA.IS**




Fíton/SÍA FI018498

FL GROUP ÓSKAR TÓNLISTARUNNENDUM GÓÐRAR SKEMMTUNAR Í VETUR

FL GROUP ER AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

FL GROUP



GUÐMUNDUR KARL ÁSBJÖRNSSON MYNDLISTARMAÐUR Málar íslenskt landslag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Farfugl í Gallerí 100°

Sýning á verkum Guðmundar Karls Ásbjörnssonar málara verður opnuð í Gallerí 100° á morgun kl. 14, en tólf ár eru liðin síðan Guðmundur sýndi síðast hér á höfuðborgarsvæðinu. Guðmundur mun sýna málverk sín, en hann kveðst innblásinn af íslenskri náttúru, bæði eiginlegum fyrirmyndum og hinu huglæga. „Mest af þessu eru landslagsmálverk, enda er ég alveg heillaður af íslenskri náttúru þegar ég er hérna heima á sumrin. Ég hef dvalist í Þýskalandi undanfarin ár en kem hingað heim á vorin - svolítið eins og farfuglarnir,“ segir hann og bætir því við að hann eigi sér engan sérstakan uppáhaldsstað en hann sé sérlega hrifinn af hrauninu.

Sýningin er opin frá kl. 08.30 til 16 alla virka daga. - khh

# Hitler, Grettir og Ronja



GUÐJÓN PEDERSEN LEIKHÚSSTJÓRI

Borgarleikhúsið lítur um öxl í vetur en Leikfélag Reykjavíkur fagnar 110 ára afmæli þetta árið. Á dagskrá vetrarins eru tvö „klassísk“ íslensk leikrit sem ekki hafa farið á fjalirnar lengi, Dagur vonar eftir Birgi Sigurðsson og söngleikurinn Grettir eftir Ólaf Hauk Símonarson, Þórarin Eldjárn og Egil Ólafsson.

„Leikritið Dagur vonar var frumsýnt á 90 ára afmæli leikfélagsins og í ár leitum við aðeins í nostalgíuna,“ útskýrir Guðjón Pedersen leikhússtjóri Borgarleikhússins, „en Grettir er síðan hinn hluti nostalgíunnar“. Dagur vonar, í leikstjórn Hilmis Snæs Guðnasonar, verður frumsýnt í janúar en sagan um hinn lánlausa Gretti tveimur mánuðum síðar. Leikhússtjórinn vill lítið upplýsa um hlutverkaskipan verkanna að svo stöddu.

Fyrsta frumsýning vetrarins er verkið Mein Kampf eftir George Tabori sem fer af stað á Nýja sviðinu nú í september. Verkið er meinfyndinn gamanleikur um myndlistarnemann Adolf Hitler en þar er skyggnst bak við aðdraganda helfararinnar í lúmskum spéspegli. Leikstjóri er Hafliði Arngrímsson. Annað flaggskip vetrarins er meistarastykki Peters Shaffer, Amadeus, þar sem greint er frá sambandi tónskáldanna Mozart og Antonio Salieri en það byggir á sögusögnum um dularfullan dauða Mozarts og þátt Salieri í honum. Stefán Baldursson leikstýrir en frumsýnt er í október.

Athygli vekur að leikfélagið mun sýna tvö verk eftir skoska leikskáldið Anthony Neilson á leikárinu en verk hans hafa verið á margra vörum undanfarið, ekki síst vegna nýlegra uppfærslna á verkunum Ritskoðaranum og Penetreitor. „Við höfum verið að fylgjast með Neilson undanfarin ár en hann er mjög fjölhæft leikskáld. Við ákváðum að sýna þessa fjölbreytni og gera honum hátt undir höfði í vetur,“ segir Guðjón og nefnir að leikskáldið sé ef til vill á leiðinni hingað til lands í tilefni þessa. „Þessi verk eru mjög ólík, annað er fantasíuverk en hitt er gamanleikrit með afar sterkum boðskap.“ Benedikt Erlingsson leikstýrir fantasíunni Fagra veröld en Steinunn Knútsdóttir verkinu Lík í óskilum.

Tvö ný íslensk verk verða einnig sýnd í samstarfi við Borgarleikhúsið. Nýtt verk eftir Björk Jakobsdóttur, Fyrirtíðarspenna, sem fjallar um vandamál sem margar konur kannast við, og verkið Eilíf hamingja eftir Andra Snæ Magnason sem Guðjón segir meðal annars fjalla um hversu krefjandi og harðir húsbændur nettengdir vinnustaðir geti verið.

Frá fyrra leikári fara fimm verk aftur á svið, Ronja ræningjadóttir, Viltu finna milljón?, Manntafl og Alveg brilljant skilnaður að ógleymdu verki Braga Ólafssonar, Belgíska Kongó, sem nú verður tekið til sýninga á ný. „Litla krúttlega sýningin sem við ætluðum að vera með nokkrum sinnum heldur áfram fjórða leikárið í röð. Rósalind er alveg ódrepandi,“ útskýrir Guðjón.

Farsælu samstarfi Íslenska dansflokksins og Borgarleikhússins verður haldið áfram í vetur og einnig er stefnt að öðrum uppákomum sem víkka út heim leikhússins, til dæmis verða kynningar á leikskáldum, fræðsludagskrár skipulagðar og efnt til leiklestra. „Við erum rétt að ræsa vélina,“ segir Guðjón að lokum.

Á morgun, sunnudag, verður opið hús í Borgarleikhúsinu milli kl. 15 og 17 en þá verður fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna þar sem áhugasamir geta kynnt sér vetrarstarfið og kíkt á opnar æfingar. Leikhússtjórinn ætlar að jafnvel að henda í nokkrar vöfflur. - khh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

30 31 1 **2** 3 4 5

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 17.00 Söngkonan **Guðbjörg Sandholt** og **Anna Helga Björnsdóttir** píanóleikari halda tónleika í **Reykholtskirkju**.

☐ 22.00 Hljómsveitirnar **Shadow Parade**,**Telepathetics** og **Bela** halda tónleika á **Græna Hattinum** á **Akureyri**.

### OPNANIR

☐ 17.00 **Pétur Már Gunnarsson** og **Kristján Loðmfjörð** opna sýninguna **IT WILL NEVER BE THE SAME** á **Vesturvegg Menningarmiðstöðvarinnar Skaftfells** á **Seyðisfirði**.

☐ 17.00 **Jónas Viðar** opnar málverkasýningu í **DaLí Gallery** á Akureyri. Sýningin stendur til 23. september.

### FUNDIR

☐ 11.30 Félagsfundur **Parísar**, félag þeirra sem eru einar/einir, er haldin á **Kringlukránni**.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 11.00 Sýningu **Alistair Macintyre**, **Vanishing Point**, í galleríi **Turpentine** lýkur um helgina. Sýningin er opin milli 11-16.

### OPIÐ HÚS

☐ 13.30 Opið hús í **Salnum** í **Kópavogi**. **Jónas Ingimundarson** kynnir **TÍBRÁR-tónleika** starfsársins, sagt verður frá **Tónleikaröð kennara Tónlistarskóla Kópavogs** (TKTK) og **Gunnar Ingi Birgisson** bæjarstjóri greinir frá Kanadískri menningarhátíð sem haldin verður í Kópavogi vikuna 14.-22. október 2006.

☐ 15.00 Opið hús hjá **sjálfsvarnarfélaginu Mjölni** á **Mýrargötu 2** milli kl. 15-17. **Haustdagskráin** verður kynnt og góðir gestir líta í heimsókn.

### UPPÁKOMUR

☐ 17.00 Fatahönnun **Anítu Hirlekar** verður kynnt í versluninni **kvk** á Laugavegi 27. Plötusnúðurinn **Sadjei** sér um tónlistina.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

SITJI GUÐS ENGLAR
Frumsýning fös. 29/9 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00.

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Sun. 10/9 uppselt, sun. 17/9, fös. 22/9. lau. 23/9. Aðeins nokkrar sýningar í haust.

FAGNAÐUR
Sun. 24/9.

**KASSINN KL. 20:00**

DOUBLE NORA
Sýning frá Natori-leikhúsinu í Japan. Í kvöld 2/9 og á morgun sun. 3/9.

PÉTUR GAUTUR
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 uppselt, fim. 21/9, fös. 22/9, lau. 23/9, lau. 30/9.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

SUMARDAGUR
Frumsýning lau. 9/9 uppselt, fös. 15/9, lau. 16/9, fim. 21/9, sun. 24/9.

**KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT!**
**MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS**
AFGREIÐSLA ER OPIN KL. 12:30-18:00 MÁN.– ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551-1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 10/9 kl. 14 Sun 24/9 kl. 14
Lau 30/9 kl. 14 Sun 1/10 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Í kvöld kl. 20 Sun 3/9 kl. 20 UPPS.
Fim 7/9 kl. 20 Sun 10/9 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Lau 9/9 kl. 20 Fös 22/9 kl. 20
Lau 23/9 kl. 20 Fim 28/9 kl. 20

**MANNAKORN**
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
Þri 5/9 kl. 20 Þri 5/9 kl. 22

**HÖRÐUR TORFA**
AFMÆLISTÓNLEIKAR
Fös 8/9 kl. 19:30 Fös 8/9 kl. 22

**AFMÆLISTILBOÐ**
Áskriftarkort á 3 sýningar á 3000 kr.*
Kortin eru aðeins seld laugardag 2. sept og sunnudag 3.sept.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

**PINA BAUSCH**
LOKSINS Á ÍSLANDI!
Dansleikhúsið frá Wuppertal undir stjórn Pinu Bausch verður með 4 sýningar á verkinu Aqua í Borgarleikhúsinu.
Sun 17/9 kl. 20
Mán 18/9 kl. 20
Þri 19/9 kl. 20
Mið 20/9 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar.
Miðaverð 4.900. MIÐASALA HAFIN.

Sunnudaginn 3. september verður opið hús í Borgarleikhúsinu milli 15-17. Fjölbreytt skemmtiatriði og veitingar í boði.
Allir velkomnir.

**ÁSKRIFTARKORT**
Endurnýjun áskrftarkorta stendur yfir!
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson.
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



**Tónlistarnám fyrir þig!**

Spilaðu eftir eyranu
Popp
Blús
Jazz
Sönglög

**Píanó**
Byrjendur og lengra komnir
4 ára og eldri
Unglingar
Fullorðnir
Eldri borgarar

**Rafmagnsgítar**
Allir aldurshópar,
byrjendur og lengra komnir

**Píanóundirspil**
fyrir söngvara og söngnema

**Tónfræði**
**Nótnalestur**

**Haustönn Tónheima hefst 11. september**

**Nánari upplýsingar** og **skráning**
á www.tonheimar.is
eða í síma **846 8888** alla daga frá kl. 9-18.

tónheimar
Fákafeni 9 tonheimar@tonheimar.is www.tonheimar.is



# Deigur hnífur

**[KVIKMYNDIR]**

**UMFJÖLLUN**

**BJÓLFSKVIÐA (BEOWULF AND GRENDEL)**

LEIKSTJÓRI: STURLA GUNNARSSON

**Aðalhlutverk:** Gerard Butler, Ingvar E. Sigurðsson, Stellan Skarsgård og Sarah Polley.

**Niðurstaða:** Langdregin vitleysa sem ber þess skýr merki að hafa verið gerð af vanefnum.

Það kostaði augljóslega mikla vinnu að gera Bjólfskviðu enda hafði Gerald Butler, aðalleikari myndarinnar, á orði áður en myndin var frumsýnd í Háskólabíói að hann hefði ekki kynnst öðru eins veðravíti og meðan tökur stóðu yfir. Mesta afrekið hefði verið fólgið í því að þrátt fyrir allt hefði að endingu tekist að koma Bjólfi alla leið á hvíta tjaldið.

Butler hefur rétt fyrir sér - miðað við aðstæður var það heilmikið afrek að koma tröllabananum Bjólfi á koppinn en fyrir annað fær Bjólfskviða lítið hrós. Fyrst má nefna að myndin ber þess augljós merki að vera gerð af vanefnum. Helsti gallinn er hins vegar hversu yfirmáta hallærisleg hún er um leið og hún vill láta taka sig alvarlega. Söguframvindan er langdregin, bardagaatriðin kauðsleg og samtölin vandræðaleg. Við leikarana er ekki að sakast, þeir hafa einfaldlega ekki úr neinu að moða. Gerald Butler er sæmilega sjarmerandi og getur sjálfsagt borið uppi vel skrifaða mynd en í Bjólfskviðu þarf hann að láta sér nægja að troða marvaðann. Fórnarlamb myndarinnar er tvímælalaust gæðaleikarinn Ingvar E. Sigurðsson í hlutverki tröllsins Grendils; á köflum er átakanlegt að horfa á hann gólandi á fjallshæð í loðnum vöðvabúningi. Allar tilraunir til að ljá persónunni - og sögunni - dýpt og mannlega hlýju falla kylliflatar.

Mögulega má markaðssetja myndina út á íslenska landslagið en á heimamann virkar náttúruskkið yfirþyrmandi. Á framleiðslunni er ekki að sjá að rúm tuttugu ár séu liðin síðan Hrafninn flýgur var gerð og á heildina litið verður Bjólfskviða að teljast vonbrigði.

**Bergsteinn Sigurðsson**

# Noh-leikhús um Nóru

Félagar í japanska leikhúsinu Natori setja upp verkið Tvö andlit Nóru, Double Nora, í Þjóðleikhúsinu um helgina. Verkið er byggt á Brúðuheimilinu eftir Henrik Ibsen en leikhópurinn hefur undanfarið sýnt verkið á Norðurlöndum í tengslum við að 100 ár eru liðin frá andláti leikritaskáldsins. Sýningin hefur hlotið eindæma góða dóma þar sem hún hefur færð upp en hingað til lands kemur sýningin í tilefni þess að fimmtíu ár eru liðin frá því að Ísland og Japan tóku upp stjórnmálasamband.

Verkið er flutt í anda japönsku leikhúshefðarinnar Noh, sem á rætur sínar að rekja aftur til 14. aldar en sérkenni Noh eru hægar, merkingarþrungnar danshreyfingar, söngur, grímur og litríkir búningar.

Sýningarnar verða kl. 20 í kvöld og annað kvöld.

Leikstjórar ery Mitsuya Mori, sem er einn helsti sérfræðingur Japans í verkum Ibsens, og Kuniyoshi Ueda, sem þekktur er fyrir uppsetningar sínar á vestrænum leikhúsverkum í anda Noh-hefðarinnar. **- khh**



**TVÖ ANDLIT NÓRU** Sýnir togstreitu Nóru vegna ólíkra hlutverka sinna.









**> Mælum með**

... víðum skálmum. Buxur með háu mitti og víðum skálmum eru nýjasta viðbótin í tískuflóruna og virka mjög vel við háa hæla og axlabönd.

**útlit**

utlit@frettabladid.is

**SMEKKURINN** ÓLI HJÖRTUR ÓLAFSSON, VAKTSTJÓRI Á PRIKINU OG PLÖTUSNÚÐUR

# *Sjúkur í boli og fatahönnuðinn Vivienne Westwood*

**Spáir þú mikið í tískuna?** Ég reyni að fylgjast með tískustraumunum og það sem er í gangi í dag. Ég er duglegur að kíkja í búðir og máta og sjá hvað er verið að bjóða upp á. Ég mundi allavega segja að ég sé mjög meðvitaður um það sem er í gangi í tískunni i dag.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Ég mundi segja að stíllinn minn sé mjög litríkur og skemmtilegur. Ég hef líka mjög mikinn húmor fyrir fötum, þannig að lokaniðurstaðan væri að ég hefði mjög litríkan og fyndinn stíl. Núna haldið þið örugglega að ég sé trúður en það er allt í lagi.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki**? Mér finnst Vivienne Westwood frábær fatahönnuður. Einnig er ég mjög mikið skotinn í hettupeysunum frá American Apparel. Flottustu litirnir? Uppáhaldsliturinn minn er án efa grænn. Hann klæðir mig svo svakalega vel og mér líður eitthvað svo vel í grænu.

**Hverju ertu veikastur fyrir?** Bolirnir í Spúútnik. Stundum get ég gjörsamlega tapað mér í þeim. Einnig finnst mér ótrúlega gaman að kaupa mér jakkaföt.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Þessi svokölluðu „Early 90´s“ áhrif sem eru í tískunni núna. Þetta er soldið skemmtilegt og smart.



**Uppáhaldsverslun?** Spúútnik er alltaf klassísk. Einnig er Kron Kron að gera fáránlega góða hluti og ég hlakka til að sjá nýju strákafötin sem Gyllti kötturinn er að setja upp á slána hjá sér í þessum töluðu orðum.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Voða misjafnt. Stundum ekki neinu, stundum 20 þúsund krónum.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Ég mundi segja að ég gæti ekki verið án þessa fimm þúsund bola sem ég á og hettupeysurnar mínar eru einnig ómissandi.

**Uppáhaldsflík?** Ég á einn svartan síðermabol sem ég keypti fyrir sex árum. Á honum stendur „Can´t Enough Of Women´s Basketball“ sem mundi þýðast yfir á íslensku „Fæ aldrei nóg af körfuknattleik kvenna.“ Síðan er einhver lest að þvælast þarna á milli stafanna. Ég elska þennan bol.



**MÓÐUR VIKUNNAR**

**Álfrún fer yfir málin**

# *Allt kemur aftur, fyrr eða síðar ...*

Við lestur á nýjustu tískutímaritunum sá ég að að „nineties“ er að koma aftur í tísku. Víð snið, daufir litir og klossaðir skór eru eitt af einkennum þessa áratugar og það er margt mjög girnilegt sem sýnt var á tískupöllunum fyrir komandi vetur og haust. Flottir prjónakjólar og lágir skór með reimum, kannski að Dr. Martins skórnir margrómuðu fari að líta dagsins ljós á ný?

Það er óneitanlega skrýtið að sjá tímabil sem maður man svona vel eftir komast í tísku á ný. Sumum flíkunum man ég eftir að mamma hafi klæðst þegar ég var lítil og því kannski kominn tími til að ég fari að taka öll ófögru orðin sem ég hafði um fataskáp hennar á sínum tíma til baka og reyna að fá eitthvað lánað í staðinn.

Það er alveg fáránlegt að sjá flíkurnar sem maður fussaði og sveiaði yfir á sínum tíma komast aftur í tísku og auðvitað, sem þræll tískunnar, þá finnst mér allt það nýjasta geggjað. Ætli Buffaló-skórnir, sem flestum hryllir við í dag, komi aftur með pompi og prakt? Þannig að strákar og stelpur geti gengið há og stolt um á þessum furðulegum stultulegu skóm sem tröllriðu Íslandi á sínum tíma.

Núna skil ég móður mína þegar „eighties“ tískan varð aftur móðins fyrir stuttu og hún trúði því ekki að ég labbaði ánægð um með hliðartagl og í skræpóttum leggings á almannafæri. Þá var ég alltaf að skamma hana fyrir að hafa hent öllum flottu fötunum sem hún átti á þessum tíma.

Ætli þetta sé ekki bara enn ein ávísun þess að ég er að eldast, ekki nógu hægt og bítandi að mínu mati því ég næ ekki alveg að samræma mig við aldurinn, því þetta gerist allt saman of hratt. Ég ætla samt sem áður að njóta „nineties“ tískunnar í botn í vetur, enda er það eitt af þægilegustu tímabilunum með sniðlausum flíkum og breiðri tá á skóm.




# Fjólubláir geislar haustsins

Fjólublár er litur sem undanfarin ár hefur gleymst í tískunni. Hann er sérkennileg blanda af rauðum og bláum, sem ekki virðist þó falla undir neinn sérstakan flokk. Tískuspekúlantar hafa ávallt verið sammála um það að fjólublái liturinn sé sá litur sem seljist minnst af öllum litum, en þegar hann kemst í tísku þá verður allt vitlaust. Nú er hann kominn aftur í tísku, mörgum til mikillar ánægju og gleði, enda hefur hann verið að læðast hægt og bítandi fram á sjónarsviðið.

Samkvæmt kenningum Feng Shui spekinnar á fjólublár að boða velsæld og peninga en einnig er orðrómur á kreiki um það að fjólublár spilli matarlyst. Þess vegna á fólk sem er í megrun eða hefur búið til of lítinn mat fyrir fjölmennt matarboð að hafa fjólubláan dúk á matarborðinu.

Fjólublár er litur sem til er í öllum tónum, eins og sjá má á þessum myndum og nú í vetur eru bæði ljósfjólublár og alveg dökkfjólublár í tísku, í fatatískunni og í förðunarvörum.

alfrun@frettabladid.is



**DIESEL** Síður rokkarabolur frá Gallerí 17.

**FLOTTUR** Síður bolakjóll úr Gallerí 17. Hentugur yfir buxur eða við leggings.

**SKEMMTILEGUR** Flottur rúllukragabolur með skemmtilegu sniði frá Vero Moda.

**FALLEGT** Flott fjólublá prjónaslá sem birtist á tískupöllunum fyrir næsta haust og vetur.

**HÁRSKRAUT** Sætir kambar í hárið, í stíl við fjólubláa fatnaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**HLÝ** Falleg prjónapeysa úr Vero Moda.

**FRÁBÆR** Margnota kjóll frá Vivianne Westwood og fæst í Kronkron.

**FJÓLUBLÁ AÐ NEÐAN** Þessar flíkur eru frá Burberry Prosum og fjólublár er einstaklega fallegur við grátt, eins og sjá má.

**MIU MIU** Flottur kjóll með fjólubláum útsaum.

**PARTÍKJÓLL** Frábær kjóll frá Spúútnik.

**GRÚVÍ** Falleg skyrta í mörgum litum, meðal annars fjólubláum, frá Spúútnik. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**GÓÐ SAMSETNING** Tískuljónið Sarah Jessica Parker blandar hér saman fjólubláum lit, rauðum og túrkísbláum.

**HEFÐBUNDINN** Flottur bolur frá Bruunz Bazar og fæst í versluninni Evu.

**BUXUR** Flottar fjólubláar gallabuxur úr Trílógíu.

**FALLEGIR** Glæsilegir skór frá Eley Kishimoto og fást í Kronkron.

# Klassísk fegurðardís

Leikkonan Scarlett Johansson vekur athygli hvert sem hún fer fyrir klassíska fegurð og gamaldags útlit. Með þrýstnar varir og stór augu hefur hún fengið fjöldann allan af snyrtivöruauglýsingum samhliða leiklistinni en þar hefur hún verið að gera mjög góða hluti þrátt fyrir ungan aldur. Scarlett er hálf dönsk en hún ólst upp í New York og hefur alltaf búið þar.

Scarlett er með afbragðsgóðan smekk sem flokka má undir klassískan og tískulegan í senn. Hún lætur oftar en ekki sjá sig í kjólum sama hvort hún er á rauða dreglinum eða í hversdagslífinu. Upp á síðkastið hefur hún verið að færa sig yfir í tilraunakenndari hönnun en heldur samt sem áður alltaf klassíkinni með útliti sínu. Scarlett mun örugglega vera áberandi í framtíðinni í tískuheiminum og mun hún hanna íþróttalínu fyrir Reebok sem kemur í verslanir í vor.

- áp



**FALLEG Á FRUMSÝNINGU** Hér er Scarlett í flottum svörtum kjól með beru baki og púffi að aftan. Frumlegt og glæsilegt í senn.



**ÞÆGILEGT** Scarlett er góð í velja sér þægilegan og fallegan fatnað. Hér er hún í mussukjól og flatbotnaskóm.



**FYRIRSÆTA** Þessi unga leikkona er fjölhæf og hér gengur hún sýningarpall fatamerkisins Imitation of Christ í buxum með háu mitti sem er það nýjasta í tískunni um þessar mundir.



**FLOTT** Hér er Scarlett í fallega hvítum kjól með svarta slaufu um mittið.



**ÖGRANDI** Þetta danska merki hefur tröllriðið heiminum með fallegri hátískuhönnun sinni eins og sjá má á myndinni.

# Ögrandi og fallegt

Danska fatamerkið Baum und Pferdgarten hefur náð gríðarlegum vinsældum síðustu ár og hefur verið mikið á síðum tískublaðanna undanfarið. Merkið var stofnað árið 1999 af hinum dönsku Rikke Baumgarten og Helle Hestehave. Tískuspekúlantar hafa kallað stöllurnar Marc Jacobs Skandinavíu og vekja þær athygli fyrir ögrandi og fallega hönnun á hátískumælikvarða. Merkið gengur út frá því að vera ávallt með gæði bæði í efnum og hönnun. Þær vilja að viðskipatvinir sínir geti skapað sér sinn eigin stíl með fatnaðinum og blandað honum saman við aðra hönnun á fallegan hátt. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Baum und Pferdgarten náð að koma sér fyrir í flottum búðum úti um allan heim. Baum und Pferdgarten er vel geymt leyndarmál sem fæst í Garðabænum í Ilse Jacobsen búðinni.

- áp



**RÓMANTÍSKIR DANIR** Flott hönnun með rómantísku ívafi er einkennandi fyrir þetta merki.



**FLOTTIR HÖNNUÐIR** Rikke og Helle eru flottar konur sem kunna sitt fag. Sú fyrrnefnda hefur meira að segja komið til Íslands og var mjög ánægð með land og þjóð.




Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

# Nýtt í bíó







| SMÁRABÍÓ | SÍMI 564 0000 |
|---|---|
| LITTLE MAN | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 2, 4 og 6 |
| GRETTIR 2 ENSKT TAL | kl. 2, 4, 6 og 8 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| MIAMI VICE | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |
| THE SENTINEL | kl. 10.20 B.I. 14 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 2 og 4 |

| REGNBOGINN | SÍMI 551 9000 |
|---|---|
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| GRETTIR ÍSL. TAL | kl. 3 |
| KVIKMYNDAHÁTÍÐ | |
| PARIS JE T´AIME | kl. 3.45 |
| KITCHEN STORIES | kl. 4 |
| STRANDVASKEREN | kl. 4 |
| FACTOTUM | kl. 6 |
| ANGEL A | kl. 6 |
| TSOTSI | kl. 6 |
| VOLVER | kl. 10.30 |
| JACK STEVENS 16 MM: WAR PROPAGANDA | kl. 8 |
| DAVE CHAPELLE´S BLOCK PARTY | kl. 8 |
| THREE BURIALS OF MELQUIADES ESTRADA | kl. 8 |
| LEONARD COHEN: I´M YOUR MAN | kl. 10 |
| WINTER PASSING | kl. 10.10 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| Borgarbíó | SÍMI 462 3500 |
|---|---|
| LITTLE MAN | kl. 8 og 10 |
| YOU, ME & DUPREE | kl. 8 og 10.10 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 2, 4 og 6 |
| GRETTIR 2 ENSKT TAL | kl. 4 og 6 |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 2, 4 og 6 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíó merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075 — LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus




Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15 b.i. 14 (United 93)
Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10.15 (You, Me and Dupree)
Sýnd kl. 8 og 10.15 b.i. 16 (Snakes on a Plane)
Sýnd kl. 2, 4 og 6 ÍSL. TAL (Grettir 2)
Sýnd kl. 2 og 4 ÍSL. TAL (Ástríkur og Víkingarnir)
400 KR. Í BÍÓ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU


# Jackson lagði Janet í einelti

Söngkonan Janet Jackson hefur ávallt rokkað mikið í vigt og myndir af henni í sumar, þar sem Janet var svo feit að hún gat varla skokkað, sjokkeruðu marga en nú aðeins nokkrum vikum síðar er hún orðin þvengmjó á ný. Janet segir í viðtali við tónlistartímaritið Q að ástæðan fyrir þyngdarvandamáli sínu sé að hluta til bróður sínum Michael Jackson að kenna, þar sem hann hafi verið duglegur að kalla hana ljótum nöfnum þegar þau voru börn. „Hann uppnefndi mig þegar ég var á mjög viðkvæmum aldri og þetta snertir mig enn þann dag í dag,“ segir Janet en hún segir einnig að brjóstaatvikið á úrslitaleik NFL-deildarinnar, þegar hún söng með Justin Timberlake og annað brjóstið hennar var berað fyrir milljónum manna, hafi einnig átt hlut í því að söngkonan þyngdist svona snögglega.



**JANET JACKSON** Söngkonan segir að Michael Jackson bróðir hennar hafi átt stóran þátt í þyngdarvandamáli hennar.


## Geggjuð grínmynd!

Owen Wilson Kate Hudson Matt Dillon Michael Douglas




**600** *kall miðinn frá 28. ágúst til 3. september!*

MasterCard

Lauflétt gamanmynd með þeim Matt Dillon, Kate Hudson og Owen Wilson í aðalhlutverki. Dillon og Hudson leika Carl og Molly sem gætu ekki verið hamingjusamari. Þau eru ung, nýgift og njóta velgengni í vinnunni.

Owen Wilson leikur Randy Dupree, besta vin Carl, sem skrópaði í vinnunni til að komast í brúðkaupið þeirra, en missti bæði vinnuna og íbúðina í kjölfarið. Eftir slíka förn bjóða Carl og Molly honum að sjálfsögðu að búa hjá sér á meðan hann kemur undir sig fótunum aftur, en það gæti orðið dýrkeyptara en þau héldu!

Myndin er sýnd í Laugarásbíói, Sambíóunum Álfabakka, Sambíóunum Keflavík og Borgarbíói Akureyri.

***Dagana 28. ágúst - 3. september 2006 færðu miðann á 600 kr. gegn því að greiða með MasterCard.***

Borgarbíó — ÁLFABAKKA SAMBÍÓIN KEFLAVÍK — LAUGARÁSBÍÓ

**Meira á www.kreditkort.is/klubbar**





**Dansstudio JSB**

## NÝTT!

DANSSTUDIO JSB

**Sjóðheit dansnámskeið í boði fyrir 18 ára og eldri, stelpur og stráka!**

Spennandi og krefjandi 6 vikna námskeið fyrir þá sem vilja koma sér í form á skemmtilegan hátt.

- **18.september til 25.október**
  Modern JAZZ
- **30.nóvember til 6.desember**
  Commercial JAZZ
- **15.janúar til 22.febrúar**
  Lyrical JAZZ
- **26.febrúar til 5.apríl**
  Musical JAZZ

Kennarar á námskeiðunum eru í hópi okkar fremstu atvinnudansara: Ásta Bærings, Inga Maren Rúnarsdóttir, Íris María Stefánsdóttir, Katrín Ingvadóttir, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir og Þórdís Schram.

Taktu þátt í skemmtilegu og krefjandi dansnámskeiði í vetur.

**Skráning er hafin í síma 5813730 og í jsb@jsb.is**

DANSRÆKT JSB Danslist

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| UNITED 93 | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 14 |
| MAURAHRELLIRINN ísl. tal | KL. 2-4-6 | LEYFÐ |
| YOU, ME AND DUPREE | KL. 5:45-8-10:20 | LEYFÐ |
| YOU, ME AND DUPREE VIP | KL. 8-10:20 | |
| LADY IN THE WATER | KL. 8-10:20 | B.I. 12 |
| 5 CHILDREN & IT | KL. 2-4 | LEYFÐ |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 6:15-8-10 | B.I. 12 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 2-4-6 | LEYFÐ |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 1:45-4 | LEYFÐ |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MAURAHRELLIRINN ísl. tal | KL. 2-4-6 | LEYFÐ |
| THE ANT BULLY enskt tal | KL. 4-6-8-10 | LEYFÐ |
| *LADY IN THE WATER | KL. 6-8:10-10:30 | B.I. 12 |
| MIAMI VICE | KL. 8 | B.I. 16 |
| *PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 10:40 | B.I. 12 |
| *OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 2-4 | LEYFÐ |
| 5 CHILDREN AND IT | KL. 2 | LEYFÐ |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MAURAHRELLIRINN ísl. tal | KL. 2-4 | LEYFÐ |
| LITTLE MAN | KL. 8-10 | LEYFÐ |
| GRETTIR 2: NÝJU FÖTIN KATTARINS | KL. 6 | LEYFÐ |
| YOU, ME AND DUPREE | KL. 8 | LEYFÐ |
| SNAKES ON A PLANE | KL. 10:10 | B.I. 16 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MAURAHRELLIRINN ísl. tal | KL. 2-4-6 | LEYFÐ |
| UNITED 93 | KL. 8-10:20 | B.I. 14 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 2 | LEYFÐ |
| 5 CHILDREN AND IT | KL. 4 | LEYFÐ |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 6 | B.I. 12 |
| LADY IN THE WATER | KL. 9 | B.I. 12 |

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 8-10:45 | B.I. 12 |
| MAURAHRELLIRINN ísl. tal | KL. 3-6 | LEYFÐ |
| KVIKMYNDAHÁTÍÐ | | |
| BJÓLFSKVIÐA | KL. 3:30-5:45-8-10:15 | B.I. 16 |
| JASMIN WOMEN | KL. 3 | B.I. 12 |
| THE SISTERS | KL. 5:30 | B.I. 12 |
| LOOKING FOR COMEDY IN THE MUSLIM WORLD | KL. 8 | LEYFÐ |
| AN INCONVENIENT TRUTH | KL. 10 | LEYFÐ |
| THE LIBERTINE | KL. 3-8 | B.I. 12 |
| DOWN IN THE VALLEY | KL. 5:30-10:30 | B.I. 16 |
| A COCK AND BULL STORY | KL. 3-8 | B.I. 16 |
| WHERE THE TRUTH LIES | KL. 5:45-10:10 | B.I. 16 |

HÁSKÓLABÍÓ S 530-1919




**PETER JACKSON** Jackson ætlar næst að endurgera hina sígildu mynd, The Dam Busters.

# Jackson endurgerir The Dam Busters

Peter Jackson, leikstjóri Hringadróttinssögu, ætlar að endurgera hina sígildu kvikmynd, The Dam Busters.

Jackson ætlar að framleiða myndina en í leikstjórastólnum verður Christian Rivers sem starfaði við King Kong, síðustu mynd Jackson.

Fyrri myndin, sem er frá árinu 1954, sagði sanna sögu af því hvernig Bretar þróuðu sérstakar sprengjur til að drepa Þjóðverja í síðari heimsstyrjöldinni.

Jackson ætlar sér að hafa endurgerðina eins líka upprunalegu myndinni og hægt er. Segist hann hafa horft á fyrri myndina sem barn og heillast af henni.

# Mynd um dauða Bush

Ný mynd frá bresku sjónvarpsstöðinni Channel 4 snýst um dauða George W. Bush, Bandaríkjaforseta. Myndin kallast „The Death of a President“ og verður í formi heimildarmyndar um rannsóknina á morðinu, en hún gerir út á að Bush sé skotinn af leyniskyttu. Raunverulegum upptökum af forsetanum verður blandað saman við tölvugerðar myndir til að draga upp mynd af morðinu, en það á að vera framið í Chicago í október 2007.



**DAUÐUR** Ný mynd fjallar um dauða George W. Bush.





CINTAMANI

Cintamani kynnir:

ICELAND FILM FESTIVAL 2006

Í Háskólabíói og Regnboga 30. ágúst - 21. september

**Í KVÖLD:** Jack Stevens kvikmyndasafnari og gúrú í Regnboganum.



PRÓGRAM #2: "KNOW YOUR ENEMY: AN AMERICAN WAR-PROPAGANDA RETROSPECTIVE"



„Allt sem ég vil er friður á jörð.
Og kannski buxur líka.“
- JÖKULL

www.icelandfilmfestival.is

Iceland Film Festival

iff

ICELANDAIR · IH ICELANDAIRHOTELS · FRÉTTABLAÐIÐ · Tanqueray · rex

### > För Garðars frestað

Garðar Jóhannsson, knattspyrnumaður hjá Val, fer ekki til Fredrikstad strax eins og vonir stóðu til. Ekki er þó loku fyrir það skotið að Garðar fari til norska liðsins í janúar þegar opnað verður fyrir leikmannakaup að nýju. „Ég reikna með að klára tímabilið með Val,“ sagði Garðar. „Ég var nú samt búinn að skrifa undir samning og ég veit ekki hvort hann detti upp fyrir eða hvað“.
„Þetta mál var bara sett í biðstöðu og norska liðið stefnir á að fá til sín í janúar,“ sagði Arnór Guðjohnsen, umboðsmaður Garðars.



**sport**
sport@frettabladid.is

HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR: ER Á FÖRUM TIL DANMERKUR AÐ SPILA MEÐ EINU BESTA LIÐI LANDSINS

# *Gerði samning við Fortuna Hjörring*

Hólmfríður Magnúsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu, er gengin til liðs við danska úrvalsdeildarliðið Fortuna Hjörring. Deildarkeppnin er nýbyrjuð í Danmörku og Fortuna Hjörring er sem stendur í öðru sæti með markatöluna 16:0 eftir þrjá leiki og hefur unnið alla sína leiki til þessa. Hólmfríður verður því ekki með KR í síðasta leik liðsins í sumar þegar liðið mætir Fylki en hún er hins vegar gjaldgengi í leik með Fortuna á morgun þegar það mætir BK Skjold. „Ég var reyndar búin að segja nei við þá áður en svo fóru þeir að pressa meira á mig og ég ákvað bara að slá til,“ sagði Hólmfríður í samtali við Fréttablaðið í gær. „Ég samdi bara til þriggja mánaða og svo verður málið



endurskoðað. Ef þeim líst vel á mig fer ég líklega aftur út,“ sagðir Hólmfríður. Danska deildarkeppnin er þannig að henni er skipt í haust- og vorhluta. Hausthlutinn byrjaði 12. ágúst og lýkur 19. nóvember. Vorhlutinn hefst 1. apríl 2007 og mótið endar síðan 10. júní.

„Ég veit eiginlega ekki neitt um danska boltann. En ég veit samt að þetta lið vann bikarkeppnina í fyrra og var í öðru sæti í deildinni í fyrra. Þetta lið er að berjast í toppbaráttunni,“ sagði Hólmfríður.
„Ég hlakka bara til að fara út en ég fer út í fyrramálið. Það er brjálað að gera,“ sagði þessi efnilega knattspyrnukona í gær. „Það er leikur á sunnudaginn en ég geri svo sem ekki vonir um að spila hann, enda ekki búin að mæta á æfingu ennþá.“
Hólmfríður verður 22 ára síðar í þessum mánuði og á vonandi bjarta framtíð fyrir sér í fótboltanum.

Umtöluð félagaskipti gengu í gegn á síðustu stundu.:

## Ashley Cole til Chelsea og William Gallas til Arsenal

**FÓTBOLTI** Seint á fimmtudagskvöldið áttu sér stað stórviðskipti í enska boltanum þegar Ashley Cole yfirgaf Arsenal og gekk í raðir Chelsea. Cole hefur verið orðaður við Chelsea ótrúlega lengi og margir hverjir orðnir langþreyttir á þeim orðrómi.

Ekki er þó sagan öll því William Gallas gekk upp í kaupin og mun klæðast treyju Arsenal í framtíðinni, auk þess sem Chelsea borgaði Arsenal 5 milljónir punda.

„Chelsea og Arsenal hafa gengið frá viðskiptum á þeim Ashley Cole og William Gallas, auk þess sem Chelsea borgar Arsenal 5 milljónir punda. Báðir leikmenn hafa samþykkt samninga og staðist læknisskoðun,“ sagði í yfirlýsingu frá ensku úrvalsdeildinni í gær.

- dsd



**ASHLEY COLE** Er hér á landsliðsæfingu með Englendingum á fimmtudaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Hannes Þ. Sigurðsson sáttur við Bröndby:

## Stórt og metnaðargjarnt félag

**FÓTBOLTI** Hafnfirðingurinn Hannes Þ. Sigurðsson gekk í vikunni frá þriggja ára samningi við danska úrvalsdeildarliðið Bröndby og lýsti yfir ánægju sinni við Fréttablaðið í gær með að hafa gengið frá málinu áður en félagaskiptaglugginn lokaðist um mánaðamótin. „Bröndby er stórt og metnaðargjarnt félag og er með spennandi og góðan þjálfara í þokkabót,“ sagði Hannes eftir æfingu með íslenska landsliðinu í gær.

Hann var einnig orðaður við Viking, sitt gamla félag í Noregi, en hann vildi ekki fara þangað. „Okkur leið vel í Noregi en við vorum þar síðast fyrir ári síðan og hefði það verið of snemmt að fara aftur þangað. Enda kom ekkert annað til greina eftir að Bröndby kom til sögunnar,“ sagði Hannes, sem hefur leikið með Stoke City í Englandi undanfarið ár.

- esá


**þjálfarar**

“Knattspyrnudeild Þróttar leitar að metnaðarfullum þjálfurum fyrir yngri flokka félagsins fyrir knattspyrnutímabilið 2006-2007.

Þjálfaramenntun og reynsla skilyrði, ekki skemmir fyrir að viðkomandi sé vel köttaður . Knattspyrnudeild Þróttar er ein sú fjölmennasta á landinu.

Umsóknir og upplýsingar um menntun og fyrri störf sendist á netfangið smj@trottur.is þar sem jafnframt eru gefnar nánari upplýsingar”


# Myndi glaður fórna markametinu fyrir þrjú stig

**Eiður Smári Guðjohnsen er klár í slaginn gegn Norður-Írum en íslenska landsliðið æfði í gær á Windsor Park þar sem liðið mætir Norður-Írum í dag. Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason eru meiddir og verða ekki með í dag.**

**FÓTBOLTI** Varnarmennirnir Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason hjá Brann, toppliði norsku úrvalsdeildarinnar, eiga við meiðsli að stríða og verða ekki leikfærir í dag er Ísland mætir Norður-Írum í Belfast. Þetta staðfesti Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari á blaðamannafundi eftir æfingu liðsins á Windsor Park í gær. „Ólafur er meiddur á hásin og Kristján á ökkla. Þeir eru því ekki í myndinni fyrir leikinn,“ sagði Eyjólfur en auk þess meiddist Daði Lárusson á æfingunni í gær og verður ekki leikfær í dag. Kristján Finnbogason var í hans stað kallaður til og hélt hann utan í gærkvöldi.

Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen var aftur á móti vel fyrir kallaður og klár í slaginn. „Það er alltaf gaman að hitta strákana og tala sitt eigið tungumál fyrir það fyrsta,“ sagði Eiður í léttum dúr. „Það má þó reikna með erfiðum leik. Norður-Írar eru erfiðir heim að sækja og hafa bætt sinn leik mikið, sérstaklega á heimavelli. Það ríkir sjálfstraust í liðinu en við þurfum að byrja vel og eigum alltaf möguleika á þremur stigum í leiknum. Ég reyni að gera mitt besta og skora sem flest mörk,“ sagði Eiður.

Hann sagði að breytingin frá Chelsea til Barcelona hefði gengið afar vel og hann aðlagast lífinu í Barcelona vel. „Það tekur auðvitað tíma að læra nýtt tungumál en ég er fullur sjálfstrausts eftir að hafa skorað sigurmarkið í fyrsta deildarleik liðsins og líður mjög vel. En það eru vissulega tveir heimar að spila fyrir Barcelona og íslenska landlsiðið enda ríkja öðruvísi áherslur í liðunum. Það er búist við miklu af mér á báðum stöðum og ég reyni að gera mitt besta.“

Eyjólfur sagði að markmið landsliðsins snerust alltaf um að gera vel í næsta leik. „Við ætlum okkur að safna stigum og klífa upp styrkleikalistann. Við búumst við mjög erfiðum leik og verðum að vera 100% tilbúnir ef við ætlum okkur eitthvað úr honum.“

Hermann Hreiðarsson hefur farið fyrir varnarleik íslenska liðsins sem gekk illa í síðustu undankeppni en honum líst betur á stöðu mála nú. „Það ríkja nýjar áherslur í varnarleiknum auk þess sem að í síðustu keppni voru margir ungir leikmenn að stíga sín fyrstu skref. Þeir eru þó vel skólaðir nú en vissulega þarf að stoppa í þessi göt í vörninni. Það gengur ekki að fá á sig þrjú mörk í hverjum einasta leik,“ sagði Hermann.

Eiður tók undir þetta. „Það er mikilvægast af öllu að sinna varnarleiknum vel og allt annað kemur aukalega.“

Hann er við það að slá markamet Ríkharðs Jónssonar með íslenska landsliðinu og vantar eitt mark til að jafna árangur Ríkharðs. Eiður segist vita vel af því og vonast til að slá það sem fyrst. „Ég lofa því ekki endilega á morgun en að slá metið myndi vissulega gefa mér sjálfstraust auk þess sem öll mörk hjálpa liðinu. En hvort sem ég skora í þessum leik eða einhver annar skiptir engu máli. Ég myndi glaður fórna metinu fyrir þrjú stig í þessum leik.“



**KLÁRIR Í SLAGINN** Hermann Hreiðarsson, Eyjólfur Sverrisson og Eiður Smári Guðjohnsen sátu fyrir svörum á blaðamannafundi í Belfast í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SPRETTIR** Íslensu strákarnir tóku vel á því á Windsor Park í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




N-ÍRLAND - ÍSLAND
**EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON**
*skrifar frá Belfast.*
eirikur.asgeirsson@frettabladid.is





**Hugurinn ber þig alla leið**

**Viltu læra aðferðir sem raunverulega breyta lífi þínu?**
**Námskeið í NLP tækni.**

**Upplýsingar á www.ckari.com & í síma: 894-2992**


BT
ÓDÝRASTA
ALVÖRU
TÖLVAN
TOSHIBA A1
AS SEEN on TV
3D SKJÁKORT
4.999**
TOSHIBA
PSAA2E-05Y02CED
SATELLITE A100-669
Intel Celeron M360
15.4" WXGA TruBrite
512MB DDR2 Vinnsluminni
60GB Harður Diskur
ATI Radeon Xpress 200
DVD Skrifari
Þráðlaust net
Windows XP home
Microsoft Works
15,4"
VAXTALAUST
1. GREIÐSLA 1. NÓV.
Intel Celeron M
Fyrir áreiðanleikann
ATI X200
Fyrir leikina
Þráðlaust net
-að sjálfsögðu
Tengi við 2 skjái
-heima hjá þér
DVD skrifari
-Taktu afrit
15,4" WideScreen
-fyrir myndirnar
4.999
Vaxtalaust 12 mán.
59.988
Staðgreitt
BT express
Lengri opnun
Meira úrval
Í GRAFARVOGI
NÝTT
NÝTT
OPIÐ TIL 22:00
ALLA DAGA
Í BT GRAFARVOGI
PS2 TILBOÐ! ALDARINNAR!!
PlayStation 2
JÓLAGJÖFIN Í ÁR!
FYLGIR
Ef þú átt ekki Playstation 2 er löngu komin tími á það. Vélin hefur aldrei verið á BETRA verði! Að hika er það sama og tapa!
ÓTRÚLEG VERÐLÆKKUN
11.999
HVÍT PSP!
Fylgir með PSP!
Taska og reim:
Taska og klútur:
Rafhlaða:
Minniskubbur:
Með PSP getur þú...
spilað tölvuleiki!
horft á kvikmyndir af UMD eða minniskorti!
Hlustað á tónlist MP3!
verið á netinu og sent tölvupóst!
Spilað þráðlust við allt að 16 manns
LENDIR Á EFTIR HELGI
Frábært verð
23.999







**ÞRÍR GÓÐIR** Hermann, Eyjólfur Sverrisson þjálfari og Eiður Smári Guðjohnsen sjást hér á æfingu landsliðsins á Windsor Park í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Hermann Hreiðarsson skrifaði undir þriggja ára samning við Charlton:

# Var farinn að gæla við önnur lið í huganum

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson hefur framlengt samning sinn við enska úrvalsdeildarliðið Charlton en DV greindi frá því í gær að samningurinn myndi færa honum 300 milljónir króna í tekjur hvert ár á samningstímanum.

„Fólk má velta þessum peningamálum fyrir sér en ég vildi fyrst og fremst ganga frá mínum málum áður en félagaskiptaglugginn lokaði. Það sem skipti máli er að ég var ánægður í Charlton og fjölskyldan ánægð þar sem við búum enda krakkarnir þar í skóla,“ sagði Hermann við Fréttablaðið í gær en hann er staddur í Belfast með íslenska landsliðinu.

Önnur félög í Englandi báru víurnar í Hermann og mörg gerðu tilboð.

„Vissulega var ég farinn að gæla við það í huganum að spila með öðrum liðum, en Charlton neitaði einfaldlega öllum tilboðum sem bárust. Ég vildi ekki bíða í ár hjá liðinu þar til samningurinn rynni út og vildi fá mín mál á hreint.

Vissulega væri gaman að fá að spreyta sig í stærri liði en það verður ekki á allt kosið. Ég tel þó að Charlton sé á uppleið enda búið að eyða miklu af peningum og nú þurfum við að sýna það inni á vellinum að við erum komnir með sterkara lið.“

Hermann er 32 ára gamall og verður því kominn vel á síðari hluta ferils síns að samningstímanum loknum.

„Nú tekur maður bara eitt ár í einu,“ sagði Hermann. „Ef maður er í liðinu og að spila vel tekur bara næsta ár við en ef eitthvað breytist tekur maður bara á því á þeim tíma.“

- esá

### David Moyes, knattspyrnustjóri Everton, ósáttur við bók Waynes Rooney:

# Moyes ætlar að kæra Wayne Rooney

**FÓTBOLTI** David Moyes, framkvæmdastjóri Everton, ætlar að kæra Wayne Rooney, sóknarmann Manchester United, vegna ummæla leikmannsins í nýútkominni bók sinni. Þetta var haft eftir Mel Goldberg, lögmanni Moyes, í gær. Daily Mail á einnig yfir höfði sér kæru fyrir að birta hluta úr bókinni.

„Það voru nokkur ummæli. Aðalfyrirsögnin í Daily Mail var sú að Rooney væri að ásaka David Moyes um að hafa hrakið sig frá Everton, sem er ekki satt, og önnur ummæli um að David Moyes hafi verið öfundsjúkur út í Rooney eru heldur ekki sönn.”








**FÖGNUÐUR GRIKKJA** Var mikill eftir sigur þeirra á liði Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

### Undanúrslit á HM í körfu:

# Bandaríkjamenn úr leik

**KÖRFUBOLTI** Nú er ljóst að Grikkir og Spánverjar leika til úrslita á Heimsmeistaramótinu í körfubolta sem fram fer í Japan.

Grikkir unnu í gær mjög óvæntan og góðan sigur á Bandaríkjamönnum, 101-95. Vasileios Spanoulis, leikmaður Panathinaikos, var stigahæstur Grikkja með 22 stig en hjá Bandaríkjunum var Carmelo Anthony stigahæstur með 27 stig.

Spánverjar unnu Argentínumenn í gríðarlega spennani leik, 75-74. Argentínumenn voru með boltann þegar nokkrar sekúndur voru eftir í stöðunni 75-74, en Spánverjar náðu að stela boltanum og verja þar með forskotið. Hjá Spánverjum voru þeir Pau Gasol og Jorge Garbajosa stigahæstir með 19 stig en hjá Argentínu skoraði Manu Ginobili mest eða 21 stig. Pau Gasol fór meiddur útaf í síðasta fjórðung og óvíst er með framhald hans í þessari keppni.

- dsd


**JOSE MOURINHO** Var allt annað en sátt-ur við söluna á Gallas til Arsenal.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ósætti hjá Chelsea:

## Mourinho og Kenyon rifust

**FÓTBOLTI** Svo virðist sem mikið ósætti sé á milli Jose Mourinho, framkvæmdastjóra Chelsea, og Peter Kenyon, varaformanni félagsins.

Mourinho segist hafa náð samkomulagi við Kenyon um að láta Gallas eingöngu spila með varaliðinu á þessari leiktíð en Gallas var látinn fara til Arsenal á fimmtudaginn. Það segir Mourinho að hann hafi aldrei samþykkt og sakar Kenyon um að hafa farið á bak við sig í þeim efnum. Málið er víst komið það langt að lögfræðingar þeirra beggja eiga í viðræðum vegna hugsanlegrar málsóknar Mourinhos á hendur Kenyon.

- dsd

US Open í tennis:

## Agassi gefst ekki upp

**TENNIS** Andre Agassi hefur látið hafa það eftir sér að hann muni hætta að spila tennis eftir þátttöku sína á Opna bandaríska meistaramótinu sem nú stendur yfir, en þetta er í 21. skiptið í röð sem hann keppir á þessu móti.

Agassi mætti í fyrradag Marcos Baghdatis frá Kýpur, en hann er í áttunda sæti á heimslistanum. Leikurinn þótti einstaklega spennandi og endaði með sigri Agassi í fimm settum, 6-4 6-4 3-6 5-7 og 7-5, sem þýðir að Agassi er ekki á því að leggja spaðann á hillina alveg strax. Agassi mætir Benjamin Becker frá Þýskalandi í næstu umferð.

- dsd


**RIO FERDINAND** Verður ekki með Englandi í dag en gæti náð leiknum á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Enska landsliðið:

## Ferdinand ekki með í dag

**FÓTBOLTI** Rio Ferdinand, miðvörður Manchester United og enska landsliðsins, mun missa af leik Englendinga í dag gegn Andorra, en leikurinn er fyrsti leikur liðanna í undankeppni Evrópumótsins.

Ferdinand er meiddur á tá. Óttast var um tíma að táin væri brotin en svo er ekki. Ferdinand hefur ekkert æft með enska liðinu í vikunni en Steve McClaren, þjálfari enska liðsins, er bjartsýnn á að Ferdinand geti verið með í leiknum gegn Makedóníu á miðvikudaginn kemur.

„Nú er möguleiki fyrir Michael Dawson og Wes Brown að koma inn í liðið og ég ber fullt traust til þeirra,“ sagði Steve McClaren.

- dsd

U-21 árs lið Ítalíu vann sanngjarnan sigur, 0-1, á Íslandi í rjómablíðu á Laugardalsvelli:

# Ítalskur sigur í leiðinlegum leik í Dalnum

**FÓTBOLTI** Það var svo sannarlega ítalskur bragur á leik U-21 árs liða Íslands og Ítalíu sem fram fór á Laugardalsvelli í gærkvöld. Leikurinn var ákaflega tilþrifalítill og þeir fjölmörgu áhorfendur sem lögðu leið sína í Dalinn hafa eflaust óskað þess að hafa verið heima hjá sér að gera eitthvað allt annað.

Fyrri hálfeikurinn var einstaklega dapur en bæði lið sóttu hægt og tóku nákvæmlega enga áhættu. Fyrir vikið gerðist nákvæmlega ekki neitt fyrir utan færi sem Birkir Már Sævarsson fékk en hann fór illa að ráði sínu.

Ítalir mættu mun grimmari til síðari hálfleiks og þjörmuðu að íslensku vörninni, sem var í miklum vandræðum. Stíflan brast á 57. mínútu er Ítalir skoruðu með góðu langskoti.

Þeir héldu völdunum áfram en án þess að skapa sér verulega hættuleg færi. Bjarni Þór Viðarsson fékk besta færi Íslands um miðjan hálfleikinn en hann brenndi af í dauðafæri.

Lítið gerðist það sem eftir lifði leiks fyrir utan að Gunnar Þór Gunnarsson fékk rautt skömmu fyrir leikslok er hann sló til eins Ítalans, sem fór sömu leið með sitt annað gula spjald á bakinu, en dómurinn var hárréttur.

- hbg


**ERFITT** Rúrik Gíslason og félagar í íslenska U-21 árs landsliðinu komust lítt áfram gegn Ítölum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




SKRÁNINGU ER AÐ LJÚKA, ÖLL NÁMSKEIÐ AÐ FYLLAST!

TÓNVINNSLUNÁM

Til að annast tónsmíðar, útsetningar, hljóðritun og eftirvinnu þarf þekkingu, einbeitingu og útsjónarsemi. Á aðalnámsbraut Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna er leitast við að gera nemendur fullfæra um að semja eigið lag og koma því frá sér fullunnu.

Nemendur fá ítarlega leiðsögn á Pro Tools og Reason samhliða lagasmíðum og er farið í kjölinn á því sem þarf að vera á hreinu varðandi öll helstu tækniatriði hljóðversins. Að námsbrautinni lokinni ætti hver og einn að þekkja upptökuferlið frá grunni.

Hljóðupptökuhluti námskeiðsins fer fram í einu glæsilegasta hljóðveri landsins; **Sýrlandi.**

Samhliða greinargóðu hljóðupptökunámi eru lagasmíði og upptökustjórn gerð rækileg skil. Nemendur fá nákvæmar leiðbeiningar um helstu atriði þessa krefjandi sviðs frá nokkrum af fremstu hljóðversmönnum landsins.

SÝRLAND

SÖNG- OG GÍTARNÁM

Það er hópur valinkunna tónlistarmanna og söngvara sem sér um kennslu hjá Tónvinnsluskólanum. Hægt er að velja úr fjölbreyttum söngnámskeiðum og námskeiðum í gítarleik, bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Námskeiðið Söngur og framkoma er í höndum Selmu Björnsdóttur. Þetta vinsæla námskeið sem nú er haldið í fjórða sinn, kemur inn á söng, framkomu og söng í hljóðveri. Námskeiðið hentar þeim vel sem hyggjast þreyta áheyrnarprufur fyrir söngleiki og sjónvarpsþætti á borð við Rock Star og Idol.


HALLA

Barna- og unglinganámskeiðið verður á sínum stað í Tónvinnsluskólanum en það hefur notið mikilla vinsælda síðustu misseri. Gestakennarar á þessu námskeiði verða söngorkubomban **Jónsi úr Svörtum fötum** og söng/leikonan og dansarinn **Halla Vilhjálmsdóttir**. Um er að ræða skemmtilegt námskeið fyrir yngri kynslóðina þar sem upprennandi söngvarar fá leiðsögn frá **Heiðu Ólafsdóttur**.

Ein ástsælasta söngkona landsins,Andrea Gylfadóttir, verður í annað sinn með námskeiði í jazz og bluessöng. Þetta námskeið er fyrir lengra komna, t.d. fyrir þá sem hafa klárað "söngur og framkoma" eða samskonar námskeið, eða vilja gera alvöru úr söngkunnáttu sinni.

Gítarleikarar njóta leiðsagnar frá Vigni Snæ Vigfússyni (Írafár) og Gunnari Þór Jónssyni (Sól Dögg) og fleirum. Byrjendur sem og lengra komnir njóta góðs af reynslu þessara manna en farið er yfir helstu atriði gítarleiks og nokkur þekktustu rokklög sögunnar tekin fyrir.

FARÐU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ



TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA

Skráningarsími: 534 9090

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„It's 106 miles to Chicago, we've got a full tank of gas, half a pack of cigarettes, it's dark and we're wearing sunglasses."**

**Svar:**
Elwood Blues úr kvikmyndinni The Blues Brothers frá árinu 1980.

# dagskrá

## Í TÆKINU: ANGELINA JOLIE LEIKUR Í THE BONE COLLECTOR Í SJÓNVARPINU KL. 22.15

# *Eftirlæti slúðurblaðanna*

Angelina Jolie Voight fæddist 4. júní árið 1975 í Los Angeles í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Hún ólst upp við leiklistina þar sem faðir hennar er leikarinn Jon Voight og móðir hennar leikkonan Marcheline Bertrand.

Jolie erfði fallega útlitið frá foreldrum sínum og hóf fyrirsætuferil þegar hún var aðeins fjórtán ára. Seinna skráði hún sig í Lee Strasberg Theatre Institute, sótti New York-háskóla og byrjaði að leika í skólaleikritum. Þrátt fyrir þennan starfsframa dreymdi Jolie alltaf um að verða útfararstjóri.

Fyrsta alvörumyndin hennar árið 1993, Cyborg 2, gleymdist ansi fljótt en hún kom sér aðeins á kortið með eftirminnilegri frammistöðu í Hackers árið 1995. Loksins fékk Jolie viðurkenningu og Golden Globe árið 1997 fyrir frammistöðu hennar í sjónvarpsmyndinni George Wallace og stuttu síðar var hún tilnefnd til Emmy-verðlauna fyrir myndina Gia árið 1998.



Frægðarsólin hélt áfram að rísa og árið 2000 vann Jolie Óskarsverðlaun fyrir besta aukahlutverkið í myndinni Girl, Interrupted. Ári seinna komst hún loksins á toppinn sem fornleifafræðingurinn Lara Croft. Síðan hefur hún leikið í mörgum rómuðu myndum eins og Taking Lives og Sky Captain: The World of Tomorrow.

Það verður seint sagt að Jolie sé ekki hrifin af hneykslum og hefur hún verið áberandi í slúðurblöðunum. Hún náði sér í Brad Pitt á meðan hann var enn harðgiftur og sagan segir að hún hringi í hann 50 sinnum á dag.

**Þrjár bestu myndir Jolie:** Hackers - 1995 Girl, Interrupted - 1999 The Bone Collector - 1999



▶ 22.15 *Spenna*
THE BONE COLLECTOR



▶ 20:05 *Gaman*
BÚBBARNIR



▶ 20.00 *Tíska*
FASHION TELEVISION



▶ 20.30 *Gaman*
RUN OF THE HOUSE



▶ 10.10 *Fræðsla*
ÓÞEKKT

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Alda og Bára (17:26) **8.05** Bú! (4:26) **8.17** Lubbi læknir (27:52) **8.30** Bitte nú! (36:40) **8.55** Sigga ligga lá (26:52) **9.07** Sögurnar okkar (9:13) **9.14** Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar (11:26) **9.35** Gló magnaða (64:65) **9.57** Spæjarar (35:52) **10.20** HM í körfubolta

**12.20** Latibær **12.45** Kastljós **13.25** Bavíanar við Sambesí **14.20** Kelly fer í herskóla **16.00** Íslandsmótið í vélhjólaakstri **16.30** Mótorsport (6:10) **17.00** Íþróttakvöld **17.20** Hvað veistu? **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (64:73) **18.25** Fjölskylda mín

**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40** **Vandræðavika (2:7)** (The Worst Week Of My Life II) Bresk gamanþáttaröð um Howard og Mel sem eru nýgift. Eftir brúðkaupið gengur allt á afturfótunum hjá þeim.
**20.15** **Umhverfis Jörðina á 80 dögum** (Around the World in 80 Days) Ævintýramynd frá 2004 byggð á sögu eftir Jules Verne um garpinn Fíneas Fogg og viðburðaríka heimsreisu hans. Leikstjóri er Frank Coraci og meðal leikenda eru Jackie Chan og Steve Coogan.
▶ **22.15** **Beinasafnarinn** (The Bone Collector) Bandarísk spennumynd frá 1997 um lamaðan lögreglumann og samstarfskonu hans og leit þeirra að raðmorðingja. Meðal leikenda er Angelina Jolie. Bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**7.00** Andy Pandy **7.05** Töfravagninn **7.30** Pocoyo **7.35** Ruff's Patch **7.45** Gordon the Garden Gnome **7.55** Animaniacs **8.15** Grallararnir **8.35** Leðurblökumaðurinn **8.55** Kalli kanína og félagar **9.00** Kalli kanína og félagar **9.05** Kalli kanína og félagar **9.15** Litlu Tommi og Jenni **9.40** S Club 7 **10.05** Búbbarnir

**10.30** The Legend of Johnny Lingo **12.00** Hádegisfréttir **12.25** **14.10** Idol – Stjörnuleit **15.40** Idol – Stjörnuleit **16.10** Monk **17.00** The Apprentice **17.45** Martha

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Íþróttir og veður**
**19.05** **Lottó**
**19.10** **My Hero** (Hetjan mín)
**19.40** **Hot Properties (5:13)** (Funheitar framakonur)
▶ **20.05** **Búbbarnir (2:21)** Búbbarnir eru mættir á sjónarsviðið og hafa tekið yfir íslenska fjölmiðla – með látum. Hér eru á ferð fyrstu íslensku brúðugrínþættirnir; taumlaust fjör fyrir alla fjölskylduna.
**20.30** **Það var lagið (e)**
**21.35** **The Day After Tomorrow** (Ekki á morgun heldur hinn) Sláandi raunsæ, vel gerð og æsispennandi stórslysamynd sem fjallar um það hvað gæti gerst ef spár svartsýnustu veðurfræðinga og umhverfissérfræðinga rættust.

**23.35** I Heart Huckabees (Bönnuð börnum) **1.20** Who is Cletis Tout? (Bönnuð börnum) **2.50** Punch-Drunk Love (Bönnuð börnum) **4.20** The North Hollywood Shoot-Out (Str. b. börnum) **5.45** Fréttir Stöðvar 2

## SIRKUS TV

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Seinfeld**
**19.30** **Seinfeld**
▶ **20.00** **Fashion Television (e)** Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminumí dag. Á síðustu 20 árum hefur enginn annar þáttur kynnt nýjustu tískuna jafnglæsilega og Fashion Television hefur gert. Hvort sem það eru nýjustu fötin, þotuliðið í salnum eða lætin á bakvið tjöldin, þá sérð þú það fyrst hér íFashion Television og það á fremsta bekk.
**20.30** **Sirkus RVK (e)**
**21.00** **Ghost Whisperer (7:22) (e)**
**21.45** **Falcon Beach (13:27) (e)** (Reckless Love)
**22.30** **Invasion (22:22) (e)** (Last Wave Goodbye)

**23.15** X-Files (e) **0.00** What Lies Beneath (Stranglega bönnuð börnum)

## SKJÁREINN

**11.25** Dr. Phil (e)

**13.55** Point Pleasant – lokaþáttur (e) **14.45** The Bachelor VII (e) **15.35** Trailer Park Boys (e) **16.00** Tommy Lee Goes to College (e) **16.30** Rock Star: Supernova – raunveruleikaþátturinn (e) **17.00** Rock Star: Supernova – tónleikarnir (e) **18.00** Rock Star: Supernova

**19.00** **Game tíví (e)**
**19.30** **Everybody loves Raymond**
**20.00** **All About the Andersons** Anthony er ekki sammála pabba sínum frekar en fyrri daginn.
▶ **20.30** **Run of the House – lokaþáttur** Þegar mamma og pabbi flytja um stundarsakir til Arizona af heilsufarsástæðum er Brooke Franklin skilin eftir hjá systkinum sínum. Það mætti halda að þetta væri draumastaða fimmtán ára unglingsstelpu, en svo er þó ekki.
**21.00** **Pepsi World Challenge**
**21.50** **The Dead Zone** Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið. Hann reynir sitt besta til að nýta gáfuna til góðs, en finnst stundum að hún sé bölvun en ekki blessun.
**22.40** **Parkinson** Michael Parkinson er ókrýndur spjallþáttakonungur Breta.

**23.30** The Contender (e) **0.20** Sleeper Cell (e) **1.15** Law & Order: Criminal Intent (e) **2.05** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.35** Dagskrárlok

## NFS

**10.00** Fréttir
▶ **10.10** Óþekkt **11.00** Fréttavikan

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir **12.25** Skaftahlíð **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.10** Óþekkt **14.00** Fréttir **14.10** Fréttavikan **15.10** Skaftahlíð **15.45** Hádegisviðtalið **16.00** Fréttir **16.10** Vikuskammturinn **17.10** Óþekkt **18.00** Veðurfréttir og íþróttir

**18.30** **Kvöldfréttir.**
**19.10** **Fréttavikan**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Íhverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar.Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verðurþættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS; Sigmundur Ernir Rúnarsson, Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
**21.00** **Skaftahlíð** Maður vikunnar.
**21.35** **Vikuskammturinn** a.
**22.30** **Kvöldfréttir**

**23.10** Síðdegisdagskrá endurtekin

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Just For Kicks **8.00** On the Line **10.00** Hackers **12.00** How to Lose a Guy in 10 Days **14.00** Just For Kicks **16.00** On the Line **18.00** Hackers **20.00** **How to Lose a Guy in 10 Days** **22.00** **The Alamo** Bönnuð börnum. **0.15** Torque (Bönnuð börnum) **2.00** May (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Alamo (Bönnuð börnum)

## SKJÁR SPORT

**13.00** Upphitun (e) **13.30** West Ham – Charlton (e) **15.45** Newcastle – Wigan (e) **17.45** Everton – Warford (e)

**19.50** **Fallegustu mörkin 2005 – 2006 (e)**
**21.00** **Aston Villa – Reding (e)**
**23.00** Dagskrárlok

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** THS Hip Hop Wives **15.00** Beyonce Revealed **17.00** Child Star Confidential **17.30** 7 Deadly Hollywood Sins **18.00** E! News Weekend **19.00** THS The Hilton Sisters **21.00** Sexiest Rock Stars **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Naked Wild On **23.30** Naked Wild On **0.00** THS The Hilton Sisters **2.00** Naked Wild On

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ

### STÖÐ 2 KL. 21.35

### The Day After Tomorrow



Sláandi raunsæ, vel gerð og æsispennandi stórslysamynd sem fjallar um hvað gæti gerst ef spár svartsýnustu veðurfræðinga og umhverfissérfræðinga rættust. Þeir telja að gróðurhúsaáhrif og önnur mannanna verk kunni að valda meiri háttar breytingum á veðurfari; svo miklum að jöklar bráðni, úthöf flæði yfir land og loftslagsbreytingar geti af sér nýja ísöld.

Afleiðingin af slíkum náttúruhamförum yrði hrein martröð fyrir mannkynið. Dennis Quaid leikur vísindamann sem spáð hefur slíkum hamförum en talað fyrir daufum eyrum – þar til spár hans verða að veruleika. Gríðarlegur snjóstormur lamar samfélagið á norðurhveli jarðar og siðmenninguna er reitt högg sem erfitt verður að standa af sér.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | 1 | | | | 2 |
| | | 5 | | | | | 3 | |
| | | 9 | | | | 5 | 4 | |
| 1 | | 6 | | 7 | | | | |
| | | | 9 | | 6 | | | |
| | | | | 2 | | 7 | | 4 |
| | 2 | 4 | | | | 8 | | |
| | 3 | | | | | 1 | | |
| 6 | | | | 3 | | | 7 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 7 | 3 | 6 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 6 | 5 | 2 | 1 | 8 | 4 | 9 | 3 | 7 |
| 4 | 8 | 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 |
| 1 | 2 | 9 | 6 | 7 | 8 | 3 | 5 | 4 |
| 8 | 4 | 5 | 2 | 9 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 7 | 3 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 2 | 9 |
| 5 | 6 | 4 | 7 | 3 | 9 | 2 | 1 | 8 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 4 | 6 | 5 | 9 | 3 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 |



▶ **16.00**

*Fótbolti*

ENGLAND – ANDORRA

**SÝN** besta sætið

**8.45** Ensku mörkin 2006-2007 **9.15** HM 2006 **10.55** HM 2006 **13.30** EM 2008 – undankeppni (Norður Írland – Ísland)

**16.00** EM 2008 – undankeppni (England – Andorra) **17.55** KF Nörd

▶ **18.40 EM 2008 – undankeppni (Þýskaland – Írland)** Bein útsending frá leik Þýskalands og Írlands í undankeppni EM 2008 í knattspyrnu. Þjóðverjar heilluðu marga á HM í sumar og ætla sér að byrja vel í nýrri keppni. Nýr þjálfari er tekinn við liðinu, Joakim Löv. Írar hafa oft komið á óvart í stórkeppnum og eiga leikmenn eins og Robbie Keane og Damien Duff.

**20.45 Box – J. Calzaghe vs. J. Lacy** (Box – J. Calzaghe vs. J. Lacy) Útsending frá einvígi Joe Calzaghe og Jeff Lacy sem fram fór 4. mars 2006. Calzaghe hefur 40 sinnum mætt í hringinn og sigrað þá alla, 31þeirra með rothöggi. Lacy hefur 21 sinni mætt í hringinn og unnið þá alla,17 með rothöggi.

**22.00 Box – Clinton Woods vs. Glenco** Bein útsending.

**1.00** EM 2008 – undankeppni

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Laugardagur til lukku **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Frá Malaví **11.00** Vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Til allra átta **14.40** Fararheill **15.10** Með laugardagskaffinu **16.10** Frjálshyggja Noams Chomsky **17.05** Jan Johansson

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Besti tíminn **18.52** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Kringum kvöldið **19.30** Stefnumót **20.15** Sögur af sjó og landi **21.05** Seiðandi söngrödd: Guðrún Á. Símonar **21.55** Orð kvöldsins

**22.15** Flakk **23.10** Danslög

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **10.05** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan

**16.08** Geymt en ekki gleymt **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar

**18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ **22.10** Næturvörðurinn **2.03** Næturtónar

### BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Ragnar Már

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Ívar Halldórsson

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝTT ÍSLENSKT FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!

Á sjónvarpsstöð Búbbana eru skrautlegar uppákomur daglegt brauð. Höfundar þáttanna eru nokkrir af okkar dáðustu grínurum, en **Gísli Rúnar Jónsson** er yfirhandritshöfundur. Þættirnir voru þróaðir af **Braga Þór Hinrikssyni**. Fjöldi þekktra grínara ljá Búbbunum raddir sínar. Taumlaust fjör fyrir alla fjölskylduna.

ÁFRAM BÚBBAR!

Alvöru íslenskt brúðugrín í kvöld kl. 20:05



GOTT FÓLK McCANN

HRÓSIÐ FÆR ...



## HRÓSIÐ FÆR...

*... Ragnar Bragason fyrir að leggja sig fram við að blása nýju lífi í íslenska kvikmyndagerð með kvikmyndunum Börn og Fullorðnir.*

# Benedikt í fótspor Fjalla-Eyvinds

Sautján manna stórsveit Benna Hemm Hemm mun frumflytja nýja tónlist við hina tæplega aldar gömlu kvikmynd Berg Eyjvind oc hans hustru eða Fjalla-Eyvindur og kona hans á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík. Sýningin verður í Tjarnarbíói 4. og 5. október en myndin er sænsk og er gerð af hinum virta Victor Sjöström og byggir á leikriti Jóhanns Sigurjónssonar. Hún segir frá hinum fátæka Eyvindi sem hefur þurft að stela til að hafa í sig og á en fær loks vinnu á bæ þar sem Halla býr. Þau verða ástfangin en þegar húsfólkið ber kennsl á Eyvind sem hinn illræmda þjóf flýja þau upp til fjalla.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Benedikt Hermanni Hermannssyni var hann staddur í Sláturhúsinu við Hverfisgötu þar sem tónsmíðarnar fara fram. „Ég er eiginlega að semja núna,“ sagði hann.



**BENEDIKT HERMANN** Semur tónlist við kvikmyndina Fjalla-Eyvind og konu hans sem sýnd verður á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík.

„Er svona óþægilega nálægt því að vera nýbyrjaður,“ bætir hann við og hlær. „Mér finnst í raun aldrei óþægilegt að byrja og hóf störf svolítið seint en þetta gengur eins og sögu,“ segir Benedikt. Tónlistarmaðurinn var búinn að sjá myndina og leist mjög vel á gripinn, sagði myndina vera bófasögu með dramatísku ívafi. „Þetta er alls ekki létt verk,“ viðurkennir hann. „Ég held að tónlistin þurfi að hljóma í allar sjötíu mínúturnar,“ bætir hann við. Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík hefst 28. september og stendur til 8. október. Á hátíðinni eru sýndar áttatíu myndir og hátt í tvö hundruð gestir munu sækja hátíðina heim. - fgg



**FJALLA-EYVINDUR OG HALLA** Leikrit Jóhanns Sigurjónssonar var eitt fyrsta íslenska leikritið sem sló í gegn utan landsteinanna.



**LÁRÉTT**
2 þó 6 bardagi 8 fley 9 æxlunarkorn 11 þreyta 12 festa 14 faðma 16 klafi 17 löng 18 fát 20 samtök 21 traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
1 not 3 frá 4 land 5 traust 7 súgur 10 hætta 13 sníkjudýr 15 hástétt 16 margsinnis 19 eldsneyti.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2 samt, 6 at, 8 far, 9 gró, 11 lú, 12 negla, 14 krúsa, 16 ok, 17 sið, 18 fum, 20 aa, 21 tróð. LÓÐRÉTT: 1 gagn, 3 af, 4 malasía, 5 trú, 7 trekkur, 10 ógn, 13 lús, 15 aðal, 16 oft, 19 mó.

KRISTJÁN JÓHANNSSON: SÖNG MEÐ BREIÐBANDINU

# Stórsöngvari alnafni óperusöngvarans

Stórsöngvarinn Kristján Jóhannsson söng með gleðitríóinu Breiðbandinu frá Keflavík, í tilefni af útgáfu disksins Léttir á sér, á skemmtistaðnum Yello í fyrradag. Sá leiði misskilningur varð, þegar tónleikarnir voru auglýstir, að einhverjir töldu að um óperusöngvarann Kristján Jóhannsson væri að ræða.

„Það er ágætis hljómsveit hér í bæ sem heitir Breiðbandið. Hún vildi slá um sig og auglýsti að Kristján Jóhannsson stórsöngvari myndi syngja með henni. Fréttin var hins vegar afbökuð hjá Sjónvarpinu og þar sagt að óperusöngvarinn Kristján Jóhannsson myndi syngja með sveitinni sem var alls ekki rétt. Í því liggur misskilningurinn,“ segir Kristján Jóhannsson söngnemi, sem söng með Breiðbandinu á fimmtudag.

Út af þessum misskilningi varð fjölskylda óperusöngvarans fyrir nokkru ónæði enda ekki á hverjum degi sem hann syngur hér á landi.

„Ég þekki þessa stráka í Breiðbandinu og það er léttur húmor í þeim. Grínið átti að vera það að Kristján Jóhannsson myndi syngja frítt með þeim. Ég tók eitt lag á tónleikunum sem er alls óskylt þeirri tónlist sem þeir eru að gera,“ segir alnafni óperusöngvarans. „En þegar maður er meira en hundrað kíló og yfir tveir metrar hlýtur maður samt að teljast stórsöngvari.“



**STÓRSÖNGVARI** Kristján Jóhannsson stórsöngvari úr Keflavík er alls ekki líkur óperusöngvaranum þótt góður sé.



Kristján stórsöngvari er búsettur í Reykjanesbæ og hefur numið söng frá árinu 1996. „Ég hef verið að dútla við sönginn en stefni ekki á neinn frama í honum. En ég get hins vegar alveg sungið, því er ekki að neita þótt það sé ekki á heimsmælikvarða,“ segir Kristján, sem syngur meðal annars með Karlakór Keflavíkur.

Kristján Jóhannsson segir það vissulega þunga byrði að vera alnafni óperusöngvarans. „Þá verða menn líka að geta sungið. En ég hlýt að vera eini Kristján Jóhannsson stórsöngvari á Íslandi því hinn er jú fluttur búferlum til Ítalíu,“ segir Kristján og bætir við. „Hann er hins vegar tenór en ég bassi og það er víst þannig að tenórinn fer alltaf heim með sætustu stelpuna af ballinu.“ kristjan@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmynd Sturlu Gunnarssonar Beowulf & Grendel var frumsýnd fyrir fullum sal í Háskólabíói á fimmtudaginn að viðstöddum Gerald Butler sem fer með hlutverk kappans Bjólfs í myndinni. Friðrik Þór Friðriksson, einn framleiðenda myndarinnar, ávarpaði samkomuna fyrir sýningu og þakkaði **Valgerði Sverrisdóttur,** utanríkisráðherra, sérstaklega fyrir ómetanlega hjálp við gerð myndarinnar. Framleiðslan var nokkuð brösótt, ekki síst vegna fjárskorts, en Valgerður, sem þá var iðnaðarráðherra, reyndist kvikmyndagerðarfólkinu haukur í horni og „sprengdi margar stíflur“ sem voru í vegi framleiðendanna. Stíflusprengingar ráðherrans gerðu að sögn Friðriks honum og félögum hans kleift að ljúka við myndina, sem stóð oft ansi tæpt.



**Gerald Butler** lét einnig nokkur orð falla í Háskólabíói og lýsti hrakningum og veðurofsa sem gerðu aðstandendum myndarinnar lífið leitt. Þá lét hann það flakka að vandræðalegasta augnablik ævi sinnar hefði hann upplifað á Íslandi þegar hann kom sársvangur inn á veitingastað úti á landi ásamt framleiðendunum. Eldhús staðarins var lokað en í örvæntingu sinni vatt leikarinn sér að jakkafataklæddum manni sem hann taldi ráða þar ríkjum og spurði kurteislega hvort nokkur möguleiki væri á að fá eins og eina skinkusamloku. Maðurinn svaraði því til að hann ynni ekki á staðnum og gæti því ekki bjargað honum. Það runnu því tvær grímur á Butler þegar honum var bent á að hann hefði þarna átt orðastað við sjávarútvegsráðherra landsins og voru það fyrstu kynni hans og Árna M. Mathiesen.



- þþ

# Helgi skoðar heiminn og kominn á RÚV

„Ég er nú bara að skipta um vinnu. Það er ekki eins og ég sé að ganga í gegnum hjónaskilnað,“ segir Helgi Seljan sjónvarpsmaður. „Það var erfitt að kveðja vinnufélagana á Netaverkstæðinu á Eskifirði og byrja sem blaðamaður. Það er eins með þetta.“

Í gær skrifaði Helgi nokkuð óvænt undir samning við Pál Magnússon sjónvarpsstjóra þess efnis að koma til starfa á RÚV en hann hefur starfað á NFS undanfarna mánuði við góðan orðstír.

„Samstarfsmenn mínir á NFS eru allls góðs maklegir og þar er hver snillingurinn af öðrum. Ég ákvað með mjög skömmum fyrirvara að þekkjast boð Þórhalls Gunnarssonar og ráða mig til starfa á Kastljósið. Mér finnst það afar spennandi kostur og nýjar lendur þó að starfið sé í grunninn það sama. Ég á eftir að sakna vinnufélaganna, sérstaklega Kötu (Katrínar Rutar Bessadóttur, sambýliskonu Helga), en tíminn á NFS hefur verið mjög skemmtilegur og lærdómsríkur.“

Enn er ekki að fullu búið að ganga frá starfslokum Helga og því óljóst hvenær hann birtist á skjá Ríkissjónvarpsins. Helga hefur skotið með ógnarhraða á stjörnuhimininn enda hefur hann vakið athygli fyrir að láta viðmælendur í sjónvarpssal ekki komast upp með neinn moðreyk, auk þess að teljast skjávænn í betra lagi.

Helgi Seljan hefur nú farið eins og eldibrandur um hinn íslenska fjölmiðlaheim en á rétt rúmu ári hefur hann starfað, í þessari röð, á; Austurglugganum, DV, Talstöðinni, NFS og nú er komið að RÚV. - jbg



**HELGI SELJAN** Hefur farið sem eldibrandur um fjölmiðlaheiminn og nú er komið að RÚV.



# LAGER SALA

## SÍÐASTA HELGIN!

TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD

**OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!**

ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

# FRÁ 199,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

**LAGERSALA FELLSMÚLA 28**

(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## *Sprungusvæði*

Þegar ég heyrði fyrst af skýrslu Gríms Björnssonar um Kárahnjúkavirkjun og því að henni hefði verið haldið leyndri frá Alþingi einmitt þegar Alþingi var í þann mund að taka ákvörðun um hvort ráðast skyldi í virkjanagerðina eða ekki, gat ég ekki annað en hugsað sem svo, að svona atburðarás væri í meira lagi týpísk fyrir þann hluta þjóðarinnar sem hefur með framkvæmdir á þessu landi að gera.

**ÉG** sé fyrir mér embættismenn. „Jæja, nú á að virkja,“ segir einn. „Þýðir ekkert annað.“ „Já, við verðum að virkja þetta drasl,“ segir annar. „Drífa í þessu.“ Þögn. Standa með kaffibolla. „Að vísu var að koma hérna skýrsla,“ segir sá fyrri. „Eitthvað um stífluna. Hún getur víst brostið.“ „Hva,“ segir hinn. Sýpur kaffi. „Hún brestur ekkert.“

**Í SKÝRSLU** sinni um Kárahnjúkavirkjun skrifar Grímur: „Sökum þess hve undirrituðum finnst þetta verkefni illa undirbúið og alls ekki tækt til ákvarðanatöku, er þessi greinargerð sett saman og afhent Orkumálastjóra til kynningar og aðgerða.“

**SVO** virðist sem iðnaðarráðherra hafi líka sagt kæruleysislega „hva“ og ákveðið að svona paranojudót ætti ekkert erindi inn á Alþingi. „Hún brestur ekkert.“ Ef þetta reynist rétt á ráðherrann auðvitað að snúa sér að einhverju öðru en ráðherradómi. Það hvort stíflan getur brostið er ekki spurning um hugsanlega sóun á möl og steypu, verkfræðilega ósigra eða leiðinda hönnunargalla heldur mannslíf, sem kallað er. Það hvort lón á stærð við Hvalfjörð getur hugsanlega flætt yfir byggðina á Austurlandi á vondum degi er eitthvað sem mun öruggleg hafa talsverð áhrif á fasteignaverð, svo talað sé tungumál sem margir skilja betur.

**ALMÆTTIÐ** forði okkur frá því að sprungurnar undir stíflunni séu jafn djúpar og gleiðar og sprungarnar á málsmeðferðinni. Öll ákvarðanataka þessa máls er byggð á sprungusvæði. Upplýsingar gjósa upp. Alþingi titrar og skelfur. Hiti í þjóðfélaginu. Óvissuþættirnir eru eins og ólgandi kvika undir steinrunninni skorpu embættismannakerfisins. Hvað ef kæmi nú til dæmis í ljós að virkjunin væri ekki arðbær? Það yrði eldgos. Hvað ef aurinn við lónið kæfði íbúa Austurlands í eilífu sandfoki?

**OG** hvað ef stíflan brysti? „Nú, nú,“ myndi þá kannski einhver segja á kaffistoffunni. „Hún brast.“ „Já, já,“ segði þá annar. „Þannig fór það.“ Vandræðileg þögn. Kaffisopi.

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

